

# Ævisaga William Marrion Branham



## 3. Hefti

Maðurinn og köllun hans  
(1946 – 1950)

Höfundur: Owen Jorgensen

Þýðandi: Birna Einarsdóttir

## **Tileinkun höfundar.**

Einhvers staðar í veröldinni er einlægur unglingur  
að leita eftir svörum við spurningum eins og:

Er Guð raunverulega til?

Ef svo er, hver er Hann þá, hvar er Hann  
og hefur Guð áhuga á mínu lífi?

Þessi bók er tileinkuð þér ungi leitandi,  
því þannig var ég eitt sinn sjálfur.

**Höfundarréttur © 1994**

**Owen Jorgensen**

**Allur réttur áskilinn.**

## Formáli þýðanda.

Kæru vinir.

Hér kemur nú þriðja heftið af ævisögu William Branham eftir Owen Jorgensen. Hið yfirmáttúrulega: Líf William Branham. Þetta hefti heitir: Maðurinn og köllun hans.

Bæn mín er sú að þessi ævisaga megi færa þig nær Jesú Kristi, Lausnara okkar og Frelsara. Ég bið þess að hún vekji hjá þér, elskaði vinur, sem lest þetta, löngun eftir að læra meira og fara að rannsaka boðskap bróður Branham, sem er það sem mestu máli skiptir. Hans er röddin sem hrópaði á okkar tíma: “Verið reiðubúin, Brúðguminn er að koma.”

Er Jesús að koma? Við sjáum öll táknið. Allt það sem er að gerast í Ísrael. Og Guð hefur vitjað lýðs síns gegnum raust spámannlegs sendiboða. Sjöundi engillinn hefur básúnað og ekkert er eftir nema dómur yfir þeim, sem ekki iðrast af öllu hjarta og snúa sér til Hans, sem er Drottinn alls holds.

Megi Drottinn blessa þér lesturinn.

*Birna Einarsdóttir.*

## Formáli höfundar.

Hinn þriðja ágúst 1993, kom engill Drottins heim til mín og talaði við mig um bókina sem þú heldur nú á í hendinni. Leyfðu mér að útskýra...

Árið 1974, þegar ég var 21 árs gamall, giftist ég yndislegri kristinni konu, sem hét Marguerite. Í fimmtán ár unnum við saman og kenndum börnum okkar um náð Krists. Síðan gerðist svolítið óviðbúið. Ég býst við að það hafi verið svokölluð miðaldurskreppa. Hver sem ástæðan annars var, þá tók Marguerite að velta því fyrir sér, hvort hún hefði misst af einhverju í lífinu. Hún fór aftur í skóla í þrjú ár og varð sjúkraliði. Meðan hún var í skólanum fjarlægðist hún Krist og nálgadist heiminn. Einhvers staðar varð fjarlægð hennar að ákveðnu brotthlaupi, sem olli miklu álagi í hjónabandi okkar.

Árið 1991 fór Marguerite í þjálfunaráætlun í háskólanum, til að gerast aðstoðarkona læknis. Þegar hún útskrifaðist árið 1993, hafði ég lokið við uppkast að þriðja bindi þessarar ævisögu: Maðurinn og köllun hans. Í síðasta kafla þriðja heftis gerði ég samantekt með því að flétta saman hápunkta yngri ára William Branham. Þótt ég hefði verið að vinna að þessari ævisögu í fimm ár, þá hafði konan mín ekki lesið eina blaðsíðu af henni. Allt í einu langaði mig til, að hún heyrði samantektina í þessum síðasta kafla. Hikandi settist hún niður og hlustaði. Þegar ég var búinn að lesa, var hún með tárin í augunum. Hún sagði: “Ástæða þess að ég vildi ekki lesa bókina þína var sú, að ég var hrædd um að um leið og ég gerði það, myndi ég vita að þetta er sannleikurinn. Og nú hefur það gerst. Ég vil koma aftur til Jesú.”

Yfirferð minni á hefti eitt, tvö og þrjú var lokið í júlí. Þá horfðist ég í augu við spurninguna, sem hafði truflað mig í fimm ár. Hvernig átti ég að koma þessari bók, út til þeirra sem myndu vilja lesa hana? Allan tímunn hafði ég hugsað mér að prenta hana sjálfur, en núna var ég í skuldum vegna náms konu minnar. Í von um leiðbeiningar, sendi ég sýnishorn til manna sem ég hélt að gætu ef til vill gefið mér hugmyndir.

Nú kem ég að heimsókn engilsins. Síðasta ár Marguerite í námi hafði verið henni mjög erfitt líkamlega. Hún var þreytt líkamlega, vegna mikils vinnuálags. Preytan minnkaði mótstöðu hennar gegn sýkingum. Síðasta árið þjáðist hún af sífelldu kvefi, bronkítis, lungnabólgu og jafnvel kylum. Allt þetta bættist við þrálátan mígrenihöfuðverk. Henni leið ekki vel og við gátum ekki fundið út hvað var að.

3. ágúst 1993, vaknaði Marguerite klukkan hálf tíu. Dóttir mín ætlaði að keyra hana í tíma hjá lækni þennan morgun. Marguerite sagði: “Betty, farðu og náðu í pabba. Ég verð að segja honum svolítið áður en ég fer.”

Ég var að vinna í næsta húsi, í búðinni okkar. Þegar ég kom inn, sagði Marguerite spennt: “Engill Drottins var að heimsækja mig!” Þetta vakti athygli mína. Á þeim 19 árum sem við höfðum verið gift, hafði hún aldrei sagt neitt þessu líkt. Hún hélt áfram: “Þetta var ekki draumur, að minnsta kosti var það öðruvísi draumur en mig hefur áður dreymt. Það voru tveir illir andar þarna og þeir báru nöfn. Annar þeirra hét Illsa og hinn Samona. Einnig stóð þarna hjúkrunarfræðingur sem ég þekki, og telur sig vera kristna. Þessi hjúkrunarfræðingur var að ræða vinsamlega við illu andana. Ég lá í rúminu, sem var eins og uppskurðarbekkur, á neyðarstofu spítalans. Ég gat ekki talað, en hjúkrunarfræðingurinn sá mig og ég gat gefið henni bendingar. Mér til annarrar handar stóð bróðir Branham og við hina hlið mína stóð engill Drottins. Bróðir Branham sagði við hjúkrunarfræðinginn: “Hugsaðu vel um þessa konu, vegna þess að hún er dóttir Guðs.”

Marguerite lagði áherslu á þetta af innlifun. Frá því hún sneri sér til Krists nokkrum mánuðum áður, hafði Satan minnt hana á mistök hennar og kvalið hana með efasemdum um hjálpraði hennar. Nú sagði hún uppveðruð: “Owen, ég er frelsuð! Ég er frelsuð!”

Ég sagði: “Marguerite, ég vil að þú munir þetta svo lengi sem þú lifir. Aldrei efast aftur um frelsun þína.”

“Ég skal muna það,” samþykkti hún og hélt síðan áfram: “Engillinn sagði við mig: *‘Náðu í Owen og segðu honum það sem þú sérð. Segðu honum að hann muni fá peningana’*.” Hjúkrunarfræðingurinn spurði: “Til hvers eru peningarnir?” Í sýninni gat ég ekki talað, svo ég gerði hreyfingar, eins og ég væri að lesa bók.

Hjúkrunarfræðingurinn spurði: “Eru peningarnir fyrir bók?” Engillinn svaraði: “Já. Og tveir menn að vestan munu hjálpa honum.” Síðan sagði Marguerite: “En, ég sá þúsundir fagna vegna þessarar bókar.”

Þegar hún hafði lokið sögu sinni, fór ég út til að setja bensín á bílinn af bensíntankinum okkar. Nokkrum mínútum seinna hrópaði dóttir mín á mig að koma fljótt. Marguerite hafði dottið niður, meðvitundarlaus. Við bárum hana út í bílinn. Fljótlega lá hún á skurðarborði í neyðarherbergi sjúkrahúss, en það var of seint.

Marguerite var aðeins 40 ára. Læknarnir fundu enga læknisfræðilega skýringu á dauða hennar. Þetta var einfaldlega hennar tími til að fara. Vegna þess að hún var barn Guðs, þá beið Guð þar til sál hennar var tilbúin, áður en hann tók hana heim. Ég trúi því að stuttu áður en hún dó, hafi Marguerite horft inn í andlega vídd og sagt mér hvað hún sá. Ég velti því fyrir mér hvort Illsa og Samona væru illir andar, sem reyndu að toga hana burt frá Kristi og þar sem þeim tókst það ekki, hafi þeir kvalið hana með sýkingum, mígreni og efasemdum. Kannski voru þeir þarna við endalokin, til að þeir mættu sjá að þeir höfðu tapað stríðinu. Jesús Kristur hafði unnið. Marguerite var frelsuð. Hvað skilaboð engilsins varðar, þá veit ég að þau voru fyrir mig. Hvaða betri huggun gat ég fengið, en að engill segði mér að ég myndi sjá konu mína aftur?

Sama dag og ég jarðaði Marguerite, fékk ég símtal frá bróður Peary Green, forstöðumanni Tucsonkirkjunnar í Arisóna. Honum líkaði vel sýnishornið, sem ég

hafði sent honum og langaði til að lesa allt handritið. Seinna bauðst hann til að gefa út og sjá um dreifingu á “Hið yfirnáttúrulega: Líf William Branham,” gegnum bókaforlag Tucsonkirkjunnar.

Orðin sem engillinn talaði til Marguerite hafa ræst. Ég vona að þú verðir einn af þeim þúsundum, sem hún sá gleðjast vegna þessarar bókar. Megi Guð blessa þig þegar þú lest áfram.

*Owen Jorgensen, 1996.*

### **Samantekt á öðru hefti.**

**Í mörg ár** gat William Branham ekki skilið óvenjulegt líf sitt. Af hverju var hann eini prédikarinn í Jeffersonville í Indíana sem sá sýnir? Hinir prédikararnir voruðu hann við sýnunum og sögðu að þær kæmu frá Satan, meistara lyganna og blekkinganna. Af hverju voru þá sýnirnar alltaf réttar? Og af hverju urðu þær svo oft fólki til hjálpar?

Í maí 1946 varð uppnám Billy að kreppu. Hann einangraði sig í helli, langt inni í fjallendi Indíana og bað um leiðsögn í örvæntingu sinni. Stuttu eftir miðnætti lýsti ljósengill upp myrkrið í hellinum. Engillinn sagði: “Óttast þú ekki. Ég er sendur frá nærveru almáttugs Guðs, til að segja þér að hin einstaka fæðing þín og þitt misskilda líf hefur allt orðið til að benda á það, að þú átt að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Ef þú ert einlægur þegar þú biður og getur fengið fólkið til að trúá þér, þá mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein. Þú munt fara til margra staða, víðsvegar um heiminn og biðja fyrir konungum, ráðamönnum og hátt settu fólki. Þú munt prédika fyrir fjölda manns út um allan heim og þúsundir munu koma til þín til að fá ráðleggingar. Þú verður að segja þeim að hugsanir þeirra tali hærra á himninum heldur en orð þeirra.”

Billy mótmælti: “Herra, ég er fátækur maður og dvel á meðal fátæks fólks. Hvernig gæti ég ferðast umhverfis hnöttinn? Og hvernig gæti ég gert mig skiljanlegan? Ég hef bara barnaskólamenntun. Ef til vill ætti einhver að fara, sem er með næga menntun til að tala til fólksins. Það myndi ekki hlusta á mig.”

Engillinn svaraði: “Eins og spámanningnum Móse voru gefin tvö tákni til að sanna að hann væri sendur af Guði, eins munu þér verða gefin tvö tákni. Hið fyrra: Þegar þú tekur hægri hönd einhvers í vinstri hönd þína, þá munt þú geta greint nærveru allra sjúkdóma sem orsakast af örverum, af bylgjunum í vinstri hönd þinni. Síðan verður þú að biðja fyrir einstaklingnum. Ef hönd þín verður aftur eðlileg, getur þú lýst hann læknaðan. Ef svo er ekki, blessaðu þá þennan einstakling og farðu burt. Ekki reyna að hugsa þínar eigin hugsanir undir smurningu Guðs. Þér mun verða gefið hvað þú átt að segja.”

Billy var enn ekki sannfærður. “Hvað ef þau trúá mér samt sem áður ekki?”

“Annað táknið er meira hinu fyrra. Ef þú verður auðmjúkur og einlægur, þá mun það verða, að þú getir sagt fólkinu leyndarmál hjarta þess í gegnum sýn. Þá verður fólkið að trúá þér. Þetta mun innleiða fagnaðarerindið í krafti, sem mun leiða til seinni komu Krists.”

Viku seinna neyddist Billy til að sannreyna orð engilsins. Á miðvikudagskvöldi kom örvæntingarfullur eiginmaður með konu sína á samkomu, meðvitundarlaus og liggjandi á börum. Margie Morgan var með svo útbreitt krabbamein, að læknað hennar höfðu gefið hana upp á bátinn. Þegar Billy tók máttlausa hægri hönd hennar í sína vinstri, þá titruðu úlnliður hans og handleggur eins og hann hefði orðið fyrir

rafmagnslosti. Hönd hans bólgaði upp og varð rauð. Hann fann bylgjur fara um handlegg sinn. Hann laut höfði og bað Drottin Jesú að lækna hina deyjandi konu. Um leið og hann hafði lokið bæn sinni, hættu bylgjurnar og bólga í hendinni hjaðnaði. Premur dögum seinna var Margie Morgan stigin úr rekkju, gekk um ganga sjúkrahússins og grátbað lækna um að leyfa sér að fara heim.

Fréttir af þessu kraftaverki breiddust óðfluga út og brátt fékk William Branham bréf frá St. Louis í Missouri. Séra Dougherty vildi að Billy kæmi og bæði fyrir dóttur sinni. Í þrjá mánuði hafði Betty litla Dougherty þjáðst af dularfullum sjúkdómi sem alla lækna furðaði á. Billy fór til St. Louis og þar opinberaði Drottinn honum vandamál stúlkunnar. Betty Dougherty læknaðist án nokkurrar fyrirhafnar. Séra Dougherty spurði Billy hvort hann vildi koma aftur og halda vakningasamkomur með áherslu á guðlega lækningu. Billy samþykkti það. Þegar hann sneri aftur til Jeffersonville hætti hann í vinnu sinni hjá Indíanafylki. Síðan fundaði hann með djáknunum, þar sem hann var prédikari og fann ræðumann í staðinn fyrir sig, meðan hann væri í burtu. Hann fann það á sér, að héðan í frá, myndi hann vinna fulla vinnu sem trúboði.

Fyrsta lækningaherferð hans var ótrúlega vel heppnuð. Hann prédikaði ellefu kvöld í röð. Eftir hverja ræðu bauð hann sjúkum að koma fram og safnast saman við púltið þannig að hann gæti snert fólkið og beðið fyrir hverjum og einum. Kraftaverkin gerðust án afláts. Fólk læknaðist af augnveiki, gigt, magasári, hjartveiki, sykursýki, lömun, taugaveiklun, magaveiki og jafnvel blindu. Þegar vakningunni lauk hafði Billy beðið fyrir meira en eitt þúsund manns. Hann var úrvinda, en glaður. Og hann var spenntur að fá að vita hvert Drottinn myndi senda hann næst.

## 31. Kafli

### Undarlegur draumur blinds manns.

1946

**Innblásnar af** lækningunum í St. Louis, bárust fréttirnar eins og eldur í sinu, út um öll Miðvestur- og Suðurríkin. Sagan um það hvernig engill Drottins hefði mætt smábæjarprédikara að nafni William Branham og gefið honum köllun um að færa hinu þjáða mannkyni gjöf guðlegrar lækningar. Stuttu eftir að Billy kom heim frá St. Louis, barst honum símskeyti frá öðrum forstöðumanni sem hann þekkti ekki, séra Adams frá Camden í Arkansasfylki, sem vildi sjá Billy fyrir fjármagni, til að halda vikulanga samkomuherferð í borg sinni.

Vegna þess að Billy átti engin jakkaföt, þá þáði hann notuð föt frá einum af bræðrum sínum. Þessi föt hafði einhver notað, sem lenti í bíslýsi og í slysinu höfðu þau rifnað á nokkrum stöðum. Meða lagfærði buxurnar með bótum sem hún straujaði á og Billy saumaði saman rifu á hægri buxnavasanum sem var nokkuð áberandi. Síðan tók Meða skyrtunnar hans tvær, fjarlægði varlega saumana úr notuðum kraganum, sneri kraganum við og saumaði hann svo aftur á. Billy pakkaði niður í eina litla ferðatösku, setti hana í skottið á gamla Fordinum sínum og hélt í suðurátt.

Þegar hann kom til Camden, þá var Billy frekar óframfærinn, þegar hann tók í hönd séra Adams og sagði: “Afsakaðu vinstri höndina, en hún er nær hjarta mínu.” Eiginlega skammaðist hann sín fyrir hina lélegu viðgerð sína á jakkavasanum og vildi fela hana með hægri hendinni. Þetta átti eftir að verða vani hans næstu þrjá mánuði.

Íbúafjöldi Camden, nærri suðurlandamærum Arkansas, var aðeins um 15.000 manns. En þegar samkomurnar hófust, varð það fljótlega augljóst, að fólk streymdi alls staðar að úr Suðurríkjunum. Séra Adams hafði leigt stóran íþróttasal, sem tilheyrði framhaldsskóla og þegar fyrsta kvöldið var hann fullsetinn. Billy reyndi að hvetja fólkið til að trú á Guð og minnti það á að “Guð megnar allt,” en viðmót fólksins var hart og það lét ekki sannfærast. Það leit út fyrir að fólkið hefði komið fyrir forvitni sakir og nú sat það þarna og viðhorfið var: “Sannaðu það.” Billy sárþændi fólkið að vera með opinn huga, og sagði: “Kæru vinir. Ég er aðeins maður, en ég er að reyna að útskýra fyrir ykkur, að Guð hefur sent engil sinn og hann hefur verið hjá mér.”

Billy fann að andrúmsloftið umbreyttist á einu andartaki. Hann fann þá nærveru, sem hann hafði fundið í hellinum nálægt Tunnel Mill (Gangnamyllu). Augljóslega fundu áheyrendurnir þetta líka, vegna þess að fólk fór að horfa í kringum sig með undrunarsvip. Síðan sá Billy eldstólpann sem hringsnerist, koma inn um dyrnar, baka til í salnum. “Ég þarf ekki að tala meira um hann” sagði Billy, “vegna þess að hann er á leiðinni hingað á þessari stundu.”

Þessi yfirnáttúrulegi eldstólpi leið fram ganginn, rétt fyrir ofan höfuð fólksins. Andvörp heyrðust frá mannfjöldanum. Konur og börn öskruðu, féllu í yfirlið, eða fengu áfall. Bæklaður Baptistaprédikari sat í hjólastól framarlega á ganginum. Þegar eldstólpinn sveif yfir hann, stökk hann upp úr hjólastólnum, ýtti honum á undan sér niður ganginn og lofaði Guð háum rómi. Þetta skók mannfjöldann út úr vantrúnni.

Meðan á þessu stóð hafði gulgræna ljósið haldið fram eftir ganginum. Það nam staðar fyrir ofan höfuð Billy. Séra Adams stóð hinu megin við púltið, þegar fréttamaður smellti af og náði þessu yfirnáttúrulega ljósi á mynd. Á næsta andartaki, þá gekk séra Adams að ljósinu, eins og hann vildi grípa það og sagði: “Ég sé þetta!” Ljósið glampaði enn meir og séra Adams hrökk til baka, blindaður um stund. Síðan hvarf stjarnan.

Frá þeirri stundu bráðnaði efi fólksins; og trúin flæddi fram eins og bylgja. Billy bað þá, sem vildu fá fyrirbæn, að mynda röð upp við vegg byggingarinnar. Mörg hundruð manns stóðu upp og þyrptust að í einhverju sem líktist röð. Billy vildi að fólkið kæmi til sín frá hægri, vegna þess að hann fann þrýsting frá engli Drottins, sem þar stóð. Billy tók hægri hönd einstaklingsins í vinstri hendi sína. Þeir sem voru með sjúkdóm, sem orsakaðist af örveru, ollu því að hönd hans bólgnadi í hvert skipti. Eftir að hann bað, vissi hann að einstaklingurinn var læknaður, ef hönd hans varð aftur eðlileg. Hvað hina varðaði, þá var trúin svo sterk í hjarta þeirra, að það var oft nóg að biðja einfalda bæn í Jesú nafni til að hið ómögulega gæti átt sér stað.

Þetta kvöld gerðust kraftaverk í hundruðum mannlífa. Billy bað fyrir sjúkum, einum í einu, langt fram yfir miðnætti. Þegar hann loksins hætti, var handleggur hans svo dofinn, að hann þurfti að halda honum undir rennandi vatni í hálf tíma, til að fá aftur tilfinningu í hann.

Eftir morgunmat næsta dag, þegar Billy var að biðja í hótélherbergi sínu, þá heyrði hann samtal rétt fyrir utan dyrnar. Maður sagði: “Nú, mig langar til að segja nokkur orð við bróður Branham. Ég er blaðamaður og ég hef svolítið að sýna honum.”

Hótélstarfsmaður, sem átti að gæta dyra Billy, svaraði: “Mér er sama hver þú ert. Fyrirskipun mín er að hleypa engum inn. Það er bænastund.”

Billy fór til dyra og bauð blaðamanninum inn. Hann gekk spenntur inn. Hann tók fram ljósmynd og hélt á henni. “Bróðir Branham, sjáðu hérna.”

Billy tók við ljósmyndinni og rannsakaði hana. Þetta var svarthvít ljósmynd frá samkomunni kvöldið áður. Billy sá sjálfan sig standa á bak við púltið. Fyrir ofan hann sveimaði ljósið yfirnáttúrulega og séra Adams stóð honum til hægri handar.

“Bróðir Branham,” sagði fréttamaðurinn. “Ég verð að viðurkenna að í gær, kom ég sem efasemdamaður. Ég hélt að allt þetta tal um engil og lækningu væri ekkert nema sálfræði. En hér er það komið á ljósmynd! Taktu eftir ljósunum fjórum fyrir neðan svalirnar. Þetta eru einu ljósin á bak við þig. Það þýðir að ljósið, sem skín fyrir ofan þig, hlýtur að vera yfirnáttúrulegt.”

Billy kinkaði kalli. “Þetta lítur út eins og ljósið sem ég sá.”

Fréttamaðurinn sagði: “Ég tilheyri Baptistakirkjunni eins og þú, en nú vil ég öðlast Heilagan Anda á sama hátt og þú átt Hann.”

Áður en Billy gat svarað, var bankað á dyrnar. Billy bjóst við að sjá þjónustustúlku og varð hissa á að sjá hótélstýruna. Hún gekk inn, og sveiflaði taugatrekkt lykli í hendi sér. Billy sýndi henni myndina af engli Drottins.

“Það er út af þessu sem ég er komin til að hitta þig,” sagði hún. “Bróðir Branham, ég var á samkomunni í gær og ég sá líka ljósið. Sjáðu til,” hún átti erfitt með að finna réttu orðin. “Bróðir Branham, ég vil endurfæðast.”

Sem svar, opnaði Billy gluggahlerann og benti á hæðirnar fyrir utan bæinn. “Sjáið þið veginn sem liggur á milli grenitrjáanna? Fyrir nokkrum dögum var ég þar á bæn og bað Guð um að senda engil sinn til þessarar borgar og snerta hjörtu fólksins sem aldrei fyrr. Nú hefur það gerst. Það er ekki erfitt að endurfæðast. Þú þarft aðeins að gefa Jesú Kristi líf þitt af öllu hjarta.”



Þau þrjú krupu nú á gólfinu, og bæði fréttamaðurinn og hótélstýran endurfæddust inn í fjölskyldu Guðs.

Klukkutíma síðar kom drengur með símskeyti frá öðrum prédikara, séra G. Brown, sem bað Billy að koma og halda samkomur í Little Rock í Arkansasfylki. Drengurinn sem kom með skeytið dokaði við í dyragættinni, eins og hann þyrfti að segja eitthvað. Billy spurði hann hvort það væri eitthvað fleira. Drengurinn sagði. “Pabbi hefur átt í erfiðleikum með bakið á sér í mörg ár. Í gærkvöldi læknaðist hann og hann er breyttur í dag. Það er eins og ég eigi nýjan pabba. Ég vil líka kynnst Jesú.”

“Guð blessi þig, sonur minn. Komdu hingað og lokaðu hurðinni. Þú getur kynnst Jesú hér og nú. Það er ekki erfitt.”

Ungi maðurinn kraup niður, tók derhúfuna ofan og gaf Kristi hjarta sitt.

Það sem eftir var vikunnar í Camden, óx fjöldinn, þegar fólk vitnaði um lækningar fyrir vinum og nágrönnum og hvatti aðra til að koma og sjá hvernig Guð hefði sent engil sinn til borgarinnar. Kvöld eftir kvöld bað Billy fyrir endalausri röð fólks, þar til langt eftir miðnætti. Þegar síðustu samkomunni lauk var hann útkeyrður.

Adams forstöðumaður hafði tímasett fyrirlestur Billy í kirkju á staðnum á sunnudagsmorgninum. Þar sem þetta átti eingöngu að vera fyrirlestur og ekki yrði beðið fyrir sjúkum, þá fannst Billy hann hafa næga orku til þess. Auðvitað komu miklu fleiri til kirkju en gátu komist inn.

Eftir samkomuna, hjálpuðu fjórir stæðilegir lögreglumenn Billy og Adams að komast alla leið að hinum rauða bíl forstöðumannsins. Fólkíð þrýsti sér að til að sjá Billy. Sumir reyndu að snerta hann og lögreglumennirnir héldu aftur af fólkinu. Hjarta Billy komst við, þegar hann sá fatlað fólk og mæður með sjúk börn standa þarna í úrhellisrigningu, hungrað eftir að fá lækningu. Hann þráði að snerta einn og sérhvern og biðja fyrir þeim þar til hann gæti ekki meir, en hann vissi að hann gat það ekki.

Eftir stutta hvíld, þá þurfti hann að standa við loford sín í Little Rock.

Ofar skvaldri fjöldans heyrði Billy einhvern kalla: “Miskunna mér! Miskunna mér!” Hann leit í kring um sig og sá þeldökkan mann og konu standa á lítilli hæð bak við kirkjuna, í burtu frá mannfjöldanum. (Á þessum tíma voru Jim Crow löginn enn í gildi í Suðurríkjunum, sem bönnuðu svörtum að eiga samskipti við hvíta á opinberum stöðum.) Þessi þeldökki maður hélt á derhúfunni í höndunum. Regnið vætti óhindrað hið þunna gráa hár á höfði hans. Hann hélt stöðugt áfram að söngla: “Miskunna mér! Miskunna mér!”

“Vesalings maðurinn,” hugsaði Billy, þegar hann ætlaði að fara leiðar sinnar. Síðan stansaði hann skyndilega og leit á gamla manninn. Eitthvað óvenjulegt var að gerast. Billy fannst eins og eitthvað þrýsti sér upp að hörundi hans og snerti við skynjun hans. Þetta var góð tilfinning, ekki slæm og Billy fann að þetta tengdist eitthvað mannum sem hrópaði til hans ofan af hæðinni. Billy gekk í áttina að mannum.

Einn af lögreglumönnum sem fylgdi þeim spurði: “Hvert ertu að fara, séra minn?”

“Heilagur Andi vill að ég fari þangað sem þessi þeldökki maður stendur,” svaraði Billy.

Lögreglumaðurinn varaði hann við, “Ekki gera það, drengur minn. Allt þetta hvíta fólk, sem þrýstir sér upp að þér. Þetta mun vekja upp kynþáttaóeirðir. Þetta eru Suðurríkin.”

Billy horfði fram hjá hættunni. “Ég get ekki gert að því hvað lög ykkar segja. Heilagur Andi segir mér að fara og tala við þennan mann.”

Lögreglumennirnir fjórir fylgdu Billy upp á litlu hæðina, þar sem maðurinn og konan stóðu. Þegar Billy nálgadist, heyrði hann konuna segja við manninn: “Elskan,

hér kemur prédikarinn.” Billy fór alveg til þeirra, meðan lögreglumennirnir mynduðu hring umhverfis þau, til að halda mannfjöldanum frá. “Get ég hjálpað þér á einhvern hátt, frændi?,” spurði Billy.

Maðurinn leit í öfuga átt við þá sem hann stóð. Billy gerði sér grein fyrir því að maðurinn var blindur. Maðurinn stamaði: “Ert þe-e-tta þú, séra Branham?”

“Já, frændi.”

Gamli maðurinn rétti upp hendur sínar og þreifaði á andliti Billy. “Ó, þú ert ungur maður.”

“Ekki svo ungur”, sagði Billy. “Ég er 37 ára.”

“Séra Branham. Hefur þú smástund aflögu til að hlusta á mig?”

“Haltu áfram, frændi.”

“Ég hef verið á bótum vegna blindu í tíu ár. Ég bý í um 75 kílómetra fjarlægð héðan. Ég hafði aldrei heyrt á þig minnst þar til í morgun. Um klukkan þrjú í morgun vaknaði ég. Ég sé ekki neitt, auðvitað, en ég sá gömlu mömmu mína. Hún hefur verið dáin í mörg ár, en meðan hún var á lífi, trúði hún eins og þú. Mamma laug aldrei að mér, allt mitt líf. Í morgun stóð hún þarna og sagði: ‘Elsku barnið, rístu upp og farðu til Camden í Arkansasfylki. Spurðu eftir manni, séra Branham að nafni og þú munt fá sjónina.’ Hér er ég, séra minn. Getur þú hjálpað mér?”

Billy fann hjarta sitt stynja af meðaumkun. Billy lagði hendur yfir augu gamla mannsins og bað: “Himneski Faðir, ég skil ekki þetta með að móðir hans komi til hans í draumi, en ég bið þig í Jesú nafni að gefa honum aftur sjónina.”

Mannfjöldinn þrýsti sér að. Lögreglumennirnir áttu erfitt með að halda aftur af fólkinu. Billy vissi að hann yrði að komast að bílnum eins fljótt og hann gæti, svo hann sneri sér við til að halda á brott.

Gamli maðurinn brosti, tók að kinka kolli og sagði rólega og ánægður: “Þakka þér Drottinn, takk Drottinn.” Kona hans leit opineygð á hann. “Elskan, geturðu séð?”

“Auðvitað get ég séð. Ég sagði þér að ef ég færi hingað, myndi ég sjá. Sjáðu þarna”, hann benti á bílinn sem var áfangastaður Billy. “Sjáðu bílinn þarna. Hann er rauður.”

Kona hans hrópaði upp yfir sig: “Ó, Jesús!,” meðan þeir tveir föðmuðust í gleði sinni.

Lögreglumennirnir þrengdu varnarhringinn og fylgdu Billy í skyndingu, gegnum æstan mannfjöldann og að öryggi rauðu drossíunnar.

## 32. Kafli

### Barist við geðveikina.

1946

Eftir samkomurnar í Camden hélt William Branham tveggja vikna langa lækningaherferð í Pine Bluff í Arkansasfylki, og hélt síðan til Little Rock, sem er höfuðborg fylkisins. Séra Brown hafði tekið stóra samkomuhöll á leigu, stutt frá ráðhúsinu. Þegar hér var komið sögu hafði frægð Billy breiðst út frá manni til manns, þannig að mannfjöldinn sem sótti samkomurnar í Little Rock var miklu stærri en í Camden. Samkomuhöllin fylltist brátt af fólki, og margir urðu að standa úti.

Á fyrsta kvöldinu útskýrði Billy tilskipun engilsins og talaði um vitnisburðina frá Camden og Pine Bluff. Síðan bað hann alla þá sem vildu fá fyrirbæn að fara í röð hægra megin við sig. Mörg hundruð manns risu samstundis á fætur og mynduðu smám saman röð. Orgelleikarinn lék lagið: “Trú aðeins trú”, aftur og aftur, meðan fólkið kom fram til fyrirbæna, eitt og eitt í einu.

Þegar einstaklingur kom fram fyrir hann, tók Billy hægri hönd sjúklingsins í vinstri hönd sína. Ef einstaklingurinn var með sjúkdóm, fann Billy undireins straum fara um handlegg sér, eins og rafmagnsstraum. Síðan bólgaði vinstri hönd hans upp og var rauð, eins og það væri sýking í henni og hvítir deplar birtust á handarbaki hans. Út frá mynstri þessara depla gat Billy sagt hvað sjúkdóm einstaklingurinn var með. Hann talaði í hljóðnemann, til að áhorfendur gætu heyrt og síðan greindi hann vandamálið: Magasár, berklar, krabbamein o.s.frv. Greining hans var alltaf rétt. Síðan bað hann, hastaði á illa anda í nafni Jesú Krists. Um leið og illu andarnir yfirgáfu sjúklinginn varð hönd Billy aftur eðlileg að stærð og hún fékk aftur á sig eðlilegan lit. Þá lýsti hann sjúklinginn læknaðan og sneri sér að næsta manni í röðinni.

Á því augnabliki barst oft ósjálfrátt undrunarmuldu af vörum þeirra sem fylgdust með. Þessir menn og konur höfðu aldrei áður séð neitt þessu líkt. Hér var sýnileg sönnun þess að Guð var mitt á meðal þeirra. Þetta fékk marga til að gráta lotningarfullum tárur.

Billy var eins undrandi á gjöf sinni og hver annar. Áður en engillinn gaf honum tilskipun sína, hafði hann ekki áttað sig á því að örverur væru kvikar af lífi. Nú fann hann ekki aðeins bylgjurnar, heldur sá hann hin líkamlegu viðbrögð sem þær orsökuðu í vinstri hönd sinni, bæði bólguna og hvítu blettina, sem mynduðu mynstur hvers sjúkdóms fyrir sig. Því meir sem Billy notaði gjöfina, því meir lærði hann um hætti djöfla. Hann vissi það til dæmis núna að ástæða þess að deplarnir bylgjuðust yfir handarbak hans var sú, að djöfulegt líf sjúkdómsins varð æst vegna nærveru engilsins.

Hin andlega merking þessara bylgna, sem örverur eða vírusar orsökuðu, varð einnig skýrari. Í frítíma sínum milli samkoma var Billy að lesa Nýja testamentið aftur og aftur og reyna að skilja lækningaþjónustu Jesú, Péturs og Páls (og reyndi þar með einnig að skilja sína eigin). Með því að sameina ritningargreinarnar sínum eigin hugsunum um nútímalækisfræði, virtist honum það vera svo, að sjúkdómar hefðu tvær hliðar, líkamlega hlið og andlega hlið. Líkamlega hliðin var örveran eða vírusinn sem nútíma vísindamaður gat séð gegnum smásjá. En hvaðan komu þessar örverur og

vírusar? Vissulega ekki frá Guði. Örverur og vírusar sugu í sig lífið, sem Guð hafði gefið einstaklingnum sem þeir gerðu innrás í. Þegar Billy las Biblíulegar frásagnir um lækningaþjónustu Jesú sjálfs, gerði hann sér grein fyrir því að örverur og vírusar eru líkamleg birting djöfullegs afls. Alveg eins og sérhver vera hefur líkamlega og andlega hlið á lífi sínu, er það einnig svo með hvern sjúkdóm. Læknar einbeita sér að hinni líkamlegu hlið sjúkdóms, meðan Billy var að eiga við hina hina djöfullegu hlið. Táknið í hönd hans náði bylgjum þess djöfullega lífs, sem var að ráðast á hið Guði gefna líf mannglegrar veru.

Billy vissi að bólgan í hönd sinni gæti ekki læknað neinn, en hún gat byggt upp trú. Að sjá sjúkdóm birtan á yfirnáttúrulegan hátt gat gefið einstaklingi aukna trú, þar til hann gat treyst Guði til að lækna. Jesús sagði: *“Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.”*<sup>1</sup> Og það var Jesús sem læknaði, bæði þá og nú.

Auðvitað þurfti ekki að greina sérhvert vandamál með yfirnáttúrulegum hætti. Sum vandamálin voru augljós. Maður einn var með stórt, rautt æxli, hangandi á hálsi sínum. Um leið og Billy bað Jesú um lækningu fyrir manninn, varð æxlið hvítt, féll í gólfið og rúllaði milli fóta Billy. Blaðamaður tók mynd og næsta dag birtist mynd af þessu kraftaverki á forsíðu dagblaðsins.

Gamall, fatlaður maður, sem hafði gengið við hækjur í mörg ár, læknaðist fyrir allra augum og gekk niður af pallinum með hækjurnar yfir höfði sér, meðan hann hrópaði Jesú Kristi lof. Næsta kvöld, þegar samkoman hófst, sat þessi maður á fremsta bekk, með skilti á baki sér, sem á var ritað: *“Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.”* Þegar Billy kom upp á pallinn, stóð þessi maður upp og kallaði: *“Heyrðu prédikari, mig langar að spyrja þig nokkurs.”*

Billy svaraði manninum. *“Hvað er það, faðir?”*

*“Ég er Nasareni, og þegar ég heyrði þig fyrst prédika hélt ég að þú værir líka Nasareni. Síðan sá ég að það voru margir Hvítasunnnumenn á samkomunni og varð viss um að þú værir Hvítasunnnumaður. Síðan heyrði ég þig segja að þú værir Baptisti. Ég skil þetta bara alls ekki.”*

*“Þetta er auðvelt, faðir. Ég er Hvítasunnu-nasarena-baptisti.”* Eftir að fólkið var hætt að hlæja að þessum smábrandara hans sagði Billy: *“Í alvöru, ég er aðeins fulltrúi Jesú Krists og náðar Hans. Ritningin segir að fyrir einn Anda séum við öll skírð til að vera einn líkami og verðum einn lýður.”*<sup>2</sup> Jesús mun ekki spyrja okkur hvort við séum Meþódistar eða Baptistar. Hann mun dæma okkur eftir því sem í hjarta okkar býr.”

Kvöld eftir kvöld streymdi fólkið fram til fyrirbæna. Eins erfitt og það var fyrir líkama Billy, hélt hann áfram að biðja fyrir sjúkum og þjáðum til klukkan eitt, tvö og stundum til klukkan þrjú um nóttina. Þá leiddi bróðir Brown hann, dofinn og úrvinda í þreytuþoku, til hótelherbergisins, þar sem hann svaf órólegum svefni í þrjá tíma.

Morgun einn vakti Brown hann til að sinna neyðartilfelli. *“Maður að nafni Kinney frá Memphis í Tennessee bíður niðri. Það lítur út fyrir að vinur hans, Herra D-,”*<sup>3</sup> sem er póstmestari í Memphis, sé að deyja úr lungnabólgu með andnaud. Herra Kinney flaug hingað til að biðja þig að biðja fyrir herra D-. Herra Kinney hefur þegar bókað þig í flug til Memphis í dag. Þú ættir að geta verið kominn aftur fyrir samkomuna í kvöld. Ég ætla að fara niður og ná í hann.”

<sup>1</sup> Markús 9:23. Sjá einnig Matteus. 19: 26; Markús:10:27; Lúkas:1:37.

<sup>2</sup> 1.Korintubréf 12:12-27.

<sup>3</sup> Þegar nafn einhvers er gefið á þennan hátt í þessari ævisögu, þá þýðir það að William Branham greindi ekki frá nafninu þegar hann sagði söguna. Þessi stafur var valinn af höfundi af handahófi, til að gera lýsingu atburðanna mögulega.

Billy klæddi sig og var rétt kominn í frakkann, þegar hann heyrði hljóðið í vindhviðu. Hann gerði ráð fyrir að þetta væri úti og hann hugsaði með sér: “Það er bara hvasst í dag.” Síðan sá hann ljósið yfirmáttúrulega í herbergi sínu, hangandi í lausu lofti, það hringisnerist og var fullt máttar. Billy kraup við rúmið. Fljótlega heyrði hann rödd engilsins segja: “*Ekki fara þangað. Tími hans er kominn.*” Síðan hvarf ljósið. Billy stóð upp og fór úr frakkanum.

Nokkrum mínútum seinna kom séra Brown upp með mann, sem virtist angistarfullur og taugatrekktur. “Bróðir Branham, ég heiti Kinney. Vinur minn, herra D-, er meðvitundarlaus núna, en ég trúi því að Guð geti...”

Billy tók fram í fyrir honum. “Herra, Heilagur Andi mætti mér fyrir stuttu síðan og varaði mig við að fara með þér, af því að svo segir Drottinn: ‘Maðurinn mun deyja.’

“Áttu við að það sé engin von?”

“Hann verður líklega dáinn þegar þú kemur heim. En ég mun halda áfram að biðja yfir þessu. Hringdu í mig í fyrramálið og láttu mig vita um líðan hans. Láttu mig vita þegar hann deyr, eða ef hann er þegar dáinn, þegar þú kemur þangað. Það þýðir ekki að hringja í kvöld, af því ég er með samkomu til klukkan tvö eða þrjú í nótt.”

Það sama kvöld, eftir að beðið hafði verið fyrir sjúkum í marga klukkutíma, sagði séra Brown: “Bróðir Branham, láttu mig vita þegar þú þarft að taka þér stutta hvíld. Mig langar að sýna þér svolítið niðri í kjallaranum. Það er þannig tilfelli, að þú hefur aldrei séð neitt þvílíkt.”

Billy var þreyttur af álaginu og feginn að fá afsökun fyrir því að hvíla hugann um stund. “Ég er tilbúinn að taka hlé núna,” sagði hann. Meðan fólkið í bænaröðinni hélt sér á sínum stað og beið, fylgdi séra Brown, Billy niður í kjallara, þar sem þeir hittu ungan mann, sem stóð á neðsta þrepinu. Hann leit út fyrir að vera hinn klassíski bóndi frá Arkansas, klæddur í snjáða bláa skyrtu og samfesting. Maðurinn starði niður í kjallarann með vonlausu, stjörfu augnaráði. Billy horfði líka og honum brá við það sem hann sá. Billy hafði aldrei séð neitt þessu líkt á ævi sinni. Það lá kona á beru steingólfinu, með útbreidda arma. Hún var vöðvastælt og hávaxin, íklædd hvítum bol og svörtum stuttbuxum. Billy giskaði á að hún myndi vera um það bil 30 til 35 ára gömul. Hún lá á bakinu. Handleggir hennar og fótleggir stóðu beint upp í loft. Fótleggir hennar voru ataðir blóði eftir fjölda áverka.

Billy leit á manninn á þrepinu og sagði með undrunarhreim: “Bróðir, er þetta konan þín?”

“Já, bróðir Branham.”

“Almáttugur! Hvað er eiginlega að henni?”

“Þegar hún eignaðist síðasta barnið, halda lækarnir að það hafi valdið því að blæðingar hættu of snemma. Henni var gefin sprauta, en áhrifin voru ekki rétt og hún varð brjáluð. Hún hefur verið á geðveikrahæli í tvö ár. Ég seldi býlið mitt til að fá næga peninga til að hjálpa henni, en ekkert af því sem lækurinn hefur reynt hefur dugað. Bróðir Branham, ég á fjögur börn heima. Þegar ég heyrði um brjáluðu konuna frá Mississippi, sem læknaðist á einni af samkomum þínum um daginn, þá seldi ég áburðarklárinn minn, til að fá næga peninga til að koma með konu mína hingað í sjúkrabíl.”

“Af hverju blæðir úr fótleggjum hennar?”

“Stofnunin sagði að við mættum aðeins fara með hana burt í eitt kvöld. En þegar þeir reyndu að koma henni í bílinn, þá gátu þeir ekki gert það, svo ég tók fjóra bræður úr kirkjunni með mér og okkur tókst að koma henni inn í bílinn. Á leiðinni hingað gátu þeir ekki haldið henni og hún braut glerið í afturrúðunni. Þegar við færðum hana inn í húsið, þá þeytti hún okkur út um allt. Að lokum fórum við með hana niður í

kjallara og lögðum hana á bakið. Hún hefur verið svona síðan, með handleggi og fótleggi upp í loft.”

Billy horfði með meðaumkun á geðveiku konuna, sem lá á bakinu á miðju gólfi, með handleggi og fótleggi beint upp í loft. Billy sagði við mann hennar: “Ég ætla að fara til hennar og taka í hönd hennar og sjá hvort ég finn einhverjar bylgjur.”

Ótti kom í augu mannsins. “Bróðir Branham, ekki fara þangað. Hún drepur þig.”

Billy hunsaði viðvörðunina og gekk að brjáluðu konunni, sem fylgdist með honum nálgast með útsmognu augnaráði. “Gott kvöld,” sagði Billy og teygði sig eftir hægri hönd hennar.

Einmitt er hönd hans var að umlykja hennar, teygði hún hönd sína skyndilega fram og greip um úlnlið hans í staðinn og ýtti svo við honum, að hann var næstum dottinn. Hún gat ekki verið þyngri en 85 kíló, en virtist vera þrisvar sinnum sterkari en venjuleg kona. Þegar hún dró hann til sín óttaðist Billy að hún kynni að brjóta bein sín. Hann lyfti fæti, steig á brjóstakassa hennar og togaði fast. Hönd hans losnaði og hann hljóp að kjallaratröppunum.

Brjálaða konan elti hann, enn liggjandi á bakinu, en mjakaði sér hratt áfram á steinsteyptu gólfinu. Hún leit út eins og risavaxinn snákur og gaf frá sér ómanneskjuleg hljóð meðan á þessu stóð. Þegar hún var komin hálfra leiðina að tröppunum, breytti hún um stefnu og hélt í áttina að trébekk sem stóð upp við vegginn. Hún barði höfðinu svo fast við bekkinn að viðurinn fór í sundur. Það rann blóð úr höfði hennar og það bleytti hár hennar. Hún tók upp spýtu og henti henni í eiginmann sinn. Hún fór rétt framhjá honum og braut gat á vegginn á bak við hann.

“Bróðir Branham,” snökti eiginmaðurinn, “er einhver von fyrir hana?”

“Sjáðu til bróðir,” sagði Billy. “Það eina sem ég get sagt þér er þetta: Þegar ég hitti engil Drottins, sagði hann mér að ef ég væri einlægur og gæti fengið fólkið til að trúá, þá myndi hann lækna hina sjúku. Hefur þú þá einföldu trú að Jesús Kristur, sonur Guðs, reki út illa anda?”

Maðurinn herti sig upp og svaraði: “Ég geri það.”

Þegar konan, sem haldin var, heyrði þetta, ískraði í henni: “William Branham, þú hefur ekkert yfir mér að segja. Ég kom henni hingað.” Síðan skreið hún á bakinu í áttina að Billy.

“Hvað er þetta?” spurði eiginmaðurinn. “Konan veit ekki einu sinni hvað hún heitir. Hún hefur ekki mælt orð af vörum í tvö ár.”

“Þetta var ekki hún,” sagði Billy. “Þetta var illi andinn, sem heldur henni fanginni. Hann veit að hann verður að yfirgefa konuna, ef þú aðeins trúir Jesú Kristi núna. Við skulum sameinast í bæn.”

Konan öskraði aftur: “Þú hefur ekkert yfir mér að segja,” meðan Billy laut höfði og bað: “Himneski Faðir, í nafni Jesú Krists, lát þennan djöful yfirgefa hana.”

Konan varð þögul. Á næsta augnabliki, var sem hún koðnaði lífvana á gólfið. Maður hennar spurði: “Hvað á ég að gera núna?”

“Farðu með hana aftur á stofnunina um leið og samkoman er búin. Ef þú trúir, hlýtur það að gerast. Láttu mig vita hvernig fer.”

**Næsta morgun**, skein sólin í augu Billy. Hann sneri höfði sínu og leit út um gluggann og varð undrandi að sjá konu sitja á rúmi sínu. Grátt hár hennar var bundið í hnút og hún var í ljósbrúnni dragt með hvítu belti. Hún var ekki af fylgjast með honum, en starði til hliðar á vegginn þannig að hann gat séð andlitsfall hennar. Hún var sorgmædd á svip.

Billy hugsaði í óðagoti: “Hvernig komst þessi kona inn í herbergi mitt? Hurðin er læst og lykillinn er á náttborðinu.”

Hann lyfti sér upp á olnbogana og sagði spyrjandi röddu: “Frú mín?” Þá sá Billy mann sitja upp við vegginn, fyrir framan konuna. Hann var hávaxinn, gráhærður maður í brúnum jakkafötum og með rautt bindi. Hann var líka sorgmæddur á svip. Konan sneri höfði sínu, til að hún sæi manninn og þau brostu hvort við öðru.

“Hvað er þetta?” hugsaði Billy. Hann settist upp í rúminu. Þegar hann gerði það, var hann allt í einu ekki lengur í rúminu, heldur á þrepum kirkju sem hann kannaðist ekki við. Hann beit í fingur sinn, til að aðgæta hvort sig væri að dreyma. Sársaukinn sannfærði hann um að hann væri glaðvakandi. Þá vissi hann að þetta var sýn.

Kirkjan hvarf og Billy var aftur í rúminu. Hann horfði á gráhærða manninn og konuna. Þau brostu til hans, kinkuðu kolli og virtust hlæja, eins og þau væru glöð. Síðan hurfu þau út í buskann.

Billy lokaði augunum og hvíslaði: “Guð, ég skil þetta ekki. Viltu því sýna mér hvað þetta þýðir.” Hann grunaði að þessar tvær manneskjur myndu vera í fyrirbænaröðinni það kvöld. Það hafði gerst nokkrum sinnum áður. Hann sá einstakling í sýn, þegar hann síðan kannaðist við einstaklinginn í bænalínunni um kvöldið, þá vissi hann að Guð ætlaði að gera eitthvað sérstakt í lífi hans. Venjulega sýndi svona sýn Billy nákvæmlega það sem myndi eiga sér stað í fyrirbænaþjónustunni. Þessi sýn hafði á hinn bóginn endað sem leyndardómur.

Billy tók Biblíuna sína upp af náttborðinu og spurði: “Drottinn, hvar vilt þú að ég lesi í Orði þínu í dag?” Síðan opnaði hann Biblíuna tilviljanakennt. Hún opnaðist á Síðari Konungabók, 20. kafla. Billy las um það þegar Drottinn sendi Jesaja spámann til Hiskía konungs til að segja honum að hans tími væri kominn og að veikindin myndu binda enda á líf hans. Hiskía konungur sneri sér til veggjar og bað lengi og af innlifun. Drottinn heyrði bæn Hiskía og talaði til Jesaja og sagði: “Segðu Hiskía, þjóni mínum, að ég muni gefa honum fimmtán ár í viðbót.”

Á því augnabliki hringdi síminn. Billy tók tólið upp, og hugsaði með sér að þetta hlyti að vera séra Brown. Þess í stað reyndist þetta vera herra Kinney frá Memphis. Billy var alveg búinn að gleyma þessu tilfelli, en nú mundi hann eftir því. “Nú, nú, bróðir Kinney. Hvaða fréttir hefur þú að færa mér?” Rödd herra Kinney var alvörugefin. “Bróðir Branham, við sátum yfir honum alla nóttina. Hann er um það bil að skilja við á næstu mínútum.”

“Segðu mér, bróðir Kinney, hefur Herra D- einhvern tíma gengið í brúnum jakkafötum og verið með skærrautt bindi?”

“Jú, hann klæðir sig alltaf þannig. Af hverju?”

“Og gengur frú D- í ljósbrúnni dragt með hvítri rönd í mittinu?”

“Hún er einmitt núna í þeirri dragt. Hvernig vissir þú þetta? Þekkir þú þau, bróðir Branham?”

“Já. Segðu frú D- að koma í símann.”

Herra Kinney hikaði við. “Ég er búinn að segja henni hvað þú sagðir.”

“Ég vil tala við hana,” sagði Billy. Bráðlega kom sorgmædd, upprifin kona í símann. Billy sagði: “Systir D-, svo segir Drottinn: ‘Maðurinn þinn mun lifa.’ Trúir þú þessu?”

Frú D- svaraði ekki. Billy heyrði ávæning af braki og brestum í símanum. Síðan kom herra Kinney aftur í símann. “Hvað sagðir þú við hana, bróðir Branham? Það leið yfir konuna.”

“Ég sagði henni að maðurinn hennar myndi lifa. Ég lýsti honum, vegna þess að ég sá hann rétt áðan í sýn. Ég flýg til Memphis með næsta flugi. Hittu mig á flugvöllinum.”

Þegar Billy kom á sjúkrahúsið í Memphis, mætti systir herra D- honum í anddyrinu. Hún var óánægð og reið og sagði hortuglega: “Hvílík og önnur eins hugmynd. Að fá einhvern ofsatrúar prédikara til að koma hingað og biðja fyrir deyjandi bróður mínum. Mér finnst það alger hneisa.”

Billy gekk áfram og hugsaði með sér: “Satan getur ekki sent nógu marga djöfla úr Víti til að stöðva þetta núna. Það er búið og gert, af því að það er: ‘Svo segir Drottinn’.”

Hann mætti hjúkrunarfræðingi, sem kom út úr dyrum stofunnar. “Eru einhverjir læknar eða hjúkrunarfræðingar þarna inni?”

“Já,” sagði hún, “það eru tveir læknar.”

“Vertu svo væn að biðja þá að fara.”

Læknarnir fóru, og voru fýlulegir á svipinn. Billy bar undireins kennsl á manninn, sem lá í súrefnistjaldinu, sem sama mann og hann hafði séð í sýn um morguninn. Herra D- lá á bakinu, og starði upp í loftið með þokukenndu augnaráði. Billy teygði sig gegnum tjaldið og tók í hönd mannsins. Hans eigin hönd bólgnáði upp og bylgjur lungnabólgu fóru um hana. “Bróðir D-, heyrir þú í mér?”

Frú D- sagði: “Maðurinn minn hefur verið meðvitundarlaus í tvo daga, bróðir Branham.”

Billy leit á hina eldri konu. Hún leit líka nákvæmlega eins út og hann hafði séð hana í sýninni. “Þú efast ekki um neitt af því sem ég hef sagt þér, er það?”

“Nei, það geri ég ekki.”

Billy sneri sér aftur að hinum deyjandi manni. Billy bað: “Góði Guð, ég veit að þetta er fólkið sem ég sá í morgun í sýn. Í nafni Jesú Krists, læknaðu nú þennan mann.” Jafnvel með lokuð augun, fann hann að bólgan í hönd sinni var að hjaðna. Síðan fann hann manninn grípa um hönd sína. Billy opnaði augun og sá herra D- sleikja þurrar varir sínar með tungunni.

Frú D- stóð við rúmgaflinn og var enn að biðja.

Billy sagði: “Herra D-, þekkir þú mig?”

Maðurinn kinkaði létt kalli og sagði: “Já, þú ert bróðir Branham.”

Nú rétti konan hans skyndilega úr sér, alveg undrandi. Þegar hún síðan gerði sér grein fyrir því hvað hafði gerst, hentist hún inn í súrefnistjaldið og kallaði: “Pabbi, pabbi” og lét rigna yfir hann faðmlögum og kossum.

Án þess að segja meira, læddist Billy út úr stofunni og tók næstu flugvél til Little Rock.

Tveimur dögum seinna borðaði herra D-, beikon og egg í morgunmat og var útskrifaður af sjúkrahúsinu. Næsta dag á eftir, var hann aftur kominn til vinnu sinnar sem póstmestari.



## 33. Kafli

### Átta daga löng fyrirbænaröð.

1946

**Það sem eftir lifði sumarsins** og um haustið 1946 prédikaði William Branham út um allt Arkansasfylki án nokkurrar hvíldar. Af því að hver samkoma var auglýsing fyrir þá næstu, fjölgaði fólkinu stöðuglega og fyrirbænaröðin lengdist við hvern áfangastað. Billy rak á eftir sjálfum sér og bað fyrir sjúkum til klukkan eitt, tvö og oft til klukkan þrjú um nóttina. Hann fann sig hvattan til að vinna upp glataðan tíma, og bæta fyrir þau mistök, sem hann hafði gert fyrir þremur árum, þegar Guð kallaði hann til að gerast trúboði, en hann hafði hafnað því. Jafnvel þótt hann væri í góðu líkamlegu ástandi, eftir að hafa gengið um skógana í mörg ár, við að kanna rafmagnslínurnar, þá fór samt hið stöðuga erfiði og svefnleysið að taka sinn toll af líkama hans. Það var að gera hann örþreyttan.

Það hefði verið öðruvísi, ef hann hefði getað sofið eins lengi og hann þurfti að deginum til, til að safna orku, en það virtist alltaf vera einhver sérstök þörf, sem Billy gat ekki neitað að sinna, eins og þegar Billy var að prédika fyrir Johnson forstöðumann í Corning í Arkansasfylki. Eftir að samkomunni var lokið klukkan þrjú um nóttina, hneig Billy niður í rúmið í prestsbústaðnum, algerlega úrvinda af þreytu. Nokkrum tímum seinna vakti síminn hann. Hann heyrði frú Johnson segja: “Við getum ekki vakið hann. Hann er nýfarinn í rúmið.”

Sá sem var hinu megin á línunni var greinilega ákveðinn. Billy staulaðist að lokum inn í stofuna og sagði svefndrúkkinn: “Leyfið mér að tala við hann.”

“Halló, bróðir Branham, ég heiti Paul Morgan,” sagði maðurinn, þreytulegr en ákveðinni röddu. “Ég er prestur hér í Walnut Ridge, sem er um 100 kílómetra þaðan sem þú ert. Tólf ára dóttir mín er að deyja úr lungnabólgu. Vilt þú ekki vera svo vænn að koma og biðja fyrir henni?”

Síminn var nærri glugganum og Billy gat séð út um hann. Dagurinn virtist þungbúinn. Þétt regn féll á hóp fólks á garðflötinni. Billy vissi að þau voru að bíða eftir að hitta hann. “Herra Morgan, ég vildi glaður koma, ef ég bara gæti. En sjáðu til, það eru mæður sem standa fyrir utan dyrnar, einmitt nú, að bíða eftir því að ég biðji fyrir börnum þeirra. Þær hafa staðið úti í rigningunni alla nóttina. Hvernig gæti ég yfirgefið þær til að koma og biðja fyrir dóttur þinni?”

“Ég skil hvað þú átt við,” sagði herra Morgan, “en þessar mæður eiga ekki deyjandi börn. Bestu sérfræðingar, sem ég gat fengið, segja að hún geti aðeins lifað í þrjá tíma í viðbót. Bróðir Branham, hún er einkabarnið mitt. Gerðu það, komdu og biðdu fyrir henni.”

Billy varð hugsað til dauða sinnar eigin Sharon Rose, og sagði: “Ég kem eins fljótt og ég get.”

Þegar hann lagði á, mótmælti herra Johnson: “Bróðir Branham, þú getur ekki farið þangað. Þú ert nær dauða en lífi af þreytu.”

“Ég mun reyna að sofa í aftursætinu á leiðinni.”

Johnson ók hratt eftir þjóðveginum, meðan Billy lá í aftursætinu, og reyndi að sofna. Hann gat ekki látið sér líða vel. Honum var illt í augunum og hann var með

höfuðverk. Billy settist upp og lagði höfuð sitt upp að bílrúðunni. Skyndilega tók hann að fá gæsaþung og hann fann þrýstinginn á hljóðhimnur sínar aukast. Síðan sá hann engil Drottins, sem sat við hlið hans í aftursætinu. Billy glaðvaknaði, dró djúpt andann, augun hans stækkuðu og vöðvar hans stífnuðu af ótta.

Fyrir ofan engilinn hringsólaði hið yfirnáttúrulega ljós, eða réttara sagt, hluti af því, því að það hringsólaði gegnum bílpakið, helmingurinn inni og hinn úti. Eins og venjulega var engillinn með krosslagðar hendur og hann horfði á Billy með alvarlegu augnaráði. En þegar hann talaði var rödd engilsins hlý og hughreystandi. “*Segðu við Paul Morgan: ‘Svo segir Drottinn...’*.” Um leið og engillinn hafði lokið við að gefa leiðbeiningar sínar hvarf hann.

Á sjúkrahúsinu sá Billy dálítið, sem hann hafði aldrei séð áður. Frekar en að nota súrefnistjald, stóð hjúkrunarfræðingur við rúm stúlkunnar og setti af og til gúmmígrímu yfir nef stúlkunnar, til að neyða ofan í hana súrefni. Þegar hún fékk súrefnið, andaði stúlkan nokkrum sinnum, þungt og með erfiðleikum. Hjúkrunarfræðingurinn sagði: “Ég verð að halda að henni súrefni. Það er eina leiðin til að halda henni á lífi. Hún andar ekki sjálf.”

Herra Morgan lagði handleggja sína utan um Billy og sagði með ekkasogum: “Herra Branham, ég hef reynt að lifa á réttan hátt. Ég veit ekki af hverju Guð er að taka litlu stúlkuna mína frá mér.”

“Ekki vera svona leiður, bróðir Morgan,” sagði Billy hughreystandi. “Óttast ekki. Ég hef Orð frá Guði til þín. Fyrst ætla ég að biðja fyrir litlu telpunni þinni.” Hann lagði hendur yfir telpuna og bað um lækningu fyrir hana í nafni Jesú Krists. Hjúkrunarfræðingurinn ætlaði að fara að setja gúmmígrímuna yfir andlit sjúklingsins. Billy bandaði með hönd sinni og stöðvaði hana. Erfið augnablik, þar sem þau biðu milli vonar og ótta, fylgdu á eftir. Síðan dró stúlkan sjálf grunnt andann. Hjúkrunarfræðingurinn leit spurnaraugum á Billy. Billy benti henni að bíða. Stúlkan dró aftur andann og síðan enn á ný. Eftir eina mínútu varð augljóst að súrefnisgrímunnar gerðist ekki lengur þörf.

Billy sneri sér að foreldrunum. “Margir sérfræðingar hafa lýst því yfir að dóttir ykkar sé að deyja, en svo segir Drottinn: “Herra Morgan, dóttur þinni mun batna.” Og hér er orðið til þín frá Drottini, mundu þetta alla þína ævidaga: “*Leiðin framundan er greiðfær.*”

Jafnvel þótt Billy fengi enga hvíld áður en samkoman hófst, fannst honum samt að það væri þess virði að fara í svona dagsheimsóknir, af því að þremur dögum seinna var dóttir Paul Morgan nógu hress til að fara aftur í skólann.

**Sá tími kom**, seinna um haustið 1946, að Billy gerði sér grein fyrir því að hann gæti ekki haldið endalaust áfram að leggja svona mikla orku í þetta allt. Hann ákvað að hann yrði að taka sér frí, þegar átta daga samkomuherferð í Jonesboro í Arkansasfylki lyki.

Séra Reed, sem fjármagnaði herferðina í Jonesboro, fékk nokkrar litlar kirkjur á staðnum til samvinnu við sig. Saman leigðu þær stærsta samkomuhúsið í bænum. Samt var plássíð ekki nærri nóg, til að hýsa allt fólkið sem kom. Mörg þúsund manns hópuðust þangað úr Suður- og Miðvesturríkjunum. Það fannst ekki eitt laust hótélherbergi á margra kílómetra svæði umhverfis Jonesboro. Þeir sem ekki gátu fundið aðrar vistarverur, sváfu í tjaldi, undir vörubílum, eða í bílum sínum. Staðarblaði reiknaðist til að þarna væru samtals, um það bil 28.000 manns. Þegar samkomurnar hófust urðu mörg þúsund manns að standa fyrir utan samkomusalinn, í von um að fá síðan tækifæri til að komast inn.

Billy hóf fyrstu samkomuna í Jonesboro, með sinni venjulegu kveðju: “Hringið í mig, ef þið verðið einhvern tíma í þörf. Og ég mun koma til ykkar, ef ég mögulega get, hvernig sem ástatt er. Eða komið að hitta mig, ef þið eruð einhvern tíma stöð nálægt Jeffersonville í Indíanafylki. Ég bý í námunda við kirkjuna mína, á horninu á Áttundastræti og Pennstræti. Ég elska ykkur og mun gera hvað ég get til að hjálpa ykkur.” Síðan gaf Billy djarfa yfirlýsingu. “Af því að þetta er síðasta vikan mín í Arkansasfylki, í nokkurn tíma, þá ætla ég mér að standa hérna hjá púltinu, þar til hver einasti einstaklingur í bænarröðinni hefur fengið fyrirbæn.”

Þá tók Billy eftir konu, sem sat framarlega og veifaði honum kröftuglega. “Get ég gert eitthvað fyrir þig, systir?,” spurði hann.

“Þekkir þú mig ekki?,” sagði hún, og brosti breiðu brosi.

“Nei, ég held að ég geri það ekki.”

“Þú sást mig síðast í Little Rock. Þeir segja mér að fótleggir mínir hafi verið blóðugir og að ég hafi verið vitstola.”

Nú þekkti Billy hana. Þetta var konan, sem hann hafði beðið fyrir í kjallaranum í samkomuhöllinni í Little Rock. Fyrir aðeins nokkrum mánuðum var hún svo brjáluð að hún hafði sparkað afturrúðunni úr bílglugga og hafði skriðið á bakinu um kjallaragólfið. Núna sat hún þarna ásamt eiginmanni sínum, sallaróleg, með börnin þeirra fjögur við hlið sér. Maður hennar vitnaði: “Eftir að þú baðst fyrir henni, sat hún róleg í bílnum alla leiðina til stofnunarinnar. Eftir þrjá daga lýstu þeir hana heilbrigða og leyfðu henni að fara heim.”

Það að samkoman hófst með svona máttugum vitnisburði, lyfti trú áheyrenda upp í himinhæðir. Fólk fylgdist með þegar táknið í hönd Billy opinberaði sjúkdóma á yfirmátturulegan hátt. Og það undraðist þegar það sá hvernig hin hljóðláta bæn Billy breytti aðstæðum. Fljótlega virtist ekkert ómögulegt. Fólkið streymdi fram til fyrirbæna, eins og óstöðvandi uppsprettulind. Fólkið kom fram klukkutíma eftir klukkutíma. Um leið og einhver hafði fengið fyrirbæn og var sestur, stóð einhver annar upp úr sæti sínu og fór aftast í röðina. Fjöldinn komst ekki hjá því, að fá það á tilfinninguna, að Jesús Kristur stæði hjá þessum litla manni á sviðinu og allir vildu fá að komast í nærveru Krists.

Samkomunni átti ekki að ljúka á neinum ákveðnum tíma, þannig að henni lauk einfaldlega ekki. Billy bað fyrir sjúkum alla nóttina og tók aðeins stutt hlé til að fá sér appelsínusafa að drekka. Einhvern tíma undir morgun blundaði hann í nokkra tíma við hliðina á púltinu. Þegar hann vaknaði var orgelleikarinn enn að leika: “Trú aðeins trú, trú aðeins trú, allt er nú mögulegt, trú aðeins trú.” Og bænarröðin var enn á sínum stað og næsti maður var tilbúinn að fá fyrirbæn.

Billy borðaði hjá púltinu, til að hann gæti haldið áfram að biðja fyrir sjúkum það sem eftir var dagsins. Þeir sem voru það heppnir að hafa komist inn fyrsta daginn, voru tregir til að yfirgefa staðinn. Margir héldu sætum sínum dag eftir dag og sendu einhvern til að ná í samloku, ef þeir urðu svangir. Menn hringdu líka í vini og vandamenn og sögðu þeim frá þeirri ótrúlegu snertingu Guðs, sem þeir voru vitni að og hvöttu þá til að koma og upplifa sjálfir kraftaverkin. Þetta orsakaði það að fleira fólk kom til Jonesboro í vikunni. Þeir sem stóðu fyrir utan biðu þolinmóðir í langri, óreglulegri röð við framdyrnar, í þeirri von að fá tækifæri til að komast inn. Röðin hreyfðist hægt áfram, þegar einhver í áheyrendasalnum fór út og einhver úti við gat komist inn. Þegar einhver kom út, lýsti hann hinum ótrúlegu kraftaverkum, sem áttu sér stað inni fyrir. Fáir yfirgáfu röðina, jafnvel þótt að það færi að rigna um miðja vikuna.

Billy bað dag og nótt fyrir hinni endalausum röð af sjúkum og þjáðum. Kraftaverkin gerðust án afláts. Um klukkan fjögur eina nóttina, kom þrjátíu og fjögurra ára gömul kona fram fyrir Billy í fyrirbænaröðinni. Hún huldi nef sitt með vasaklút með vinstri hönd sinni. Billy gerði ráð fyrir að hún væri að skæla. Hann tók í vinstri hönd hennar með hægri hönd sinni og bylgjurnar afhjúpuðu sjúkdóm hennar. Hann sagði: “Þú ert með krabbamein, er ekki svo, frú?”

Konan færði vinstri hönd sína frá andlitinu. Hún var ekki með neitt nef. Krabbameinið hafði þegar étið það upp til agna.

“Trúir þú?,” spurði Billy.

Rödd hennar skalf af örvæntingu. “Bróðir Branham. Ég verð að trúa. Það er mín eina von.”

“Þá get ég hjálpað þér, systir. Af því að engillinn, sem mætti mér, sagði að ef ég væri einlægur og gæti fengið fólkið til að trúa mér, þá myndi ekkert standa í vegi fyrir bænum mínum, ekki einu sinni krabbamein.” Þegar Billy bað í nafni Jesú Krists, fann hann fyrir hinum örvæntingarfullu aðstæðum þessarar dæmdu, ungu konu. Fljótlega hvarf hinn kröftugi titringur í handlegg hans og hann vissi að hún var orðin heil.<sup>4</sup>

Á áttunda og síðasta kvöldi Jonesboroherferðarinnar, hætti Billy að biðja fyrir fólkinu um stund og fór niður á járnbrautarstöðina til að hitta konu sína. Þau höfðu ekki sést í marga mánuði. Hún hafði ferðast þangað, til að vera á síðustu samkomu hans og verða síðan samferða honum til Jeffersonville, þar sem hann fengi þá hvíld sem hann þarfnadist svo mjög.

Þegar þau óku til samkomuhússins, urðu þau að leggja bíl sínum langt frá ákvörðunarstað sínum. Götur og bílastæði voru yfirfull af bílum, vörubílum, reiðhjólum og tjöldum. Billy og Meda hófu gönguna. Loks sá Meda hinn mikla mannfjölda, sem beið fyrir utan bygginguna. Margir héldu dagblaði yfir höfði sér til að skýla sér fyrir skúrunum. Jafnvel þótt Billy hefði þegar lýst þessu fyrir henni í símanum, þá var hún ekki viðbúin raunveruleikanum. “Billy, kom allt þetta fólk til að hitta þig?”

“Nei,” svaraði hann. “Það kom til að hitta Jesú.”

Meda læddi hönd sinni í hans og söng: “Þau koma að vestan og að austan og norðan. Þau koma úr landinu, sem í fjarskanum er. Þau koma til að snæða með Konunginum og gestir hans vera. Ó hve blessaðir eru pílagrímar hans.”

Billy tók undir með henni: “Þeir líta ásjónu Hans, sem guðlegri ást frá sér stafar. Þau náðar Hans njóta og gimsteinar verða í dýrmætri kórónu hans.” Billy hafði aldrei verið mikill söngmaður, rödd hans var rámm og hann átti erfitt með að halda lagi, en hann elskaði að syngja. Hann og Meda sungu saman lagið: “Ég er frjáls og lofa Guð, af því Jesús leysti mig.”

Hópur af samkomuþjónum mætti þeim og hjálpaði þeim að komast í gegnum mannfjöldann og inn í bygginguna. Rétt fyrir innan dýrnar tók Billy eftir manni, sem veifaði blárri derhúfu, til að ná athygli hans. Billy færði sig nógu nærri mannum til að hann gæti spurt: “Varst þú að kalla á mig?”

Maðurinn hélt fast um derhúfuna sína og sagði: “Ert þú ekki bróðir Branham?”

---

<sup>4</sup> Nokkrum mánuðum seinna var Billy að þjóna í Texarkana í Texasfylki, þegar þessi kona koma fram og sagði: “Bróðir Branham, kannast þú við mig?” “Nei, systir, ég held að ég geri það ekki.”

“Manstu eftir að hafa beðið fyrir konu með krabbamein og krabbameinið hafði étið nef hennar upp til agna?” Þá mundi Billy eftir því. “Þú ert þó ekki sú kona, er það nokkuð?”

“Jú, það er ég,” svarað hún. “Ekki aðeins er krabbameinið horfið, en eins og þú getur séð þá hefur nef mitt vaxið á ný.”

“Jú, það er ég. En ég ætti ekki að biðja fyrir neinum hérna frammi. Annars gæti orðið upphot. Ef þú getur komist í fyrirbænaröðina, þá skal ég...”

“Ég er ekki að leita eftir fyrirbænum fyrir sjálfan mig,” útskýrði maðurinn. “Ég er bílstjóri á sjúkrabíl. Í dag náði ég í gamlan sjúkling í Missouri fylki. Hún er mjög veik. Hún er að deyja í sjúkrabílnum mínum. Ég held að hún sé ef til vill þegar dái. Ég finn hvergi neinn lækni og ég veit ekki hvað ég á að gera. Getur þú komið og litið á hana?”

“Herra, þeir myndu ekki taka mín orð gild um að hún sé dái. Þú þarft að ná í útfararstjóra.”

Bílstjórinn þrýsti á hann. “Ég vildi óska að þú kæmir. Maðurinn hennar er alveg hamstola og ef til vill gætir þú róað hann.”

Billy vissi hvar sjúkrabílnum var lagt. Umferðarlögreglan hafði tekið frá svæði, sérstaklega ætlað fyrir sjúkrabíla. “Ég efast um að ég komist einu sinni til konunnar. Það hljóta að vera að minnsta kosti 2.000 manns á milli okkar og sjúkrabíllanna.”

“Við skulum hjálpa þér,” bauð einn af samkomuþjónum fjórum.

Þá samþykkti Billy að fara. Með því að þrýsta sér áfram og afsaka sig og með miklum erfiðismunum, komust þeir að lokum þangað sem sjúkrabílnum var lagt. Samkomuþjórnarnir fjórir biðu fyrir utan, meðan Billy og bílstjórinn opnuðu dyrnar og klifruðu upp í sjúkrabílinn. Þar kraup gamall maður við hlið hrukkóttar konu. Skyrta mannsins var bætt og samfestingur hans var orðinn snjáður. Það sást í sokkana hans gegnum göt á skónum. Andlit hans var þreytulegt og skeggbroddar hans voru vikugamlir. Hann sat beygður og hreyfði höfuðið fram og aftur og grét: “Mamma, mamma, af hverju ertu farin frá mér?”

Það, hvernig maðurinn hélt um gamla stráhattinn sinn, minnti Billy á sinn eigin föður. “Hvað er að, maður minn?”

Gamli maðurinn leit upp. “Ert þú lækni?”

“Nei, ég er bróðir Branham.”

“Ó, bróðir Branham, aumingja mamma.” Hann leit aftur á hina hreyfingarlausu konu á börunum. “Ég er búinn að missa hana. Ég er alveg viss um það. Hún hætti að anda fyrir stuttu síðan. Hana langaði svo til að hitta þig áður en hún dæi. Hún var mér svo ákaflega góð kona. Hún ól börnin mín upp og plægði akrana við hlið mér og hjálpaði mér allan tímann. Hún fékk krabbamein í kvenlíffærin fyrir nokkrum árum. Við fórum með hana til St.Louis til að lækarnir gætu skorið hana upp, en það gagnaði henni ekki neitt. Henni versnaði bara.” Hann leit aftur á Billy og rödd hans lýsti hinum bitru vonbrigðum hans. “Í morgun vorum við að hlusta á útvarpið og við heyrðum mann koma fram og vitna um það, að hann hefði verið blindur í tíu ár og að hann hefði fengið fullkomna lækningu eftir að þú hafðir beðið fyrir honum. Mér datt í hug að ef til vill gæti kraftverk gerst hjá okkur. Við áttum enga peninga eftir, af því að ég eyddi öllu sparifé mínu í aðgerðina. En ég fór og seldi nokkur vatteruð teppi, sem hún hafði gert og sólberjasultu, sem hún hafði soðið niður og ég leigði þennan bíl til að keyra okkur til Jonesboro.” Hann leit leiður á konuna sína. “Nú er hún dái og ég veit ekki hvað ég á að gera án hennar. Ég verð svo einmana.”

Billy sagði eins róandi og hann gat: “Það eina sem ég get gert fyrir þig er að biðja bænar.”

Billy vissi ekki hvort konan var látin eða ekki. Hún leit svo sannarlega út fyrir að vera dái. Bílstjórinn hafði tekið fölsku tennurnar hennar út úr munni hennar og varirnar höfðu sokkið aftur á bak. Það var vatn í augum hennar. Hann tók hægri hönd hennar í sína vinstri og þreifði eftir púlsinum. Hann fann engan púls. Sem frekari sönnun þess að hún væri dái, fann Billy heldur engar bylgjur frá krabbameininu í vinstri hönd sinni.

Billy laut höfði og sagði: “Kæri Drottinn Jesús. Ég bið þig að miskunna þig yfir þennan bróður. Hjálpa þú honum og blessa hann. Og hvað þessa konu varðar, sem er komin alla þessa leið í trú á að...”

Billy fannst sem konan þrýsti hönd sína. Hann opnaði augun og rannsakaði hana vandlega. Hún leit enn út fyrir að vera liðið lík. Hann hlaut að hafa ímyndað sér þetta, eða kannski voru þetta bara dauðateygjur í vöðvum konunnar. Billy lokaði augunum og hélt áfram að biðja. Nokkrum augnablikum seinna, fann hann aftur hvernig konan þrýsti hönd sína. Í þetta skipti vissi hann að það var líf. Hann opnaði augun og rannsakaði andlit hennar. Hún hrukkaði ennið. Hún opnaði augun og horfði á hann.

Billy sagði ekki eitt einasta orð. Gamli maðurinn var ennþá með lokuð augun og neri hendur sínar og hann horfði í áttina að þakinu. Konan lyfti höfði og sagði við Billy: “Hvað heitir þú?”

“Ég er bróðir Branham.”

Gamli maðurinn rykkti höfðinu aftur og hrópaði undrandi: “Mamma!” Síðan faðmaði hann hana að sér og hágrét af gleði: “Mamma! Mamma!”

Þegar það færðist aftur litur í kinnar konunnar tók Billy eftir því að hann fann ennþá engar bylgjur frá krabbameininu í líkama hennar. Það þýddi að sjúkdómurinn var horfinn.<sup>5</sup>

Hróp gamla mannsins, höfðu vakið athygli sumra þeirra sem stóðu fyrir utan sjúkrabílinn. Þeir þrýstu nú andlitum sínum upp að bílrúðunni. Bílstjórinn sagði við Billy: “Ég held að þeir hafi komist að því hver þú ert. Það á eftir að verða erfitt hjá þér að komast aftur heim að húsinu.”

Billy vissi að bílstjórinn hafði rétt fyrir sér. Hann hafði verið öruggur á leiðinni þangað, af því að flest þetta fólk hafði aldrei séð hann áður. En flest af því hafði beðið í marga daga eftir að komast í fyrirbænaröðina. Um leið og þau vissu að hann væri mitt á meðal þeirra, myndu fréttirnar fara sem eldur í sinu og það mundi ganga mjög erfiðlega að komast aftur heim að samkomuhöllinni.

Hugmynd skaut upp í huga hans. Hann sagði við bílstjóran: “Ef þú snýrð baki við glugganum og ferð hægt úr frakkanum, þá sést ekki inn í sjúkrabílinn og ég get laumast út um hinar dyrnar. Ef ég kemst héðan án þess að eftir verði tekið, þá verður allt í lagi með mig. Enginn þekkir mig fyrir utan. Ég get farið meðfram mannfjöldanum að bílastæðunum. Þú verður að segja samkomuþjónunum að hitta mig þar. Ég held að ég komist ekki gegnum mannfjöldann og inn í samkomusalinn, án þeirra hjálpar.”

“Ég skal segja þeim það,” sagði bílstjórinn. Hann sneri baki í gluggann, en nokkur andlit þrýstu sér upp að rúðunni. Síðan teygði hann sig og fór hægt úr erminni á frakkanum sínum og tókst að hylja gluggann. “Flýttu þér af stað,” sagði hann.

Billy læddist hljóðlega út um fjarlægari dyrnar og hraðaði sér meðfram röðinni af sjúkrabílum, þangað til hann kom að bílastæðunum. Flóðljós lýstu upp súldina, sem féll á höfuð nokkur þúsund karla, kvenna og barna, sem stóðu í hóp við bakdyr samkomusalarins. Billy fannst hann vera óþekktur, af því að enginn hér hafði nokkru sinni áður séð hann. Þannig að, frekar en að bíða eftir að samkomuþjónarnir kæmu til að hjálpa sér, reyndi Billy sjálfur að greiða sér leið gegnum mannfjöldann.

Hás rödd sagði: “Hættu að ýta mér.”

“Afsakaðu mig,” sagði Billy og reyndi að komast áfram.

Stór, grófur náungi sneri sér að honum. “Ég sagði þér að hætta að ýta,” rumdi hann.

“Já, herra minn,” sagði Billy sauðslega. “Afsakaðu mig.”

---

<sup>5</sup> Billy sá þessa konu aftur átta árum seinna. Árið 1954 var hún sterk, heilbrigð og henni leið vel.

Billy hörfaði aftur fyrir mannfjöldann og velti fyrir sér hvað hann ætti að gera. Samkomuþjónarnir voru hvergi í auglýsni. Hann heyrði kvenrödd hrópa: “Pabbi, pabbi.” Billy leit í kringum sig eftir eiganda raddarinnar og sá unga, þeldökka stúlku, um það bil sautján ára, vera að þrýsta sér gegnum hóp af hvítu fólki. Hún var augljóslega blind. Augu hennar voru hvít af vagli. Þrátt fyrir það, af því að Jim Crow lögin höfðu aðskilið hvíta frá svörtum, var enginn nærstaddur viljugur til að hjálpa henni.

Stúlkan var að fálma sér leið gegnum hópinn í áttina að Billy. Billy færði sig gegnum fjöldann þar til hann stóð beint í vegi fyrir stúlkunni. Fljótlega rakst hún á hann.

“Afsakaðu mig,” sagði hún, “en ég er blind og ég hef týnt pabba mínum. Getur þú hjálpað mér að finna rútuna frá Memphis?”

Billy leit á röð rútubílanna, sem var lagt við annan enda bílastæðisins. “Já, ég get hjálpað þér,” sagði hann. “Hvað ertu að gera hér?”

“Ég og pabbi komum til að hitta græðarann,” svaraði hún.

“Hvernig heyrðir þú um hann?”

“Ég var að hlusta á útvarpið í morgun og þeir fengu mann til að koma, sem sagði frá því að hann hefði ekki getað sagt eitt einasta orð í mörg ár og núna getur hann talað. Annar maður sagði að hann hefði verið á örorkubótum vegna blindu í tólf ár og nú sér hann nógu vel til að lesa Biblíuna sína. Það gaf mér von um sjón mína. Þegar ég var lítil stúlka fékk ég þessi vögl í augun. Læknirinn sagði mér, að þegar ég yrði stærri, myndi hann taka þau, en núna þegar ég er orðin stærri, segir hann að þau hafi vafið sig utan um sjóntauginu og hann getur ekki hreyft við þeim. Þannig að einu möguleikar mínir eru að komast til græðarans. En í kvöld er síðasta kvöldið sem hann verður hér og pabbi og ég gátum ekki einu sinni komist nálægt húsinu. Og núna er ég búin að týna pabba mínum og get ekki einu sinni fundið rútuna. Góði maður, viltu vera svo vænn að hjálpa mér?”

“Já, stúlka litla, ég skal gera það. En fyrst langar mig til að spyrja þig um þennan græðara, sem þú ert að tala um. Trúir þú því að Guð myndi senda engil og lækna fólk á okkar tímum?”

“Já, herra, það geri ég.”

“Þú meinar að þú trúir því, jafnvel þótt við eigum svona marga góða lækna og sjúkrahús?” Billy skammaðist sín dálítið fyrir að nota sér blindu hennar á þennan hátt, en hann vildi reyna trú hennar.

Hún var fljót að svara. “Enginn af þessum læknum getur hjálpað mér. Herra, ef þú tekur í hönd mína og leiðir mig til græðarans, þá get ég fundið pabba minn sjálf.”

Billy gat ekki haldið áfram að þykjast. “Systir, ef til vill er ég sá sem þú þarft að finna.”

Hún tók í frakkalafið hans og ríghélt sér í það. “Ert þú græðarinn?” vildi hún fá að vita.

“Nei, stúlka mín, ég er bróðir Branham, guðsþjónninn. Jesús Kristur er græðarinn. Viltu nú sleppa frakkanum mínum?” Hann tók um úlnliði hennar til að losa sig.

Stúlkan hélt í hann af öllum krafti. Hún hafði náð í hann og hún ætlaði ekki að láta hann sleppa. “Miskunnaðu mér, bróðir Branham,” grátbað hún.

“Systir, ef þú vildir aðeins leyfa mér að halda í hönd þína meðan ég bið.” Billy tókst að losa um aðra hönd stúlkunnar. Hann fann bylgjurnar frá vaglinu fara upp handlegg sinn er hann tók að biðja. “Kæri Jesús, dag einn barst þú þennan gamla máða kross, sem skrölti eftir götunni. Blóðið seitlaði niður eftir baki þínu. Hinn veikburða líkami þinn var að örmagnast vegna þyngslanna. Þá kom þeldökkur maður, Símon frá Kýrene

að baki þér. Hann tók upp krossinn og hjálpaði þér að bera hann.<sup>6</sup> Og nú er eitt af börnum Símonar hér komið og reikar um í myrkri. Ég er viss um að þú skilur...”

Stúlkan titraði. “Ég fann eitthvað fara um mig,” sagði hún. “Augu mín eru svo köld.”

Billy fann bylgjurnar í handlegg sínum hjaðna. Hið djöfullega líf var farið úr vaglinu. “Systir, lokaðu augunum eitt augnablik. Þarna kom það. Vaglið er að hjaðna. Eftir nokkrar mínútur ættir þú að geta séð. Ekki segja neitt um það. Annars vita allir af mér. Opnaðu nú hægt augun. Jesús hefur gefið þér sjónina.”

Augu hennar galopnuðust. Hún leit upp og sagði með andköfum: “Eru þetta ljós?”

“Já, getur þú talið þau?”

“Þau eru fjögur. Er þetta fólk sem gengur framhjá?” Áður en Billy gat svarað, hrópaði hún eins hátt og hún gat. Andlit sneru sér í áttina að henni. Hún hrópaði aftur: “Lof sé Guði! Ég get séð! Ég get séð! Ég var blind, en nú get ég séð.”<sup>7</sup>

Fólk tók að færa sig í áttina að Billy og stúlkunni. Einmitt þá kom hópur samkomuþjóna fyrir hornið. Þeir sáu Billy og komu honum til hjálpar. Áður en þeir hröðuðu sér brott, hrópaði maður, sem var með snúinn fótlegg og studdi sig við hækju: “Ég veit að þú ert bróðir Branham. Miskunnaðu þig yfir mig. Ég hef staðið hér í átta daga. Ég á fimm börn heima og ég er fatlaður. Ég trúi að þú sért góður piltur. Ef þú biður fyrir mér, þá mun Guð gera þetta.”

Billy sagði: “Réttu mér þá hækjuna þína, í nafni Jesú Krists.”

Fatlaði maðurinn rétti Billy hækjuna án þess að hika. Samstundis réttist úr hinum snúna fótlegg hans og hann gat borið hann. Maðurinn stappaði með fætinum á malbikið og hrópaði: “Ég er læknaður! Ég er læknaður!”

Mannfjöldinn þrýsti sér spenntur upp að þeim. Samkomuþjónarnir fjórir, skýldu Billy eins vel og þeir gátu og ruddu sér leið að samkomuhöllinni, meðan fólkið í kring reyndi að snerta föt Billy þegar hann fór framhjá. Það skipti fólkið ekki neinu máli, að föt Billy voru stöguð og bætt.

---

<sup>6</sup> Matteus 27:32, Markús 15:21, Lúkas 23:26.

<sup>7</sup> Mörgum árum seinna hitti Billy aftur þessa konu. Hún vann sem þjónustustúlka og sagði honum að hún hefði aldrei aftur átt í vandræðum með augu sín, frá deginum í Jonesboro í Arkansasfylki árið 1946, þegar hún fékk lækninguna.



## 34. Kafli

### Taugaáfall við heimkomuna.

1946

**William Branham** var uppi á pallinum í heila átta daga og nætur, haustið 1946 og bað fyrir stöðugum straumi sjúkra og þurfsandi. Hann borðaði á pallinum og blundaði bak við púltið, meðan fólkið í röðinni beið þolinmótt eftir að hann vaknaði og héldi áfram starfi sínu. Þegar vikunni var lokið, var æðasláttur í enni Billy af þreytu. Handarbök hans voru hárlaus, þar sem hann hafði slitið það af við að reyna að halda sér vakandi. Samt vildi hann ekki hætta. Hann vildi vera þarna, þangað til hann hefði beðið fyrir öllum sjúkum sem kæmu inn um dyrnar, en hann gat það ekki. Fréttirnar af kraftaverkunum og lækningunum voru eins og segull sem dró þúsundir til viðbótar til Jonesboro í vikunni. Þegar Billy loks hætti á áttunda degi lækningaherferðarinnar í Jonesboro, var fyrirbænaröðin jafn löng og þegar hann byrjaði.

Billy var útkeyrður, bæði líkamlega og andlega. Reed kom honum í rúmið, en Billy var svo yfir sig þreyttur, að hann gat ekki sofnað. Hann bylti sér undir sænginni í marga klukkutíma. Að lokum ákvað hann, að hann gæti alveg eins keyrt heim til Jeffersonville, eins og að berjast við þetta.

Þar gæti hann fleygt sér í sitt eigið rúm og vonandi fengið að sofa í marga daga án þess að neitt truflaði hann.

Eftir nokkurra tíma keyrslu, átti Billy erfitt með að halda augunum opnum. Til að forðast að sofna við aksturinn, lamdi hann fætinum við hurðina, þar til hún var orðin úr sér gengin. Hann blundaði í eitt skipti. Hvellandi bílflauta vakti hann og honum gafst rétt nægur tími til að beygja aftur yfir á sinn vegarhelming. Honum var brugðið og hann keyrði út af veginum og stöðvaði bílinn, til að hann gæti jafnað sig. Meðan var enn í fasta svefni í aftursætinu. Billy fór út úr bílnum og vonaðist til að göngutúr myndi hressa sig við. Einhvers staðar, sló út í fyrir honum af þreytu. Þegar hann kom til sjálfs sín, stóð hann úti á túni með framrétta höndina og muldraði: “Trúðu aðeins systir, það er allt og sumt sem þú þarft að gera.” Hann hristi hönd sína og hugsaði: “Hvað er eiginlega að mér? Ég virðist vera að tapa mér.”

Þegar þau komu til Jeffersonville, komu þau við hjá foreldrum Medu, til að ná í börnin sín. Rebekka var núna fimm mánaða gömul. Billy hafði ekki séð hana í þrjá mánuði, þannig að það var engin furða að hún þekkti hann ekki. Þegar hann reyndi að halda á henni, fór hún að gráta og vildi fara aftur til móður sinnar. Það var sárt. “Hún þekkir mig ekki,” kvartaði hann.

Meðan róaði Rebekku með því að vagga henni og benti á mynd af Billy, sem stóð á hornborði. “Þessi sama mynd er á náttborðinu okkar. Ég hef bent á hana á hverjum degi og sagt: ‘Þetta er pabbi þinn’.”

Billy leit á myndina á borðinu og síðan á andlit sitt í speglinum á ganginum. “Það er engin furða að hún skuli ekki þekkja mig. Ég hef misst tíu kíló. Ég hef misst mikið af hári. Meira að segja hafa axlir mínar sigið. Ég lít alls ekki eins út.”

Annað áfall beið þeirra, þegar þau óku upp að sínu eigin húsi. Það var búið að leggja bílum um allt nágrennið og 200 manns biðu eftir honum í garðinum.

“Hvað á þetta að þýða?,” spurði Meda.

Billy roðnaði. “Ég gaf heimilisfangið mitt hvert sem ég fór og sagði fólki að koma við ef það kæmi til Jeffersonville og þyrfti á fyrirbæn að halda. Ég hélt ekki að neinn myndi koma svona fljótt.”

Billy bað fyrir fólkinu langt fram á nótt. Loks ók síðasti einstaklingurinn burt. Meda hjálpaði Billy að komast í rúmið. Klukkan var orðin tvö um nóttina. Hann lá þarna hljóður og var í eins konar móki. Allt í einu glaðvaknaði hann. Það var krampi í fótleggjum hans.

Meda sat á rúmstokknum. “Billy, veistu hvað þú varst að gera?”

“Ég hélt ég væri sofandi.”

“Þú varst að umfaðma koddann þinn og þú muldraðir: ‘Hver er næstur? Ef þú aðeins vilt trúá. Af því að engillinn sagði mér að ef ég gæti fengið fólkið til að trúá...’ Billy, ég hef áhyggjur af þér.”

Fyrir utan keyrði bíll upp að húsinu. Það hljómaði eins og það væri gamall bíll, vélin erfiðaði lítilllega og stuðarinn titraði. Fljótlega var barið á dyrnar. Meda snerti augnalok Billy blíðlega með fingrunum og lokaði þeim. Hún sagði: “Ég skal segja þeim að koma á morgun. Farðu að sofa elskan.”

Billy heyrði karlmansrödd segja: “Ungbarnið hefur verið veikt í marga daga. Það hættir ekki að gráta. Grætur dag og nótt. Læknirinn veit ekki hvað er að því.” Billy heyrði ungbarnið gefa frá sér skrýtið, hvæsandi hljóð, eins og það væri að reyna að gráta en hefði enga burði til þess. Hljóðið var ekki einu sinni mannlegt. Billy heyrði Medu segja: “Nú, ég er nýbúin að koma Billy í rúmið, svo að ég vil ekki vekja hann, einmitt nú.” Síðan heyrði Billy aðra konu segja: “Við komum frá norðanverðu Ohiofylki. Við höfum ferðast allan daginn og alla nóttina til að komast hingað.”

Billy hugsaði: “Hvernig get ég sofið meðan þetta vesalings litla barn þjáist í næsta herbergi og fyrirbæn gæti ef til vill hjálpað því?”

Hann staulaðist framúr, íklæddur náttfötum. Tíu vikna gamalt ungbarn lá á eldhúsbordinu, vafið inn í teppi. Litla andlitið þess hrukkaðist þegar það reyndi af veikum mætti að gráta. Billy fékk alla til að krjúpa og saman beindu þau röddum sínum til Hans, sem hafði vald til að leysa þetta þjáða barn, Jesú Krists. Ungbarnið hætti að gráta og það slaknaði á andlitsvöðvum þess. Þegar hjónin fóru, tíu mínútum seinna, hló barnið og hjalaði.

Áður en Billy hafði tíma til að skríða aftur upp í rúm, keyrði annar bíll upp að húsinu. Billy heyrði fótatak einhvers sem hljóp upp að húsinu. Einhver lamdi á útidyrnar. Billy vísaði æstum, ungum manni inn í eldhúsið. Ungi maðurinn sagði: “Bróðir Branham, systir mín er með botnlangabólgu. Hún er í illa á sig komin. Hún á að fara í aðgerð í Louisville seinna í dag. En nú er ástand hennar mjög slæmt. Pabbi heldur að hún muni ekki þola ferðina á sjúkrahúsið. Við verðum að fara um hrjúfan fjallaveg. Við eigum heima um 56 kílómetra héðan, nálægt Milltown. Við vitum hvað Guð gerði fyrir Georgie Carter, svo að pabbi sendi mig til að athuga hvort þú vildir koma og biðja fyrir systur minni. Viltu koma?”

Án þess að hika sagði Billy: “Já, ég ætla að klæða mig í flýti. Síðan kem ég á eftir þér í bílnum mínum.”

Meda fór að gráta. “Elskan, þú sofnar bara einhvers staðar.”

Billy hughreysti hana. “Nei, það verður allt í lagi með mig.”

Eftir nokkra kílómetra var hann ekki alveg eins viss. Augnalok hans voru þung eins blý. Stundum kleip hann sig, til að halda meðvitund. Stundum beit hann sig í fingurinn. Hann spýtti jafnvel á fingur sér og nuddaði augun, til að reyna að varna sér svefnis. Ungi maðurinn hafði rétt fyrir sér um hið slæma ástand vegarins, sérstaklega

síðustu kílómetrana, þegar vegurinn var aðeins slóði sem lá meðfram girðingu upp í fjöllin. Að minnsta kosti þurfti hann ekki að hafa áhyggjur af að sofna, þar sem bíllinn hristi hann til hvert sinn sem hjólið lenti á steini eða tók krappa beygju.

Öll ljós voru kveikt í litla bænum, þegar mennirnir tveir óku upp að honum og lögðu bílnum. Eftir að hann hafði hitt föðurinn og móðurina, var Billy leiddur að rúmstokk stúlku, sem var um það bil átján ára gömul. Húð hennar var fól og það glampaði á svitaperlur á andliti hennar. Hún sýndi Billy bólgnu síðu sína.

Faðir stúlkunnar sagði: “Hún hefur ekki borðað í þrjá daga. Í dag hélt hún ekki einu sinni vatni niðri. Það á að skera hana upp seinna í dag. Það á að koma sjúkrabíll að ná í hana eftir nokkra klukkutíma, en hún er svo slæm, að ég er nú orðinn hræddur um að hún lifi ekki ferðina af.”

Billy var kunnugur botnlangabólgu, þar sem hann hafði horft á vin sinn, Sam Adair, skera upp við henni nokkrum sinnum. Ef botnlangi þessarar stúlku var um það bil að springa og það leit svo sannarlega út fyrir að hann væri það, þá myndi hún líklega ekki lifa af þessa 50 kílómetra leið til New Albany. Fyrstu tíu kílómetrarnir myndu gera út af við hana.

Stúlkan spurði taugatrekkt: “Ó, bróðir Branham, heldur þú að ég muni lifa?”

Billy valdi orð sín vandlega og svaraði: “Ég held að þú munir gera það, ef þú hefur næga trú. Trúir þú að Jesús Kristus geti læknað þig?”

Svar hennar kom í einni bunu: “Já, ég trúi því. Kirkjan mín segir að dagar kraftaverkanna séu liðnir, en mér er alveg sama hvað kirkjan mín segir. Ég trúi. Georgie Carter læknaðist. Ég mun líka verða heilbrigð. Ég er hrædd við að fara í aðgerðina.”

Billy, sem hafði séð mörg þúsund kraftaverk og lækningar síðustu sex mánuðina, sá í gegnum taugatrekta játningu stúlkunnar um að hún tryði og sá efanng og óttann sem bjó þarna undir niðri.

“Systir, ég vil ekki særa tilfinningar þínar, en þú *trúir ekki*. Venjulega væri nægur tími fyrir mig til að taka þá litlu trú sem þú hefur og láta þig reyna að trú á lækningu þína. En þetta er neyðartilfalli. Þú verður að trú á hér og nú, annars og ég skal vera alveg hreinskilinn við þig, munt þú ekki lifa það að komast á sjúkrahúsið.”

Hvorki stúlkan né foreldrar hennar kunnu að meta hreinskilni hans, en Billy gat ekki gert að því. Ástandið var knýjandi. Hann ákvað að hann yrði að gera eitthvað róttækt til að hún næði hugmyndinni. Billy sat við aðra hlið rúmstokks stúlkunnar, sem sneri að miðju herbergisins. Foreldrar hennar og nokkrir nágrannar sátu við hina hlið rúmsins, sem var næst veggnum. Í miðju loftinu var ljósa hjálmur. Snúra var fest við hjálminn og í henni hékk rauð og hvít hálsfesti. Billy vissi ekki af hverju þetta hálsmen hékk þarna, nema það væri til að skemmta ungbarninu sem þarna átti heima. Nú hugsaði hann með sér að þetta hálsmen myndi þjóna vel tilgangi hans. Billy sagði: “Allir fullorðnir snúi stól sínum upp að veggnum.” Síðan sagði hann við stúlkuna: “Hvað heldur þú að þetta hálsmen sé langt í burtu?”

“Um það bil 4 metra. Af hverju?”

“Þú segir mér að þú hafir trú fyrir hverju sem er. Ég vil að þú sannir það fyrir mér. Ég vil að þú horfir á þetta hálsmen, sem hangir þarna í loftinu og ég vil að þú fái það til að snúast í hring, síðan vil ég að þú fái það til að sveiflast fram og til baka og stoppir það síðan. Ef þú getur þetta, þá veit ég að þú hefur næga trú til að fá kraftaverk.”

Undrun stúlkunnar var blandin vonbrigðum. “Ó, bróðir Branham. Almáttugur minn! Hvers vegna ættir þú að biðja mig að gera eitthvað þessu líkt? Enginn getur gert þetta.”

“Ó, jú,” sagði Billy. “Hver sem trúir. Jesús sagði að allt væri mögulegt þeim sem trúir.”

Hún efaðist ennþá. “En Jesús var að tala um andlega hluti. Þetta er efnislegt. Getur þú gert þetta?”

“Já, ungrú.”

“Má ég sjá það gert?”

“Ef þú vilt. Festu augun á hálsfestinni.” Billy einblíndi á hlutinn og einbeitti sér að því að trúa. Þegar hér var komið sögu hafði hann séð Guð gera svo mörg kraftaverk að hann vissi að allt er að sönnu mögulegt fyrir trú. Eftir augnablik fór hálsmenið að snúast. Síðan byrjaði það að sveiflast fram og til baka eins og pendúll. Síðan stoppaði það.

Stúlkan sagði mäsandi: “Bróðir Branham, þetta er andatrú.”

“Ég hélt að þú myndir segja eitthvað því líkt. Nei, það er ekki andatrú. Það er trú. Andatrúarmenn nota hana oft til að framkvæma brellur, brjóta gler og beygja skeiðar og þess háttar, en samt er það bara trú.”

Stúlkan skildi ekki hvað hann átti við. “Ég tilheyri Kirkju Krists. Við tölum þar sem Biblían talar og þegjum þar sem hún þegir. Og það er ekkert svona í Biblíunni.”

“Víst er það í Biblíunni,” sagði Billy. “Manstu að morgun einn fór Jesús upp að fíkjutrú til að leita að ávöxtum. Þegar hann fann enga, bölvaði hann trénu. Tréð tók að visna. Þegar hann kom aftur um kvöldið var tréð dautt. Pétur kom með athugasemd um það hve fljótt þetta hefði gerst og Jesús svaraði að ekki aðeins getir þú gert það sem kom fyrir fíkjutrú, en þú getur líka sagt við fjall að steypa sér í hafið og efist þú ekki hjarta þínu, þá mun svo verða.<sup>8</sup> Sagði Hann það ekki? Sannarlega gerði hann það. Ég veit að forstöðumaðurinn þinn er að reyna að réttlæta vantrú sína með því að segja að þetta hafi verið syndafjall, sem Jesús var að tala um, en það var Olúfjallið. Og Hann sagði að það þyrfti aðeins eins litla trú og mustarðskorn. Nú, ef svo lítil trú getur fært fjöllum úr stað, hve miklu minni trú þarftu þá ekki til að hreyfa þetta hálsmen?”

Stúlkan varð hljóð og hugsí. Andardráttur hennar var djúpur og þungur vegna verkjanna sem kvöldu hana. Billy ákvað að reyna að nálgast þetta frá annarri hlið. “Sjáðu til, systir, það var engill, sem kom til mín fyrir fimm mánuðum og sagði mér að löngu áður en ég fæddist hafi ég verið fyrirhugaður til að fara með gjöf guðlegrar lækningar til fólksins. Ég stóð augliti til auglitis við yfirnáttúrulega veru og hann sagði mér að ef ég væri einlægur þegar ég bæði og gæti fengið fólkið til að trúa mér, þá myndi ekkert standa í vegi fyrir bænum mínum. Ef þú því vilt trúa af öllu hjarta, þá er það trúin sem mun snerta við Guði. Trú þín mun bjarga þér. Ekki það, sem þú hefur búið til í huga þínum, heldur hverju þú í raun og veru trúir.”

Þá svaraði stúlkan: “Bróðir Branham. Ég veit að það er eitthvað fyrir ofan þann stað sem ég er nú á. Megi Guð vera mér náðugur. Ég ætla að reyna að trúa á Hann af öllu hjarta.”

Billy tók um hægri hönd hennar og fylgdist með vinstri hönd sinni bóligna og roðna af hinum óséðu bylgjum. Hann hafði áður komist í snertingu við botnlangabólgu og kannaðist við hvíta mynstrið sem myndaðist á handarbaki hans. Af styrkleika bylgnanna einum að dæma var þetta alvarlegt tilfelli. Þegar hann bað Drottin Jesús að koma inn í málið, hætti titringurinn í vinstri handlegg hans. Vinstri hönd hans varð eðlileg. Billy sagði: “Guð blessi þig, systir. Trú þín hefur bjargað þér.”

Billy settist niður mitt í gleðinni og léttnum sem fyllti herbergið og sofnaði undireins. Nokkrum tímum seinna vaknaði hann, við að sólin skein í andlit hans.

---

<sup>8</sup> Matt. 21:18-22, Mark. 11:12-14.

Faðirinn sagði góðan daginn og tók þéttingsfast í hönd Billy til að þakka honum. “Ég hringdi í sjúkrahúsið og sagði þeim að þeir þyrftu ekki að koma, þar sem dóttir mín sé alheilbrigð.”

Stúlkan var nú risin upp úr rúminu og sat við eldhúsborðið að borða ís. “Mér líður frábærlega, bróðir Branham. Öll bólgan er horfin úr síðunni og það eru engir verkir eftir. Og ég er svo svöng.”

## 35. Kafli

### Billy neitar að taka við ásvísun upp á 1,5 milljónir bandaríkjadala. 1947

Nú, þegar William Branham var aftur kominn til Jeffersonville, gerði hann sér grein fyrir því að hann hafði tekið á sig nýja ábyrgð. Bréfunum rigndi inn, alls staðar að úr Bandaríkjunum og Kanada. Í fyrstu reyndu Billy og Meda að svara öllum bréfunum sjálf. En á hverjum degi skildi pósturinn nýjan poka af pósti eftir á veröndinni og fljótlega gerði Billy sér grein fyrir að þetta væri of mikið fyrir sig. Hann leigði litla skrifstofu og réði herra og frú Cox, safnaðarmeðlimi, sem ritara. Með hjálp þeirra sorteraði Billy póstin í tvo bunka. Fyrri og stærri flokkurinn var frá fólki, sem lýsti erfiðleikum sínum og þörfum og það hann að biðja fyrir sér. Billy leit á þessar fyrirspurnir sem hluta af köllun sinni og það einlæglega yfir þeim. Hin tegundin af bréfum var frá prédikurum, sem buðu honum að koma og halda lækningasamkomur í nágrenni sínu. Billy lagði þessi tilboð til hliðar og það yfir því hvert Guð vildi að hann færi næst. Að lokum gerði hann ferðaáætlun, sem myndi halda honum uppteknum þar til mitt árið 1947. Fyrst, á meðan Norðurríkin væru hulin af snjó, myndi hann ferðast um Suðurríkin og byrja í Louisiana og færa sig síðan í vestur, allt til Texas, Arisóna og Kaliforníu. Seinna um vorið myndi hann eyða nokkrum mánuðum heima, áður en hann héldi norður til Saskatchewan og Alberta í Kanada.

Þótt hann væri ekki alveg búinn að jafna sig eftir þreytuna, þá var Billy óþolinmóður að halda áfram því starfi sem Drottinn hafði kallað hann til. Hann byrjaði í Shreveport í Louisiana, þar sem hann átti að halda fimm samkomur fyrir séra Jack Moore, forstöðumann óháðrar Hvítasunnukirkju, sem gekk undir nafninu Tjaldbúð lífsins (*Life Tabernacle*).

Þegar séra Moore fór með Billy til kirkju sinnar, á fyrstu samkomuna, þá var herra Moore hissa á að finna stóru kirkjuna sína svo yfirfulla af ókunnugu fólki að hann og gestur hans áttu í erfiðleikum með að komast inn. Þetta var aðeins auglýst með því að fréttirnar höfðu borist frá manni til manns og það hafði dregið að fjölskyldur alls staðar að úr Louisianafylki og Arkansasfylki. Jack Moore ákvað að þeir þyrftu að fá meira pláss. Hann leigði því sal framhaldsskólans. Hann ákvað samt að flytja samkomurnar aftur yfir í Tjaldbúð lífsins, af því að fólk mætti svo snemma í framhaldsskólann, að það truflaði skóladaginn.

Þetta var vika, sem var ólík öllu því, sem Jack Moore hafði áður séð. Fimm kvöld full af kraftaverkum og undrum. Hann átti eftir að skrifa um það seinna meir: “Þetta skildi eftir auðmýkt og viðkvæmni hjá fólkinu, af því að það vissi að Jesús frá Nasaret hafði orðið á vegi þess í sínum auðmjúka þjóni... Já, dagar Biblíunnar voru komnir aftur. Hér var maður, sem gerði það sem við *prédikuðum*. Ég segi þetta ekki til að upphefja einhvern mann, heldur aðeins til að leggja áherslu á, að það hve mikið við metum bróður okkar (bróður Branham), stafar af þeirri staðreynd að þjónusta hans

virtist færa okkur nær okkar elskaða Drottni (Jesú) og kynna okkur nánar fyrir verkum, persónuleika og guðdómleika Hans, en nokkuð annað hafði áður gert...<sup>9</sup>

Jack Moore fannst að hann yrði að kynna þessari ótrúlegu þjónustu betur og skildi kirkju sína eftir í höndum aðstoðarmanns síns, til að hann gæti ferðast með William Branham til loka næsta árs.

Eftir samkomurnar í Louisiana, flaug Billy til Texas og hélt samkomur fimmtán kvöld í röð, áður en hann flaug til Texarkana og San Antonio. Fyrsta kvöldið í San Antonio gerðist nokkuð sem snerti við hjartarótum Billy. Samkoman var nýlega hafin. Sá sem leiddi lofgjörðina, hafði rétt lokið við að kynna Billy fyrir áheyrendum. Mannfjöldinn beið, fullur virðingar og eftirvæntingar. Þegar Billy gekk yfir pallinn, í áttina að púltinu, var þar maður sem stóð upp og talaði á óþekktri tungu. Orðin komu jafn hratt og kröftuglega og skotið væri úr fallbyssu. Þegar hann hafði lokið sér af voru áheyrendur hljóðir. Annar maður, aftast í salnum stóð upp og bunaði út úr sér: “Svo segir Drottinn: ‘Maðurinn, sem var að ganga yfir pallinn er að fara inn í þjónustu, sem Almáttugur Guð hefur gefið tilskipun um. Eins og Jóhannes skírari var sendur til að vera fyrirrennari fyrri komu Jesús Krists, eins er þessi maður sendur til að vera fyrirrennari seinni komu hans’.”

Billy varð máttlaus og hné hans svignuðu undir honum. Hann tók í púltið til að styðja sig, meðan hann talaði í hljóðnemann: “Herra, þú þarna aftast, sem komst með spádóminn, þekkir þú þennan mann sem var hér á pallinum og talaði í tungum?”

Maðurinn sem sat aftast stóð aftur upp. Hann leit út eins og kúreki. “Nei, herra, það geri ég ekki.”

“Veist þú eitthvað um mig?”

“Ég hef aldrei heyrt á þig minnst fyrr en í dag.”

“Hvernig ert þú hingað kominn í kvöld?”

“Fólk, sem ég vinn með, ætlaði að fara á samkomurnar og þau buðu mér að koma með, svo að ég fór.”

Billy sneri sér að mannum bak við hann á pallinum, sem hafði talað í tungum og spurði: “Þekkir þú þennan mann, sem kom með spádóminn?”

“Nei, það geri ég ekki.”

“Hvað ertu að gera hér í kvöld?”

“Ég er kaupmaður á staðnum. Ég las í blaðinu um ‘guðlegan lækni’, svo að ég kom til að sjá um hvað þetta snerist.”

Billy hafði lesið 1. Korintubríf, vers 12.-14. og vissi að útlekking á tungum var ein af gjöfum Heilags Anda. Samt sem áður hafði Billy lengi grunað, að mikið af því sem Hvítasunnumenn kalla ‘tungutal’, væri ekkert nema spenningur, ofstæki og holdlegheit. Þessi ‘útlekking’ átti ekki við neitt af þessu þrennu. Þessi hljómaði ekta. Af því að þessi ókunnugi maður hafði endurtekið það, sem Billy hafði heyrt, daginn sem hann var að skíra í Ohioánni árið 1933, þegar stjarnan hafði birst yfir höfði hans. Það var fyrir fjórtán árum. Billy skalf og velti því fyrir sér hvort það myndi verða eitthvað meira við þjónustu hans, en aðeins að biðja fyrir sjúkum.

**Eftir samkomurnar í Texas**, ferðaðist Billy til Phoenix í Arisónafylki. Álagið hélt áfram að draga úr honum allan mátt. Það virtist vera meira en sú þreyta sem fylgir því að standa lengi uppréttur og fá of lítinn svefn. Þegar Billy bað fyrir sjúkum fann hann raunverulega fyrir hinum djöfullegu öflum, sem hann var að berjast við. Það var eins þreytandi og að grafa gryfju í harða jörð, með skóflu og haka. Þegar Billy tók hægri

<sup>9</sup> William Branham. A man sent from God. Eftir Gordon Lindsey, 1950. Bls. 103-104.

hönd sjúklings í sína vinstri og leyfði sjúkdómnum að bylgjast um handlegg sinn allt til hjartans, þá fann hann eitthvað af sinni eigin orku hverfa út í buskann. Orku, sem kom ekki aftur eftir nætursvefn.

Billy lærði um djöfla, með því að bera það sem hann las í Biblíunni, saman við reynslu sína þegar hann bað fyrir sjúkum. Hann las í Nýja testamentinu um það hvernig djöfull, sem hent er út, leitar að öðrum hýsli.<sup>10</sup> Hann hafði orðið var við það sama á samkomum sínum. Þegar sjúklingur uppi á pallinum losnaði við geðveiki, var það mögulegt að óviðkomandi vantrúaður maður meðal áheyrenda, yrði skyndilega kvalinn af sama sjúkdómi. Á einni samkomunni var hópur fólks, sem var mjög ókurteis. Það gerði grín og kallaði fram í. Billy var að biðja fyrir manni, sem lá á gólfinu í flogaveikikasti. (Allir flogaveikisjúklingar, sem komu í nærveru engils Drottins, fengu ávallt flogakast.) Billy bað fyrir unga manningum, sem leystist á samri stundu. Um leið og bylgjurnar fóru úr hönd Billy, gekk þessi hópur af fólki berserksgang í flogaveikikasti. Eftir það var Billy alltaf varkár. Þegar hann fann fyrir erfiðu tilfelli, bað hann áheyrendur að lúta höfði og biðja með sér. Hann komst að því að jafnvel vantrúaðir gátu verið öruggir á samkomunum, ef þeir auðsýndu virðingu.

Kvöld eitt í Phoenix, var barn í fyrirbænaröðinni. Billy tók í hönd barnsins og fann hinar auðþekkjanlegu bylgjur flogaveiki. Líkami barnsins sveigðist og það fékk kast. Það datt niður og hristist óstjórnlega. Billy var rólegur og bað alla að lúta höfði. Þegar hann laut höfði til að biðja, virtist eitthvað stöðva flæði trúarinnar. Billy leit yfir mannfjöldann og kom auga á mann, sem ekki hafði lotið höfði. Billy sagði í hljóðnemann: “Það er maður mér til hægri handar, sem er með upprétt höfuð. Herra, þótt að þú trúir ekki, vertu svo vænn að lúta höfði og vera auðmjúkur. Þessi djöfullegu öfl geta yfirfærst frá einum manni til annars.”

Maðurinn laut ekki höfði. Einn af samkomuþjónum fór til hans og talaði við hann. Síðan kom hann upp á pallinn og sagði Billy frá: “Þetta er herra K-, einn af opinberum starfsmönnum Phoenix. Hann segir að það sé ekkert við þetta allt saman nema sálfræði. Hann staðhæfir það fullum fetum að hann þurfi ekki að lúta höfði.”

Billy talaði aftur í hljóðnemann: “Það er allt í lagi, herra. Ég er búinn að biðja þig um þetta. Það er allt sem ég get gert.” Síðan sneri Billy sér aftur að barninu, sem engdist enn um á gólfinu og lág kokhljóð heyrðust frá því. Billy bað: “Góði Guð, láttu þetta saklausa barn ekki þjást, vegna vantrúar þessa manns. Blessaðu barnið og leystu það.” Stúlkan róaðist og opnaði brátt augun. Forráðamaður hennar flýtti sér að hjálpa henni á fætur og þau gengu saman niður af pallinum og lofuðu Guð.

Herra K- brosti ögrandi, eins og til að segja að hann hefði sannað sitt mál. Hann þurfti ekki að lúta höfði. Til allrar óhamingju átti það eftir að verða stuttur sigur.

Síðasta kvöld Billy í Phoenix, lofaði hann mannfjöldanum að hann myndi reyna að biðja fyrir öllum viðstöddum í húsinu, sem vildu fá fyrirbæn. Það hefði verið ómögulegt, ef hann hefði þurft að taka í hönd hvers og eins, til að bylgjurnar gætu sagt til um hvern einasta sjúkdóm. Í kvöld ákvað hann að gera eitthvað öðruvísi. Hann kallaði það hraðbænaröð. Fólkið í röðinni hélt áfram göngu sinni, meðan Billy lagði hönd á axlir fólksins, meðan það gekk framhjá og bað Drottin Jesú að lækna það.

Eitt af mörgum kraftaverkum, sem gerðist það kvöld og ef til vill það ótrúlegasta, var það sem kom fyrir Haddie Waldorf, konu, sem var að deyja úr krabbameini í hjarta, lifur og ristli. Þar sem lækarnir höfðu gefið hana upp á bátinn, var hún núna í örvæntingu sinni, að reyna að ná til mannsins, sem hélt því fram að engill stæði við hlið sína, þegar hann bað fyrir sjúkum. Maður Haddie og læknakandídat frá

---

<sup>10</sup> Matteus 8:28-32 og 12:43-45.



spítalanum, bára hana á börum inn á samkomuna. Meðan þau gengu áfram í bænarröðinni, fann hún líf sitt taka að fjara út. Hún sagði við manninn sinn: “Jafnvel þótt ég deyi, skaltu samt fara með mig í gegn.” Þau voru aftarlega í röðinni. Meðan röðin færðist hægt áfram, varð hún meðvitundarlaus. Brátt hætti brjóst hennar að bærast. Kandídatinn þreifaði eftir púlssi Haddie, en fann hann ekki, svo að hann dró teppið yfir andlit hennar. En herra Waldorf, hélt stað þeirra í röðinni samt sem áður, með mikilli ákveðni. Það tók næstum því klukkutíma fyrir herra Waldorf að koma konu sinni alla leið fremst. Einhver sagði Billy að það væra að koma lík. Billy stöðvaði röðina, til að hann gæti beðið lengur fyrir þessu tilfelli. Konan var köld viðkomu. Þegar Billy bað Guð að gefa Haddie Waldorf lífið á ný, þá fylltust ekki aðeins lungu hennar af lofti, heldur settist hún brátt upp og síðan gekk hún í raun og veru út úr húsinu í eigin mætti.<sup>11</sup>

Hin langa fyrirbænaröð í Phoenix var full af lækningum og kraftaverkum. Jafnvel þótt Billy héldi sig við stuttar bænir, þá var hann til klukkan þrjú um morguninn, að snerta alla sjúka, sem gengu framhjá. Samkvæmt mati Jack Moore, bað Billy fyrir 2.500 manns, þetta febrúarkvöld árið 1947.

**Þegar kom fram í mars,** var Billy að feta sig áfram í áttina að strönd Kaliforníu. Fyrsta samkoma hans í Los Angeles yfirfyllti stóra kirkju í Montgomery Park, og samstarfskirkjur hans ákváðu þá að að færa samkomurnar í samkomuhöll bæjarfélagsins í Long Beach.

Annað kvöld herferðarinnar, komu þrír menn og ung kona fram í röðinni og báru meðvitundarlausu konu á börum. Billy tók um máttlausa hægri hönd sjúklingsins og fann kunnuglegan titring. “Það er krabbamein,” sagði hann.

Unga konan svaraði: “Já, hún heitir Melikian. Þetta er læknirinn hennar og ég er dóttir hennar. Nýverið var hún í St. Louis og bæði brjóst hennar voru fjarlægð, til að reyna að stöðva útbreiðslu þess, en það gerði ekkert gagn. Nú er Guð hennar eina von.”

Billy laut höfði og bað Guð um kraftaverk. Bylgjurnar í hönd hans stöðvuðust. Hann var um það bil að lýsa hana heilbrigða, þegar undarleg tilfinning kom yfir hann og hann sagði án umhugsunar: “Svo segir Drottinn: ‘Eftir þrjá daga mun þessi kona fara út að versla’.”

Læknir hennar, sem stóð þarna hjá, hann hafði greinilega verið nauðbeygður til að koma, sagði með hneykslun í röðinni: “Hvílík og önnur eins hugdetta, séra Branham. Þessi kona er augljóslega að deyja. Hvernig getur þú vakið falskar vonir hjá fólkinu hennar?”

Billy svaraði rólega: “Læknir, ef þessi kona er ekki heilbrigð og gengur um göturnar eftir þrjá daga, þá máttu setja skilti á bak mér, þar sem á stendur að ég sé falsspámaður og þú mátt keyra mig um bæinn á húddinu á bílnum þínum.”

Þegar vikan var næstum liðin, vaknaði Billy örþreyttur af svefni sínum, við að einhver barði fast á dyr hótélherbergis hans. Á ganginum stóð kirkjustarfsmaðurinn sem hafði þann starfa að gæta þess að Billy hefði næði. Bak við hann stóðu tveir velklæddir ókunnugir menn. “Mér þykir leitt að trufla þig, bróðir Branham, en þessir tveir menn þurfa að hitta þig. Ég veit að þú þarft að hvílast, en málefni þeirra er mjög óvenjulegt, þannig að ég hélt...”

“Komið inn, hvað get ég gert fyrir ykkur?”

---

<sup>11</sup> Frú Haddie Waldorf hélt áfram að koma á samkomur William Branham, allt til dauða hans árið 1965. Hann heilsaði henni oft meðal áheyrenda og minntist á þetta kraftaverk.

Mennirnir tveir gengu inn og talsmaður þeirra kom beint að efninu. “Við erum fulltrúar herra Melikian.”

“Melikian.” Billy endurtók nafnið og reyndi að muna hvar hann hafði heyrt það.

“Herra Melikian rekur Mission Bell víngerðina. Kona hans læknaðist af krabbameini í síðustu viku.”

Nú mundi Billy eftir meðvitundarlausu konunnar á börnunum. “Hvernig líður henni?”

“Herra Branham, bati hennar hefur vakið undrun allra, sér í lagi læknisins hennar. Daginn eftir að þú baðst fyrir henni var hún með meðvitund og sat uppi í rúminu. Á þriðja degi fór hún að versla með dóttur sinni, alveg eins og þú sagðir að hún myndi gera. Herra Melikian er svo þakklátur að hann sendi okkur hingað til að færa þér ávísun upp á 1,5 milljónir dala.”

Maðurinn hélt á ávísuninni. Billy hreyfði sig ekki. Maðurinn sagði: “Herra Branham, þetta er engin skrytla. Þetta er fullkomlega gild ávísun og hún er í þínu nafni.” Hann rétti fram blaðið.

Billy tók enn ekki við blaðinu. Honum varð hugsað til fjölskyldu sinnar, sem bjó í tveggja herbergja hreysi í Jeffersonville. Hann hugsaði um konuna sína, sem varð að bera vatn inn í húsið langar leiðir og fara síðan með skólpið aftur út, af því að þar voru engar pípulagnir. Hann hugsaði um hve mikill gegnumtrekkur var í húsinu á veturna og hvernig Meda tróð tuskum meðfram gluggarúðum og dyrum til að halda trekknum úti. Það væri dásamlegt að veita konunni sinni og börnum eitthvað betra, en samt...

Billy hafði barist í mörg ár við að skilja köllun sína í Drottinni. Þegar hann hafði stigið út úr vilja Guðs árið 1937, hafði hann þjáðst svo afskaplega, að ekki einu sinni ávísun upp á eina og hálf milljón dala, gat fengið hann til að víkja frá sannfæringu sinni. Hann vissi að hann hafði ekki læknað frú Melikian af krabbameininu. Drottinn Jesús Kristur hafði læknað hana. Hvernig gat hann þá tekið við einhverri umbun fyrir eitthvað, sem hann hafði ekki gert? En jafnvel framfarar þessu, hafði Billy tekið eftir hinum mörgu gryfjum sem oft höfðu lagt líf þeirra manna í rúst, sem höfðu hafið starf sitt í kærleika til Guðs. Það er, konur, frægð og peningar. Hvaða guðsþjónn, sem daðraði við eitthvað af þessu þrennu, var líklegur til að hrasa og falla. Billy hafði ákveðið að halda sér frá öllum þremur, alveg sama hvað það myndi kosta hann.

“Herrar mínir,” sagði hann ákveðið. “Ég vil ekki einu sinni líta á þessa ávísun. Segðu herra Melikian að mér þyki vænt um hugulsemi hans, en ég get ekki tekið við þessum peningum.”

**Eftir síðustu fyrirbænaröðina í Long Beach í Kaliforníu, sem lauk klukkan tvö um nóttina, skjögraði Billy inn í bíl sem beið hans. Billy var orðinn rænulítill og dofinn. Jack Moore og Young Brown keyrðu Billy um bæinn, töluðu við hann og reyndu að fá hann til að sýna einhver viðbrögð. Þeir skrúfuðu niður bílrúðuna, til að regnið myndi úðast á andlit hans. Að lokum komst Billy nægilega til sjálfs sín, til að vilja fara að sofa.**

Þeir keyrðu hann upp að hóteli hans. Þegar þeir stigu út úr lyftunni og gengu inn í lítinn biðsal, kom hópur af fólki fram og kallaði nafn Billy og vildi fá að tala við hann. Moore og Brown voru að ýta honum gegnum hópinn, þegar kona varpaði sér á gólfið fyrir framan Billy og tók um buxnaskálm hans. Jack Moore beygði sig niður til að toga hana burt. Billy bandaði með höndinni og sagði: “Við skulum alla vega hlýða á sögu hennar.”

Jafnvel þótt hún hefði fengið þetta loforð, vildi konan ekki sleppa buxnaskálm Billy. Örvænting skein út úr augum hennar. “Bróðir Branham, ég er frú K-. Við maðurinn minn vorum á samkomum þínum í Phoenix. Þegar þú baðst fyrir flogaveika

barninu, neitaði maðurinn minn að lúta höfði. Næsta dag kom skrýtin tilfinning yfir líkama hans. Hann hélt að ímyndunaraflið væri að hlaupa með sig í gönur.

Tveimur dögum seinna fann lögreglan hann, þar sem hann reikaði stefnulaust um miðbæ Phoenix. Hann er orðinn vitstola. Hann veit ekki hver hann er eða hvað hann gerir.”

Nú tók Billy eftir manni, sem stóð bak við mannhafið, augu hans voru tóm og andlitið svipbrigðalaust. Hárið og fötin voru í óreiðu og hann var með skeggbrodda. “Er þetta eiginmaður þinn?,” spurði Billy.

“Já, bróðir Branham,” volaði frú K-. “Ég hef reynt á hverju kvöldi að fá hann til að koma í bænaröðina, en mér tókst það aldrei. Nú er ég orðin úrkula vonar. Það verður að gera eitthvað. Hann vill ekki borða. Ég verð meira að segja að hella upp í hann vatninu.” Hún lagði enni sitt að skó Billy.

Billy sneri sér að Jack Moore og sagði: “Farðu með herra K- inn í herbergi mitt, til að við getum verið í næði.”

Jack Moore tók í hönd herra K- og leiddi hann eins og lítið barn. Billy reyndi að elta þá, en frú K- vildi ekki sleppa takinu á fæti hans og þeim tókst ekki með nokkru móti að telja hana á, að láta hann lausan. Að lokum tóku Moore og Brown, Billy upp og héldu á honum inn í herbergið og drógu frú K- á eftir sér. Eftir að þeir höfðu lokað hurðinni, gátu þeir að endingu talið hana á að sleppa fótlegg Billy.

“Systir,” sagði Billy. “Fyrir um að bil ári sagði engill mér að ég ætti að fara með gjöf lækningar til þjóða heimsins. Hann sagði mér að ef ég væri einlægur þegar ég bæði og gæti fengið fólk til að trúá mér, þá myndi ekkert standa í vegi fyrir bænum mínum. Ég hef komist að því að þetta er satt. Það er enginn sjúkdómur svo slæmur, að hann lækni ekki, ef ég bið nógu lengi fyrir einstaklingnum. Trúir þú mér?”

“Já, bróðir Branham, það geri ég.”

Herra K- stóð grafkyrr án þess að einu sinni depla auga. Hann starði út í bláinn. En þegar Billy nálgast hann, hörfaði hann afturábak og urraði eins og dýr. Til öryggis héldu Moore og Brown um handleggi herra K- meðan Billy lagði hendur yfir manninn og fór að biðja. Sigur varð ekki auðveldlega unninn. Í 45 mínútur barðist Billy við þennan anda geðveikinnar. Að lokum deplaði herra K- auga og leit í kringum sig, eins og maður, sem hefur vaknað óvænt á ókunnum stað og var að velta fyrir sér hvers vegna og hvernig. Þegar kona hans hafði útskýrt málið, fleygði hann sér í fang Billy og faðmaði hann eins og löngu glataðan bróður. Þegar hann yfirgaf hótelið var hugur hans skýr og núna var hann jákvæður gagnvart fagnaðarerindi Jesú Krists.

## 36. Kafli

### Indíánatrú.

1947

**Pegar William Branham** kom til Oakland í Kaliforníu um miðjan maí árið 1947, heyrði hann um David “litla” Walker, “unglingsprédikara”, sem myndi halda trúboðssamkomur í borginni, sömu kvöld og Billy bæði fyrir sjúkum. Af því að forvitni hans hafði verið vakin, hætti Billy snemma fyrsta kvöldið, til að hann gæti hlustað á David “litla” prédika. Billy líkaði vel við það sem hann heyrði. Þó að David litli væri bara horaður unglingur, þá tók hann á Orði Guðs með djörfung og visku, sem var langtum meiri, en aldurinn gaf til kynna.

Eftir samkomuna gekk Billy fram, til að kynnast honum. Meðan á samtali þeirra stóð, báru þessir tveir trúboðar saman fjöldann sem sótti samkomur þeirra hvors um sig. David litli hafði þegar verið að prédika í Oakland í nokkur kvöld og húsið var aldrei fullt að einum þriðja. (Samkomusalurinn rúmaði 7.000 manns, en tala viðstaddra hvert kvöld var um 2.500 manns.) Billy var á hinn bóginn að halda samkomur í sal, sem aðeins tók 3.000 manns í sæti, en á fyrsta kvöldinu hafði talan farið upp í 7.000 manns. David litli lagði til, að þeir skiptu um samkomusal. Þeir gerðu það og það kom sér vel fyrir þá báða. Billy vildi borga David litla mismuninn á leigunni milli stærri og minni salarins, en pilturinn vildi ekki taka við því og sagði: “Ef til vill munt þú geta hjálpað mér, einhvern daginn.”

Á þeim tíma flaug Jack Moore, sem enn fylgdi Branham herferðunum eftir, til Ashland í Oregon til að telja vin sinn, Gordon Lindsey, á að koma og sjá sjálfur þessa einstæðu þjónustu. Moore var upprifinn, er hann sagði Lindsey frá krafti Guðs, sem hann var vitni að. Bólguna í hönd Billy, greiningu á sjúkdómum, blindir, daufir og lamaðir sem leystust og djöflar sem reknir voru út. Hann sannfærði Lindsey um að þetta væri eitthvað, sem væri þess virði að leggja lykkju á leið sína til að sjá. Saman óku þeir til Kaliforníu og náðu að mæta á samkomu hjá Billy í Sacramento.

Þjónustan það kvöld skók Gordon Lindsey allt að rótum trúar sinnar. Lindsey var 41 árs og hafði verið prédikari í 23 ár, síðustu fimm árin sem forstöðumaður í Ashland í Oregon, en þar áður hafði hann eytt 14 árum, sem trúboði, sem ferðaðist um öll Bandaríkin og Kanada. Á öllum þeim árum, á öllum þeim samkomum, hafði hann aldrei séð kraft Heilags Anda jafn augljóslega sýnilegan og hann var í Sacramento það kvöld. Það blés honum meiri trú í brjóst, en hann hafði áður upplifað. Hve hann óskaði þess að geta deilt reynslu sinni með vinum sínum. Meðan honum varð hugsað til allra þeirra forstöðumanna og safnaða, sem hann þekkti um land allt, kom hugmynd upp í huga hans. Næsta dag hittu Gordon Lindsey Billy og deildi með honum hugmyndum sínum. Þetta var upphaf vináttu, sem átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir þá báða.

Frá Sacramento ferðaðist Billy til Santa Rosa í Kaliforníu. Laugardagskvöldið áttu samkomuþjónarnir í miklum erfiðleikum með að halda ungum manni frá að fara framúr í bænaröðinni. Lætin drógu athygli Billy frá því að biðja fyrir hinum sjúku. Billy heyrði manninn segja við samkomuþjónana: “Ég vil ekki komast í bænaröðina. Mig langar bara til að spyrja þennan þjón Guðs spurningar.”

Billy gekk fram á brún pallsins og sagði: “Hvað er það sem þú vilt, herra?”

Ungi maðurinn spurði: “Hvernig stafar þú nafnið þitt?”

Þetta fannst Billy undarleg ástæða til að vera með þessi læti. Hann svaraði: “B-R-A-N-H-A-M.”

Maðurinn leit á miða í hönd sinni, sneri sér síðan við og kallaði spenntur yfir mannfjöldann: “Mamma, það er það! Þetta er það!” Móðirin kom fram og útskýrði málið: “Við maðurinn minn erum trúboðar fyrir *Assemblies of God*.<sup>12</sup> Ég hef gjöf tungutals og maðurinn minn hefur gjöf útlekkingar. Fyrir 22 árum var ég að biðja í tungum, þegar útlekking kom í gegnum eiginmann minn, sem spáði kvöldi eins og þessu. Ég skrifaði það niður og það hefur verið ofan í skúffu öll þessi ár. Þegar ég heyrði um samkomur þínar, gróf ég miðann upp. En við vildum vera viss um að það værir þú.”

Hún tók blað úr hönd sonar síns og rétti Billy það. Þar stóð:

“Svo segir Drottinn: *‘Á síðustu dögum, áður en Drottinn kemur, mun ég senda þjón minn William Branham upp Vesturströndina’.*”

“Fyrir tuttugu og tveimur árum,” hugsaði Billy. “Það myndi vera árið 1925, þegar hann var aðeins sextán ára gamall.” Hrollur fór niður eftir baki hans. Hér, í þessum gamla spádómi, lá önnur sönnun þess að þjónusta hans var fyrirhuguð af Guði til einhvers sérstaks.

**Í apríllok árið 1947** sneri Billy aftur til Phoenix. Í þetta sinn til að halda sérstaka samkomu fyrir spænskumælandi íbúa borgarinnar. Þetta var í fyrsta skipti sem hann stjórnadei samkomu gegnum túlk.

Einn daginn hitti Billy kristinn trúboða, sem vann á meðal Apache indíána á San Carlos indíánaverndarsvæðinu, um 80 kílómetra austur af Phoenix. Trúboðinn hafði komið með þrjá veika indíána með sér og vonaðist eftir að þessir indíánar gætu komist í fyrirbænaröðina til lækningar. Trúboðinn bauð Billy, að halda samkomu á verndarsvæðinu. Billy lofaði honum því, að ef Drottinn læknaði þessa indíána það kvöld, myndi hann halda samkomu fyrir Apacheindíánana.

Þetta kvöld gaf Billy djarfa yfirlýsingu. Þegar hér var komið sögu, var Billy svo sannfærður um vilja Jesú Krists til að lækna fólkið, að eigin trú Billy átti sér ekki mörg takmörk. (Hafði ekki engillinn sagt honum að ef hann yrði einlægur þegar hann bæði og gæti fengið fólkið til að trúá sér, þá myndi ekkert standa í vegi fyrir bænum hans?) Eftir öll kraftaverkin sem hann hafði upplifað síðastliðið ár, var Billy hvergi smeykur að takast á við erfiðustu tilfelli, sem hann gat fundið. Í raun og veru, þá var hann þeim feginn, því að þau sönnuðu því meir, að Guði hans væri ekkert um megn. Nú sagði hann, frammi fyrir þessu spænskumælandi fólki: “Komið með einhvern, sem er bæklaður eða þjádur, komið með verstu tilfelli sem þið getið fundið. Ég fullvissa ykkur um að sá einstaklingur muni lækna, áður en ég hef lokið bæn minni.”

Einhver kom með bæklaða, mexíkanska stúlku, sem hafði aldrei á ævi sinni gengið. Hún var hræðilega afmynduð. Bak hennar var bogið og fótleggirnir rýrir og gagnslausir. Án nokkurs efa tók Billy að biðja fyrir lausn stúlkunnar. Fimm mínútur liðu án nokkurrar breytingar...síðan tíu mínútur og fimmtán. Billy hafði engar áhyggjur. Hann vissi að Guð myndi gera þetta. Hvað það tæki langan tíma, skipti ekki

---

<sup>12</sup> Samtök Hvítasunnnumanna.

máli. Tuttugu mínútur liðu...þá hálf tími. Billy hélt áfram að biðja Guð mjúklega að leysa stúlkuna úr fangelsi sínu. Klukkutími leið, síðan einn og hálfur tími. Fólkið í salnum tók að ókyrrast, meðan það reyndi að halda í sömu trú og og þessi litli maður uppi á pallinum virtist hafa. Eftir klukkutíma og fjörutíu og fimm mínútna langa fyrirbæn, öskraði litla mexíkanska stúlkan. Bak hennar hrökk í réttar skorður, þegar hún rétti úr sér í fyrsta skipti á ævinni. Áheyrendur gengu berserksgang af létti og spenningi, þegar þessi stúlka, sem eitt sinn var bæklud stóð á renglulegum fótleggjum sínum og gekk niður af pallinum leidd af Billy.

Viðbrögð fólksins voru að hópast í bænarröð til að fá að komast að. Billy notaðist við túlk og bað fyrir sjúkum og þurfandi í tíu tíma í viðbót. Spænskumælandi fólkið teygði sig eftir Jesú Kristi í svo barnslegri trú, að fjölmörg kraftaverk gerðust. Meðal þeirra mörg hundruð sem læknuðust, voru Apache indíánarnir þrír, sem trúboðinn hafði komið með frá verndarsvæðinu.

Samkvæmur orðum sínum, þá ferðaðist Billy í austurátt, til að halda samkomu í eitt kvöld í San Carlos indíánanýlendunni. Litla kirkjan var of lítil til að hýsa þá mörg hundruð indíána, sem komu saman til að heyra Billy prédika, svo að trúboðinn setti upp hljóðnema og hátalarakerfi tengt nokkrum hátölurum. Fjölskyldur breiddu úr teppum sínum á jörðina og fólkið settist niður til að hlusta á hann. Billy hóf mál sitt um leið og sólin var að setjast. Apachekona var túlkur hans.

Vegna ævilangs kærleika til ameríska vestursins, hafði Billy lesið mikið um og fíugað slæmar aðstæður indíánanna. Ef til vill voru það hinir örfáu blóðdropar af indíánablóði í æðum hans, sem gáfu honum nú þvílíka innlifun og hluttekningu. Það kvöld, eftir að hann hafði opnað hjarta sitt fyrir sínum rauðu bræðrum og systur, fannst honum ræða sín dýpri en venjulega. Hann sagði indíánunum hve sárt honum þætti, hvernig farið hefði verið með forfeður þeirra af hvíta fólkinu. Og hann vissi að jafnvel í dag, tók bandaríska ríkisstjórnin lítið tillit til mikilvægustu hagsmuna indíánanna. “En það er Einn, sem alltaf mun fara vel með ykkur,” sagði hann þeim, “og það er Drottinn Jesús Kristus.”

Þegar Billy var búinn að prédika, bað hann þá sem þörfnuðust fyrirbænar að fara í röð, sér til hægri handar. Ekki einn einasti indíáni stóð upp. Billy spurði túlkinn sinn hvað væri að. Hún vissi það ekki. Ef til vill voru þeir allir vantrúaðir.

Trúboðinn fór til trúboðsstöðvar sinnar og náði í aðstoðarmenn sína, sem höfðu lofað að koma fram til fyrirbæna. Fyrst í röðinni var indíánakona með barn bundið á bak sér. Konan talaði enga ensku. Um leið og Billy tók hægri hönd hennar í sína vinstri, fann hann púls djöfullegra bylgna. Það var eins og rafmagnsstraumur, þar sem það skaust frá hönd hans til hjartans. Handarbak hans varð rauðbólgið og hvítir blettir mynduðust á húðinni. Billy sagði í hljóðnemann: “Kona, þú ert með kynsjúkdóm.”

Konan leit á hann undrandi, eins og hún segði: “Hvernig vissir þú það?” Síðan viðurkenndi hún að staðhæfing hans væri rétt.

Billy, sem enn hélt í hönd hennar, útskýrði fyrir áheyrendum sínum gjöf lækningarinnar. Hann lýsti því hvernig merkið í hönd hans næði bylgjunum frá hvaða sjúkdómi, sem orsakaðist af örveru. Síðan laut hann höfði, lokaði augunum og bað Jesú Krist að leysa þessa konu frá þjáningum sínum. Þegar hann opnaði augun var vinstri hönd hans eðlileg. Þeir sem stóðu fremstir gátu séð það. Hún var orðin heil. Undrunarhljóð barst í gegnum raðir hinna vantrúuðu.

Næst kom móðir fram með dóttur sína. Billy tók í hönd stúlkunnar, sneri sér síðan að túlk sínum og sagði: “Ég veit ekki hvað er að henni. Það er ekki örverusjúkdómur, af því að ég finn ekki fyrir nærveru annars lífs, en lífsuppsprettunnar.”

Þar sem móðirin talaði ekki ensku, varð Apachetúlkurinn að spyrja hana hvað væri að dóttur hennar. Síðan útskýrði túlkurinn fyrir Billy: “Hún er daufdumb. Hitasótt orsakaði þetta fyrir mörgum árum.”

Billy tók stúlkuna í faðm sér og bað: “Drottinn Jesús, viltu gera eitthvað, til að þetta fólk mætti skilja.” Þegar hann hafði lokið bæn sinni, vissi hann að hún var læknuð. Hann hvatti hana til að reyna að tala. Stúlkun muldraði einhver óskiljanleg hljóð. Billy sagði afsakandi: “Hún mun tala betur er fram líða stundir.”

Túlkur hans sagði brosandi: “Hún tala mjög vel nú þegar.”

Þá kom önnur móðir fram með lítinn son sinn. Billy tók í hönd hans, en fann engar bylgjur. Þegar hann spurði hvert væri vandamál drengsins, tók móðirin í hár barnsins og afhjúpaði að hann var rangeygður. Í hvert skipti, sem Billy sá rangeygt barn, minntist hann dóttur sinnar, Sharon Rose og hvernig hún var orðin rangeygð af sársaukanum, þegar hún var að deyja úr heilahimnubólgu. Billy bað fólkið að lúta höfði. Síðan tók hann þennan litla Apacheindíánadreng í fangið, þannig að höfuð barnsins lá á öxl hans í áttina frá honum. Með allri þeirri einlægni, sem hann átti til, bað Billy Guð um lausn fyrir drenginn. Þegar hann fann að Heilagur Andi hafði læknað drenginn, bað Billy indíánana að lyfta höfði. Án þess að aðgæta neitt fyrst, sneri Billy andliti drengsins að mannfjöldanum. Augu drengsins voru nú fullkomlega bein. Gegnum túlkinn, bað Billy drenginn að hreyfa augun, til að sýna lækningu sína. Það var sannfærandi. Ryk þyrlaðist upp, þegar mörg hundruð indíánar gengu fram, til að mynda röð Billy til hægri handar, svo að þeir gætu fengið fyrirbæn.

Billy furðaði sig á einfaldri trú Apachefólksins. Þegar þessir indíánar sáu hið yfirmáttúrulega mitt á meðal sín, þá opnuðu þeir hjarta sitt upp á gátt og uppskáru gæði þess. Gömul, kreppt kona staulaðist fram á hækjum gerðum úr kústskafti. Hár hennar var skreytt með leðurólum og hin brúna húð hennar var hrukkótt af margra ára útiveru í sól og vindi. Þegar hún leit á Billy, runnu tár niður kinnar hennar. Billy skynjaði trú hennar, kærleika og virðingu. Áður en hann gæti beðið fyrir henni, rétti hún úr sér og rétti honum hækjur sínar. Síðan gekk hún óstudd niður af pallinum.

Allt kvöldið bað Billy fyrir langri röð af Apacheindíánum. Þegar dagaði sá hann að margir í röðinni voru blautir upp að mitti. Þegar hann spurði túlkinn útskýrði hún: “Fyrst héldu þau að þú værir loddari. Þegar þau sáu augu drengsins verða bein, gengu mennirnir margra kílómetra leið yfir ána, til að ná í ástvini og koma með þá til fyrirbæna.”

Tveir indíánar, sem báðir voru rennvotir upp að mitti, báru gamlan mann á börum gerðum úr grófum við. Nóttin var nöpur. Billy spurði fyrsta indíánann: “Ertu ekki hræddur við að fá lungnabólgu?”

Maðurinn svaraði: “Jesús Kristur mun sjá um mig. Ég kom með pabba minn. Ég trúi að Jesús muni lækna hann.”

Billy lagði hendur yfir gamla manninn og bað: “Megi Drottinn Jesús lækna þig og gera þig heilbrigðan.” Ungu mennirnir tveir báru gamla manninn af pallinum. Eftir að Billy hafði beðið fyrir nokkrum í viðbót, heyrði hann köll. Þegar hann aðgætti hvaðan þau kæmu, sá hann gamla manninn standa án aðstoðar. Hann hrópaði og veifaði með börum sínum.

Næsta morgun spurðu indíánarnir Billy, hvort hann hefði gaman að veiðum. Billy vissi að nýlendan var hugsuð, til að þeir sem ekki væru indíánar myndu ekki veiða á landi indíánanna, þannig að hann leit á boðið sem heiður. “Já, mér þykir mjög gaman að veiðum.” Þeir fóru á bak smáhestum og riðu upp gil. Veiðin var stórkostleg. Villtir kalkúnar flugu svo nærri, að Billy hefði getað náð þeim með hönd sinni.

## 37. Kafli.

### Engillinn skammar Billy.

1947

Í maí 1947 gerðist mesta kraftaverk, sem William Branham hafði nokkurn tíma séð. Hann var að halda vikulanga röð tjaldsamkoma í Vandalia í Illinoisfylki. Eins og venjulega yfirfyllti mannfjöldinn tjaldið og náði alla leið út á bílastæðin. Fyrsta kvöldið kom Billy með sömu hvatningu og hann hafði komið með á hverri samkomu, síðan hann hélt spænsku samkomuna í síðasta mánuði. Hann sagði: “Komið með erfiðustu tilfellið, sem þið getið fundið og gefið mér nægan tíma, til að biðja fyrir einstaklingnum og ég ábyrgist að Jesús Kristur muni lækna þann einstakling, áður en hann fer niður af pallinum.”

Kona kom fram og leiddi 16 ára dreng. Hún hallaði sér fram og hvíslaði í eyra Billy. Billy sneri sér að hljóðnemanum og sagði: “Móðirin segir að sonur hennar sé fæddur blindur.”

Spennt muldur heyrðist frá áheyrendum, eins og þeir væru að velta fyrir sér: “Gætum við verið að biðja Guð of mikils!” En Billy trúði að Guð myndi gera þetta. Hann hafði séð svo mörg kraftaverk síðasta árið að hann vissi að sannarlega er allt mögulegt þeim er trúir frammi fyrir Guði. Hann lagði hönd á öxl drengsins og bað um kraftaverk í Jesú nafni.

Mínúturnar urðu að hálf tíma... síðan að klukkutíma... þá að einum og hálfum tíma... án þess að neitt gerðist. Rigningin buldi á dúknum í þaki tjaldsins. Margir voru án efa að velta því fyrir sér hve lengi trúboðinn myndi biðja, í ljósi þess hversu greinilega vonlaust þetta var.

Drengurinn var nú eftir allt saman *fæddur* blindur. En trú Billy haggast ekki, né lét hann af að að biðja sinnar einföldu bænar. Hann hafði orð engilsins hugföst: “*Ef þú ert einlægur, þegar þú biður og getur fengið fólk til að trú á þér, þá mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein.*”

Eftir eina klukkustund og fjörutíu og fimm mínútur af fyrirbæni, tók drengurinn að skjálfa. Hann sneri höfðinu skyndilega til vinstri og síðan til hægri. Með hrópi, rykkti hann sér úr taki Billy og steig afturábak í fang móður sinnar. Hún hélt honum þétt upp að sér, meðan það ískraði í honum af augljósum spenningi og hann bandaði höndum í allar áttir. Fyrst benti hann á ljósin, síðan á mismunandi hluti í kringum sig. Hann gat séð!

Mannfjöldinn iðaði af trú á kraft Jesú Krists til að lækna. Mörg hundruð kraftaverk gerðust á sama tíma. Bæklaðir stóðu upp úr hjólastólum, fleygðu frá sér hækjum sínum eða stóðu upp af börum. Ekkert virtist ómögulegt.

Eftir að samkomunni lauk söfnuðu samkomuþjónarnir öllum yfirgefnu hjólastólunum og hækjunum saman og hlóðu þeim í stafla. Billy, sem stóð á bak við púltið, fylgdist með þessari athöfn með fögnuði og ánægju. Kona og drengur komu gangandi aftan úr tjaldinu og gengu í saginu í áttina til hans. Það var drengurinn sem hafði fæðst blindur. Nú leiddi hann móður sína upp þrepin að pallinum.

Augu drengsins voru rök af geðshræringu. “Ég sagði mömmu að mig langaði að sjá hvernig maðurinn liti út, sem opnaði augu mín.”



Billy brosti: “Ég vona að þú fáir að sjá Hann einhvern daginn, af því að það var Drottinn Jesús, sem opnaði augun þín.”

Drengurinn tók um bindi Billy og togaði það frá brjósti hans. “Þetta hérna, er þetta það, sem maður kallar rendur?” Móðir drengsins, sem stóð á bak við hann grét gleðitárum.

Þegar Billy kom til baka til hótélherbergisins var klukkan orðin tvö um nóttina. Hann deildi herbergi með syni sínum, Billy Paul og bróður sínum, Donny. Hinn tvítugi Donny Branham, bróðir Billy, hjálpaði Billy á samkomunum með því að dreifa bænaspjöldum fyrir hverja samkomu og hjálpa til við að koma reglu á fólkið, sem raðaði sér upp til fyrirbæna. Hinn ellefu ára gamli Billy Paul hafði komið með, sér til gamans. Það sem skólinn var næstum búinn, ætlaði Billy að leyfa syni sínum að fylgja sér eftir um sumarið.

Hótélherbergið í Vandalia var með tveimur tvöföldum rúmum. Donny og Billy Paul voru þegar sofnaðir í öðru þeirra. Billy fór í náttfötin og sofnaði brátt sjálfur.

Það liðu ekki margar mínútur þar til eitthvað vakti hann snögglega.

“Ætli það sé þegar kominn morgun,” velti hann fyrir sér og fylgdist með ljósglampa stækka í dimmu herberginu. “Það er eins og ég sé nýfarinn að sofa. Halló, bíddu aðeins við. Glugginn er hinu megin í herberginu. Það er bara veggur hérna megin.”

Ljósið stækkaði. Nú leit það frekar út sem skínandi ský, án greinilegra útlína. Billy vissi að þetta var andi, en hann gat ekki enn sagt til um það, hvernig andi það var. Þegar hann var að biðja fyrir sjúkum, var svo mörgum illum öndum kastað út og þeir reknir úr hýslum sínum, að það var ekki óalgenget að einhverjir af þessum öndum fylgdu honum eftir heim á hótél hans, þegar samkomunni lauk. Hann fann stundum þrýstinginn frá þeim í herberginu í marga klukkutíma og stundum heyrði hann hljóð eins og bjalla klingdi.

Hann smeygði sér undan rúmfötunum og kraup við hlið rúmsins. Hann lokaði augunum og bað. Hjarta hans barðist af ótta við hið yfirnáttúrulega. Hann fann þrýstinginn af andanum koma nær sér. Þegar hann var kominn að rúmstokknum, vissi hann að þetta var engill Drottins. Hann vissi það, vegna þess að það var sama tilfinning og hafði komið yfir hann í hellinum fyrir ári síðan, þegar engillinn hafði gefið honum tilskipun sína. Það var öðruvísi tilfinning en frá djöflunum, sem hann barðist við í fyrirbænaröðinni. Þeir andar voru ógnandi og illir. Þessi andi var heilagur og mikilfenglegur.

Billy sagði: “Ó, himneski faðir, hvað hefur þú sent engil þinn til að segja mér? Þjónn þinn hlustar.”

Svarið kom ekki undireins. Billy beið. Jafnvel þótt hann hefði augun lokað, vissi hann að engillinn var þarna ennþá. Hann fann nærveru engilsins við rúmstokkinn. Eftir fimm mínútur þokaði engillinn sér nær, þar til hann sveimaði yfir rúminu, rétt fyrir framan Billy. Síðan, heyrði Billy rödd engilsins segja, eins greinilega og hann hafði heyrt nokkurn tala til sín um ævina: “*Tilskipun þín var að biðja fyrir sjúkum. Þú takmarkar gjöf lækningarinnar of mikið, við að gera kraftaverk. Ef þú heldur þessu áfram, þá mun það verða svo, að fólkið trúir þér ekki, nema það sjái kraftaverk.*”

Þessi orð voru ekki töluð harkalega, en samt stungu þau Billy í hjartað eins og hnífur. Honum varð hugsað til áskorunarinnar, sem hann hafði komið með á samkomunum, undanfarna mánuði. “Komið með versta tilfellið, sem þið getið fundið og ég fullvissa ykkur um að Jesús Kristur muni lækna það...” Billy vissi ekki að það var ekki Guði þóknanlegt að koma með slíka áskorun. Hann hafði aðeins ætlað að upphefja kraft Jesú Krists fyrir framan fólkið. En góður ásetningur gerði það ekki rétt. Billy sagði auðmjúkur: “Ég skal aldrei gera þetta aftur, svo hjálpi mér Guð.”

Hann skynjaði að engillinn fjarlægðist hann. Billy opnaði augun og sá að hann hafði staðnæmst yfir miðju herberginu, á milli rúmsins og lítills vasks í horninu. Hann sá eldstólpa sem logaði þar í lausu lofti. Billy fylgdist með um stund. Hann fann til léttis eins og syndir hans væru fyrirgefna. Síðan sagði hann, er hann fékk skyndilega hugmynd: “Leyfir herra minn, að litli drengurinn minn sjái þig?”

Þessi ósk var ekki vorin fram að ástæðulausu. Alveg síðan Billy hafði farið að ferðast um öll Bandaríkin, hafði Billy Paul verið ásóttur af þeirri hugmynd að hann myndi missa föður sinn. Oft þegar þeir skildu þróað Billy Paul: “Pabbi, ekki fara frá mér. Mamma er farin og hvern á ég annan að á jörðinni nema þig? Ég er svo hræddur um að þú sért að fara og komir aldrei til baka.” Auðvitað reyndi Billy að hughreysta hann. Samt fékk það Billy alltaf til að hugsa sig tvisvar um að fara. Þá mundi hann hvað Jesús sagði: “Sá, sem ekki er reiðubúinn að yfirgefa allt og fylgja mér, er mín ekki verður.” Og Billy fór samt sem áður.<sup>13</sup> Samt var ekki auðvelt að skilja son sinn eftir í slíkri vanlíðan. Núna, þar sem hann kraup við rúm sitt í Vandalia í Illinois og hið yfirnáttúrulega ljós sveimaði yfir honum og Billy Paul svaf í næsta rúmi, þá datt Billy í hug að ef sonur hans fengi í eitt skipti að sjá engil Drottins, þá myndi Billy Paul ef til vill gera sér grein fyrir því, hve mikilvægt það var fyrir pabba hans að yfirgefa hann stundum til að vinna fyrir Drottin.

Þótt engillinn gæfi ekki greinilegt svar við spurningu Billy, þá fór hann ekki heldur. Billy tók það sem merki um að það væri í lagi. Billy vildi ekki ganga yfir herbergið og reyndi því að vekja Billy Paul með því að hvísla hátt: “Billy. Pssst... Billy! Drengurinn bærði ekki á sér, svo að Billy reyndi að vekja bróður sinn. “Donny. Donny.” Það var ekkert svar. Billy tók upp koddann sinn og fleygði honum í næsta rúm. Hann lenti á höfði Donny og hann hreyfði sig nóg til að koddinn datt af andliti hans. “Donny!” Hvíslaði Billy aftur.

Hann fékk bælt svar: “Já, hva..ð viltu?”

“Donny, vektu Billy fyrir mig.”

Donny settist svefndrúkkinn upp í rúminu, til að hann gæti hrist Billy Paul. “Billy, vaknaðu. Pabbi þinn vill tala við þig.”

Billy Paul velti sér við og hálfopnaði augun. “Hvað viltu, pabbi?”

Þar sem Donny lá á bakinu, sá hann hið yfirnáttúrulega ljós lýsa uppi í loftinu. Hann rak upp óp af ótta og velti sér yfir í hinn enda rúmsins, burt frá englinum. Við það glaðvaknaði Billy Paul. Þegar drengurinn sá ljósið gaf hann frá sér óp. Billy Paul skreið út úr rúminu og henti sér í fang föður síns og það æmti í honum: “Pabbi, ekki láta það taka mig. Ekki láta það taka mig.”

Billy faðmaði son sinn fast að hjarta sér og hughreysti hann: “Vinur, það tekur þig ekki. Þetta er engill Drottins, sem leiðir pabba þinn. Hann var að enda við að tala við mig og ég spurði hann hvort þú gætir fengið að sjá hann, til að þú hefðir ekki áhyggjur af pabba þínum, þegar hann þarf að yfirgefa þig til að vinna fyrir Drottin.”

Billy Paul leit aftur á hið yfirnáttúrulega ljós. Í þetta skipti sá hann hvítklæddan mann standa á gólfinu, með krosslagðar hendur og hann horfði á hann alvarlegum augum. Allt í einu hvarf maðurinn inn í hvíta móðu, sem skaust út úr herberginu á leifturhraða. Þótt undarlegt mætti virðast, þá var birta sem líktist regnboga uppi í loftinu, þar sem engillinn hafði staðið.

Næsta morgun stóð Billy við glugga herbergisins og starði niður á götuna fyrir neðan. Lögreglumenn voru að fylgja vörubíl, sem var hlaðinn af hjólastólum, hækjum, börum og stoðtækjum, sem hafði verið skilið eftir á síðustu samkomu hans. Fyrir aftan

<sup>13</sup> Matteus 10:37-38 og Lúkas 14:26-27.

vörubílinn gekk fólkið, sem hafði fleygt frá sér þessum hlutum. Það söng þemalag Billy: “Trú aðeins trú., trú aðeins trú. Allt er nú mögulegt. Trú, aðeins trú.”

Billy grét af gleði og hugsaði um hvernig trú þessa fólks hefði orðið innblásin í gærkvöldi af *einu* kraftaverki þegar lítill drengur, sem var fæddur blindur, fékk sjónina. Það er satt að það var langur tími, að biðja fyrir einum einstakling í klukkutíma og fjörutíu og fimm mínútur, meðan mörg hundruð aðrir biðu eftir að fá fyrirbæn. En sýndi ekki þessi skruðganga að það var þess virði?

Í gærkvöldi hélt Billy að hann hefði skilið áminningu engilsins. Í dag var hann hreint ekki svo viss um að hann skildi hana.

## 38. Kafli

### “Kraftaverkaröðin.”

1947

**Hvar sem** William Branham hélt herferð, sá hann meiri mannfjölda og stórbrotinn árangur. Í júní 1947 eyddi hann tveimur vikum í viðbót í Jonesboro í Arkansas. Aftur, alveg eins og hafði verið í fyrra skiptið, hópuðust mörg þúsund manns inn í borgina, alls staðar að úr Suðurríkjunum. Í þetta skipti reyndi Billy að treina sér orku sína. Í stað þess að biðja dag og nótt fyrir sjúkum, eins og hann hafði gert árið áður, þá lauk hann hverri samkomu klukkan tvö um nóttina. Samt sem áður hélt ofþreyta áfram að kvelja hann. Fyrir utan það líkamlega álag að berjast við djöfla á hverju kvöldi, gat hann oft ekkert hvílst allan daginn. Annað hvort leyfðu taugar hans honum ekki að sofa, eða þá að kringumstæður komu upp sem þörfnuðust tafarlausrar athygli hans.

Morgun einn barði gestgjafi hans, forstöðumaðurinn Young Brown, á dyrnar og sagði: “Bróðir Branham, mér þykir mjög leitt að vekja þig, en þetta er neyðartilfelli. Ég þarf að tala við þig.”

“Komdu inn, bróðir Brown.”

“Það kom símtal í morgun frá föður í El Dorado í Arkansas. Hann heitir Myrick. Dóttir hans er líklega nær dauða en lífi af krabbameini og hann vildi vita hvort þú vildir fara og biðja fyrir henni.”

“El Dorado er í töluverðri fjarlægð héðan, er það ekki?”

“Jú, þangað eru næstum því 320 kílómetrar. Ég er með Cessna flugvél til reiðu, til að fljúga með þig þangað, ef þú vilt fara.”

Billy fann að Heilagur Andi vildi að hann færi og sagði: “Allt í lagi, ég get verið tilbúinn að leggja af stað eftir hálf tíma.”

Þegar einkaflugvélin lenti í El Dorado, beið lækni á flugvelli, til að taka á móti Billy og keyra hann heim til Myrick fjölskyldunnar. Á leiðinni gaf læknirinn honum nánari upplýsingar. “Laddie Myrick er 28 ára gömul. Bróðir Branham, þessi vesalings kona hefur átt erfitt. Hún bæklaðist af völdum lömunarveiki þegar hún var barn og núna hefur krabbameinið heltekið hana. Fyrir tveimur vikum opnaði ég síðu hennar og tók út 12 kílóa krabbameinsæxli. Nú hefur það vaxið á nýjan leik. Það er engin von um hana, eftir því sem ég best fæ séð.”

Fimmtán manns, foreldrar, systkini, frænkur, frændur og systkinabörn stóðu í portinu og biðu eftir Billy. Eftir að hafa tekist í hendur, hópuðust allir inn í eldhúsið. Billy spurði: “Veit Laddie hvað er að henni?”

“Nei,” svaraði faðir hennar. “Við sögðum henni aldrei frá því. Við höldum að það væri betra þannig. Ekki segja henni það, bróðir Branham.”

“Ég get ekki lofað því.” Billy sá að faðirinn tók ekki vel á málinu. “Nú, ekki gráta. Það fær ykkur aðeins til að efast. Þið verðið að vera sterk og trúa að Drottinn Jesús geti læknað dóttur ykkar. Eruð þið kristin?”

“Nei, bróðir Branham. Laddie er sú eina af okkur sem er kristin. Ég býst við að við séum of slæm. Ætli það sé ekki þess vegna sem Guð er að taka hana frá okkur.”

Billy sá að hann hafði fengið tækifæri. “Ef Guð leyfir þessari ungu konu að lifa, viljið þið þá öll lofa mér að iðrast synda ykkar, gefa Jesús Kristi hjarta ykkar, láta skírast og lifa kristilegu lífi?”

Þau samþykktu einróma. Billy fór einn inn í svefnherbergið. Laddie var mjög föl og bólgin í andliti. Hún leit vissulega út eins og kona, sem aðeins á örfáa daga eftir ólifað. Billy kynnti sig fyrir henni.

Laddie sagði: “Bróðir Branham, mér skilst að þú getir sagt fólki hvað er að því.”

“Já, fyrir miskunn og hjálp Guðs, þá get ég það.”

“Bróðir Branham, viltu segja mér hvað að mér er? Þau vilja ekki segja mér það.”

“Já, ungrú.” Með vinstri hönd sinni tók hann um hægri hönd hennar og fann krabbameinsbylgjurnar, kröftugar og banvænar. “Það er krabbamein,” sagði hann, “en lækningin þín var þegar búin að segja mér það. Hann segir að þinn tími til að fara héðan, sé eftir tvo eða þrjá daga. Ert þú reiðubúin?”

Rólynt, fallett bros, kom á bólgnar varir hennar. “Bróðir Branham, ég er reiðubúin. Ég er kristin og það er engin hindrun á milli sálar minnar og Frelsara míns. En ég vildi óska að fólkið mitt mætti frelsast. Ég hef reynt að leiða það til Krists, en ég gat það ekki.”

Billy klappaði henni á handarbakið og sagði: “Ef til vill er þetta tækifærið sem þú hefur verið að þrá. Þau elska þig öll svo mikið. Þau lofuðu hvert og eitt að ef þú yrðir heilbrigð myndu þau þjóna Guði.”

Billy kraup við rúmstokkinn og fór að biðja. Hann hélt enn um bólgnar hönd Laddie. Eftir nokkrar mínútur hættu krabbameinsbylgjurnar.

Laddie titraði og sagði: “Bróðir Branham, ég fann eitthvað fara í gegnum mig. Ég veit ekki hvað gerðist, en mér líður öðruvísi. Ég bara veit að ég muni aftur verða heilbrigð.”

“Já, systir Laddie,” samsinnti Billy. “Drottinn Jesús hefur drepið líf þessa krabbameins.”

**Hægt og hægt** batnaði ástand Laddie Myrick. Fjölskylda hennar kallaði það kraftaverk. Það sama gerðu lækningar hennar, vinir og nágrannar. En William Branham kaus heldur að kalla það lækningu. Honum virtist sem kraftaverk væru öðruvísi en lækningar, jafnvel þótt Guð bæri ábyrgð á hvoru tveggja. Í lækningu, hafði Guð áhrif á lögmál náttúrunnar, til að endurreisa heilsu einstaklings. Þess vegna tók lækning tíma í samræmi við lögmál líffræði og efnafræði. Kraftaverk, á hinn bóginn, gerðist undireins og var algerlega í ósamræmi við öll náttúrulögmál. Til dæmis, þegar séra Shepherd kom fram í fyrirbænaröðinni og var með stórt krabbameinsæxli á hálsinum utanverðum. Billy hastaði á djöfulinn í Jesú nafni og krabbameinsæxlið varð undireins hvítt, féll af hálsi hans, niður á pallinn og rúllaði milli fóta Billy. Herra Shepherd beygði sig niður, tók það upp og fór fagnandi niður af pallinum. Nokkrum dögum seinna kom hann fram, til að vitna um hinn lækningu mátt Jesú Krists. Hann hafði æxlið með sér í krukku með vínanda og benti á gatið á hálsi sér, þar sem æxlið hafði verið. Þetta var greinilega kraftaverk, vísindalega ómögulegt, en samt hafði það gerst. En hvað snerti lækningu Laddie Myrick, hversu undursamleg sem hún virtist vera, þá kallaði Billy það lækningu, af því að það tók nokkrar vikur, þar til hún var fullkomlega heilbrigð.

Þar sem árangur lækningar var oft hinn sami og kraftaverks, þá leit Billy á þau sem jöfn. Samt sem áður litu ekki allir, sem unnu með honum, sömu augum á þetta. Séra Kidson, sem skipulagði herferðir Billy í Kanada í ágúst, trúði því að ef fólkið gæti orðið vitni að nokkrum kraftaverkum í upphafi hverrar samkomu, þá myndi það auka trú allra í húsinu. Þannig að í hvert sinn, sem bænaraðir voru myndaðar, fyrst í Saskatoon í Saskatchewan, síðan í Edmonton í Alberta og að lokum í Calgary, gekk herra Kidson meðfram hinum löngu röðum af fólki og tók út tvö eða þrjú erfið tilfelli,

til að færa þau fremst í röðina. Stundum var það heyrnarlaus einstaklingur, stundum einhver blindur eða rangeygður, eða einhver sem var mikið fatlaður. Einhver, sem fólkið gæti auðveldlega séð að hefði fengið lausn og myndi kallast kraftaverk.

Við upphaf herferðarinnar í Calgary í Alberta, ákvað séra Kidson að það gæti verið athyglisvert að komast að því hvað myndi gerast, ef það væri eingöngu bæklað fólk í fyrirbænaröðinni. Hann tilkynnti áform sín um að hafa slíka samkomu á föstudagskvöldinu. Hann auglýsti þetta sem “kraftaverkaröðina” og lýsti “bækluðum”, sem einhverjum, sem væri með ytri líkamlega fötlun.

Þegar Billy heyrði um þessa áætlun, varð hann órólegur. Áminning engilsins kom upp í huga hans. “*Þú takmarkar gjöf lækningarinnar of mikið, við að gera kraftaverk.*”

Billy hafði lofað Guði, að hann myndi aldrei aftur skora á fólkið að koma með verstu tilfelli, sem það gæti fundið. Strangt til tekið, hafði hann haldið loforð sitt. Hann kom ekki lengur með þessa áskorun. Samt hafði hann vitað að bróðir Kidson gekk meðfram röðinni, til að ná í verstu tilfelli og koma með þau fremst í röðina og Billy hafði ekki mótmælt því. Hvað hafði engillinn átt við þegar hann sagði: “Takmarkar.” Meðan Billy velti því fyrir sér hvað hann ætti að gera, minntist hann allra ára, sem hann hafði verið útlagi á meðal fólks. Nú átti hann vini og stuðningsmenn út um allt land, bróðir Kidson var þeirra á meðal. Ef bróðir Kidson hafði traust á honum, ætti hann þá ekki að endurgjalda það traust? Billy ákvað að hann skildi halda sig við ‘kraftaverkaröðina’ og sjá hvernig allt gengi.

Samkoman sem haldin var umrætt föstudagskvöld, hlýtur að hafa verið ein af þeim ótrúlegustu, sem menn hafa orðið vitni að, síðan Jesús gekk um í Galíleu og “*læknaði hvers kyns sjúkdóm og veikindi meðal lýðsins.*”<sup>14</sup> Meira en 600 manns fóru í “kraftaverkaröðina.” Heyrnarlaus börn heyrðu í foreldrum sínum, rangeygðir læknuðust og blind augu sáu ljós. Lamaðir gengu og fleygðu frá sér hækjum sínum. Fólk, sem borið var inn á börum, hjálpaði sjálf til, að halda á þeim út. Allir sem fóru í röðina fengu kraftaverkið sitt. Hver meðal áheyrenda, sem sá þessa ótrúlegu uppákomu, gat efast um að Jesús Kristur væri enn lifandi?

Einn af þeim var ungur maður frá Úkraínu, sem hét Bardanuck. Hann fæddist með annan fótinn styttri en hinn. Til að vega upp á móti þessu notaði hann sérstakan skó með þykkum sóla. En svo mikil var trú hans, að hann tók með sér venjulega skó, þegar hann kom fram til fyrirbæna. Hann var með skóna hangandi um háls sér til að áheyrendur gætu séð. Eftir fyrirbæn gekk hann út á nýju skónum og skildi hina eftir á pallinum.

Annað framúrskarandi tilfelli var 33 ára gamall karlmaður, sem hafði eytt mestu af lífi sínu í hjólastól. Maðurinn var hræðilega fatlaður. Handleggir hans og fótleggir voru visnir og gagnslausir. Móðir mannsins annaðist hann og hafði farið með hann á allar samkomur Billy í Kanada, fyrst í Saskatoon og síðan í Edmonton. Hún reyndi örvæntingarfull að koma syni sínum í fyrirbænaröð, en það hafði ekki tekist. Í Calgary var hún orðin peningalaus og hún hélt að hún yrði að fara aftur heim, án sigurs. En þegar hún heyrði séra Kidson tilkynna að það myndi verða “kraftaverkaröð” á föstudagskvöldinu, sem aðeins fatlaðir og bæklaðir yrðu í, þá veðsetti hún giftingarhringinn sinn, til að fá peninga svo að hún gæti verið þarna, það sem eftir var vikunnar.

Nú var komið föstudagskvöld og þessi ungi maður beið í kraftaverkaröðinni eftir að komast að. Það var aðeins einn einstaklingur á undan honum, níu ára gömul stúlka,

---

<sup>14</sup> Matteus 4:23.

sem þjáðist af hrygg skekkju. Donnie Branham hjálpaði stúlkunni upp þrepinn, upp á pallinn. Billy lagði vinstri hönd sína á mjöðm stúlkunnar og bað Drottin Jesú að miskunna henni. Hann fann hönd sína hitna og síðan var eins og kraftur færi niður eftir fótleggjum hennar. Á næsta augnabliki réttist úr hrygg stúlkunnar í nokkrum áföngum. Meðan undrun og spenningur braust út meðal áheyrenda, lagði Billy Biblúna sína á höfuð stúlkunnar og lét hana ganga fram og aftur á sviðinu. Hún lét Bókina halda eins vel jafnvægi og væri hún fjölleikahússlistamaður. Hryggur hennar var beinn og hún gekk teinrétt.

Nú var komið að þessum unga manni í hjólastólnum. Donnie Branham keyrði hann upp á pallinn. Billy leit á visna fótleggi þessa manns og hjarta hans fylltist kærleika til hans. Í 35 mínútur grátbað hann Drottin að frelsa þennan mann frá sínu aumkunarverða ástandi. Síðan fann Billy hið bindandi djöfullega afl hverfa á einu augnabliki.

Ungi maðurinn fann það líka og barðist við að hreyfa útlími sína. Annar handleggur lyftist hálf leið upp, fótleggur hreyfðist, síðan lyftist hinn handleggurinn hærra en sá fyrri. Það ískraði í honum af spenningi, þegar hann fann nýtt líf færast í dauða lími sína, en hann stóð ekki upp úr hjólastólnum það kvöld.

**Næsta kvöld** var síðasta samkoma Billy í Calgary. Jack Moore opnaði samkomuna meðan Billy bað fyrir utan sviðið og beið eftir að heyra þemalagið sitt: “Trú aðeins trú,” sem var merki hans um að stíga fram. Á laugardagskvöldinu gerði séra Moore nokkuð, sem hann hafði aldrei gert áður og átti aldrei aftur eftir að gera. Hann sagði frá persónulegum högum William Branham; þeirri hlið á trúboðanum, sem áheyrendur hans myndu aldrei sjá, en sem Jack Moore hafði fylgst náið með undanfarna sjö mánuði. Moore lýsti því hvernig séra Branham fastaði og bað í marga daga fyrir hverja herferð og hvernig hann fór allt að endimörkum styrks síns, ef hann hélt að hann gæti hjálpað einhverjum; hverjum sem var. Moore sagði áheyrendum frá því hve varkár séra Branham væri í sambandi við peninga og hvernig hann neitaði að græða neitt á þeirri gjöf, sem Guð hafði gefið honum. Síðan lýsti Moore fyrir fólkinu, hvernig séra Branham og fjölskylda hans bjuggu í tveggja herbergja hreysi, með engri pípulögn. Hann sagði þeim hve fátæklega hurðir þeirra væru einangraðar og hvernig Meda Branham tróð tuskum undir dyrnar til að varna gegnumtrekk, til að börnin þeirra fengju ekki lungnabólgu. Síðan bað séra Moore fólkið að gefa þessum hugrakka trúboða, sem vann af svo miklum krafti, þeim til gagns, án þess að hugsa um sjálfan sig, ‘kærleiksgjöf’. Þessi samskot yrðu eingöngu til að kaupa nýtt húsnæði fyrir William Branham. Fólkið brást rausnarlega við, úr dýpi kærleika síns og þakklætis.

Þegar Billy kom upp á sviðið vissi hann ekkert um neitt af þessu. En hann fann hve trú fólksins var öflug. Áður en hann hóf kvöldbænaröðina, bauð hann unga mannum, sem hafði verið bundinn í hjólastól kvöldið áður, að koma og gefa vitnisburð. Í mörg ár hafði þessi maður verið bundinn í hjólastól. Í kvöld gekk hann hægt niður ganginn og ýtti stólnum á undan sér. Hann sagði áheyrendum hvernig kaldur titringur hefði farið í gegnum sig, þegar William Branham bað fyrir lausn hans. Þótt hann hefði lítið annað gert í gær en rétt að hreyfa lími sína, þá hafði hann þann morguninn getað rakað sig og matast án aðstoðar. Hann var spenntur yfir því og hélt áfram að athuga möguleika sína. Um hádegi gat hann staðið og haltrað um, með því að styðja sig við borð og stóla. Ástand hans batnaði með hverri klukkustund sem leið.

Það laugardagskvöld komu meira en tvö þúsund manns fram í gegnum bænaröðina. Hjarta þeirra var gagntekið sannfæringu og fólkið fékk ekki aðeins lækningu, heldur

tóku mörg hundruð manns við hjálpræðinu og sneru sér frá syndum sínum til að taka við Jesú Kristi, sem hinum lifanda Guði.

Næsta morgun varð Billy steinhissa, þegar Jack sagði honum frá því hvað hann hefði gert kvöldið áður og hve miklum peningum hann hefði safnað fyrir Billy til að kaupa nýtt hús. Fyrstu viðbrögð Billy voru að hafna fórninni. “Ég kom með ekkert inn í þennan heim og það er alveg öruggt að ég fer ekki með neitt út úr honum. Ég á hús nú þegar, svo hvers vegna skyldi mig vanta nýtt hús?”

Jack var eftirgangsharður. “Ef ekki fyrir þig, þá fyrir konuna þína. Það er ekki rétt að fara svona með hana, þegar þú getur gefið henni eitthvað betra.”

“En ég get ekki gefið henni neitt betra.”

“Jú, víst getur þú það. Þú átt 28 þúsund dali. Þú átt þá, af því að fólkið gaf þér þá.”

“Ó, skilaðu þeim, bróðir Jack.”

“Hvernig á ég nú að fara að því? Það eru allir eru farnir heim til sín.”

Billy varð að samþykkja þau rök. Með semingi tók hann við fórninni.



## 39. Kafi

### Kólóradóklettafjöllin.

1947

**Pegar sumarsamkomum** hans árið 1947 var lokið, hlakkaði William Branham til að fara heim, hitta fjölskyldu sína og fá þá hvíld, sem hann þarfnaðist svo mjög. En þegar hann ók inn í Jeffersonville, varð hann hissa á að sjá að báðum megin vegarins nærri heimili hans, var bílum lagt svo þétt að hann fann engan stað til að leggja á. Hann horfði í áttina heim til sín og þá sá hann hvers vegna. Það var fólk alls staðar. Það gekk um í garðinum og á gangstéttinni, sat í bílum sínum eða stóð á veröndinni fyrir framan húsið. Allt þetta ókunna fólk var greinilega að bíða eftir að hann kæmi heim. Billy hafði ekki næga orku afgangis til að nema staðar og tala við það. Hann keyrði bara áfram.

Í fimm daga bjó Billy hjá fjölskyldu úr kirkjunni sinni, meðan hann bað yfir þessu og íhugaði hvað hann ætti til bragðs að taka. Að endingu fóru djáknar úr kirkju hans heim til hans og töluðu við hina óboðnu gesti. Þeir útskýrðu þörf Billy fyrir hvíld og næði. Fólkið dreifði sér og Billy gat farið heim.

Nú var liðið eitt ár síðan engill Drottins hafði mætt honum og gefið honum tilskipun um að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Árangur tilskipunarinnar hafði farið langt fram úr öllum hans björtustu vonum. Á einu ári hafði þjónusta hans stækkað úr því að vera auðmjúkt upphaf, upp í að snerta líf tugþúsunda manna í Norður-Ameríku. Þvílíkur vöxtur varð ekki án þess að það kostaði mikið. Hið mikla erfiði og álag síðasta árs var nú að koma niður á honum. Langar nætur við bænir, of lítill svefn, að ferðast borg úr borg, allt olli þetta samanlagt þreytu Billy. Samt virtist eitthvað annað vera blandað í þetta. Eitthvað andlegt, sem Billy átti erfitt með að skilja.

Meðan á samkomunum stóð, þegar hönd Billy bólgnáði upp af bylgjunum frá djöfli, þá var það meira en bara líkamleg viðbrögð við sjúkdómi. Þetta var andlegt stríð. Enda þótt kraftur Jesú Krists reyndist ávallt meiri, þá fóru djöflarnir samt sem áður ekki án baráttu. Billy fann fyrir áhrifum sérhverrar orrustu. Þegar sjúkdómsáhrifin hættu, þá fann Billy hluta af sínum eigin styrk tæmast. Þegar hverri herferð lauk, staulaðist hann um, allt að því meðvitundarlaus. Næsta dag var hann ennþá útkeyrður, alveg sama hve miklum svefni honum tókst að ná. Síðan hófst fyrirbænaröð næstu samkomu og Billy eyddi fjórum til fimm tímum í að berjast við djöfla, þegar hann bað fyrir hinum sjúku. Hann hafði ekkert tækifæri til að endurnýja orku sína og hið ótrausta ástand hans fór hægt versnandi.

Hann vissi að hann þarfnaðist hvíldar frá þessari stífu dagskrá. Ef til vill gæti hann náð upp fyrri þrótti og úthaldi, ef hann tæki sér tveggja mánaða frí. Billy eyddi mestu af septembermánuði við að skipuleggja nýja húsið sitt. Hann keypti lóð við Ewing Lane 208 í Jeffersonville og réði síðan húsasmíðameistara á staðnum til að sjá um húsbygginguna.

Eftir að hann hafði séð um þessi mál, fór Billy í gegnum póstin sinn. Hann eyddi mörgum dögum aleinn í skóginum, við að hrópa til Guðs, vegna hinna mörg þúsund bænaefna, sem höfðu hlaðist upp í fjarveru hans. Það voru líka mörg hundruð bréf frá Guðsþjónum, sem grátbáðu hann um að koma og halda lækningaherferðir í sínu

nágrenni. Augljóslega gæti hann ekki orðið við þeim öllum. Því meir sem Billy bað yfir þessu, því betur líkaði honum hugmynd, sem Gordon Lindsey hafði komið með nokkrum mánuðum áður. Séra Lindsey hafði boðist til að skipuleggja ferð meðfram norðurhluta Kyrrahafsstrandarinnar. Lindsey stakk upp á að samkomurnar, sem hann skipulegði yrðu byggðar á nýrri hugmynd. Hann gerði ráð fyrir að hin einstaka þjónusta Billy drægi að sér kristna úr ýmsum kirkjudeildum. Séra Lindsey langaði til að fá eins margar kirkjudeildir og mögulegt væri í einn stuðningshóp. Billy fannst þessi hugmynd mjög spennandi, því að alveg síðan engillinn hafði gefið honum tilskipun sína, hafði hann vonast til að þjónusta hans gæti hjálpað til við að sameina hið klofna kristna samfélag. Hann íhugaði sýnina, sem hann hafði séð árið 1933, þegar hann stóð á milli tveggja aldingarða og safnaði saman eplum og plómum í báðum aldingörðunum. Það var þá sem Drottinn hafði sagt honum að: “*Vinna verk trúboða.*” Billy hafði alltaf tekið það svo, að hann ætti að prédika fagnaðarerindið í öllum kirkjudeildum og aldrei sameinast ákveðnum hóp. Svo að hann var ánægður með að láta séra Lindsey skipuleggja samkomur á norðurhluta Kyrrahafsstrandarinnar í fyrri hluta nóvembermánaðar.

**Í október árið 1947** fór Billy í frí. Hann ferðaðist vestur til Kólóradófykkis og reið hátt upp í Klettafjöllin, til að eyða nokkrum vikum við veiðar, í útilegu og til viðræðna við Skapara sinn. Enda þótt hann hefði komist í bein tengsl við fjöldann allan af fólki síðasta árið, þá hélt hann áfram að vera maður óbyggðanna í hjarta sínu. Hér, mitt á meðal hinna djúpu dala og háreistu fjallatinda Kólóradókklettafjallanna, gat Billy gengið um, laus við mannfjöldann og allar áhyggjur. Hinir frostköldu morgnar við varðeldinn endurnærðu hann og hin hlýju síðdegi með mjúkum andvara, sem hvíslaði í grenitjánnum, róðu útjaskaðar taugar hans.

Dag einn kom Billy auga á arnarhreiður, sem var staðsett á klettasyllu uppi á þverhniptum fjallstindi. Hann fylgdist með því í skörpum sjónauka sínum hvernig arnarmóðirin kenndi afkvæmum sínum list þess að komast af. Fimm loðnir litlir ungar skriðu upp á bak hennar. Þeir bitu rígfast með nefinu í fjaðrir hennar meðan hún bar þá út úr hreiðrinu og niður á grösuga sléttu, mörgum metrum fyrir neðan. Hún hristi þá af sér og skildi þá eftir til að leika sér, meðan hún flaug upp á hæsta tind, sem hún gat fundið. Þessir fimm litlu arnarungar voru yfir sig ánægðir, að fá að ærslast í mjúku grasinu. Þeir hlupu um í hringi, tístu, gogguðu í skordýr og hoppuðu yfir hvern annan. Þeir litu út fyrir að vera ánægðir og áhyggjulausir.

“Þetta minnir mig á Hvítasunnuvakningu,” hugsaði Billy. “Þetta er eins og mannvera í hinu gamla hreiðri heimsins. Hann þekkir ekkert nema það sem djöfullinn gefur honum. En einn daginn tekur hann við kærleika Jesú Krists. Einmitt þá tekur Guð hann upp og setur hann niður á græna skuggsæla grund. Hann er frjáls og fagnandi.”

Billy hélt áfram að fylgjast með litlu fuglunum og hinum léttlyndu skrípalátum þeirra. Hann hugsaði: “Af hverju ætli þeir séu ekki hræddir? Vita þeir ekki að það eru fjallaljón í nágrenninu?”

Hann minntist arnarmóðurinnar og beindi sjónaukanum að tindri hennar. Hún hafði ekki hreyft sig, fyrir utan höfuðið, sem hún hreyfði til og frá þegar hin fráú augu hennar greindu hverja hreyfingu í dalnum. “Ég skil,” hugsaði Billy. “Ef fjallaljón tekur að færa sig í áttina að þessum litlu arnarungum, þá mun móðirin höggva það til bana.”

Síðan tók Billy eftir að þetta átti líka við andlega. “Nú, lof sé Guði! Það er alveg rétt. Jesús Kristur tók mig út úr hreiðri heimsins, síðan klifraði hann upp virkisveggi

dýrðarinnar og situr nú í himinhæðum og fylgist með arfleifð sinni. Hinn trúaði þarf aldrei að óttast.”

Meðan Billy fylgdist með arnarmóðurinni, sá hann hana líta til hliðar, eins og hún hefði tekið eftir einhverju óvenjulegu. Billy skoðaði sjóndeildarhringinn og sá hvað það var sem olli henni áhyggjum. Stormur var að færast í áttina til þeirra úr norðri. Svört ský komu æðandi inn fyrir sjóndeildarhring. Þegar heyrðist í fyrstu þrumunni, gargaði arnarmamma og lyfti sér af tindinum og stefndi beint að grundinni fyrir neðan. Þegar hún lenti baðaði hún út vængjum sínum og gargaði aftur. Undireins komu ungarnir hennar hlaupandi til að halda sér fast í fjaðrir hennar með goggum sínum og klóm. Vindurinn blés hraðar með hverri mínúttunni sem leið. Arnarmóðirin hélt af stað, með hina þungu byrði, unguna sína. Hún notaði uppstreymi loftsins á fimlegan hátt, til að lyfta sér upp í þá hæð, sem hreiðrið var í. Síðan stakk hún sér á um 50 kílómetra hraða á klukkustund, beint niður á klettasylluna.

Billy tók sjónaukann frá augunum og grét. Hann hugsaði: “Einn dýrðardag, þegar vakningunni er lokið, mun Jesús hraða sér úr dýrðinni. Hann mun breiða úr sínum kröftugu vængjum til að allir litlu arnarungarnir geti bitið sig fasta í þá og síðan munu þeir fljúga með Honum inn í eilíft öryggi.”

Það kvöld, við birtuna frá varðeldinum sínum, fletti Billy upp á orðinu örn í útskýringum sínum og fylgdi tilvitnunum í gegnum Biblíuna. Hann varð heillaður af ákveðinni málsgrein. Í Annarri Mósebók 19:4, bar Drottinn þjónustu Móse saman við arnarvængi. Af hverju skyldi Drottinn bera spámann sinn saman við vængi arnarins? Ef til vill vegna þess að örninn getur flogið hærra og séð lengra en nokkur önnur vera á jörðinni. Jú, það var köllun allra spámanna Guðs. Guð gaf þeim hæfileika til að svífa hærra og sjá lengra á hinu andlega sviði en nokkrum öðrum. Hann lét þá sjá inn í fortíð og framtíð, sem og hvað sé sannleikur og hvað ranglæti.

Billy hafði séð hluta af framtíðinni og þessi brot höfðu alltaf reynst sönn. Þýddi það að hann ætti eitthvað sameiginlegt með Móse? Þegar engillinn mætti honum í hellinum hafði hann sagt: “*Eins og spámanninum Móse voru gefin tvö ták, til að sanna að hann væri sendur af Guði, eins verða þér gefin tvö ták.*”

Billy fletti upp á þriðja kaflanum í Annarri Mósebók og las þann stað þar sem Guð hitti fjárhirðinn Móse og gaf honum tilskipun um að fara með frelsisboðskap til Ísraelsmanna, sem enn voru í þrældómi í Egyptalandi. Í Annarri Mósebók las Billy:

“Móse svaraði og sagði: ‘Sjá, þeir munu eigi trúa mér og eigi skipast við orð mín, heldur segja: “Guð hefir ekki birst þér.”’ Þá sagði Drottinn við hann: “Hvað er það, sem þú hefir í hendi þér?” Hann svaraði: “Stafur er það.” Hann sagði: “Kasta þú honum til jarðar!” Og hann kastaði honum til jarðar, og stafurinn varð að höggormi, og hrökk Móse undan honum. Þá sagði Drottinn við Móse: “Rétt þú út hönd þína og gríp um ormshalann!” Þá rétti hann út hönd sína og tók um hann og varð hann þá aftur að staf í hendi hans...” Að þeir megi trúa því, að Drottinn, Guð feðra þeirra, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs, hafi birst þér.”

Drottinn sagði enn fremur við hann: “Sting hendi þinni í barm þér.” En er hann tók hana út aftur, var höndin orðin líkþrá og hvít sem snjór. Og hann sagði: “Sting aftur hendi þinni í barm þér.” Og hann stakk hendinni aftur í barm sér. En er hann tók hana aftur út úr barminum, var hún aftur orðin sem annað hold hans. “Vilji þeir ekki trúa þér eða skipast við hið fyrra jarteiknið, þá munu þeir láta skipast við hið síðara.””

Augljóslega vissi Guð hve hikandi Ísraelsmenn myndu verða, að trúa því að Móse væri spámaður, sendur af hinum mikla 'ÉG ER.' Þessi tvö yfirnáttúrulegu tákni voru sérstaklega gerð með það að augnamiði að sannfæra. Augljóslega gæti enginn maður gert svona lagað í eigin mætti. Þessi tákni hlutu að vera opinberun kraftar Guðs.

Eins og Móse, hafði Billy líka horft til sinna eigin misbresta, þegar engillinn sagði að hann ætti að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Eins og Móse, fékk hann loforð um tvö tákni til sönnunar á tilskipun hans. Hann leit á vinstri hönd sína. Kvöld eftir kvöld hafði hann fylgst með hönd sinni bólga við bylgjur hinna ýmsu sjúkdóma. Eftir að Jesús hafði kastað illa andanum út, hafði Billy séð hönd sína verða aftur eðlilega. Hann hafði aldrei séð það bregðast. En hvað með seinna táknið? Engillinn sagði: *“Ef þú verður auðmjúkur og einlægur, þá mun það verða að þú getir sagt fyrir sýn, leyndarmál hjarta fólksins. Þá mun fólkið verða að trúna þér.”* Hvað þýddi það? Hvenær myndi það gerast?

Billy setti annan trjádrumb á eldinn og hallaði sér afturábak upp að tré, meðan hann velti því fyrir sér hvort það væru fleiri hliðstæður milli lífs Móse og síns eigin. Þegar Guð notaði Móse til að frelsa börn Ísraels úr ánaðinni í Egyptalandi, þá birtist hann sem skýstólpi á daginn og eldstólpi á næturnar. Vissulega hafði Guð birst í ýmsum myndum í gegnum aldirnar, en samt virtist eldstólpi og skýstólpi vera tvær af algengustu skikkjum hans. Það var Guð í mynd eldstólpa, sem fyrst hafði dregið að sér athygli Móse í eyðimörkinni. Móse sá logandi runna, en runninn brann ekki.<sup>15</sup> Gæti sá eldstólpi verið sama stjarnan og leiddi vitringana frá Persíu til Betlehem, þar sem þeir fundu litla konungssoninn Jesús?<sup>16</sup> Vissulega var það það brennandi ljós, sem breytti Sál frá Tarsus í postulann Pál.<sup>17</sup> Var það sama ljósið og birtist í kofanum morguninn, sem Billy fæddist? Var það líka sama blikandi stjarna og hafði komið í ljós fyrir ofan hann, þegar hann var að skíra þá fyrstu sem hann leiddi til trúar árið 1933? Og hvað þá með ljósið í hellinum? Þegar engillinn mætti honum í hellinum, hafði hann stigið út úr miðjum eldstólpa. Hver voru hin beinu tengsl eldstólpana og engils Drottins? Í hvert skipti sem engillinn mætti Billy í mannlegri mynd, hringsólaði hið yfirnáttúrulega ljós, nokkrum sentímetrum fyrir ofan höfuð engilsins.

Þegar Billy varð hugsað til engils Drottinn varð hann skyndilega órólegur. Fyrsta ár lækningaþjónustu Billy, hafði engillinn birst honum títt. Nú voru liðnir sex mánuðir frá síðustu heimsókn engilsins. Billy hafði ekki séð engilinn, síðan í Vandalía í Illinois, þegar engillinn hafði varað hann við að leggja of mikla áherslu á kraftaverk. Billy saknaði heimsókna engilsins. Af hverju var hann fjarverandi? Var eitthvað sem enn var ekki rétt?

---

<sup>15</sup> Önnur Mósebók 3:2.

<sup>16</sup> Matteus 2:1-2.

<sup>17</sup> Postulasagan 9:1-5.

## 40.Kafli

### Hin mikla prófraun.

1947

**Í nóvember 1947**, hóf William Branham ferð sína um norðurhluta Kyrrahafsstrandarinnar, með fjögurra daga lækningaherferð í Vancouver í Bresku Kólumbíu. Samvinnan milli guðsþjóna á staðnum, fór langt fram úr því sem Vancouver hafði áður séð á milli kirkjudeildasafnaða. Á hverju kvöldi var hinn stóri samkomusalur troðfullur. Kvöld eftir kvöld, voru lækningasamkomurnar alveg ótrúlegar. Einn trúboðinn á staðnum, Ern Baxter, var svo hrifinn, að hann eins og Jack Moore og Gordon Lindsey, afboðaði allar eigin skuldbindingar, til að hann gæti fylgt Branhamherferðinni eftir, borg úr borg.

Næsti viðkomustaður Billy var Portland í Oregon. Eins og í Vancouver, sameinuðust mörg hundruð forstöðumenn í því augnamiði, að gera Portlandsamkomurnar árangursríkar. Á fyrsta kvöldinu fóru 7.000 manns gegnum hlið samkomusalarins, áður en eftirlitsmaður brunavarna skipaði að nú skyldi loka dyrunum. Þúsundir stóðu eftir fyrir utan.

Það var á þriðja kvöldi Portlandherferðar Billy, að Satan reyndi að eyðileggja hann. Gordon Lindsey leiddi fólkið í þemalagi Billy: “Trú aðeins trú, allt er nú mögulegt, trú aðeins trú,” meðan Billy gekk fram á sviðið. Eftir að hafa heilsað áheyrendum, hvatti Billy fólkið til að trúa Guði til að gera lækningar og kraftaverk. Meðan hann var að tala, tók hann eftir manni í gráum jakkafötum, sem gekk hratt fram eftir ganginum í miðjum salnum. Þegar maðurinn tók að ganga upp þrepin að pallinum, velti Billy því fyrir sér hvort hann væri einn af samkomuþjónunum, sem kæmi með mikilvæg skilaboð. Ef til vill hafði liðið yfir einhvern eða einhver fengið hjartaáfall og þarfnaðist tafarlausrar fyrirbænar. En þegar maðurinn kom upp á sviðið, sá Billy að eitthvað annað var að; það var mjög mikið að.

Stóri maðurinn nam staðar. Augu hans ranghvolfdust. Fyrst leit hann á hinn yfirfulla áheyrendasal og síðan á þá 300, sem sátu upp á sviðinu. Að lokum beindi hann sjónum sínum að litla prédikaranum við hinn upphækkaða pall. Stóri maðurinn fékk á sig reiðisvip. Neðri vör hans bærðist upp og niður og hann gnísti tönnum. Hann kreppti hnefana, eins og hann væri í þann mund að fara að beita þeim. Hann drattaðist áfram og rumdi: “Þú hræsnari. Þú höggormur í grasinu. Ég skal sýna þér hve mikill Guðsmaður þú ert. Ég ætla að brjóta hvert bein í þínum vesala litla skrokki.”

Án þess að segja eitt orð, sneri Billy sér við til að horfast í augu við ógnina. Stóri maðurinn leit út fyrir að geta auðveldlega framfylgt hótun sinni. Hann var meira en einn metri og níutíu á hæð og vó að minnsta kosti eitt hundrað tuttugu og fimm kíló. Til mótvægis hafði Billy lést og hann var nú aðeins um 59 kíló. Handleggur þessa manns var breiðari en mitti Billy.

Maðurinn kom hægt nær og nær. Tveir lögreglumenn komu út úr mannfjöldanum til að ganga á milli, en Billy veifaði þeim burt, án tillits til ótta síns. Hann sagði: “Þetta er ekki barátta við hold og blóð. Þetta er barátta á milli andlegra afla.”

Lögregluþjónarnir tveir stigu hikandi til baka, og fylgdust með vitfiringnum halda áfram á sínum hægfara, ákveðna hraða. Stóri maðurinn urraði: “Þú svikahráppur, sem

gefur þig út fyrir að vera þjónn Guðs. Ég skal sýna þessu fólki að þú ert ekkert nema lygari. Ég ætla að slá þig niður, þar til þú liggur í fangi þeirra.”

Maðurinn var aðeins nokkra metra frá Billy og hann nam nú staðar. Hann var svo hávaxinn, að Billy varð að líta upp, til að geta horft framan í hann. Billy bað í hljóði: “Kæri Guð, eina von mín er í þér.”

Hann heyrði kunnuglegt hljóð, eins og hvin í vindi og síðan fann hann nærveru engils Drottins nálgast. Samstundis vék allur ótti frá Billy og hann var yfirtekinn af djúpum kærleika. Billy hugsaði: “Aumingja maðurinn, hann er viti sínu fjær.”

Vitfiringurinn endurtók hótun sína. “Þú svikari. Ég mun brjóta hvert bein í þínum veikbyggða, litla skrokki.” Vöðvar hans hnykludust og hnefarnir krepptust.

Billy hugsaði: “Vesalings maðurinn, hann veit ekki hvað hann er að gera.” Síðan opnaði Billy munninn og ætlaði að segja: “Ég myndi ekki gera þetta, vinur,” en orðin, sem úr munni hans komu, voru allt önnur. Án þess að ætla það, sagði Billy: “Svo segir Drottinn; af því að þú hefur ögrað Anda Guðs, þá muntu falla að fótum mínum í kvöld og beygja þig fyrir nafni Drottins Jesú Krists.”

Stóri maðurinn spýtti stórri slummu af munnvatni og slími beint framan í Billy. Síðan rumdi hann: “Þú hræsnari, ég skal sýna þér fyrir hverjum ég mun falla fram.” Hann steig eitt skref áfram og kreppti hnefana og var þess alþúinn að gera árás.

Billy sagði mjúklega: “Satan, komdu út úr mannum.”

Handleggur mannsins sem var reiddur fram til höggs, stirðnaði eins og á stytta. Augu hans ranghvolfdust, munnur hans opnaðist og tunga hans titraði stjórnlaust. Hann kjökraði eins og barinn hundur, meðan augu hans runnu til og hann féll meðvitundarlaus fram fyrir sig. Höfuð hans lenti á skóm Billy og annar handleggurinn lenti aftur fyrir fótlegg hans og Billy gat sig hvergi hreyft.

Lögreglumennirnir tveir hröðuðu sér nú til þeirra og krupu hjá hinum meðvitundarlausu manni. Annar lögregluþjónanna leit upp og spurði: “Hvað gerðist? Er hann dáinn?”

“Nei, sagði Billy. Þetta er bara Guð að sýna kraft sinn til að láta þennan illa anda beygja sig fyrir sér. Það er allt og sumt.”

“Verður allt í lagi með hann, herna uppi?” Lögregluþjónninn benti á höfuð sitt.

“Nei, herra,” svaraði Billy. “Ef hann vildi losna við þennan anda, þá myndi hann ekki koma aftur. En hann heldur að hann sé réttur. Hann tilbiður þennan anda, svo að hann mun strax taka við honum aftur. Vilduð þið fjarlægja hann af fótum mér?”

Lögregluþjónarnir losuðu um handleggi mannsins og drógu hann aftur á bak. Nokkrir aðrir karlmenn hjálpuðu til við að bera hann af sviðinu. Áður en þeir fóru, sagði annar lögregluþjónanna: “Ég veit hver þessi maður er. Hann hefur nokkrum sinnum áður lent upp á kant við lögin. Hann fer um og reynir að sundra trúarlegum samkomum. Hann var settur á stofnun, en slapp út. Það liggur fyrir handtökubeiðni í hans nafni. Í gær braut hann kjálka manns og lamdi hann svo fast að hann féll í götuna. Það lítur út fyrir að hann hafi loks mætt jafningja sínum hér í kvöld.”

Billy steig aftur upp á pallinn og ávarpaði áheyrndur. “Eins og þið sjáið, hefur okkar Himneski Faðir allt vald á himni og jörðu...”

Sjúkur maður, sem lá á börum framarlega í salnum hrópaði: “Já, hann hefur það! Hann er búinn að lækna mig!” Og hann spratt upp af börunum. Hinu megin í salnum hrópaði maður sem gekk við hækjur: “Hann er líka búinn að lækna mig!” Hækjurnar flugu til hliðar og hann gekk niður ganginn á tveimur fullkomlega heilbrigðum fótleggjum. Maður stóð upp úr hjólastól og kallaði: “Og mig líka!” Þaðan í frá fór kraftur Guðs í gegnum húsið eins og eldur í sinu og snerti hvert það hjarta sem steig fram í trú á að Almættið læknaði eða gerði kraftaverk.

Hraðferð Billy eftir norðanverðri Kyrrahafsströndinni, endaði í Ashland í Oregon, fimmtán dögum eftir að hún hófst. Gordon Lindsey skrifaði um hana og sagði: “Á hinum fjórtán samkomum, án margra auglýsinga í dagblöðum, hafa um 70.000 manns heyrð fagnaðarerindið og þarna mættu að minnsta kosti eitt þúsund prédikarar.”<sup>18</sup> Það var alveg ótrúlegur árangur.

**Í nóvemberlok árið 1947**, flaug Billy til Phoenix í Arisóna til að halda þrjár samkomur á föstudags, laugardags og sunnudagskvöldi. Þegar hann kom til Phoenix, komst hann að því að forstöðumennirnir sem studdu hann, sem voru spenntir vegna vitnisburðanna frá Calgary, höfðu ákveðið að hafa eigin kraftaverkaröð á sunnudagskvöldinu. Billy hafði gert þetta einu sinni, þannig að hann var ekki órólegur yfir að gera þetta aftur.

Klukkutíma áður en föstudagssamkoman átti að hefjast, var Billy að biðja í litlu herbergi á bak við sviðið, þegar engill Drottins birtist skyndilega. Engillinn var með hendurnar krosslagðar á brjósti sér, eins og ávallt og fyrir ofan hann hringsoლაði hið yfirmáttúrulega ljós. Engillinn hvorki hreyfði sig né sagði eitt einasta orð. Svipur hans var ávallt strangur, en núna var sem hann hleypti brúnum og yggldi sig. Billy brá og hann hrópaði óttasleginn upp fyrir sig og féll fram fyrir sig á gólfið. Gordon Lindsey heyrði hann hrópa og hraðaði sér inn í herbergið til að aðgæta hvað væri að. Engillinn gufaði jafnskjótt upp og var horfinn.

Næstu tvo daga var Billy órólegur yfir þessari vitjun. Af hverju hafði hann ekki séð engilinn í marga mánuði? Af hverju hafði engillinn birst núna? Og af hverju talaði engillinn ekki við hann? Var hann reiður? Billy gleymdi ekki ygglibrún engilsins.

Á hverju kvöldi í Phoenix, prédikaði Billy í um það bil hálf tíma, áður en hann kallaði fram fyrirbænaröðina. Umræðuefni hans var: Börn Ísraels að ferðast til fyrirheitna landsins gegnum eyðimörkina. Á sunnudagskvöldinu, meðan mannfjöldinn beið þess í eftirvæntingu að sjá kraftaverkaröðina, tók Billy vers sín úr 4. Mósebók 22. kafla, þar sem Guð segir hinum falska spámanni Bileam, að fara ekki með Balak til að bölvja Ísrael. Bileam hélt áfram að biðja Guð hvort hann mætti ekki fara samt sem áður, þar til Guð gaf honum að lokum leyfi til þess. Síðan mætti engill Drottins Bileam á leiðinni og hefði drepið hann, ef asni Bileams hefði ekki bjargað lífi hans þrisvar sinnum með því að víkja af leið.

Meðan Billy fordæmdi Bileam fyrir að óhlýðnast fyrri tilskipun Guðs, þá rann það allt í einu upp fyrir Billy að hann var sekur um sama glæp. Hafði ekki Guð þegar sagt honum að hann legði of mikla áherslu á kraftaverk? Gat það verið þess vegna að engillinn hafði birst honum fyrir tveimur dögum? Var það til að vara hann við því að hann væri að óhlýðnast Guði, með því að leyfa það að þessar kraftaverkaraðir héldu áfram? Billy varð svo máttlaus innra með sér, að honum fannst að kné sín væru að láta undan síga. Hann tók um púltið og reyndi að halda áfram ræðu sinni, en samviska hans sannfærði hann svo kröftuglega um synd sína, að hann varð að hætta.

Þegar verið var að mynda kraftaverkaröðina á hliðargangi kirkjunnar bað Billy í hljóði: “Himneski Faðir, ef ég hef gert rangt og það er ekki í þínum himneska vilja að ég einbeiti mér að kraftaverkum, viltu þá sýna mér það greinilega. Ef einhverjir, sem koma fram til fyrirbæna úr kraftaverkaröðinni læknast ekki, þá mun ég vita að ég er ekki í þínum vilja og ég mun aldrei aftur láta þá koma fyrst með erfiðustu tilfellin, eða mynda aðra kraftaverkaröð.”

<sup>18</sup> “William Branham, a man sent from God.” eftir Gordon Lindsey, 1950. Bls. 125.

Móðir og dóttir komu fyrstar fram. Billy spurði litlu stúlkuna hvar hún ætti heima, en hún svaraði ekki. “Hún heyrir illa,” útskýrði móðirin. “Þess vegna komum við hingað í kvöld.” Billy hækkaði rödd sína og spurði stúlkuna aftur hvar hún ætti heima. Í þetta skipti svaraði stúlkan: “Í Kaliforníu.”

Billy tók um hægri hönd stúlkunnar og fann bylgjurnar fara um vinstri hönd sína. Annað hvort var hún með sýkingu, sem hafði rofið hljóðhimnu hennar, eða æxli hindraði starfsemi eyrans, af því að bylgjurnar þýddu að djöfullegt líf var á einhvern hátt orsök vanda hennar. Þegar Billy hastaði á djöfulinn í nafni Jesú Krists, hættu bylgjurnar.

Billy sleppti hönd hennar og sagði: “Barnið er læknað.” Síðan reyndi hann að tala við hana. Hún svaraði ekki. Það var skrytið. Billy hækkaði róminn, en fékk engin viðbrögð. Hann varð að klappa höndunum þrisvar sinnum áður en hún kinkaði að lokum kalli við því að hún heyrði í honum. Í stað þess að heyra betur, leit út fyrir að hún heyrði verr. Óttasleginn tók Billy aftur í hönd hennar. Þarna voru bylgjurnar enn á ný, sterkari en áður.

Í annað skipti hastaði Billy á djöfulinn í nafni Jesú Krists. Hann leit út fyrir að fara með meiri tregðu en áður, en Billy vissi að hann var farinn, af því að bólga í hönd hans hjaðnaði og bylgjurnar stöðvuðust. En um leið og hann reyndi að tala við hana (hann hélt enn um úlnið hennar), þá bólgaði hönd Billy aftur og bylgjurnar komu aftur, sterkari en nokkru sinni fyrr. Og það sem verra var, hún heyrði ekki eitt einasta orð, alveg sama hvað Billy kallaði. Þessi ólánsama stúlka, sem hafði verið heyrnarskert, var nú orðin algerlega heyrnarlaus. Billy vissi ekki hvað hann ætti annað að gera, en að fara frá stúlkunni og snúa sér að næsta tilfelli.

Næstur í röðinni var maður, sem sagði að hann væri líka heyrnarskertur. Billy hækkaði raust sína: “Trúir þú herra?”

Maðurinn kinkaði kalli og laut höfði. Billy tók um hönd mannsins. Það voru engar bylgjur, sem þýddi að öllum líkindum að það var ekki illur andi sem var orsök vanda hans. Líklegast bara dauðar taugar. Eftir að hafa beðið fyrir lækningu mannsins í Jesú nafni, spurði Billy með eðlilegri rödd: “Herra, heyrir þú í mér núna?” Maðurinn, sem enn laut höfði og var með lokuð augun, sýndi engin viðbrögð. Billy hækkaði róminn og spurði aftur. Enn voru engin viðbrögð. Billy klappaði höndum eins fast og hann gat. Maðurinn bærði ekki einu sinni á sér. Hann var líka orðinn algerlega heyrnarlaus.

Billy varð æ hræddari og áttaði sig á því að gjöf lækningarinnar virkaði ekki! Hvað gat hann gert í eigin mætti? Án nærveru engilsins sér við hlið á pallinum, var hann eins hjálparvana og hver annar. Var það svona sem Samson leið eftir að Dalía klippti hár hans og hann var skilinn eftir, veikur og máttvana frammi fyrir Filisteum? Billy fannst hann heimskur og hann skammaðist sín frammi fyrir þessum mannfjölda sem var í eftirvæntingu. Það eina sem hann gat nú gert, var að játa synd sína fyrir áheyrendum og enda samkomuna.

Þá nótt gat Billy ekki sofið. Hann kvaldist í myrkrinu vegna heimsku sinnar. Hvernig hafði hann getað verið svo ósvífinn, að skora á fólkið: “Komið með verstu tilfelli og ég fullvissa ykkur um að Jesús Kristur muni gera kraftaverk fyrir framan augun á ykkur.” Jesús kom aldrei með slíka áskorun. Biblían sagði meira að segja, að Jesús hafi ekki getað gert mörg kraftaverk í heimabæ sínum vegna vantrúar fólksins.<sup>19</sup> Ef það var svo með Son Guðs, hvað þá með þá sem fylgdu Honum? Nú áttaði Billy sig á því, hve það var fjarri Orði Guðs, að reikna með því að allir gætu læknað, hvort sem einstaklingurinn trúði eða ekki. Hann hafði að sönnu, hætt að koma með þessa

---

<sup>19</sup> Matteus 13:58 og Markús 6:5-6.



áskorun eftir viðvörðun engilsins í Vandalía í Illinois, en hann hafði samt leyft samstarfsmönnum sínum að beina verstu tilfellunum fremst í röðina, til að áheyrendur gætu séð kraftaverk við upphaf hvernar samkomu. Og það sem var verst af öllu, hann hafði leyft þeim að mynda svokallaða kraftaverkaröð. Billy hafði ekki mótmælt, af því að hann vissi að Guð er megnugur að lækna hvern sem er af hverju sem er. En það að Guð sé megnugur, þýðir ekki að það sé vilji Hans að framkvæma eitthvað. Viðvörðun engilsins síðasta föstudagskvöld hafði verið önnur viðvörðun hans.

Billy hafði gagnrýnt Bíleam svo harðlega og allan tímann hafði hann staðið í sömu sporum og Bíleam! Bíleam hafði óhlýðnast Guði vegna löngunar í peninga. Í tilfelli Billy var það ekki kærleikur til peninga, sem hafði fengið hann til að óhlýðnast, það var meðaumkun hans með fólkinu. En það var alveg sama hver ástæðan var, það er alltaf rangt að óhlýðnast Drottni.

Næsta morgun fór Billy um borð í flugvél til að fljúga til næsta áfangastaðar síns, Long Beach í Kaliforníu. Honum fannst sem sér væri hafnað og augu hans voru glær. Hugsanir hans kvöldu hann enn og það sást á honum. Flugfreyjan kom til hans og spurði: “Hvað er að herra?” Hann gat ekki sagt henni það. Hvernig gæti hún skilið það? Billy var hræddur um að Guð myndi taka frá sér gjöf lækningarinnar, vegna þess að hann hafði ekki hlýtt Drottni.

Þegar Billy lenti á Long Beach, hröðuðu nokkrir forstöðumenn sér með hann upp á hótélherbergi hans. Það tók þessa menn ekki langan tíma, að sjá að hann var leiður. Billy deildi með þeim byrði sinni og áhyggjum.

Einn af þessum guðsþjónum var Ern Baxter, sem nú var í þeirri undarlegu aðstöðu að hughreysta manninn, sem hann hafði ferðast langar leiðir til að hitta. “Bróðir Branham, ég get fullvissað þig um að gjöf lækningarinnar er ekki vikin frá þér. Rómverjabréfið 11:29 segir að: ‘*Guð iðrar ekki náðargjafa sinna og köllunar.*’ Það þýðir að þær eru ekki byggðar á hegðun okkar. Guð væri ekki trúr fyrirheiti sínu, ef hann tæki gjöfina frá þér. Hún getur ekki yfirgefið þig. Samson svaf alla nóttina hjá hóru, en styrkur hans yfirgaf hann ekki. Næsta morgun reif hann niður borgarhliðin og bar þau upp á fjall.<sup>20</sup> Og jafnvel þótt Filistear skæru hár Samsonar af honum og styrkur hans yfirgæfi hann um tíma, þá óx hárið á ný og styrkurinn sneri aftur.<sup>21</sup> Mundu hvernig Móse laust steininn, þegar Guð sagði honum að tala til hans, en vatnið flæddi samt sem áður.<sup>22</sup> Bróðir Branham, það er sama hvaða mistök þú hefur gert, Guð mun eiga við þig persónulega í því sambandi, en gjöf lækningarinnar verður ennþá til staðar.”

Röksemdafærsla Baxters hljómaði vel, en einhvern vegin átti Billy erfitt með að trúa því að þessi rök ættu við sig. Honum fannst hann svo tómur og aleinn og yfirgefinn af Guði. Það var eins og Helvíti á jörðu. Hvað ef gjöf lækningarinnar yfirgæfi hann að eilífu? Hvernig gæti hann afborið það? Hvernig gæti hann lifað, vitandi það að hann hefði brugðist Guði svo afskaplega? Það var aðeins ein leið til að komast að því, hvort hann væri dæmdur eða ekki og hún var sú að halda sig við næstu lækningasamkomu, sem ákveðin hafði verið.

Herferðin á Long Beach átti að hefjast á miðvikudeginum 3. desember og hún átti að standa í þrjú kvöld. Í kirkjunni á miðvikudagskvöldinu útskýrði Billy fyrir áheyrendum hvernig hann hefði óhlýðnast Guði með því að leggja meiri áherslu á kraftaverk en lækningar. Hann sagði þeim að hann væri ekki viss hvort gjöf

<sup>20</sup> Dómarabókin 16:1-3.

<sup>21</sup> Dómarabókin 16:16-30.

<sup>22</sup> Fjórða Mósebók 20: 7-13.

lækningarinnar væri enn með sér eða ekki, en hann myndi komast að því. Þegar hann kallaði fram fyrirbænaröðina, fann hann svitann spretta fram í lófum sér og undir skyrtukraganum og hann var með hnút í maganum. Kona kom fram með tíu ára stúlku sér við hlið. Taugar Billy spenntust þegar hann tók hægri hönd stúlkunnar í vinstri hönd sína. Hér komu bylgjurnar, sterkar og greinilegar og handleggur hans dofnaði er þær hrísluðust upp handlegg hans og allt til hjartans. Billy var feginn að þessi hluti gjafarinnar var að minnsta kosti enn til staðar. En einni spurningu var ósvarað. Myndi Guð heiðra bæn hans fyrir þessari þurfandi stúlku? Billy skoðaði mynstur hinna hvítu depla á bólgnu handarbaki sínu. “Stúlkan er bæði heyrnarlaus og mállaus,” sagði hann. “Og hún er líka með berkla. Lútið öll höfði og biðjið með mér.” Síðan tók hann á öllu sínu og lýsti yfir: “Þú daufi og dumbi andi og djöfull berkla. Komdu út úr stúlkunni, í nafni Jesú Krists.”

Nú kæmi uppgjörið. Billy hélt niðri í sér andanum. Jú, það var að gerast! Billy til mikils léttis og gleði stöðvuðust bylgjurnar og hin bólgna hönd hans varð aftur eðlileg. Þótt að hann vissi að berklarnir væru nú horfnir, þá gátu áheyrendur ekki séð það, þannig að Billy spurði stúlkuna: “Heyrir þú í mér?” Augu hennar galopnuðust af spenningi og hann vissi að hún heyrði. Billy sagði hægt: “Amen.” Stúlkan reyndi að endurtaka hljóðið, en það koma meira út eins og “ah-aaa.” Billy sagði skýrt og greinilega: “Amen!” Stúlkan reyndi aftur: “Ah-zi.” Billy sagði: “Pabbi.” Hún hermdi eftir varahreyfingunum með hljóði sem líktist: “Paa-pi.” Trúin yfirtók áheyrendur eins og stjórnlaus eldur í sinu. Næstu klukkustundir gerðust lækningar og kraftaverk út um allt húsið. Kennari frá skóla á staðnum fyrir daufdumba kom með fimm börn, sem öll voru fædd daufdumb. Öll fimm börnin fengu mál og heyrn. Maður einn, sem lá á börum og titraði og skalf, læknaðist samstundis. Margir fatlaðir hentu frá sér hækjum sínum og aðrir stigu upp úr hjólastólum og hlupu um og lofuðu Jesú Krist. Of hár blóðþrýstingur, gláka, astmi, krabbamein og magasár, allt varð þetta að beygja sig undir trú fólksins.

Þegar Billy hóf fyrirbænaröðina á fimmtudagskvöldinu, haltraði drengur fram, sem var með spelkur á fótum vegna lömunarveiki. Móðirin kom með honum og sagði: “Bróðir Branham, ef þú vildir aðeins biðja fyrir honum.”

“Allt í lagi, systir, þú vilt ekki...”

Hún tók fram í fyrir honum. “Ég þrái ekki kraftaverk. Ég óska bara eftir að þú segir bænina. Ég get sjálf trúað Guði fyrir lækningunni.”

Í einfaldri bæn bað Billy Jesú Krist að lækna bæklaða drenginn. Á föstudagskvöldinu gekk þessi sami drengur með spelkurnar á öxlum sér. Hann hélt á hinum ónotuðu spelkum, þannig að áheyrendur gætu séð þær og vitnaði um að Jesús gerir enn kraftaverk.

Það kvöld, síðasta kvöld Billy á Long Beach, langaði hann til að biðja fyrir eins mörgum og mögulegt væri. Þannig að í stað þess að greina sjúkdóma með gjöfinni í hönd sinni, þá lét hann fólkið fara í hraðröð, þar sem hann bað stuttrar bænar, meðan fólkið gekk framhjá honum. Þannig gat Billy beðið fyrir mörg hundruð manns á einni klukkustund. En það var sama hve fljótt röðin fór framhjá, hún var samt of löng fyrir mann sem hafði verið undir stanslausum þrýstingi í eitt og hálf ár og hafði ekki fengið mikinn svefn í marga daga. Eftir að hafa beðið fyrir nærri því 3.000 einstaklingum og mörg hundruð biðu, þá féll Billy meðvitundarlaus í gólfið.

Á laugardagsmorgninum, enn máttlaus og skjálfandi, tók Billy rútuna og fór aftur til Phoenix. Hann langaði að segja fólkinu að Guð hefði fyrirgefið sér. Þann sunnudag í kirkjunni sagði hann: “Þegar ég var síðast í púltinu, var ég sem dæmdur maður. Ég fann nærveru Hans yfirgefa mig og ég gerði mér grein fyrir því hve hjálparvana ég var

án hans. Í dag er hinni miklu prófraun lokið. Ég ætla að nýta mér þetta sem tröppu til að stíga upp á næsta þrep (í stað hrösunarhellu), til að kynna mér betur vegu Drottins og að ég mætti lifa nær Honum. Þegar ég lifi nær Honum, get ég betur hjálpað ykkur og verið leiddur af Anda Hans. Ég þakka Guði fyrir að endurreisa hjá mér gjöf lækningarinnar og fyrir meiri framgang í að biðja fyrir sjúkum en í marga mánuði. Þetta hefur snúið til baka, enn blessaðra en það var áður.” Síðan útskýrði Billy hvers vegna áskorun hans hefði verið röng. “Ég kom með þá staðhæfingu að það væri enginn sjúkdómur sem gæti staðist bænirnar og engin fötlun svo mikil að hún myndi ekki lækna, ef ég fengi nægan tíma með einstaklingnum. Þið hafið heyrt mig segja þetta alls staðar. Og þetta er ennþá satt... En ég var sá sem gerði þetta allt. Ég tók það frá fólkinu. Þið hafið líka verk að vinna. Eins og þegar Jesús sagði Maríu og Mörtu að velta burt steininum.<sup>23</sup> Þið verðið líka að gera eitthvað. Þið farið af stað, þið trúið og þá munið þið lækna.<sup>24</sup>”

---

<sup>23</sup> Jóhannes 11:39.

<sup>24</sup> William Branham: Experiences#1. Ræða flutt í Phoenix í Arisóna, 7. desember, 1947.

## 41. Kafli

### Bosworth tengist starfinu.

1948

Um miðjan janúar 1948 fékk William Branham símtal frá David litla Walker, unglingsprédikaranum, sem hann hafði hitt í Long Beach í Kaliforníu fyrir tíu mánuðum.

“Halló, bróðir Branham, ég hringi frá Miami í Flórída. Ég er nýbyrjaður með tveggja vikna langar vakningasamkomur hér og það gengur ekki vel.”

“Nú, hvað er að?”

“Ég er með sal sem tekur 2.500 manns í sæti, en hingað til hafa aðeins örfáir komið hvert kvöld. Það er auðmýkjandi.”

“Það er undarlegt.” Billy vissi hve vel drengurinn gat prédikað og var því hissa á að það væri svo illa mætt á samkomur hans. “Hefur þú einhverja hugmynd hvað það er sem heldur fólkinu frá?”

“Ég held að það sé öfundskýki og efasemdir meðal kirkjuleiðtoganna hérna. Um leið og þeir heyrðu að ég væri að koma, var hver einasta kirkja allt í einu komin með sinn eigin drengjapredikara. Það er erfitt að trúá því, en á hverjum degi eru tvær heilar síður í Miami dagblöðunum, sem auglýsa drengjapredikara, sem halda vakningasamkomur. Þeir hljóta að hafa verið hræddir um, að ef eitthvað af sínu fólki kæmi til að hlusta á mig, þá gætu þeir misst það.”

“Það er synd,” sagði Billy. Hann vissi að smásálarleg afbrýðisemi þjáði stundum kirkjuleiðtoga. “Það er slæmt að kristnir skuli ekki geta þjappað sér saman í kærleika Krists.”

“Það er það svo sannarlega.” David gerði hlé á samræðunum og sneri sér síðan að ástæðunni fyrir símtalinu. “Bróðir Branham, gætir þú komið til Miami og hjálpað mér?”

Billy minntist kvöldsins á Long Beach, þegar þessi ungi trúboði hafði náðarsamlegast skipt við hann um sal, til að stærð salarins samsvaraði nokkurn veginn fjöldanum á hvorum stað. Þar sem Billy hafði endað í stærri (og dýrari) salnum, hafði hann viljað borga fyrir mismuninn á verðinu. En David hafði ekki viljað taka við peningunum og sagt: “Kannski getur þú hjálpað mér einhvern daginn.” Hér var komið tækifæri fyrir Billy til að endurgjalda honum.

“Ég skal koma.”

Hann tók næstu lest suður, og bjó sig undir langa ferð. Þegar hann fór í gegnum Tennessee fann hann engil Drottins nálgast sig. Hárið á hnakka Billy stóð upp í loftið af hræðslu. Þrátt fyrir það hve oft hann hafði mætt englinum síðustu 22 mánuði, gat Billy alls ekki vanist hinni yfirnáttúrulegu nærveru. Óttinn minnkaði þegar Billy fann að hann fór inn í sýn. Umstangið í faðegavagninum minnkaði og hljóðið í lestinni hvarf í fjarskann. Þrátt hvarf faðegavagninn algerlega.

Billy fannst hann standa í hæðóttri sveit. Þar var fullt af grænum barrtrjám og lagskiptar steinmyndanir í landslaginu. Athygli hans var beint að ungum dreng, um það bil átta eða tíu ára gömlum, sem lá hreyfingarlaus úti í vegarkanti. Drengurinn leit út fyrir að vera dáinn. Billy gekk nær, til að sjá líkamsbyggingu drengsins. Nefið var

flatt, augun brún og hárið var gróflípt, eins og einhver ófaglærður hefði snyrt það til. Hann var ósnyrtilega klæddur í útlendingsleg föt, hnésokka og stuttbuxur og með eirhnappa á brjóstinu. Það hlaut að hafa orðið slys, af því að andlit drengsins var sært og afmyndað og föt hans voru rifin. Annar skórinn var enn bundinn á fót hans, en hinn var týndur. Billy sá engin merki um líf.

Þar sem Billy stóð þarna og velti fyrir sér hvað þetta ætti allt að þýða, þá kom engill Drottins alveg upp að hægri hlið hans. Engillinn spurði: “*Getur drengurinn lifað?*”

Billy svaraði: “Herra, ég veit það ekki.”

Nú kom engillinn í ljós og sýndi Billy hvernig hann átti að lúta yfir hinn líflausa líkama og hvernig hann átti að leggja hendur yfir drenginn, meðan hann bæði fyrir honum. Á augabragði fylltust lungu drengsins lofti og hann settist upp. Hér endaði sýnin. Skyndilega var Billy aftur staddur í sæti sínu í lestinni, sem skrölti í gegnum Tennessee.

Fljótlega eftir komu Billy til Miami, lánaði David litli honum morgunblaðið. Auglýsing var í ramma í horni einnar blaðsíðunnar, sem auglýsti komu séra William Branham og að hann myndi halda vakningasamkomur í borginni í fimm daga. Það sem eftir var af blaðinu, var þakið af stærri og meira áberandi auglýsingum, sem auglýstu aðrar lækningasamkomur í kirkjum staðarins.

David litli andvarpaði. “Þetta gerðist daginn eftir að ég setti fyrstu auglýsinguna um komu þína í blaðið. Um leið og þeir lásu hana fundu allar kirkjudeildir borgarinnar allt í einu einhvern til að prédika um guðlega lækningu í sínum eigin kirkjum.”

“Ég vildi óska að þeir gætu séð, að við erum ekki hérna til að byrja með nýjan hóp,” var athugasemd Billy. “Við erum hér bara til að hjálpa þeim að koma málstað Krists á framfæri.”

Þrátt fyrir þessar tilraunir kirknanna á staðnum til að gera hann minna áhugavekjandi, hafði nafnið William Branham þegar eitthvað segulafl við sig. Þegar Billy kom á fyrstu samkomuna um kvöldið, var tjaldið hálf fullt af forvitnum áhorfendum. Billy heilsaði fólkinu. Síðan, áður en hann fór að ræða um lækninguna, lýsti hann sýninni, sem hann hafði séð þegar hann var að ferðast í gegnum Tennessee. Billy hvatti mannfjöldann: “Skrifið þetta niður á autt blað í Biblíunni ykkar. Síðan skulið þið bara sjá til. Drengurinn mun verða reistur upp frá dauðum, fyrir kraft Jesú Krists. Ég veit ekki hvar eða hvernig þetta muni eiga sér stað, en það mun gerast, af því að það er: ‘Svo segir Drottinn.’ Og eftir að það hefur gerst munum við setja það í nýja tímaritið, sem bróðir Lindsey ætlar að gefa út.”

Gordon Lindsey, sem enn var mjög spenntur fyrir möguleikum hinnar einstæðu þjónustu Billy, hafði þegar léð þessu verkefni stjórnunarhæfileika sína. Lindsey stakk upp á að Billy hefði þörf á aðstoðarmanni í fullu starfi, til að undirbúa samkomur og sjá um hin mörgu smáatriði herferðanna, sem gaf Billy möguleika á að einbeita sér að því að biðja fyrir sjúkum. Velgengi ferðarinnar um norðurhluta Kyrrhafsstrandarinnar, sem Lindsey hafði skipulagt, sannaði gildi þessarar hugmyndar. Samt vildi Lindsey ekki starfið sjálfur, að minnsta kosti ekki sem fullt starf. Hann hafði aðrar langanir um frama.

Gordon Lindsey var að setja á stofn tímarit, sem myndi verða hið opinbera mál gagn Branham herferðanna og myndi prenta greinar um fyrri herferðir og kynna komandi herferðir. Einnig myndi það prenta vitnisburði frá þeim sem höfðu læknað. Lindsey hafði hugsað sér að kalla tímaritið *Lækningaraustina* (*The Voice of Healing*). Um leið og Billy hafði samþykkt þessa hugmynd, hafði Lindsey hafist handa við að vinna að útgáfunni. Fyrsta hefti af hinu mánaðarlega tímariti *Lækningaraustin* var væntanlegt eftir tvo mánuði.

Fyrsta kvöldið í Miami fóru hundrað manns í gegnum bænaröðina. Trúin óx þegar áheyrendur sáu Billy greina sjúkdóma með gjöfni í hönd sinni. Flest tilfelli læknuðust og nokkur einstök kraftaverk áttu sér stað. Þar á meðal voru tveir ungir drengir, sem fæðst höfðu blindir og báðir fengu sjónina. Fregn um þessi kraftaverk birtist í staðarblaðinu. Það vakti athygli útvarpsstöðvar þarna á staðnum og þeir buðu báðum drengjunum á stöðina í beina útsendingu. Drengirnir vitnuðu af hreinum hug og heilhuga um hinn lækandi kraft Jesú Krists. Það jók áhuga almennings, sumir urðu forvitnir, aðrir spenntir og enn aðrir efuðust.

Einn útvarpshlustandi upplifði allar þessar tilfinningar í einu. Séra Fred Bosworth þekkti af eigin raun kraft Jesú Krists til að lækna, þar sem hann hafði prédikað um þetta efni óteljandi sinnum síðustu fjörutíu árin. Á þriðja áratugnum hafði séra Bosworth haldið miklar lækningasamkomur í tugum amerískra borga. Hann hvatti syndara til að iðrast og kristið fólk til að trúá Guði fyrir lækningu meina sinna. Hinn kröftugi stíll hans og skipulögð framsetning var svo velheppnuð að eftir eina samkomuna, árið 1924 í Kanada, hefur verið áætlað að um 12.000 manns hafi sótt hjálpræði til miskunnar Jesú. Síðan skerti kreppan mikla trúboðsþjónustu hans. Þegar tekjur fólks minnkuðu á fjórða áratugnum, varð erfiðara að fjármagna þessar stóru vakningaherferðir. Fred Bosworth hörfaði af akrinum og varð frumkvöðull útvarpstrúboðs og stofnaði Þjóðútvarps, vakningar- og trúboðsherferðina (*National Radio Revival Missionary Crusade*). Hann ritaði líka tvær bækur, Játningar kristins manns (*Christian Confession*) og Græðarinn Kristur (*Christ the Healer*). Seinna lét hann af störfum og flutti til Flórída.

Nú, við 71 árs aldur, hafði Fred Bosworth verið fyrir utan virkt trúboðsstarf í nokkur ár. Hann hafði haldið að það sem hann þráði nú, væru letilegir og áhyggjulausir dagar. En þegar hann heyrði þessa tvo drengi gefa vitnisburð sinn í útvarpinu, þá hræðist eitthvað óvænt innra með honum. Fæddir blindir? Og nú gátu þeir séð? Fred Bosworth hafði séð mörg kraftaverk í gegnum árin. Mállausa tala, daufa heyra, bæklaða ganga og krabbamein hverfa á braut. En aldrei hafði hann séð eða heyrt um að þeir sem *fæddir* væru blindir fengju sjónina. Hver var þessi maður, William Branham? Var hann loddari? Eða var Andi Guðs að starfa á þann hátt, sem hann hafði aldrei séð áður? Bosworth var forvitinn og hann varð að viðurkenna að hann var líka dálítið spenntur. Ef til vill ætti hann að athuga málið.

Séra Fred Bosworth var ekki einn um að langa til að rannsaka málið. Það sem eftir lifði vikunnar kom fleira fólk á samkomur Billy, en hægt var að þjappa saman inn í tjaldið. Margir sneru við og fóru heim, en mörg þúsund fleiri stóðu fyrir utan tjaldið, í von um að komast í bænaröðina. Þar sem svo margir vildu fyrirbæn, ákvað Billy að nota ekki táknið í höndinni. Það var of hægfara. Í stað þess fékk hann fólkið til að ganga fram hjá sér í hraðröð til að hann gæti lagt hendur yfir það og beðið stuttrar bænar meðan það gekk fram hjá.

Á síðasta kvöldi Miamiherferðarinnar, áður en samkoman hófst, kom David litli til Billy og sagði: “Það er faðir þarna, sem veldur truflun. Það lítur út fyrir að sonur hans hafi druknað í dýki í morgun. Faðirinn hefur verið á samkomunum alla vikuna og heyrði þig segja frá drengnum, sem reistur var upp frá dauðum. Nú veltir hann því fyrir sér, hvort það geti verið sonur hans. Hann hefur séð nóg af kraftaverkum þessa viku, til að trúá að það gæti gerst. Hann leyfir ekki útfararstjóranum að snerta barnið, þar til þú lítur á það.”

“Ég skal fara og líta á hann,” sagði Billy. Hann hélt þangað sem hinn syrgjandi faðir stóð. Billy þurfti aðeins að líta eitt andartak á barnið til að vita. Hann sagði föðurnum: “Mér þykir það leitt, en þetta er ekki hinn sami. Drengurinn, sem ég sá í sýninni, var

með gróft, brúnt hár og leit út fyrir að vera um 8 til 10 ára gamall. Sonur þinn er með fallega klippt ljóst hár og getur ekki verið meira en fimm ára gamall. Og sonur þinn er of vel til fara. Drengurinn í sýninni var mjög fátæklega til fara. Þar fyrir utan hefur sonur þinn druknað. Drengurinn, sem ég sá í sýninni var allur limlestur, eins og hann hefði lent í slysi. Mér þykir það leitt, herra minn, en það eina sem ég get gert er að biðja um huggun fyrir fjölskylduna.”

Síðasta kvöldið í Miami þráðu svo margir snertingu Drottins, að Billy lét fólkið mynda tvær bænaræðir, til að bæði hann og David litli gætu beðið fyrir því á sama tíma. Hann til annarar handar við röðina og David litli til hinnar. Meðal þeirra mörg hundruð einstaklinga, sem fóru fram hjá honum, tók Billy sérstaklega eftir einni vesalings ungri stúlku, sem eldri kona hjálpaði að komast áfram í röðinni. Stúlkan barðist við að koma sér áfram og var með spelkur á fótleggjum, sem náðu alla leið upp að mitti hennar. Billy tók sér tíma til að taka í hönd hennar, þegar hún gekk framhjá. Billy fann fyrir hinum djöfullegu bylgjum lömunarveiki. Hann skynjaði líka, að þessi stúlka hafði ekki næga trú til að fá lækningu.

Billy tók stúlkuna til hliðar og sagði: “Vina, stattu til hliðar við mig og biddu Guð að auka þér trú.” Fatlaða stúlkan gerði eins og hún var beðin og hélt í jakka Billy, meðan hún laut höfði og bað. Billy beindi athygli sinni aftur að bænaröðinni. Eftir stutta stund fann hann trú stúlkunnar taka að rísa eins og hjartslátt, búm, búm, búm. Hann sneri sér við og sagði: “Vina mín, í nafni Jesú Krists, hasta ég nú á þennan djöful, sem heldur þér fjötraðri. Satan, komdu út úr henni.” Billy leit á eldri konuna, sem hafði komið með stúlkunni og skipaði: “Taktu nú spelkurnar af henni.”

Konan leit út fyrir að vera skelfingu lostin. “En, bróðir Branham, hún getur ekki staðið upp sjálf.”

“Kona, ekki efast. Gerðu bara það, sem þér er sagt að gera.”

Konan kingdi, og hafði augljóslega áhyggjur. En hún byrjaði samt að leysa spelkurnar. Fljótlega barst skerandi óp til eyrna áheyrenda. Billy sneri sér við og sá að þessi stúlka, sem var eitt sinn fötluð hélt nú spelkunum fyrir ofan höfuð sér og gekk fram og aftur á sviðinu, eins vel og nokkurt barn hefur nokkru sinni gengið.

Þetta var kraftaverk, sem ekki gat farið framhjá neinum af áheyrendum. Trúin sveif upp í himinhæðir og fólkið teygði sig til að það gæti snert Billy, þegar það gekk framhjá. Eftir nokkrar mínútur fann hann fyrir öðrum sérstökum þrýstingi frá trú. Hann leit í kringum sig og leitaði að uppsprettunni. Þá sá hann hana. Billy færði sig yfir að hljóðnemanum og sagði: “Herra minn, þú þarna aftast, fjórða sæti frá ganginum. Maðurinn í hvítu skyrtunni. Ég finn trú þína greinilega alla leið hingað. Stattu upp. Jesús Kristur hefur læknað þig.”

Maðurinn stóð á fætur og lyfti höndum upp fyrir höfuð á sama tíma. En um leið og þær voru komnar í fulla hæð, rykkti hann þeim aftur niður og starði eins og forviða á annan handlegginn. Síðan fór hann að kalla. Það vakti athygli konunnar, sem næst honum sat. Hún leit á handlegg mannsins og sýndist einnig vera forviða. Hún fórnaði höndum og hoppaði og kallaði án afláts.

Þegar Billy beindi athygli sinni aftur að bænaröðinni, steig Fred Bosworth upp úr sæti sínu og gekk aftur í tjaldið. Þegar maðurinn, sem læknast hafði, hafði loks róast dálítið, þá spurði Bosworth: “Herra, ég er þjónn fagnaðarerindisins og ég var að velta því fyrir mér hvort þú gætir sagt mér hvað hefur gerst?”

Maðurinn hélt hönd sinni á lofti: “Líttu á þetta,” sagði hann síðan æstur.

“Mér sýnist þetta líta út fyrir að vera alveg eðlileg hönd,” sagði Bosworth.

“Hún er eðlileg! Það er kraftaverkið. Fyrir nokkrum árum datt ég af hestbaki og lenti á þessari hendi. Síðan þá hefur hún verið bæklud og gagnslaus, alveg þar til núna. Hann hreyfði fingurna af krafti, til að sýna hve vel þeir unnu.

Bosworth spurði: “Af hverju fórst þú ekki í fyrirbænaröðina eins og aðrir?”

“Ég kom hingað í kvöld og var efablandinn. En því meir sem ég fylgdist með, því meir tók ég að trúa, að ef til vill gæti Guð ennþá læknað og gert kraftaverk. Þegar ég síðan sá litlu stúlkuna taka af sér spelkurnar, þá vissi ég á þeirri stundu að Guð myndi líka lækna visinn handlegg minn.”

Bosworth greiddi sér leið að pallinum, náði athygli Billy og sagði: “Séra Branham, ég er þjónn fagnaðarerindisins og mig langar að spyrja þig spurningar. Hvernig vissir þú að þessi maður þarna hefði næga trú til að fá lækningu?”

“Ég varð skyndilega máttlaus,” útskýrði Billy. “Ég vissi að trú einhvers var að toga í gjöfina, svo að ég fór að líta í kringum mig. Það var sem öll athygli mín beindist að þessum manni.”

Fred Bosworth klappaði sér undrandi á kinnina. “Það er einmitt það sem kom fyrir Jesús, þegar konan með blóðlátin snerti klæði hans.<sup>25</sup> Hann sagði að hann hefði fundið að kraftur gekk út frá sér. Kraftur er styrkur. Má ég segja svolítið við fólkið?”

“Gerðu svo vel.”

Bosworth gekk að hljóðnemanum og sagði öllum frá kraftaverkinu og hann bætti við: “Þetta sannar að Jesús Kristur er hinn sami í gær og í dag og um aldir. Gjöfin, sem var í Jesús Kristi er sem allt Atlantshafið, sem flæðir upp að ströndinni. Gjöfin, sem er í bróður okkar, er eins og að taka eina skeið af þeirri gjöf. En sömu steinefni og efnasamsetningar og eru í hafinu væru líka í þeirri skeið af sjó.”

Næsta kvöld neyttu Fred Bosworth og Billy kvöldverðar saman. Bosworth sagði Billy frá sumum af kraftaverkunum, sem hann hafði upplifað í undangenginni 40 ára þjónustu. “Já, allan þann tíma,” sagði hann, “hef ég aldrei séð neitt þvílíkt og á samkomunni í gærkvöldi.”

Síðan deildi Billy því með hinum aldraða prédikara, hvernig engill Drottins hefði vitjað sín árið 1946 og gefið honum tilskipun um að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Hann útskýrði táknið í hönd sinni, hvernig hann gat greint ýmsa sjúkdóma gegnum bylgjurnar, sem hið djöfullega líf sjúkdómsins orsakaði. Það fékk hönd hans til að bóligna og myndaði mynstur af hvítum deplum á handarbaki hans.

Skyndilega gleymdi Fred Bosworth öllu um að hætta störfum. “Bróðir Branham, hefur þú not fyrir sérþekkingu mína? Ég vil gjarnan ferðast með þér og hjálpa þér eins og ég get.”

“Bróðir Bosworth, það væri mér heiður að verða aðnjótandi félagsskapar þíns. Ég hef verið að biðja Guð um framkvæmdastjóra.”

Þeir yfirgáfu hótelið og fóru í skemmtigöngu um ströndina. Umræðuefni þeirra var seinni koma Krists. Sólin var að setjast á bak við baðstrandarhótelin. Öldurnar sleiktu fætur mannanna tveggja. Billy tók eftir því að Fred Bosworth gekk léttum skrefum, sem var ólíkt hans eigin göngulagi, en hann dró á eftir sér fæturna. Billy var dauðuppgjefinn, jafnvel þótt hann hefði sofið langt fram á dag. Honum fannst hann varla geta lyft fótunum úr sandinum. Hann spurði: “Bróðir Bosworth, hve gamall ert þú?”

“Sjötíu og eins.”

---

<sup>25</sup> Matteus 9:20, Markús 5:25, Lúkas 8:43-48.



“Hvenær varst þú upp á þitt besta?”

“Einmitt núna, bróðir Branham. Ég er bara krakki, sem býr í gömlu húsi.”

Billy öfundaði hann af slíkum þrótti. Hann var sjálfur aðeins 38 ára og var nær dauða en lífi af þreytu. Hvað var það sem dró hann svo langt niður?

**Í mars** var áætlað að Billy færi aftur til Phoenix. Í þetta skipti til að halda lækningaherferð, sem myndi taka heila viku. Daginn, sem hann kom til borgarinnar minntist hann á þessa sífelldu þreytu, við forstöðumanninn, sem fjármagnaði þessar samkomur.

“Bróðir Branham,” sagði forstöðumaðurinn. “Vandamál þitt er það að þú ert of einlægur. Eftir að þú hefur beðið fyrir börnum Guðs, þá ættir þú bara að gleyma þeim. Það er eftir allt saman mál Guðs hvort fólkið tekur við lækningu sinni eða ekki.”

“Ég vissi ekki að ég gæti verið of einlægur í sambandi við starf Drottins,” var athugasemd Billy. “Ég hélt að því einlægari sem ég væri, því meir gæti Guð notað mig.”

“Nú, ef þú heldur áfram á þessum hraða,” varaði forstöðumaðurinn hann við, “þá muntu fá taugaáfall.”

Billy ók út í eyðimörkina til að biðja. “Himneski Faðir, hvernig stendur á því að ég verð svona máttlaus? Aðrir prédikarar glíma ekki við þetta vandamál. Bróðir Bosworth sagði mér, að hann hafi starfað eins og ég í mörg ár og það truflaði hann ekki. Ef til vill á hann meira af Heilögum Anda en ég. Ef það er vandamálið, vertu þá svo vænn, Drottinn minn, að gefa mér meira af Heilögum Anda, til að ég hafi meira úthald.” Hann nam staðar og starði úr yfir hina margra kílómetralöngu eyðimörk, þar sem nóg var af kaktusum og fjallatindarnir risu skyndilega upp yfir hina flötu eyðimörk. Billy hlustaði og fannst Guð tala til sín, ekki heyrnlega, en í huga sínum. Guð sagði: *“Þessir menn reiða sig meira á sína eigin trú og að prédika orðið. Hin yfirnáttúrulega gjöf tæmir styrk þinn.”*

Skyndilega urðu viss ritningavers lifandi fyrir honum. Hann mundi hvernig spámaðurinn Daníel sá sýn og hún truflaði hann líkamlega í marga daga á eftir. Billy minntist einnig athugasemdar Fred Bosworth um konuna, sem læknaðist þegar hún snerti klæðafald Jesú. Jesús sagðist hafa fundið að kraftur gengi út af sér. Það síðdegi, þegar Billy ók út úr eyðimörkinni, var líkami hans enn við það að hníga niður sökum þreytu, en núna skildi hann að minnsta kosti hvers vegna.

Annað kvöld hans í Phoenix, þegar bænaröðinni var um það bil að ljúka, tók Billy í hönd þéttvaxinnar konu. Í fyrstu gat hann ekki túlkað þær bylgjur sem hann fann. “Þú ert annað hvort með krabbamein eða kvensjúkdóm, bylgjur þeirra eru frekar líkar. Bíddu andartak, það er kvensjúkdómur. Er það rétt hjá mér? Það er næstum eins og krabbamein. Lífið hefur ekki verið þér dans á rósum. Nei, þú hefur átt í mikilli baráttu, en í kvöld getur Drottinn Jesús lyft af þér öllum þínum byrðum, ef þú aðeins trúir því.”

Næstur í röðinni var velklæddur miðaldra karlmaður. Billy tók um hönd mannsins. “Herra, ég finn engar bylgjur. Hvert sem vandamálið er, þá er það ekki örvera sem orsakar það.”

Maðurinn grét. “Bróðir Branham, ég býst við að ég hafi leikið hlutverk hræsnarans með því að koma í bænaröðina, þar sem ég er ekki veikur, en ég kundi enga aðra leið til að nálgast þig. Ég hef heyrt að þú sért fátækur maður. Mig langar að gefa þér dálitla fórn.” Hann hélt á ávísun í hendinni.

Billy ýtti ávísuninni mjúklega frá sér. “Ég tek ekki við fórnunum.”

“Sjáðu til, mig langar bara að lýsa yfir þakklæti mínu til Drottins. Í gærkvöldi kom ég með konuna mína í fyrirbænaröðina. Hún var í hjólastól. Eftir að þú baðst fyrir henni, gekk hún í fyrsta skipti í 16 ár.”

“En það var ekki ég sem læknaði hana,” staðhæfði Billy. “Jesús Kristur læknaði hana.”

“Nú, ég er olúmaður frá Texas og ég skrifaði þessa ávísun upp á 25 þúsund dollara í þínu nafni...”

Billy tók ávísunina úr hönd mannsins og reif hana í tvennt, braut blaðið saman og reif hana síðan aftur í tvennt. Síðan afhenti hann manninum bútana. “Herra minn, ég vil ekki peningana þína. Það sem ég vil er að þú rótfestir trú þína á Jesús Kristi.”

Síðasti einstaklingurinn, sem beðið var fyrir, var kona, sem hökti um með erfiðismunum. Maður hennar studdi hana, meðan hún erfiðaði við að komast upp þrepin þangað sem Billy sat.

Billy tók í hönd konunnar og sagði: “Ég finn ekki heldur neinar bylgjur hjá þér.”

“Ég er með liðagigt,” sagði konan.

“Nú, það útskýrir málið,” sagði Billy. “Bylgjurnar koma frá örverum. Ég finn ekki fyrir vandamáli þínu, vegna þess að það er sýra sem orsakar liðagigt. Samt getur Jesús Kristur leyst þig, ef þú trúir því að Hann geti það. Gjöfin, sem Hann gaf mér, læknað ekki. Gjöfin getur lyft upp trú fólksins. Jesús Kristur er eini græðarinn.”

Þegar Billy byrjaði að biðja fyrir konunni með liðagigtina, tóku augu hennar að glansa og það slaknaði á vöðvum hennar, eins og hún væri fallin í dá. Meðan forstöðumaðurinn fór að hljóðnemanum til að ljúka samkomunni, stóð þessi kona sem dáleidd, augu hennar einblíndu á Billy, er hún slagaði burt frá pallinum og gekk gegnum hliðardyr.

Nokkrum dögum seinna grátbað maður hennar sig, alla leið að dyrum hótélherbergis Billy. Billy bauð honum inn fyrir.

“Bróðir Branham, þú hefur aldrei séð mig áður, en þú hittir konuna mína í fyrirbænaröðinni í síðustu viku. Hún var með liðagigt og hún var síðasta manneskjan sem þú baðst fyrir það kvöld.”

“Já, ég man eftir henni. Hvernig líður henni?”

“Liðagigtin virðist vera að batna, en eitthvað annað er að. Hún talar eins og hún sé með óráði.”

“Hvað áttu við?”

“Eftir að þú baðst fyrir henni, var eins og hún væri í dá, þar til við komum heim. Næsta morgun spurði hún mig: ‘Hver var maðurinn sem var á pallinum með bróður Branham þegar hann bað fyrir mér?’ Og ég sagði: ‘Það var enginn annar maður.’ Hún sagði: ‘Jú, víst var annar maður. Hann var stór maður, dökkur á hörund og með dökkt hár niður að öxlum.’ Bróðir Branham, hvað er hún að tala um? Þið voruð ein á pallinum.”

Billy vissi að hún hefði séð engil Drottins, en hann vildi ekki segja það strax. “Herra, hafið þú eða konan þín verið áður á samkomum mínum eða heyrt mig segja sögu mína?”

“Nei, við höfðum aldrei heyrt um þig fyrr en í þessari viku.”

“Ég skil. Segðu mér meira um þennan mann, sem konan þín sá uppi á pallinum með mér. Hvað gerði hann?”

Gestur Billy hikaði, eins og hann hefði áhyggjur af því að saga hans myndi hljóma ótrúlega. “Hún sagði að hún hefði séð þennan mann horfa niður á þig, meðan þú varst að biðja fyrir henni. Þegar þú hafði lokið því leit maðurinn á konu mína og sagði: *“Þú komst í leit að lækningu. Hafðu engar áhyggjur, bæn bróður Branham mun verða*

*svarað og þú munt verða heilbrigð.*” Síðan leit þessi maður aftur á þig og sagði við konuna mína: *“Lítur ekki bróðir Branham út fyrir að vera fögur og veikburða? En hann mun styrkjast aftur eftir litla hríð.”* Síðan sá hún þennan mann ganga út um hliðardyrnar með þér þegar þú fórst. Bróðir Branham, ég var þarna líka. Ég veit að þú og konan mín voruð þau einu sem stóðu þarna. Hvað segir þú um þetta?”

Billy útskýrði málið rólega. “Það er engill Drottins, sem birtist mér. Ég er feginn að þú komst og sagðir mér þetta. Ég er svo þreyttur og máttvana. Það er gott að vita að ég muni aftur verða heill.”

## 42. Kafli

### Niðurbrotinn og byggður upp á ný.

1948

**Eftir samkomurnar í Phoenix í Arisóna** hélt William Branham lækningaherferðir í Pensacola í Flórída, Kansas City í Kansas, Sedalia í Missouri og Elgin í Illinois. Í hverri borg sagði hann frá sýn sinni um drenginn, sem var reistur upp frá dauðum og hann sagði: “Skrifið þetta á blöð Biblíunnar ykkar, til að þið getir trúað þegar það gerist, að ég segi ykkur sannleikann.”

Heilsu Billy hrakaði stöðugt. Meðan á fyrirbænum stóð, átti hann í erfiðleikum með að halda jafnvægi, þegar hann bað fyrir hinum sjúku. Hann átti erfitt með að sofna eftir hverja samkomu og ef hann sofnaði átti hann erfitt með að vakna fyrir næstu samkomu. Hann var með stöðugan höfuðverk og stundum titraði líkami hans. Honum súrnaði í maga og ekkert sem hann borðaði fór vel í hann. Stundum var sem hugur hans yrði hulinn þoku og einbeitingin kom og fór. Honum fannst hann vera algert flak.

Þriðjudaginn, 13. maí 1948 hóf hann fimm daga langa lækningaherferð í Washingtonfylki. Sex þúsund manns yfirfylltu Tacoma skautahöllina. Á hverju kvöldi færðust bænaraðirnar hægt áfram, meðan Billy notaði táknið í hendinni til að finna sjúkdóma fólksins og lyfta upp trú þess, til að hún nægði til að það tæki við lækningu krafti Jesú Krists. Ruby Dillard var meðal þeirra sem komu fram til fyrirbæna. Á þeim tíma var Ruby að því komin að kafna vegna krabbameinsæxlis í hálsi. Seinna skrifaði hún tímaritinu *Lækningaraustin*: “Þótt mér hafi verið illt í hálsinum meðan æxlið var að hverfa, þá hef ég ekki átt við nein vandamál að glíma síðan þá.” Mörg hundruð af áheyrendum í Tacoma herferðinni gátu greint frá jafn ótrúlegum vitnisburðum.

Þegar samkomu lauk á mánudagskvöldinu, var Billy aftur að því kominn að örmagnast. Hann skjögraði afturábak frá bænaraðinni og hefði dottið ef tveir menn hefðu ekki gripið hann. Þegar þessir tveir menn báru hann út, bað Billy þá um að fá að kveðja samkomugestina. Gordon Lindsey færði þeim kveðju hans og gerði sér ekki grein fyrir dýpri merkingu hennar á þeirri stundu.

Næsta dag kallaði Billy saman stuðningshóp sinn, Jack Moore, Gordon Lindsey, Ern Baxter og Fred Bosworth og sagði þeim að í Eugene í Oregon yrði síðasta samkoma sín um tíma. Það yrði að afboða allar aðrar skuldbindingar hans. Eðlilega veltu þjónar Guðs því fyrir sér hve lengi hann yrði burtu af akrinum. Billy sagði þeim að hann vissi það ekki. Það gætu orðið nokkrir mánuðir, en það gæti líka orðið meira en ár. En í huga sínum var hann ekki bjartsýnn. Hann var svo orkulaus að hann velti því fyrir sér hvort hann myndi nokkurn tíma biðja fyrir sjúkum á ný.

Þetta var sérlega mikið áfall fyrir Gordon Lindsey. Hann hafði ekki aðeins sagt upp sem forstöðumaður kirkju sinnar í Portland í Oregon, til að fylgja Branhamherferðunum eftir, hann hafði líka lagt mikla orku í tímaritið *Lækningaraustin*, tímarit, sem allt í einu þjónaði engum tilgangi. Eftir mikið af angistarfullum bænum, gerði Gordon Lindsey sér grein fyrir að hann væri of langt kominn með Tímaritið *Lækningaraustin*, til að aftur yrði snúið. Fyrstu tvö tölublöðin voru þegar komin úr prentun. Hann ákvað að nota sparifé sitt, til að halda útgáfunni áfram. En um hvað ætti tímaritið nú að fjalla? Ef til vill þarfnaðist það einskis nema nýrrar þjónustu sem það gæti fylgt eftir.

Það vantaði ekki menn til að velja úr. Hinn mikli frami William Branham árið 1946, hafði bæði vakið fólk til meðvitundar um hinn læknandi kraft Jesú Krists og verið öðrum innblástur til að feta í fótspor Billy. Margir tugir af lækningaþjónustum höfðu sprottið upp árið 1947 og þegar hér var komið sögu árið 1948, var þetta enn að breiðast út. Nokkur tölublöð *Lækningaraustarinnar* fjölluðu um William Freeman, ungan mann, sem hafði haft þó nokkurn framgang við að biðja fyrir sjúkum. En Gordon Lindsey fann það á sér, að ef *Lækningaraustin* ætti að lifa af, þá ætti tímaritið ekki að einskorða sig við einn einstakling, heldur fjalla um lækningar og lausnarþjónustur á breiðum grundvelli. “Hef ég ekki eftir allt saman, oft heyrt bróður Branham segja að Jesús Kristur sé eini læknerinn.”

Meðan á þessu stóð var Billy að veslast upp heima hjá sér, sjúkur og niðurdreginn. Dag eftir dag bylti hann sér í rúminu, meðan maginn ólgaði eins og verið væri að strokka smjör. Í hvert sinn sem hann reyndi að borða eitthvað, kom volgt, gruggugt vatn upp í munn hans, sem særði munninn. Hann vó núorðið aðeins um 50 kíló. Augu hans voru sokkin, andlit hans fölt og horað. Þegar hann reyndi að standa upp var æðasláttur í höfðinu og fæturnir gátu varla borið hann. Honum fannst hann vera að deyja.

Læknarnir gátu ekki hjálpað honum. Þeir greindu sjúkdóm hans sem ofþreytu, vegna ofreynslu og þeir skipuðu honum að liggja sem mest í rúminu. En eftir að hafa fylgt ráðleggingum læknanna í tvo mánuði fannst Billy, sem hann væri enn dauðveikur.

Hann hrópaði til Drottins í bænnum sínum, til Jesú sem var líf hans, til Jesú, sem hann elskaði, til Jesú, sem var hans eina von. Hann grátbað um lækningu sína dag eftir dag, en þrátt fyrir það batnaði Billy ekki. Hann velti fyrir sér hve mörg þúsund lækningar og kraftaverk hann hefði séð á samkomum sínum. Drottinn hafði læknað fólk. Hvers vegna vildi Drottinn ekki lækna hann? Það virtist óréttlátt.

Að lokum sá Billy svarið: Drottinn var að reyna að kenna honum eitthvað nauðsynlegt. Þegar Billy leit yfir síðustu tvö ár þjónustu sinnar, skammaðist hann sín fyrir það, hvernig hann hafði keppst við meira en skynsamlegt gat talist. Jonesboro var dæmi um þetta. Hann hafði verið í púltinu í átta daga í röð, að biðja fyrir sjúkum. En í heildina hafði hann skaðað sjálfan sig meira, með því að viðhalda þeim vana að halda áfram að biðja fyrir fólk í fyrirbænaröðinni til klukkan eitt eða tvö um morguninn. Hann hafði alltaf grunað að þetta væru mistök, en hjarta hans hafði hrerst til meðaumkunar með öllu þessu þjáða fólk. Hann vissi að fyrir margt af því, valt líf eða dauði á bænnum hans. Þess vegna hafði hann keppst við og keppst við. Nú var hann að borga fyrir það.

Hann hafði gert sjálfum sér þetta og nú vildi Guð að hann lærði sína lexíu. Billy gerði sér grein fyrir því að þrátt fyrir það, að Guð hefði gefið honum gjöf lækningarinnar, ætlaðist Hann ekki til að hann einn bæri alla byrðina á herðum sér. Hann las í Annarri Mósebók og 18. kafla, hvernig Móse, sem var treyst fyrir að leiða 2 milljónir Ísraelsmanna út úr eyðimörkinni, yfirkeyrði sig við að reyna að leysa öll vandamál fólksins sjálfur. Jetró, tengdafaðir hans hvatti Móse til að deila álaginu með öðrum hæfum mönnum í búðunum. Í Fjórðu Mósebók og 11. kafla las Billy hvernig Guð tók andann, sem var yfir Móse og úthellti honum yfir 70 öldunga, til að þeir gætu hjálpað Móse að bera byrðina.

Meðan Billy blaðaði gegnum síðasta tölublað *Lækningaraustarinnar*, furðaði hann sig á því hve margir menn og konur héldu nú lækningasamkomur út um öll Bandaríkin og Kanada. Það voru Oral Roberts, William Freeman, Jack Coe, Tommy Osborn, A.A. Allen, W.V. Grant og fjölmargir aðrir. Suma af þessum mönnum þekkti

hann persónulega, af því að þeir höfðu verið á samkomum hans og hann hafði heilsað þeim. Eins og Tommy Osborn, ungur prédikari sem var á samkomunni í Portland í Oregon, þegar brjálaði maðurinn hafði hótað að brjóta hvert bein í líkama Billy. En það var ekki það að sjá þetta 125 kílóa flykki falla meðvitundarlaust í gólfið, sem hafði verið innblástur hinum unga Osborn. Það var þegar Billy lagði rólega hendur yfir daufdumba stúlku og sagði: “Þú daufi og dumbi andi, ég skipa þér að fara út úr stúlkunni í Jesú nafni.” Þegar Billy klappaði saman höndum gat stúlkan heyrð. Síðan talaði hún. Þetta kveikti eld í sál Tommy Osborn að byrja með eigin þjónustu. Þjónustu, sem nú brenndi veg fyrir eld frelsunar og lækningar um svæði djöfulsins og hjörtu tóku að brenna í trú á Krist.

Annað nafn, sem Billy kannaðist við, var Oral Roberts. Billy hitti fyrst þann unga mann síðastliðið sumar í Tulsa í Oklahómafylki. Þá hafði hinn 32 ára gamli Roberts nýhafið sína eigin lausnarþjónustu og var ennþá óákveðinn í hvaða átt hann ætti að halda. Eftir að hafa verið á einni af samkomum Billy og orðið vitni að lækandi krafti Jesú Kristis, ákvað Oral Roberts að hann ætti einnig að leggja áherslu á guðlega lækningu í sinni þjónustu. Billy hitti Oral Roberts aftur í Kansas City það vor og var undrandi á því hve mikið maðurinn hafði þroskast á tíu mánuðum. Roberts geislaði nú frá sér öryggi og leiðtogahæfileikum. Vegna hinna meðfæddu hæfileika unga mannsins fyrir viðskiptum, þá óx þjónusta hans stöðuglega. Roberts var skarpur í viðskiptum og nýtti vel þá peninga sem á vegi hans urðu. Til að lækka kostnaðinn við samkomuherferðir sínar, keypti hann sitt eigið tjald. Fyrir utan að vera með eigin útvarpsþátt, hafði hann hafið útgáfu eigin tímarits, sem hét Lækandi vötn (*Healing Waters*). Þessi tvö fyrirtæki juku áhrifasvæði hans og breikkuðu fjárhagslegan grundvöll hans.

Billy var hrifinn af einlægni og frumkvæði Oral Roberts. Hann fékk nokkra huggun í því að vita, að hann hefði haft áhrif á þennan hugrakka, unga prédikara. Í raun og veru sá Billy, þegar hann fletti í gegnum *Lækningaraustina*, að hann hefði haft áhrif á sérhvern þessara karla og kvenna, annað hvort beint eða óbeint. Þegar hann hófst handa árið 1946, var ekki einn einasti prédikari í Ameríku, sem hélt stórar samkomur og prédikaði um guðlega lækningu. Nú leit út fyrir að þeir væru alls staðar. Hver og einn prédikaði út frá þema Billy að Jesús Kristur, sé í dag og í gær, hinn sami og um aldir. Þetta þurfti ekki að koma honum á óvart. Var það ekki þetta sem engill Drottins hafði sagt honum í hellinum: “*Þú ert sendur til að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins.*” Á þeim tíma hafði Billy álitnið að hann ætti að veita gjöfina persónulega. Nú gat hann séð, að hann var aðeins neistinn að alheimslegri vakningu. Hin 24 mánaða þjónusta hans hafði kveikt heilagan eld í tugum þúsunda hjartna og nú var Heilagur Andi að magna upp vakningaloga í allar áttir.

Þýddi það að Guð hefði lokið sér af með hann? Nei, það gat ekki verið. Engillinn sagði honum að honum yrðu gefin tvö tákni, til að sanna að hann væri frá Guði. Hingað til hafði aðeins annað táknið birst, táknið í hendinni. Hvað með seinna táknið? Engillinn sagði honum, að ef hann væri einlægur, þá myndi það verða að hann gæti vitað leyndarmál hjarta fólksins. Billy hafði ekki hugmynd um hvað þetta þýddi, en hann vissi að það hafði ekki átt sér stað hingað til. Sýnin um drenginn, sem reistur var upp frá dauðum hafði heldur ekki ræst. Vissulega hafði Guð ekki lokið sér af með hann enn, nema og hann bað þess að þetta væri ekki satt, að hann hefði eyðilagt áætlun Guðs með líf sitt, með því að sóa allri orku sinni.

**15. september 1948**, heimsótti Billy Mayo sjúkrahúsið í Rochester í Minnesota, í þeirri von að lækarnir þar gætu hjálpað sér. Í þrjá daga framkvæmði hópur

sérfræðinga allar þær rannsóknir á honum, sem mögulega gætu gefið einhverja vísbendingu.

Morguninn, sem hann átti að fá niðurstöður rannsókna vaknaði Billy mjög órólegur. Skyldi vera einhver von fyrir hann, eða var hann búinn að vera? Hann sat á rúmstokknum og bað: “Elsku Jesús, fólk með alls konar tegundir af taugaáfalli kom á samkomur mínar og þú læknaðir það. Af hverju vilt þú ekki lækna mig? Þú hefur sýnt mér sýnir af lækningu annarra í gegnum árin, en þú hefur aldrei sýnt mér sýn um mína eigin lækningu. Ég hef af og til verið slæmur á taugum síðan ég var barn. Nú er ég svo langt leiddur, að það lítur út fyrir að ég geti ekki náð tökum á sjálfum mér til að trúa Orði þínu. Hvað á eiginlega að verða um mig?”

Um leið og hann lauk bæninni, fann hann sig fara inn í sýn. Hótelherbergið hvarf og Billy leit út fyrir að vera í skógivaxinni dæld. Fyrir framan sig sá hann sjö ára dreng, sem sat á trjából. Hvar hafði Billy séð þetta andlit? Allt í einu vissi hann það. Drengurinn leit alveg eins út og hann sjálfur á þeim aldri. Nú, þetta var hann sjálfur.

Skyndilega tók Billy eftir einhverju loðnu, sem skaust inn í holu. Billy sagði við drenginn: “Ég skal sýna þér hvernig þú færð íkornann til að koma út.” Hann tók prik og lamdi því fram og aftur um trjabolinn. Þetta var gamalt veiðibragð, notað til að ná íkorna út úr holum trjából. Nú virkaði bragðið, en veran sem kom út var líkari hreysiketti, en var þó ekki alveg nákvæmlega eins. Hún var með langan, grannan, svartan skrokk, lítið höfuð og lítil svört augu. Hún leit út fyrir að vera ill og grim.

“Farðu varlega,” varaði Billy drenginn við. “Farðu ekki nálægt þessum gamla trjából. Þú veist ekki hve hættulegt þetta nagdýr getur verið.” Billy sneri sér við til að aðgæta hvort drengurinn hefði hlýtt viðvörðun sinni. Drengurinn, hann sjálfur sem drengur, var þar ekki lengur.

Billy sneri sér aftur að trénu. Dýrið urraði og myndaði sig til að gera árás. Billy var ekki með byssu. Hann var bara með lítinn hníf, sem var bundinn við belti hans. Hann hugsaði órólegur: “Ef þessi íkorni ræðst á mig, þá verður ekki mikið gagn af þessum hníf. Ég er ákaflega berskjaldaður hér.”

Einhvers staðar sér til hægri handar heyrði Billy engil Drottins segja: “*Mundu að hann er aðeins sex þumlunga langur.*”

Billy beygði sig til að ná í hnífinn. En áður en hann gæti rennt hnífnum úr hulstrinu, stökk veran og lenti á öxl hans. Billy reyndi að stinga hana, en ‘íkorninn’ var of fimur. Hann stökk svo hratt af einni öxl yfir á aðra, að Billy gat ekki einu sinni skrámað hann. Billy opnaði munninn til að segja eitthvað. Eins og elding skaust dýrið inn um munn hans og niður um barkann. Billy fann það hlaupa um í maga sínum. Það var að rífa hann í sundur að innan. Billy fórnaði höndum og hrópaði: “Guð, vertu mér miskunnsamur.”

Þegar hann loks kom út úr sýninni, heyrði hann rödd engilsins endurtaka þessi torræðu skilaboð: “*Mundu að hann er aðeins sex þumlunga langur.*”

Billy, sem var kominn úr jafnvægi lét sig falla aftur í rúmið. Konan hans, Meda, bærði á sér, en vaknaði ekki. Billy lá þarna lengi og velti sýninni fyrir sér. Þessi undarlega útlítandi íkorni hlaut að eiga við ástand tauga hans, sem réðst af svo miklum krafti á maga hans, að honum fannst hann vera að deyja. En hvað táknaði þessi sjö ára drengur? Billy mundi að hann var sjö ára gamall þegar fyrsta taugaspennan kom yfir hann. Sjö ára, það var líka á þeim aldri að hann hafði gert sér grein fyrir hve mikið var að í lífi hans. Faðir hans drakk, fjölskylda hans var fátæk, hann samlagaðist ekki í skólanum og til að kóróna allt, sá hann hluti sem aðrir gátu ekki séð. Það var engin furða að hann hafði orðið taugaspenntur og þunglyndur. Nú var sýnin að verða skiljanlegri.

Allt í einu sá hann mynstur. Þessi taugaveiklun hafði komið yfir hann reglulega á sjö ára fresti. Hún kom næst yfir hann þegar hann var fjórtán ára, eftir að frændi hans skaut hann slyskoti í fótleggina. Þar sem hann lá í rúminu allan þann vetur, hafði hann þjáðst af þunglyndi í marga mánuði. Um það bil sjö árum seinna yfirbuguðu gasgufur hann, þegar hann var að prófa gasleiðslur. Það orsakaði hjá honum svo alvarlegt magavandamál, að það var næstum búið að gera út af við hann. Í fimm mánuði nærðist hann á sveskjusafa og kornsúpu. Hann hefði dáðið, ef Drottinn hefði ekki læknað hann. Sjö árum seinna dóu Hope og Sharon Rose. Sá harmleikur hafði gert hann eyðilagðan. Hann varð svo niðurbrotinn að hann hafði reynt að fremja sjálfsmorð. Hægt og hægt hafði Drottinn Jesús gert hann heilan á ný og næstu árin höfðu taugar hans verið tiltölulega stöðugar og ekki truflað hann meira en eðlilegt gat talist. Síðan kom tilskipun engilsins og síðustu tvö árin hafði Billy knúið sig áfram allt að endimörkum síns eigin þols. Að lokum hafði líkami hans gert uppreisn og hent honum í gryfju taugabreytu.

Hann var enn að íhuga sýnina og velti næst fyrir sér litla hnífnum. Þessa síðustu viku meðan á rannsóknunum stóð, hafði einn af læknum stungið upp á mögulegri lækningu, að skera á eitthvað af taugunum til maga Billy. Hnífurinn í sýninni hlaut að tákna skurðarhnífinn, og það sýndi Billy að uppskurður yrði tilgangslaus gegn óvini hans.

Hvað með orð engilsins; *“mundu að hann er aðeins sex þumlunga langur.”* Gat það þýtt að hann myndi þjást af magasjúkdómnum í aðeins sex mánuði? Ef það var rétt, þá myndi Guð lækna hann fljótlega, af því að nú voru um sex mánuðir síðan hann hafði fyrst fundið fyrir sjúkdómnum. Andi hans varð fullur vonar. Þá kom hugsun sem dró hann niður þannig að það rann af honum. Ekkert í sýninni gaf til kynna að þessi skrýtni íkorni væri dauður. Þýddi það að vandamál hans myndi koma aftur eftir sjö ár? Myndi hann þurfa að þola þessar árásir reglulega alla sína ævi? Ó, ef hann aðeins gæti séð sýn, þar sem íkorninn dæi, þá myndi hann vita að því væri öllu lokið.

Nokkrum tímum seinna sat Billy á skrifstofu Mayo sjúkrahússins og hlustaði með athygli meðan eldri læknir útskýrði fyrir honum niðurstöður rannsókna. “Ungi maður, mér þykir leitt að segja þér þetta, en ástand þitt er arfgengt. Eins og svo margir Írar, elskaði faðir þinn viskíð sitt. Móðir þín er hálfur indíáni og við vitum að indíánar þola ekki áfengi. Samruni þessara tveggja gena er það sem veldur þessu taugaástandi. Þú munt aldrei verða heilbrigður. Taugar þínar hafa áhrif á magann og það fær matinn til að koma aftur upp. Það er engin lækning til við þessu. Það er ekkert sem við getum gert. Þú munt eiga við þetta vandamál að stríða það sem eftir er ævi þinnar.”

Billy vissi betur. Þegar hann kom aftur til Jeffersonville, kom móðir hans í heimsókn til að komast að því hvað lækarnir hefðu sagt. Billy gerði athugasemd: “Ég væri niðurbrotinn maður á þessari stundu, ef Drottinn hefði ekki gefið mér von í þessari sýn.”

Ella Branham kinkaði kalli. “Billy, það er athyglisvert að þú sást þessa sýn á fimmtudagsmorgni, af því að mig dreymdi skrýttinn draum um þig þann sama morgun.”

Billy vissi að móður sína dreymdi yfirleitt aldrei, en í þau fáu skipti sem hana hafði dreymt, virtist draumurinn oftast hafa andlega merkingu, eins og eftir að Billy snerist til trúar og hana hafði dreymt að hún sæi hann standa á hvítu skýi að prédika yfir öllum heiminum.

Ella hélt áfram: “Mig dreymdi að þú lægir veikur á veröndinni, nær dauða en lífi af magaveiki, eins og venjulega. Þú varst að byggja hús á hæð í vestrinu. Síðan sá ég...”



“Mamma,” greip Billy fram í, “leyfðu mér að ljúka við söguna. Eftir að þú sást mig liggja þarna veikan, sást þú sex hvítar dúfur fljúga niður af himni og mynda stafinn ‘S’. Þær lentu á brjóstakassa mínum. Sú sem lenti næst höfði mínu kurraði í sífellu og nuddaði höfði sínu við brjóst mitt, eins og hún væri að reyna að segja mér eitthvað. Hún virtist leið. Síðan hrópaði ég: ‘Lof sé Guði’ rétt áður en þú vaknaðir.”

“Það er alveg rétt. Hvernig vissir þú þetta?”

“Mamma, þú veist að þegar einhver segir mér draum, sýnir Drottinn mér hann ásamt þýðingu hans. Þannig var það líka í Biblíunni. Manstu þegar Nebúkadnesar konungur fékk martröð og vildi vita hvað hún þýddi? Vandamálið var að hann mundi ekki um hvað martröðin snerist. Þannig að Drottinn sýndi Daníel sama draum og Daníel minnti konunginn á hvað hann hafði dreymt. Það sýndi Nebúkadnesar konungi að túlkun Daníels kom frá Guði.”<sup>26</sup>

“Nú, nú, Billy, hvað þýðir þá draumur minn?”

“Drottinn gaf þér þennan draum á sama tíma og hann gaf mér sýnina. Þetta tvennt er tengt. Skrýtni íkorninn táknar ástand tauga minna, sem kemur til mín á sjö ára fresti. Dýrið, sem réðist á mig var sex þumlunga langt og þú sást sex dúfur. Það þýðir að ég mun lækna mig um tíma eftir hverja umferð magaveiki. Biblíulega er sex ófullkomin tala. Guð fullkomna með tölunni sjö. Einhvern daginn mun ég sjá þennan skrýtna íkorna deyja. Þá mun ég sjá sjöundu dúfuna og baráttunni verður lokið.”

Tveimur dögum seinna sat Billy á veröndinni og las bók eftir Fred Bosworth sem hét “Kristilegar játningar”. Hann lagði bókina frá sér og tók upp Biblíuna og opnaði hana tilviljanakennt. Biblían opnaðist á Jósúabók 1. kafla. Billy las: “*Ver þú hughraustur og öruggur...því að Drottinn Guð þinn er með þér í öllu, sem þú tekur þér fyrir hendur.*” Allt í einu vissi hann að þetta átti hann að játa. Síðan heyrði hann innri rödd hvísla að sér: “*Ég er Drottinn Græðari þinn.*”<sup>27</sup> Billy fór fagnandi inn í húsið og faðmaði konu sína að sér og sagði: “Elskan, Drottinn var rétt í þessu að lækna mig.”

---

<sup>26</sup> Daníel 2. kafli.

<sup>27</sup> Önnur Mósebók 15:26.

## 43. Kafli

### Síðara táknið kemur í ljós.

1948

**Vikuna eftir að** William Branham kom frá Mayo sjúkrahúsinu, þyngdist hann um 6 kíló. Hann var enn veikburða og óstöðugur, en hann vissi að það var aðeins tímaspursmál hvenær honum liði nógu vel, til að halda aftur út í þjónustu sína.

Meðan hann var að ná sér, fylgdist hann af miklum áhuga með fréttum af stríðinu í Palestínu. Hið nýfædda Ísrael stóð fyrir sínu gegn hinum stærri og sterkari Arabanágrönnum sínum. Billy gat á margan hátt samsamað sig hinu nýfleyga ástandi í Ísrael. Á sama tíma og hann varð að gera hlé á lækningaþjónustu sinni vegna taugasjúkdóms sem ógnaði lífi hans, urðu Gyðingar í Palestínu einnig að berjast fyrir lífi sínu. 14. maí 1946, höfðu þeir lýst sig sjálfstæða þjóð. Næsta dag lýstu fimm Arabalönd yfir stríði gegn Ísrael og réðust yfir landamæri þess með herflokka sína. Þeir sóru þess dýran eið, að þeir myndu reka hvern einasta Gyðing út í hafsauga. Ísrael átti ekki eigin her, en örvæntingin var á þeirra bandi, alveg eins og hjá Billy. Í fyrstunni leit út fyrir að Gyðingar í Palestínu væru dauðadæmdir, en síðan höfðu þeir barist við óvini sína þar til kyrrstaða varð. Nú var verið að leitast við að semja.

Billy lá tímunum saman yfir hinni Biblíulegu þýðingu þessara atburða. Ísrael var aftur þjóðríki. Í næstum níttján hundruð ár höfðu Gyðingar verið dreifðir um allar jarðir. Nú voru þeir aftur komnir inn í fyrirheitna landið. Var þetta fikjutréd sem Jesús hafði talað um í 21. kafla Lúkasar? Billy var viss um að hin nýja Ísraelsþjóð myndi sigra baráttuna sem var í gangi, vegna þess að Biblíulega lék hún lykilhlutverk í áætlun Guðs um síðustu tíma. Það var spennandi að fylgjast með þessu. Það var sem Biblíulegir spádómar væru að rætast allt í kringum hann.

Í lok september hringdi Billy í Gordon Lindsey og sagði honum frá greiningu Mayo sjúkrahússins og frá sýninni um skrytna íkornann og hvernig Drottinn hefði læknað hann í þetta skiptið. Lindsey var spenntur að heyra þetta og sagðist vera með boð alls staðar að úr Ameríku. Þar sem Billy var boðið að koma og halda lækningaherferðir. Billy varaði framkvæmdastjóra sinn við, að hann væri enn of veikburða til að ráða við fulla dagskrá. Þá stakk Lindsey (sem ennþá gaf út tímaritið *Lækningaraustin*), upp á að Billy íhugaði að ráða Ern Baxter sem framkvæmdastjóra herferða sinna. Ern Baxter hafði ekki aðeins skipulagshæfileika, hann var líka kröftugur prédikari og hann hafði boðist til að hjálpa á hvern þann hátt er hann gæti. Billy samþykkti breytinguna eftir að hafa beðið yfir þessu.

Séra Baxter reyndist vera góður framkvæmdastjóri. Hann og Fred Bosworth ákváðu að koma Billy hægt og hægt aftur inn í lausnarþjónustu sína. Eftir að hafa greint fyrri mistök sín, var mesta áhyggjuefni þeirra þetta: Meðan á samkomum Billy út um allt meginlandið stóð, höfðu það oft verið forstöðumennirnir á staðnum, sem ákváðu hvenær hverri lækningasamkomu ætti að ljúka. Þessir menn skildu ekki hve alvarlega gjöf lækningarinnar dró úr orku Billy. Þeir létu bænaröðina halda áfram klukkustund eftir klukkustund, kvöld eftir kvöld og hugsuðu með sér, að svo framarlega sem Billy gæti staðið í fæturna og beðið fyrir sjúkum, hlyti að vera allt í lagi með hann. Þetta reyndist vera slæmur mælikvarði, af því að Billy fann til svo mikillar samúðar með

hinum sjúku, að hann knúði sig áfram eins og styrkur hans framast leyfði og reyndi að biðja fyrir öllum þeim sem komu fram til bæna. Þegar smurningin var yfir honum, dofnaði líkami hans hægt og hægt og hugur hans varð þokukenndur hvað eigin hugsanir varðaði. Á endanum þraut orka hans. Þegar þeir luku hverri samkomu, var Billy orðinn svo aðframkominn, að hann vissi ekki hvort hann gekk eða skreið eða var borinn burt.

Baxter og Bosworth samþykktu að héðan í frá, yrði ákvörðunin um hvenær ljúka ætti hverri samkomu, að liggja hjá mönnum sem bæru persónulega umhyggju fyrir Billy, mönnum sem myndu fylgjast vel með honum og enda fyrirbæinir þegar þeir sæju merki um þreytu. Þetta ætti að koma því til leiðar, að Billy yrði varðveittur frá því að brotna niður í framtíðinni.

Sem frekari varúðarráðstöfun, stungu framkvæmdastjórnarnir upp á að takmarka fjölda þeirra sem gætu komist í bænarröðina á hverju tilteknu kvöldi. Billy sá viskuna í að nota þessa aðferð. Spurningin var, hvornig átti að velja þá sem gætu komist í röðina? Eftir að hafa rætt ýmsa möguleika ákváðu þeir að nota bænakortin á ný.

Áður fyrir í þjónustu Billy, höfðu þeir búið til kerfi til að takmarka stærð bænaraðarinnar. Númeruðum kortum var útbýtt í upphafi samkomunnar og enginn fékk að koma í fyrirbænarröðina án eins af þessum kortum. Þessi aðferð hafði dugað betur en ekki, þótt að Billy deildi venjulega út of mörgum kortum til að það væri gott fyrir hann. Hann útbýtti oft 150 til 200 spjöldum á kvöldi. Það höfðu líka komið mörg kvöld, þar sem hann hafði hunsað bænakortakerfið algerlega og sagt við áheyrendur sína: “Í kvöld ætla ég að biðja fyrir sérhverri sjúkri manneskju sem er stödd hér.” Síðan hélt bænarröðin áfram í hið óendanlega og Billy bað fyrir fólkinu þar til styrkur hans þvarr um klukkan eitt eða tvö um nóttina. Hér varð að verða breyting á.

Það varð að koma aftur á bænakortakerfinu og fylgja því vel eftir. Það varð að takmarka hve margir kæmu fram til fyrirbæna hvert kvöld. Hann mátti aldrei aftur láta samúð sína yfirskyggja heilbrigða skynsemi. Hann varð að vera við góða heilsu sjálfur, áður en hann gæti hjálpað öðrum að ná heilsu.

Fred Bosworth og Ern Baxter hjálpuðu Billy að vinna úr smáatriðunum. Klukku tíma áður en samkoma átti að hefjast myndi einhver ganga um salinn og útbýta númeruðum kortum til allra þeirra sem vildu vera með í bænarröðinni. Billy myndi síðan velja númer tilviljanakennt og segja til dæmis: “Í kvöld skulum við byrja á korti númer B-75. Við munum reyna að fara í gegnum eins mörg og við getum, en við skulum byrja með 15 manns, frá 75 til 90. Þannig þarf enginn að standa of lengi meðan ég bið fyrir sjúkum. Hver er með kort númer B-75? Réttu upp hönd, þannig að allir sjái. Hér er það. Nú, hver er með kort númer B-76?”

Meðan hann kallaði upp númerin létu samkomuþjónarnir fólkið raða sér upp hægra megin við Billy. (Billy lét alltaf röðina koma til sín frá hægri, vegna þess að engill Drottins stóð honum til hægri handar.) Fólkið í bænarröðinni beið á gólfi salarins, meðan sá sem átti að biðja fyrir gekk upp þrepin, til að hann gæti hitt trúboðann einn. Þannig gátu framkvæmdastjórnar Billy fylgst með styrk hans og endað samkomuna um leið og þeim fannst hann hafa beðið nóg.

**29. - 30. október 1948** reyndi William Branham styrk sinn með því að halda þriggja kvöldla lækningasamkomuherferð í Fresno í Kaliforníu. Síðan ók hann 1. nóvember til Seattle í Washingtonfylki og slóst í hóp með Fred Bosworth í herferð sem þegar hafði staðið yfir í tvær vikur. Eftir sex kvöld til viðbótar, við að biðja fyrir sjúkum var Billy orðinn örþreyttur. Hann gerði sér grein fyrir að hann var ekki reiðubúinn að snúa aftur til vinnu og fór aftur heim, til að hvílast betur.

Hann reyndi þetta aftur í janúar 1949 og hélt þá fimm daga herferð í Hot Springs í Arkansas. Nú þoldi hann álagið betur, en fannst hann ekki enn tilbúinn í fullt starf. Mánuði seinna prédikaði hann í fimm daga, í herferð í Miami á Flórída. Í þetta skiptið fannst honum hann vera orðinn hann sjálfur á ný, þannig að hann sagði Ern Baxter að fylla dagbókina fyrir það sem eftir var ársins.

11. mars 1949, eftir tíu mánaða fjarveru frá því að prédika, byrjaði Billy aftur í fullu starfi við trúboð og hófst handa með fjögurra daga herferð í Zion í Illinois. Næstu fjóra mánuði hélt hann herferðir í Missouri í Indiana, Texas, Michigan, Washington, Bresku Kólumbíu og Norður-Dakóta. Þrátt fyrir að nú væru margar lausnarþjónustur komnar fram á sjónarsviðið, hafði hin yfirnáttúrulega þjónusta William Branham, ekki glatað neinu af aðdráttarafli sínu meðan á fjarveru hans stóð. Þúsundir tóku þátt í samkomum hans og kraftaverkin voru fjölmörg.

Í júlí byrjaði hann tveggja mánaða ferð, sem myndi leiða hann um allt Mið-Kanada. Það var í þessari ferð sem saga kristninnar átti eftir að breytast til frambúðar. 4. júlí 1949 var Billy staddur í bænum Regina í Saskatchewan og prédikaði yfir 10.000 manna hópi. Hann hafði rétt lokið við að kalla fram til fyrirbæna. Meðan aðrir söfnuðu fimmtán manns saman eftir númeraröð, hélt Billy áfram að tala við áheyrendur.

“Þegar ég var í Miami í Flórída, fyrir meira en ári síðan, gaf Drottinn mér sýn af dreng, sem var reistur upp frá dauðum. Drengurinn var milli átta og tíu ára gamall, með brúnt hár og brún augu. Hann var skringilega klæddur, eins og hann væri frá fjarlægju landi. Þetta hefur ekki enn átt sér stað, en það er ‘svo segir Drottinn’ þannig að það mun einhvern tíma gerast. Skrifðu það á blöð Biblíunnar ykkar. Þegar þetta kemur fram, mun ég sjá til þess að Gordon Lindsey prenti frásögu af því í tímaritinu *Lækningaraustin*, til að þið fáið öll að vita af því.”

“Það lítur út fyrir að bænaröðin sé tilbúin. Verið nú öll lotningarfull. Haldið huga ykkar við Jesú og trúnið. Þetta er sjúkt fólk. Fyrir sumt af því er þetta þess síðasta von. Ég verð líka að vera fullur lotningar. Engillinn gaf mér táknið í hönd minni og sagði mér: ‘Ef þú ert einlægur og getur fengið fólk til að trúa þér, mun ekkert standa í vegi fyrir bæn þinni, ekki einu sinni krabbamein.’ Þetta hefur verið svo, alls staðar þar, sem ég hef komið. Mörg ykkar hafið séð það með eigin augum. Sami engill sagði mér líka: ‘Ef þú ert einlægur í því sem ég gef þér, þá mun svo verða að þú segir fólk leyndardóma hjarta þess og það sem það hefur gert rangt í lífi sínu og svo framvegis.’” Hann sneri sér að bróður sínum Donnie og sagði: “Allt í lagi, þú getur komið með fyrsta sjúklinginn.”

Þetta var heitt kvöld og flóðljósin gerðu það enn heitara. Svitinn draup af enni Billy og vætti skyrtukraga hans. Háls hans var þurr og sár. Meðan fyrsti einstaklingurinn í bænaröðinni steig fram, vék Billy frá hljóðnemanum til að drekka glas af vatni.

Séra Baxter sagði: “Guð blessi þig, bróðir Branham.”

“Þakka þér fyrir, bróðir Baxter.” Billy gekk aftur að hljóðnemanum. Miðaldra kona beið hans. “Komdu sæl frú.”

“Komdu sæll,” svaraði hún taugatrekkt. Billy skynjaði ótta hennar og sagði: “Það sem þú finnur fyrir mun ekki gera þér mein. Það er engill Drottins. Ég sé hann sem ljós, sem svífur á milli mín og þín. Ég finn líka fyrir honum. Það er mjög helg tilfinning...”

Meðan Billy var að tala, gerðist nokkuð stórkostlegt. Eina stundina horfði hann á miðaldra konu, þá næstu byrjaði konan að minnka eins og hún væri að hverfa honum sjónum á miklum hraða. Hún leit út fyrir að verða yngri meðan hún minnkaði. Þegar hún var orðin eins og hún var við tólf ára aldur hætti hún að breytast. Nú sá Billy hana

færast yfir á annað svið, mjög ólíkt pallinum, þar sem hún stóð. Hún leit út fyrir að sitja við skrifborð. Það voru önnur skrifborð í kringum hana og tafla á veggnum. Þetta hlaut að vera skólastofa. Stúlkan hreyfði sig nú, eins og sviðið væri sýnt í smækkaðri mynd. Billy gat séð allar hreyfingar greinilega.

“Eitthvað er að gerast,” sagði Billy við áheyrendur. Hljóðneminn lagði áherslu á orð hans. “Eldri konan er farin og nú sé ég litla stúlku, um það bil tólf ára gamla. Hún situr í skólastofu. Hún slær í borðið með blýantnum sinum, nei það er penni. Ó, nú flýgur hann upp og lendir í auga hennar...” Nú heyrði Billy fjarlægt óp. Skólastofan hvarf. Billy skók höfuð sitt og nuddaði augu sín, allur í uppnámi. Hér var sama konan og enn stóð fyrir framan hann á pallinum. Hún hafði ekki farið neitt eftir allt saman. Hvar hafði hann þá verið? Hvað hafði hann séð?

Konan fyrir framan hann hrópaði aftur upp yfir sig. Hún hafði sett hönd fyrir munn sér og hún titraði öll. “Bróðir Branham, þetta var ég! Þetta gerðist fyrir mörgum árum, þegar ég var í skóla. Penninn lenti í auga mínu og nú er ég blind á hægri auga.”

Billy hristi höfuðið aftur. “Svona lagað hefur aldrei áður komið fyrir. Bíddu aðeins, nú kemur það aftur. Ég sé unga stúlku, um það bil sextán ára gamla sem er í köflóttum kjól. Hún er með hárið greitt í tvær fléttur og með stóran hárborða. Ég sé hana hlaupa eins hratt og fætur toga og hún lítur út fyrir að vera skelfingu lostin. Bíddu, það er hundur að elta hana, stór, gulur hundur. Ég sé hana hlaupa upp á verönd. Nú opnast dyrnar og eldri kona hleypir stúlkunni inn.”

Miðaldra konan hrópaði aftur upp yfir sig. “Bróðir Branham, þetta kom fyrir mig í framhaldsskóla. Ég hef ekki hugsað um það í fjöldamörg ár!”

Húðin á anditi Billy var dofin og honum fundust varir sínar og tunga þykkari en venjulega. “Eitthvað hefur gerst hér, vinir. Ég veit ekki hvað um er að vera. Systir, réttu mér hönd þína.” Hann tók um úlnið hennar til að leita að vísbendingu. Það var ekkert. “Nú, ég finn engar bylgjur frá henni.”

Hann var að horfa á æðarnar á handarbaki hennar, þegar heimurinn breyttist á ný og hann leit nýtt svið. Hann sá konu koma út úr rauðri hlöðu og haltra áleiðis að hvítmáluðu húsi. Billy sagði: “Ég sé konu ganga mjög hægt, systir, það ert þú. Ég sé þig ganga upp þrepin að hvítu húsi. Það er eitthvað að bakinu þínu. Ég sé að þú kemst ekki upp þessi þrep. Nú sé ég þig beygja þig yfir blómabeð sem er hægri megin við þig og þú grætur...bíddu aðeins,” Billy hætti að tala í hljóðnemann til að hann gæti hlustað á konuna í sýninni. “Ég heyri þig segja: ‘Ef ég kemst bara á samkomuna hjá bróður Branham, þá verður þetta allt í lagi’.”

Án þess að hún gæfi frá sér hljóð ranghvolfdust augu konunnar og það leið yfir hana. Til allrar hamingju var samkomuþjónninn nógu nærri til að hann gæti gripið hana og lagt hana varfærnislega á gólfið. Þegar hún kom til sjálfrar sín, andartaki síðar, þá gat hún ekki aðeins beygt sig upp og niður, hún sá líka fullkomlega vel með hægri auganu!

Spennan magnaðist, er mannfjöldinn reyndi að skilja hvað hefði gerst. Billy var alveg eins ráðvilltur og allir aðrir. “Nú, ah, eitthvað gerðist, gott fólk og ég veit ekki...”

Ern Baxter greip hljóðnemann og sagði æstur: “Bróðir Branham, þetta er bara það sem þú varst að segja okkur að myndi gerast. Það er seinna táknið, sem engillinn talaði um.” Hávært lof brast út frá áheyrendum. Fólk stóð á fætur og það klappaði, það hrópaði, það lofaði Drottin Jesú Krist, sem var að vitja lýðs síns með þvílíkum undrum.

Í spennunni og ringulreiðinni gekk ungur maður, sem studdist við hækjur og var ekki með bænakort, upp á pallinn í áttina til trúboðans. Tveir samkomuþjónar, sem

gerðu sér grein fyrir því hvað hann var að gera, gripu í hann, til að leiða hann aftur niður af pallinum.

Billy heyrði í hækjunum, sneri sér við og sá uppþotið. “Þú verður að fara aftur niður og ná þér í bænakort, vinur minn,” sagði hann blíðlega.

Ungi maðurinn bað: “Segðu mér hvað ég á að gera, bróðir Branham, það er allt og sumt sem ég vil, að þú segir mér hvað ég á að gera.”

“Nú, vinur, ég veit ekki hvað ég á að segj...bíddu aðeins. Samkomuþjónar, ekki fara með hann núna.” Það var að gerast á nýjan leik. Fatlaði, ungi maðurinn, virtist hverfa honum sjónum og hann fór langt aftur á bak. Billy sá ekki lengur áheyrndasalinn, þess í stað sá hann rútu, sem var með skilti í framrúðunni þar sem á var ritað: “Regina Beach.” Vagnhurðin opnaðist og út kom ungi maðurinn með hækjurnar.

“Þú fórst frá Regina Beach í morgun, ekki satt,” sagði Billy. Þú komst hingað með rútu. Ég sé mann og konu segja þér að þú getir ekki farið. Ó, það eru pabbi þinn og mamma.”

“Það er alveg rétt,” hrópaði ungi maðurinn.

“Ég sé annan mann lána þér næga peninga til að þú getir farið í þessa ferð. Hann líkist föður þínum, en...”

“Hann er frændi minn.”

“Nú sé ég þig í herbergi, og þú ert að horfa út um gluggann.”

“Það er heimili frænku minnar. Ég bý hjá henni.” Spenna hans var augljós. “Bróðir Branham, hvað þarf ég að gera?”

“Trúir þú af öllu hjarta?”

“Ég trúi af öllu hjarta að Jesús sé hér.”

“Rístu þá á fætur,” skipaði Billy og benti á hann með fingrinum, “Jesús Kristur hefur læknað þig.”

Báðar hækjurnar féllu í gólfið og skullu á tréþallinum. Maðurinn leysti sig frá taki samkomuþjónsins og tók eitt varfærnislegt skref, síðan annað skref af meira öryggi. Síðan það þriðja og fjórða. Með auknu sjálfstrausti, jók hann hraðann, með hendur á lofti og þakkaði Jesú Kristi við hvert skref.

Meðan það sauð á mannfjöldanum og hann lofaði Guð eins og í æðiskasti, minntist Billy orða Drottins við Móse:

*“Vilji þeir nú ekki trú á þér eða skipast láta við hið fyrra jarteiknið, þá munu þeir skipast við hið síðara.”<sup>28</sup>*

---

<sup>28</sup> Önnur Mósebók 4:8.

## 44. Kafli

### Billy reynir að skilja þjónustu sína. 1948-1949

**Mikil breyting** var orðin á þjónustu William Branham. Seinna táknið hafði birst. Héðan í frá gat Billy líka séð leyndarmál hjartna fólksins, fyrir utan táknið í hendinni. Þessi síðari gjöf: Greining í gegnum sýn, gerði alla forviða sem komust í tæri við hana, og Billy sjálfan þar á meðal. Þótt hann hefði séð sýnir síðan hann var barn, þá hafði hann ekki upplifað þær áður í jafn stórum mæli og að þær þjónuðu tilgangi sem kom samstundis í ljós. Samkomu eftir samkomu, hver ókunnugur á fætur öðrum, hver sjúkdómurinn á eftir öðrum, leyndardómur eftir leyndardóm. Ekkert gat haldið áfram að vera í leynum, sem Guð vildi opinbera. Táknið í hendinni var ennþá til staðar ef hann vildi nota það. En þessi gjöf, sem leit út fyrir að eiga sér engin takmörk, var miklu árangursríkari við að lyfta trú hinna trúuðu upp á það svið, að þeir gætu tekið við lækningu sinni.

Af því að þetta nýja fyrirbæri, var frábrugðið því sem fólk hafði áður séð, þá reyndi Billy að útskýra það fyrir áheyrendum og sagði: “Mörg ykkar dreymir drauma. Draumur er undirmeðvitundin að starfa meðan meðvitund þín sefur. En sjáandi er öðruvísi. Sjáandi er með undirmeðvitund, sem er jafnhliða meðvitund hans, þannig að hann sér sýnir þegar hann er vakandi.”

Í raun og veru var auðveldara að sýna gjöfina, en að úskýra hana. Þegar áheyrendur sáu þessa greiningu út frá sýn, sem smaug inn að innstu fylgsnum sérhvers nýs tilfellis með hárfínni nákvæmni, þá virtist það meira, en nokkur dauðlegur maður gæti áorkað. Auðveldast var að trúa þeirri útskýringu, sem Billy kom með, sem sé þeirri, að Jesús Kristus væri nálægur fyrir Heilagan Anda og opinberaði sig gegnum gjöf, sem engill hafði útteilt.

Samt létu ekki allir sannfærast. Sumir héldu að Billy notaði sálfræði, til að blekkja áheyrendur. Aðrir grunuðu hann um að nota brögð við að deila út bænakortunum. Á bakhlið kortsins voru nokkrar línur til að sjúklingurinn gæti skrifað nafn sitt, heimilisfang og ástæðu þess að hann kom í röðina. Síðan væri hægt að nota þessar upplýsingar, til að forstöðumennirnir sem fjármögnuðu samkomuna, gætu athugað með þetta fólk og séð hvernig því heilsaðist. Billy sá aldrei þessi kort. Samkomuþjónn safnaði þeim saman meðan verið var að mynda röðina til hliðar í salnum. Samt gerðu sumir efasemdamenn ráð fyrir að samkomuþjónninn læsi kortin og léti Billy fá upplýsingarnar gegnum hugsanaflutning. Þetta voru veik rök, af því að það voru ekki allir sem skrifuðu vandamál sín á bakhlið kortsins. Hugsanaflutningur útskýrði ekki heldur hvernig Billy gat opinberað persónuleg leyndarmál sjúklings. Sumir komu með þá tilgátu að Billy gæti lesið huga fólks. En jafnvel hugsanalestur gat ekki útskýrt hvernig Billy vissi um framtíðina. Samt sem áður héldu efasemdamennirnir áfram að efast.

Eftir samkomurnar í Regina í Saskatchewan hélt Billy herferð í Windsor í Ontario. Fyrsta kvöldið tóku 8.000 manns þátt í samkomunni. Þegar fyrirbænum var að ljúka, kom ungur maður fram fyrir hann og sagði: “Séra Branham, ég vil fá lækningu.”

Billy var orðinn dofinn af álaginu við fyrirbærnir og hann átti erfitt með að sjá skýrt. En eftir því sem hann best gat séð var þessi maður heilbrigður og í fullu fjöri.

Billy tók í hönd mannsins. Það voru engar bylgjur. “Ég sé að þú ert ekki með neinn sjúkdóm sem orsakast af örverum.”

“Ó, jú, víst er ég með þannig sjúkdóm,” sagði maðurinn. “Spurðu bara samkomuþjóninn sem tók bænakortið mitt.”

Billy hristi höfuðið. “Mér er sama hvað þú skrifaðir á bænakortið. Ég myndi finna það á hönd minni ef þú værir veikur. Þú ert ekki sjúkur maður.”

Ungi maðurinn hélt áfram að staðhæfa: “Ég er veikur maður. Ég er með berkla. Það stendur á bænakortinu mínu.”

“Herra, ef til vill varstu með þetta, en þú ert það ekki núna. Ef til vill öðlaðist þú svo mikla trú að þú læknaðist meðan þú stóðst á meðal áheyrenda.”

Maðurinn setti hendur í vasa, gekk að hljóðnemanum og sagði háðslega: “Svo að þetta er þá svona, er það ekki? Trú, þegar ég var á meðal áheyrenda. Ég vissi að það var eitthvað gruggugt við þetta allt saman.”

Eitt andartak var Billy ringlaður. Síðan birtist sýn fyrir framan hann eins og tjaldi væri lyft. Hann leit á manninn og sagði: “Þú tilheyrir kirkjudeildinni Kirkja Krists. Þú ert prédikari í þeirri kirkju.”

Svipur mannsins breyttist frá því að vera að afhjúpa, til að vera sá sem er afhjúpaður. Hann byrjaði að neita þessu, en Billy tók framí fyrir honum. “Ekki ljúga lengur frammi fyrir Guði. Í gærkvöldi sast þú við bord ásamt öðru fólki. Maður í bláum jakkafötum sat á móti þér og hægra megin við þig var kona í grænum kjól. Hún lagði grænan hálsklút sinn á borðið. Ég sé hluta af honum hanga fram af borðinu. Þú sagðir þeim, að þú ætlaðir að fá bænakort og skrifa á það að þú værir með berkla. Þú hélst að þetta væri hugsanaflutningur og þú ætlaðir að afhjúpa mig sem svikara.”

Úr hópi áheyrenda spratt maður á fætur og hrópaði: “Þetta er sannleikur. Ég var maðurinn sem sat hjá honum.”

Skyndilega virtist Billy ekki hafa neina stjórn á rödd sinni. Hann heyrði sjálfan sig segja: “Þessi sjúkdómur, sem þú skrifaðir á bænakortið mun nú fylgja þér, það sem eftir er ævi þinnar.”

Maðurinn féll í gólfið og tók í buxnaskálm Billy. “Séra Branham, ég hélt að þetta væri allt saman blekking. Er einhver von um fyrirgefningu fyrir mig?”

“Herra minn, það er á milli þín og Guðs, ekki milli þín og mín.”

**Enda þótt Billy** gæti ekki skilið nákvæmlega hvernig sýnirnar áttu sér stað, þá sá hann visst mynstur, sem hjálpaði honum að vita við hverju hann átti að búast. Þegar engill Drottins steig niður á samkomu, fann Billy greinilega fyrir hinni heilögu nærveru, sem gaf honum gæsaþétt, eins og loftið væri hlaðið rafmögnum straumi. Oft sá Billy engil Drottins á samkomunum. Hann leit út eins og ljóskúla sem sveif í loftinu nokkra sentímetra frá honum. Engillinn stóð alltaf Billy til hægri handar. Þegar fólkið í bænaröðinni kom fram, þá fann það líka fyrir nærveru engilsins við höfuð sér. Svipur þeirra breyttist og tjáning. Margir fitluðu taugtrekktir við eitthvað og sumir stigu nokkur skref afturábak.

Hið einfalda ferli, að tala við einstaklinginn í nærveru engils Drottins, var allt sem þurfti til að sýnirnar ættu sér stað. Billy kallaði þetta að: “Ná sambandi við anda einstaklingsins.” Ef Billy einblíndi á einstaklinginn gat hann séð hann minnka skyndilega, meðan sýnin steig upp í loftið. Þetta var frábrugðið draumi, af því að hann var glaðvakandi og af því að hann virtist vera þar sjálfur. Hann átti erfitt með að útskýra þessa reynslu. Hann sagði að það væri eins og að vera á tveimur stöðum á sama tíma. Á einu sviði var hann enn í áheyrendasalnum að tala við áheyrendur, samt



var hann á sama tíma, ef til vill 40 árum áður í tíma, að fylgjast með einhverju gerast í lífi einhvers annars. Það var eins og að vera í öðrum heimi eða í annarri vídd.

Meðan allt þetta átti sér stað, gat hann enn talað við mannfjöldann. Í raun gat hann ekki hætt að tala. Meðan á sýninni stóð virtist hann missa stjórn á rödd sinni. Það var sem Drottinn Jesús talaði í gegnum hann og notaði raddbönd Billy til að útskýra það sem var að gerast í sýninni. Ef til vill var hann að fylgjast með synd í lífi sjúklingsins, eða slysi, eða einhverjum atburði sem máli skipti, eins og uppskurði eða heimsókn til læknis. Ef mannfjöldinn var nokkurn veginn hljóður, gat Billy jafnvel heyrt það sem læknirinn sagði í skoðunarherberginu. Síðan endurtók Billy það þannig að allir heyru. Það brást aldrei að þetta var rétt. Það náði athygli fólksins.

Hver einstaklingur í bænaröðinni, hafði tilhneigingu til að velta hlutunum fyrir sér. Hér er þessi ókunnugi maður og lýsir hlutum í lífi fólks, sem hann gat ekki mögulega vitað um, allt að nafni þess og heimilisfangi og bænanna sem það bað þegar það var aleitt í svefnherbergjum sínum! Þetta er ekki mögulegt mannlega séð. Og samt, ég heyri hann gera þetta aftur og aftur, að því er virðist án þess að það bregðist. Eitthvað óvenjulegt á sér hér stað, eitthvað sem ég skil ekki. Getur verið (eins og þessi maður staðhæfir), að það sé hin yfirnáttúrulega nærvera Drottins Jesú Krists, sem sannar að Hann sé Guð sem ber umhyggju fyrir okkur? Ef bróðir Branham getur sagt mér eitthvað um mitt eigið líf, þá mun ég vita að Jesús Kristur er hér til að hjálpa mér.

Fólk þurfti ekki að vera í bænaröðinni, til að verða aðnjótandi þessarar greiningar. Stundum fylgdi hið yfirnáttúrulega ljós á eftir einstakling niður af pallinum og hreyfðist, þar til það kom að einhverjum sem bað í mikilli trú. Þá birtist sýn fyrir ofan þennan einstakling og Billy lýsti því sem hann sá. Hann gat ekki haldið áfram með bænaröðina, þar til engill Drottins sneri aftur til pallsins.

Eftir sýn á pallinum gleymdi Billy miklu af því sem hann var að enda við að sjá og heyra. Eins og draumur sem fjarlægist og verður óskýr þegar þú vaknar. Stundum mundi hann einstaka atriði, í önnur skipti gleymdi hann öllu. Samt sem áður vissi hann, að hvaðeina sem hann sagði undir smurningunni var satt. Eftir að sýn var lokið sagði hann oft við sjúklinginn: “Nú, allt sem sagt var, það var satt, er ekki svo? Það er horfið frá mér núna, en það sem sagt var, var alveg eins og þetta átti sér stað, ekki satt?” Vegna áheyrenda gaf Billy sjúklingnum oft tækifæri til að staðfesta eða neita þessum staðhæfingum. Þær voru alltaf staðfestar.

Billy var ekki undir fullum krafti smurningarinnar hverja stund samkomunnar. Það hefði verið meira en líkami hans hefði þolað. Þess í stað fjarlægðist smurningin dálítið í hvert skipti sem sýn lauk og spennunni létti. Þegar hann fór að tala við næsta sjúkling kom smurningin aftur niður og önnur sýn birtist. Hver ný sýn dró úr orku hans. Þegar 15 manns höfðu farið í gegnum bænaröðina, var Billy farinn að svitna og var næstum að hníga niður af þreytu. Framkvæmdastjórar hans, Fred Bosworth og Ern Baxter skildu aðstæðurnar og fylgdust vel með Billy. Þegar þeir mátu það sem svo að nú væri komið nóg álag fyrir eitt kvöld, þá fóru þeir með hann af samkomunni.

Um leið og Billy yfirgaf pallinn, fór smurningin venjulega frá honum. Honum fannst það sem vindhviða, sem fjarlægðist og hvarf í fjarska. Þegar hér var komið var Billy svo þreyttur, að hann vissi varla hvar hann var eða hvað var að gerast. Oft var hann svo langt leiddur, að hann vissi ekki hvort hann gekk sjálfur eða hvort verið var að bera hann burt. Að lokum áttaði hann sig á, að hann hefði yfirgefið samkomuna. Hann vildi aldrei tala strax um samkomuna. Hann hafði staðið svo nærri hinni fögru nærveru Jesú Krists, að nú fannst honum hann vera þunglyndur og allur kraftur frá sér vikinn. Oft sat hann á hótélherbergi sínu og las í Biblíunni sinni í klukkutíma eða meira og reyndi að slaka á. Seinna komu Ern Baxter og Fred Bosworth við hjá honum

til að athuga hvernig gengi. Þá spurði Billy oft: “Hvað gerðist á samkomunni, bróðir? Ég man ógreinilega eftir sumum sem ég bað fyrir og ég man nokkrar sýnir, en það er allt og sumt.”

“Ó, bróðir Branham, þetta var dásamleg samkoma...” Síðan sagði annar framkvæmdastjóranna honum frá samkomunni.

Í hljóðlátu hótélherberginu, bar Billy vandlega saman gjöf sína og mynd Biblíunnar. Þetta passaði nákvæmlega við það sem engillinn hafði spáð. Hann las í Jóhannesarguðspjalli 5:19: “*Sannlega sannlega segi ég yður: Ekkert getur sonurinn gert af sjálfum sér, nema það sem hann sér föðurinn gera.*” Þetta þýddi að Jesús sá sýn af sérhverju kraftaverki áður en það varð. Og af hverju ekki? Fyrir Almáttugum Guði er framtíð og fortíð jafn skýr og líðandi stund. Þegar Jesú vantaði stað til að neyta páskamáltíðarinnar á, þá sendi hann Pétur og Jóhannes með þessi fyrirmæli: “*Farið inn í borgina, og ykkur mun mæta maður sem ber vatnsker. Fylgið honum og þar sem hann fer inn, skuluð þið segja við húsráðandann: ‘Meistarinn spyr: Hvar er herbergið þar sem ég get neytt páskamáltíðarinnar með lærisveinum mínum?’ Hann mun þá sýna ykkur loftsál mikinn, búinn hægindum og til reiðu.*”<sup>29</sup> Hvernig vissi Jesús að rétti maðurinn myndi bera vatnsker á þessum ákveðna vegi, einmitt á þeim tíma dagsins? Hann vissi það, af því að Hann hafði séð það gerast. Hann sá framtíðina í sýn.

Þegar Filippus kom með bróður sinn Natanael til Meistarans, þá leit Jesús á hann eitt andartak og sagði: “*Hér er sannur Ísraelíti, sem engin svik eru í.*” Natanael furðaði sig á þessu og spurði: “*Hvaðan þekkir þú mig?*” Jesús svaraði: “*Ég sá þig undir fíkjuþrénu áður en Filippus kallaði á þig.*”<sup>30</sup> Billy gerði sér grein fyrir, að hér sá Jesús aftur sýn af Natanael, sem sat undir fíkjuþré. Hvar sem Billy leit á líf Meistara síns, þá sá hann að Jesús var leiddur áfram gegnum sýnir. Án efa gáfu þær Jesú skarpskyggni Hans og innsæi, í því að Hann gat greint hugsanir annarra.<sup>31</sup> Fyrsti kafli Jóhannesarguðspjalls lýsir Jesú sem Orðinu sem varð hold. Fjórði kafli Hebreabréfsins bætti við þeirri hugmynd, að fullkomin greining komi í gegnum Jesú Krist, Orðið. “*Því að Orð Guðs...það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans. Enginn skapaður hlutur er honum hulinn. Allt er bert og öndvert augum hans.*”

Sýnirnar virtust alltaf tengjast athöfnum Meistarans, eins og þegar hann sagði að sér bæri að fara um Samaríu. Þetta var langt úr leið frá áfangastað hans, en Hann hafði séð sýn, sem varð að ganga í uppfyllingu. Þegar Hann hitti konuna við brunninn, talaði Hann nógu lengi við hana til að tengjast anda hennar. Síðan sagði hann: “*Farðu, kallaðu á manninn þinn og komdu hingað.*” Þegar hún sagðist ekki eiga neinn mann, sneri Jesús sér beint að rót vanda hennar. “*Rétt er það, að þú eigir engan mann. Því að þú hefur átt fimm menn, og sá sem þú átt nú, er ekki þinn maður.*” Konan, varð alveg undrandi á, að ókunnugur gæti vitað fortíð hennar sagði: “*Herra, nú sé ég að þú ert spámaður...Ég veit að Messías kemur, það er Kristur. Þegar Hann kemur mun Hann kunngjöra oss allt.*” Jesús sagði einfaldlega: “*Ég er Hann, ég sem við þig tala.*” Og konan trúði.<sup>32</sup>

Hér var það komið. Lykillinn sem Billy var að leita að. Sýn hafði leitt Jesú til þessa staðar, þessa dags og stundar, til að hitta ákveðna samverska konu, svo að Hann gæti afhjúpað vandamál hennar. Auðvitað var Jesús að leita að sál hennar. Eins og Jesús

<sup>29</sup> Markús 14:13-15.

<sup>30</sup> Jóhannes 1:43-50.

<sup>31</sup> Lúkas 5:22.

<sup>32</sup> Jóhannes 4:1-39.

sagði: “Því að mannsönnurinn er kominn, til að leita að hinu týnda og frelsa það.”<sup>33</sup> Samverska konan trúði Jesú eftir að Hann hafði greint fyrri syndir hennar. Hún sá í mannum Jesú, bæði tákn spámanns og tákn Messíasar. Bæði tákni voru í raun þau sömu, af því að gjöfin í spámönnunum benti á hina Miklu gjöf, Jesú Krist, Frelsara mannkynsins. Það var Andi Krists í spámönnunum, sem framkvæmdi tákni. Nú skildi Billy að þetta var lykillinn, að því að skilja hans eigin þjónustu. Greining gegnum sýn var tákn Messíasar.

**Þegar fréttirnar um bata** William Branham breiddust út, hrúguðust bréf inn á skrifstofu hans, alls staðar að úr Ameríku. Bréf, full af vitnisburðum, bænarefnum og heimboðum. Sumir skrifuðu einfaldlega á umslögin: “William Branham, Jeffersonville, Indiana.” Bréfin komust alltaf til skila. En heimilisfang Billy var ekkert leyndarmál. Þökk sé þeirri kynningu sem Billy fékk í *Lækningaraustinni* komust mörg hundruð þúsund manns að heimilisfangi skrifstofu hans, sem breyttist ekki öll ár þjónustu hans, nema að bætt var við pósnúmeri.

Branham herferðirnar  
P.O. Box 325  
Jeffersonville, Indiana 47131 U.S.A.<sup>34</sup>

Að lokum varð pósturinn að flóði. Það komu að meðaltali um eitt þúsund bréf á dag. Flest þeirra komu frá fólki sem óskaði eftir fyrirbæn. Billy vildi óska að hann gæti uppfyllt hverja ósk, en hann gat það ekki. Bréfin voru einfaldlega allt of mörg. Á hinn bóginn fannst honum ekki rétt, að leggja alla byrðina á herðar ritara síns. Þetta fólk var að skrifa honum og óska eftir fyrirbæn. Hvað átti hann að gera?

Billy fann svarið í Postulasöggunni 19. kafla og versum 11 og 12. “*Guð gjörði óvenjuleg kraftaverk fyrir hendur Páls. Það bar við að menn lögðu dúka og flíkur af Páli á sjúka, og hurfu þá veikindi þeirra, og illir andar fóru út af þeim.*” Billy hugsaði með sér að Páll gæti hafa fengið þessa hugmynd, þegar hann las um Elísa sem lét þjón sinn fá staf sinn og skipaði honum að leggja hann yfir hinn látna son konunnar frá Súnem.<sup>35</sup> Sama hvaðan innblásturinn kom, þá bar hugmynd Páls árangur. Billy vissi að ef þetta virkaði fyrir 1900 árum, þá myndi það virka núna. Lækningarnar höfðu eftir allt saman alls ekki komið frá postulanum Páli, þær höfðu orðið fyrir trú fólksins á Jesú Krist. Vasaklúturnir höfðu aðeins verið eitthvað efnislegt, sem fólkið gat beint trú sinni að. Jesús Kristur var Græðarinn þá, alveg eins og Hann er það í dag.

Nú vissi Billy hvað hann átti að gera fyrir allt þetta fólk, sem óskaði eftir fyrirbæn. Líkt og hjá Páli ætlaði hann að biðja yfir klútum og þessir bænaklútar myndu verða staðgengill hans. Hann leitaði að vasaklútum í heildsölu, en komst að því að þeir myndu kosta hann tíu sent stykkið. Hann varpaði hugmyndinni frá sér sem óhagkvæmri. Þar sem hann ætlaði að senda þá ókeypis, urðu þeir að vera eins ódýrir og mögulegt var. Hann notaði lög um tíma, klippti þau niður í ræmur og póstagði þær. Að lokum ákvað hann að nota linda. Hann ætlaði að kaupa linda í löngum ræmum, mörg hundruð metra í einu. Þegar hann var heima á milli herferða, eyddi

<sup>33</sup> Lúkas 19:10.

<sup>34</sup> Þetta heimilisfang er enn virkt og þaðan eru sendar út prentaðar ræður William Branham og ræður á spólum ef óskað er. Í dag kallast starfsemin: “*The William Branham Evangelistic Association.*” (Trúboðssamtök William Branham).

<sup>35</sup> 2. Konungabók 4:29.

hann mörgum klukkutímum við að klippa lindann niður í litla klúta. Hann bað yfir hverjum og einum meðan hann klippti. Seinna póstagði ritarinn hans þessa klúta ásamt leiðbeiningum, sem sögðu fólkinu að taka við guðlegri lækningu, með því að trúa Orði Guðs. Billy stakk upp á að fólk geymdi þessa klúta í Biblíunni sinni, við 19. kafla Postulasögunnar. Ef einhver veikindi eða slys komu síðan upp í fjölskyldu þeirra, þá var auðvelt að finna hann nálægt versum sem gat uppörvað það í trúnni.

Brátt tóku svarbréf að berast, með vitnisburðum um lækningar og kraftaverk tengd þessum bænaklútum. Stundum sá Billy jafnvel árangurinn. Einn dramatískur vitnisburður kom frá konu sem bjó á bómullarræktarsvæðinu kringum Camden í Arkansas. Þegar hún var að hreinsa olíuampa, missti hún takið á honum. Glerið brotnaði og glerbrot skarst inn í slagæðina í handlegg hennar. Hún vafði koddaveri utan um sárið, en blæðingin vildi ekki hætta. Blóðið flæddi bara úr sárinu. Hún reyndi að vefja laki utan um það. Blóðið hélt bara áfram að spýta út. Maðurinn hennar var í Camden. Næsti nágranni var 3 kílómetra í burtu. Hún hafði engan síma og engan bíl og hún varð máttfarnari með hverri mínútu sem leið. Það leit allt út fyrir að hún myndi deyja fljótlega, nema...allt í einu mundi hún eftir bænaklútinum. Hún opnaði Biblíuna sína á 19. kafla Postulasögunnar, greip bænaklútinn og lagði hann á sárið. Blæðingin stöðvaðist samstundis. Síðar um daginn, gekk hún þrjú kílómetra til að taka rútuna til Little Rock í Arkansas, 160 kílómetra í burtu, þar sem Billy var með samkomu. Leðjan var enn á stígvélum hennar, þegar hún gekk inn á samkomuna og hrópaði Jesú lof vegna slíks kraftaverks. Billy sá svöðuárið á handlegg konunnar og bænaklútinn sem vafið var um hann. Það hafði ekki einn blóðdropi hafði fallið á bænaklútinn. Guð hafði heiðrað einfalda trú hennar.

**Þessi nýja gjöf**, greining fyrir sýn, var alltaf nákvæm. Áheyrndur voru furðu lostnir yfir krafti og nærveru Guðs. Fyrir þá sem trúðu því, að Jesús Kristur væri þarna í eigin persónu að framkvæma greininguna, reis trúin nógu hátt til að þeir gætu trúað, að allt væri mögulegt.

Þegar Billy hélt fyrstu samkomu sína í Beaumont í Texas, var stóra samkomuhúsið nærri fullt. Meðan hann beið eftir að þriðji einstaklingurinn í bænarröðinni kæmi fram, sá Billy tvo menn sem báru börur niður ganginn í áttina að hljómsveitargryfjunni. Maðurinn á börunum var hulinn ábreiðu. Billy tók eftir hve andlit mannsins var rautt. Skyndilega myndaðist sýn yfir börunum. Sýn af manni að prédika á bak við púlt. Þetta var sami maðurinn og lá einmitt núna veikur á börunum.

Billy benti á börurnar og sagði: “Herra, þú ert þjónn fagnaðarerindisins.”

Maðurinn rykkti upp höfðinu, furðu lostinn. “Já, hvernig vissir þú það?”

Billy svaraði ekki undireins, af því að hann var að horfa á eitthvað opnast í sýn. Síðan sagði hann: “Já, þú ert guðsþjónn og fyrir tíu árum sagði Guð þér að gera nokkuð, sem þú ekki gerðir. Síðan þá hefur allt verið erfitt og þú ert nú á sjúkrahúsi með sýkingu í fæti.”

Maðurinn hrópaði: “Jesús, vertu miskunnssamur!” Á þeirri stundu læknaði Drottinn hann.

Billy leit í kringum sig til að sjá hver væri næsti sjúklingur í bænarröðinni. Donnie Branham var að leiða unga konu upp þrepin að pallinum. Billy gaut augnum á manninn sem hafði verið læknaður og sá að engillinn sveif enn yfir börunum. Billy fylgdist einbeittur með honum. Brátt sveif ljósið í áttina að hljómsveitargryfjunni, þar sem margt fólk sat í hjólastólum og lá á börum. Billy horfði á engil Drottins og vissi að sérhver sýn myndi koma í gegnum ljósið. Brátt staðnæmdist það yfir öðrum manni, sem lá flatur á börum. Um leið varð ljósblaðran að sýn. Billy sá olfuborturn á sléttum

Texas. Verkamaður uppi í turninum var að reyna að binda hnút á reipi, til að hann gæti lyft þungum hlut með trissu. Billy sá hann missa fótfestuna og falla til jarðar.

“Þú, herra, þarna á börunum.” Billy benti beint á hann. “Þú starfaðir á olíusvæðunum, ekki satt? Þú varst bormaður.”

“Já, það er rétt,” hrópaði maðurinn, “það er alveg rétt.”

Þú hrapaðir fyrir um fjórum árum. Þeir fóru með þig á sjúkrahús og lækurinn þinn var dökkhærður og hávaxinn maður. Konan þín er ljóshærð og þið eigið tvö lítil börn. Ég sé ykkur öll sömul á sjúkrahúsinu að tala við lækinn. Hann gat ekkert fyrir þig gert og síðan þá hefur þú verið lamaður frá brjósti og niður.

Maðurinn svaraði: “Séra Branham, ég veit ekki hvernig þú veist þetta, en það er allt satt. Hvað á ég að gera?”

Einmitt þá sá Billy sama manninn í brúnum jakkafötum, ganga í loftinu fyrir ofan fólkið. Hann sagði: “Lofaður sé Drottinn, lofaður sé Drottinn.” Meðan hann enn sá sýnina, gaf Billy yfirlýsingu: “Herra, Jesús Kristur er búinn að lækna þig, rístu á fætur.”

Þótt hann hefði verið lamaður í fjögur ár, stóð hann nú á fætur. Hann var dálítið valtur á fótum allra fyrst, en gekk síðan niður ganginn og lofaði Jesú Krist, Græðara sinn. Mannfjöldinn var fullur lotningar.

Billy beindi sjónum að hinum yfirnáttúrulega eldstólpa. Hann var enn yfir hljómsveitargryfjunni og renndi sér yfir höfuð fólksins. Brátt staðnæmdist hann yfir ungri konu, sem var bundin í hjólastól. Þegar sýnin opnaðist, sá Billy aðra unga konu, sem var lík konunni í hjólastólnum, en samt ekki það lík, að Billy vissi að þetta var ekki sami einstaklingurinn. Í sýninni hélt þessi kona á litlu barni með krampalömun (*spastískt*), sem var vafið inn í blátt teppi með hvítu kögri. Síðan virtist sýnin skiptast í tvennt og benda á eldri konu, sem sat nokkrum röðum aftan við konuna í hjólastólnum. Billy bar kennsl á eldri konuna, sem ungu móðurina í sýninni. Nú skildi hann. Hann benti á konuna í hjólastólnum og sagði: “Unga kona, ert þú fædd með krampalömun?”

Mannfjöldinn var fljótur að verða nógu hljóður, til að hann gæti fylgst með þessari nýju sögu.

“Jú, það var ég,” sagði hún.

“Ég sá sýn af móður þinni að halda á þér í bláu teppi, þegar þú varst ungbarn fyrir 25 árum. Þú hefur verið í þessum hjólastól síðustu 17 ár. Þarna situr móðir þín, nokkrum röðum fyrir aftan þig. Frú, er þetta ekki dóttir þín?”

“Jú, herra minn,” staðfesti eldri konan.

“Komdu hingað og stattu hjá dóttur þinni.”

Meðan móðirin smeygði sér meðfram sætaröðinni í áttina að miðganginum, spurði dóttirin í hjólastólnum: “Bróðir Branham, hvað á ég að gera? Er ég læknuð?”

“Systir, það eina sem ég veit, er að þetta er allt og sumt sem ég sá. Sýnin er farin frá mér núna. Ég get ekki sagt neitt, nema það sem Hann segir mér að segja.”

Þar sem hann sá ekki lengur eldstólpann meðal áheyrenda, beindi Billy athygli sinni aftur að bænarröðinni. Næsti sjúklingur staðnæmdist nú fyrir framan hann. Það var lagleg ung kona um tvítugt, með sítt hár, sem hékk niður fyrir herðar hennar. Hún leit út eins og helguð, guðskona. “Gott kvöld, systir.” Hann tók hægri hönd hennar í sína vinstri. “Ég finn fyrir daufum anda, en bylgjurnar eru ekki mjög sterkar. Heyrir þú í mér, systir?”

“Já, ég heyrir í þér. Ég er heyrnarlaus á öðru eyra. Ég hef verið þannig í mörg ár.”

Það útskýrir málið. Trúir þú að Jesús muni lækna þig, ef ég bið Hann um það?”

“Ég trúir því af öllu hjarta.”

Billy laut höfði og bað um lækningu konunnar. Þetta var hljóð bæn, þannig bæn sem hann bað alltaf. Hann vissi að Guð svaraði ekki hávaðasömu tilfinningaróti. Hann svaraði trú á sitt Orð. Í þetta skipti fór illi andinn ekki. Billy fann enn fyrir bylgjunum, sem voru eins og sláttur frá lágri rafmagnstíðni. Hann bað aftur. Mynstur hvítu deplanna, sem táknuðu heyrnarskerðingu, hélt áfram að færast yfir bólgið handarbak hans.

“Það er eitthvað að hér. Daufi andinn vill ekki fara burt.” Billy leit djúpt í augu ungu konunnar. Allt í einu virtist hún færast aftur á bak og í hennar stað kom ung stúlka með fléttur. Billy talaði, meðan sýnin laukst upp. “Þegar þú varst 14 ára varst þú með langar fléttur og um þær voru bundnir hárbörðar. Það var á þeim tíma, sem þú fórst að feta ranga braut. Þú áttir barn með manni, áður en þú giftir þig.”

Konan huldi andlitið í höndum sér. “Það er rétt, bróðir Branham.”

“Þú giftist manni, sem þú elskaðir ekki, og þú fórst frá honum. Síðan gekkst þú í sértrúarhóp og þau létu þig giftast öðrum manni, sem þú elskaðir ekki heldur, svo að þú fórst líka frá honum. Og nú ertu gift enn einum manningum.”

Hún grét. “Hvert einasta orð er satt.”

“Þú varst eitt sinn kristin, en féllst frá Guði.”

“Það er rétt.” Hún tók andköf, og riðaði til, eins og hún væri að falla í yfirlið. Skyndilega æpti hún. Guð hafði ekki aðeins fyrirgefið synd hennar. Hann hafði líka gefið henni heyrnina á slæma eyranu.

Meðan mannfjöldinn vegsamaði Guð, beindist athygli Billy aftur að hljómsveitargryfjunni, þar sem móðirin stóð nú við hlið dótturinnar með krampalömunina. Hann sá ljósið uppi í loftinu fyrir ofan þær. Augnabliki síðar sá hann í sýn, dótturina rísa upp úr hjólastólnum. Hann vissi að það hlaut að vera sýn, vegna þess að hún var í öðrum kjól. Samt var sýnin jafn raunveruleg og hljóðneminn fyrir framan hann. Billy fylgdist með henni ganga fyrir ofan höfuð fólksins meðan hún hrópaði: “Guði sé lof! Guði sé lof!”, þar til sýnin hvarf úr augu sýn.

Billy benti á konuna með krampalömunina: “Systir, Jesús Kristur, Sonur Guðs, hefur heyrt bænir þínar og læknað þig. Statt þú upp.” Hún gerði það. Móðir hennar hjálpaði henni upp úr hjólastólnum og hefði haldið í handlegg hennar, en dóttirin, sem var ekki lengur með krampalömun, sleit sig úr hendi móðurinnar, til að hún gæti gengið óstudd.

Áheyrendur risu á fætur sem einn maður. Kraftur Guðs fór sem stormsveipur um bygginguna og læknaði sérhvern sem trúði. Billy fylgdist með sumum henda frá sér hækjum og stöfum og öðrum standa upp úr hjólastólum. Hve mörg hundruð fleiri höfðu læknað af meinum, sem ekki voru nein ytri merki um? Um það var ómögulegt að segja. Billy þurfti ekki einu sinni að halda áfram með bænaröðina. Það virtist enginn vera eftir, sem þurfti að fá fyrirbæn í öllu húsinu. “Þannig,” hugsaði hann með sér, “á þetta að vera.”

Kraftaverk eins og þessi undirstrikuðu þá staðreynd að fólkið þurfti ekki að fara í gegnum bænaröðina til að fá lækningu. Það þurfti aðeins að trúá fyrirheitum Guðs. Þess vegna vildi Billy láta leika þemalagið sitt á hverri einustu samkomu:

Trú, aðeins trú,  
trú, aðeins trú.  
Allt er hér mögulegt.  
Trú, aðeins trú.

Jesús er hér.

Jesús er hér.  
Allt er nú mögulegt.  
Jesús er hér.

“Munið,” sagði Billy við áheyrendur. “Þessar gjafir geta ekki læknað ykkur. Það er ykkar eigin trú á loforð Guðs, sem veitir lækninguna. Það sem þessar gjafir geta gert fyrir ykkur, er að gefa ykkur trú á að hinn yfirnáttúrulegi Guð sé hér, til að halda loforð sín. Vinir, ég trúi því að dagar postulanna séu að endurtaka sig fyrir framan augun á okkur. Ég trúi að koma Jesú Krists sé nærri. Ég trúi á hina líkamlegu, bókstaflegu endurkomu Krists. Ég trúi því að við höfum stuttan tíma til að vinna verkin. Og ég trúi að þessi alheimslega vakning, sem fer nú um heiminn með slíkum krafti sé staðfesting boðskaparins. Eins og var á dögum Nóa. Þjóðirnar voru glataðar í synd og á leið til eyðingar, en Nói prédikaði þetta ótrúlega fagnaðarerindi og kallaði á fólkið að ganga inn í örkina til að vera öruggt. Ég trúi því að fagnaðarerindi Sonar Guðs, opinberað af Heilögum Anda, sé að fara sem stormsveipur um landið í dag og kalla fólkið inn í örk öryggisins, sem er Drottinn Jesús Kristur.”<sup>36</sup>

---

<sup>36</sup> William Branham: “Útskýring á þjónustunni.” Ræða prédikuð í Minneapolis í Minnesota, 11. júlí 1950.

## 45. Kafli

### Atburðirnir í Fort Wayne.

1949

**William Branham** hlýddi ráðum framkvæmdastjóra sinna og sneri hægt og hægt aftur til þjónustu sinnar, eins og maður, sem hefur lært erfiða lexíu. Þótt hann héldi margar stakar samkomur árið 1949, þá lét hann ekki setja upp margar langar herferðir. Regina í Saskatchewan, Windsor í Ontario, Beaumont í Texas, Zion í Illinois, Minneapolis í Minnesota og að lokum, seint um haustið, þriggja daga herferð í Fort Wayne í Indiana.

Meda fór með honum til Fort Wayne ásamt þriggja ára dóttur þeirra, Rebekku. Margie Morgan fór líka með sem hjúkrunarfræðingur, til að hjálpa til við að uppörva hina sjúku, meðan þeir biðu í bænaröðinni. Nú voru liðin þrjú ár, síðan maður Margie Morgan bar hana inn í Branham tjaldbúðina, meðvitundarlaus og nær dauða en lífi af krabbameini. Hún var fyrsta tilfellið sem Billy fékk, eftir að hann fékk köllun sína frá Guði að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Þegar Billy sá Margie í fyrsta sinn vó hún 25 kíló. Nú vó konan 75 kíló og henni leið frábærlega.

Fyrsta kvöldið í Fort Wayne, þjöppuðu 5.000 manns sér saman í leikhúsi í miðbænum. Eins og venjulega hóf Billy samkomuna á að tala við áheyrendur, um trú á hið fullkomna verk Jesú Krists. Hann útskýrði ferli guðlegrar lækningar, og lagði áherslu á hinn Ritningarlega grunn. Hann minntist á köllun sína. Hann lýsti táknum tveimur og útskýrði eins vel og hann gat, hvernig hvort tákn virkaði. Síðan lýsti hann sýninni sem hann hafði séð, af dánum dreng sem reistur var upp frá dauðum. “Skrifið það á blöð Biblíunnar ykkar,” hvatti hann fólkið. “Þegar það gerist, munið þið vita að ég er að segja ykkur sannleikann”

Andrúmsloftið í salnum virtist ískalt og fullt af tortryggni. Þegar Billy minntist á engil Drottins, sá hann marga líta efasama á hvern annan. Billy vissi að það voru þeir sem ekki voru sjúkir. Hinir sjúku voru eins ákafir að fá hjálp og hungraðir að fá brauð.

Meðan samkomuþjónarnir söfnuðu fólkinu saman í bænaröðina, lék ung kona í hvítum kjól á píanó fyrir neðan sviðið. Með æfðum fingrum fyllti hún salinn af hljómi hins gamla sálms: “Hinn mikli Græðari hér nú er.”

Fyrsti sjúklingurinn í bænaröðinni var lítill drengur sem var bæklaður eftir lómunarveiki. Howard Branham bar hann upp á sviðið til að móðirin gæti haldið sæti sínu. Billy tók hið hjálparvana barn upp á arma sína og bað: “Himneski faðir, ég bið þig að vera miskunnsamur.”

Skyndilega sá Billy blindandi ljós. Í fyrstu gerði hann ráð fyrir að ljósamaðurinn hefði beint sviðsljósinu að sér. Billy hugsaði: “Þetta er ókurteisi. Jafnvel þótt maðurinn sé ekki hrifinn af samkomunum, ætti hann ekki að gera þetta.” Billy pírdi augun og vonaði að hann gæti gefið manninum merki um að slökkva ljósið. Þá sá hann að þetta var ekki sviðsljós eftir allt saman, það var engill Drottins, sem steig niður úr loftinu. Hann skein skærar en venjulega. Nú heyrði Billy hið einkennandi hljóð: Hviss. Engillinn steig niður á sviðið. Billy vissi aldrei hvað gerðist næst, hvort hann missti barnið eða hvort barnið stökk úr fangi hans. Drengurinn lenti á gólfinu, með báða fætur eins eðlilega og þeir gátu verið. Drengurinn hrópaði af spenningi og



hljóp niður stigann að sviðinu. Móðirin æpti og stökk upp úr sæti sínu með útrétta arma til að taka við syni sínum, ef hann kynni að detta. Hún sá einnig stjörnuna... og þá leið yfir hana.

Þegar unga konan við píanóið sá þetta, fórnaði hún höndum og æpti. Eins og fyrir kraftaverk héldu lyklar píanósins áfram að hreyfast upp og niður og léku sama lagið:

Hinn mikli Græðari hér nú er,  
hinn miskunnsami Jesús.  
Hann uppörva vill þig í dag,  
ó, hlýð á nafnið Jesús.

Ungi píanóleikarinn stóð upp og enn með hendur á lofti, byrjaði hún að syngja sálminn á annari tungu, meðan píanóið hélt áfram að spila sjálf. Í hvítum kjólnum og með sítt ljóst hár sem bylgjaðist niður herðar hennar, leit hún út eins og engill og rödd hennar var englarödd.

Það að sjá bæði þessi kraftaverk brenndi sannfæringu inn í hjartað út um allan sal. Sjö hundruð manns fylltu gangana, þegar fólk reyndi að koma fram og gefa Jesú Kristi líf sitt. Þar sem ekki var nægilegt pláss fyrir alla, krupu margir niður á ganginum og grétu: “Guð vertu mér syndugum líknsamur.”

Þegar bænaröðinni var loks haldið áfram, leiddu menn gamlan, blindan mann upp á sviðið til fyrirbæna.

Billy spurði hann: “Herra, trúir þú að það sem ég segi sé satt?”

“Já, það geri ég,” svaraði hann.

Þá kom sýnin. Billy sagði: “Þú heitir John Rhyn. Þú ert kaþólskur. Þú átt heima í Benton Harbor, þar sem þú selur dagblöð á götuhorni. Þú hefur verið blindur í um það bil tuttugu ár. Svo segir Drottinn: ‘Þú ert læknaður’.”

Rhyn hrísti höfuðið. “En ég sé ennþá ekkert.”

“Það skiptir engu máli. Þú ert læknaður. Ég sá það gerast í sýn, og sýnirnar bregðast aldrei.”

John Rhyn þakkaði honum og hann var leiddur burt. Seinna það kvöld leiddu mennirnir John Rhyn aftur í gegnum bænaröðina.

Rhyn sagði: “Herra Branham, þú sagðir að ég væri læknaður.”

“Og þú sagðist trúa mér,” svaraði Billy á móti.

“Ég trúi þér. Þú sagðir mér hluti um líf mitt, sem þú gætir ekki vitað sjálfur. Þannig að ég hef enga ástæðu til að vantreysta þér. Ég veit bara ekki hvað ég á að gera núna.”

Billy sá að maðurinn þarfnæðist einhvers til hjálpar trúnni. “Endurtaktu stöðugt: ‘Ég er læknaður fyrir Hans benjar.’ Og vitnaðu síðan fyrir öllum að Guð hafi læknað þig. Það mun gerast, af því að það er: ‘Svo segir Drottinn’.”

Annað kvöld herferðarinnar sat John Rhyn á svölunum. Meðan á ræðunni stóð, stóð hann upp í sífellu og hrópaði: “Lofaður sé Drottinn fyrir að lækna mig,” jafnvel þótt hann væri jafn blindur og áður.

Það kvöld kom kona í bænaröðina, sem hélt á lítilli stúlku, með annan fótlegginn í gipsi. Þegar Billy sá gipsið, sagði hann: “Barnið er með klumbufót, er ekki svo? Systir, vilt þú gera það sem ég segi þér?” Konan sagðist myndu gera það. Án þess að biðja fyrir barninu, leiðbeindi Billy móðurinni: “Farðu heim til þín og taktu gipsið af barninu í kvöld. Þú munt sjá að fóturinn verður eðlilegur. Komdu með hana aftur annað kvöld og vitnaðu um það, hve mikið Jesús Kristur hefur gert fyrir þig.”

Eitt almesta kraftaverkið sem gerðist það kvöld, var þegar Jesús Kristur gaf blindri stúlku sjónina á ný. Og samt var sérhver lækning, hvort sem hún var einstök eða

lítillvæg, mikilvæg fyrir þann sem tók við henni. Eins og lækning rangeygrar stúlku, sem ekki gat fengið bænakort. Þegar samkoman var hálfnuð fór stúlkan fram, þar sem frú Bosworth var að selja kristilegar bækur. Frú Bosworth sá að stúlkan var að gráta og spurði hana hvað væri að.

“Ég sá rangeygða stúlku læknað uppi á sviðinu.” Stúlkan volaði. “Ef ég aðeins gæti komist í bænaröðina, gæti ég líka læknað. En ég get ekki fengið bænakort.”

Frú Bosworth, sem sá hve mikið rangeygð þessi stúlka var, fann samúðina flæða um sig alla. “Þú þarft ekkert bænakort,” sagði hún stúlkunni. “Þú þarft að hafa trú. Farðu aftur inn í salinn og vertu þar sem þú getur séð bróður Branham og trúðu af öllu hjarta að greiningin sé gjöf frá Guði. Ég fullvissa þig um að hann mun kalla á þig eftir nokkrar mínútur.”

Uppi á sviðinu, sneri Billy baki í stúlkuna, meðan hann bað fyrir fólkinu í bænaröðinni. Hann fann mikla trú á bak við sig. Hann sneri sér við og leitaði aftur í húsinu að uppsprettu þessarar trúar. Það voru svo margir sem trúðu, að það var erfitt að aðgreina einhvern sérstakan. En hann fann að trú einhvers var stigin upp á hærra svið. Þá kom Billy auga á hana. Hann sagði í hljóðnemann: “Unga stúlkan í grænu kápunni, sem situr þarna aftarlega. Þú ert rangeygð, ekki satt? Ekki óttast lengur. Jesús Kristur hefur læknað þig.” Samstundis varð svo.

Þegar samkomunni lauk, svimaði Billy af þreytu. Hann staulaðist af sviðinu inn á svæði, sem var hulið sjónum áheyrenda á bak við hliðartjald.

Baptistapredikari, sem hét Dr. Pedigrew, beið óþolinmóður eftir að hitta hann. “Herra Branham, þú hefur þá lélegustu málfræðikunnáttu sem ég hef nokkru sinni orðið vitni að hjá opinberum ræðumanni. Og þú stendur fyrir framan allan þennan mannfjölda. Þetta er hræðilegt!”

Billy hafði áður talað við herra Pedigrew og vissi að maðurinn talaði eins og diplómati, bæði fagað og nákvæmt mál. “Já, herra minn,” svaraði Billy lítillátur. “Ég veit að málfræðin mín er léleg. Ég er elstur af tíu börnum og faðir minn veiktist þegar ég var aðeins drengur. Þannig að ég þurfti að fara að vinna, í stað þess að ganga í skóla.”

“Það er engin afsökun,” staðhæfði Dr. Pedigrew. “Þú ert orðinn fullorðinn núna. Þú gætir farið í bréfaskóla og hressst upp á málfræðikunnáttuna.”

“Ja, núna, þegar Drottinn hefur kallað mig til þessara starfa, þá eyði ég öllum tíma mínum við að biðja fyrir sjúkum. Ég hef ekki mikinn tíma aflögu.”

“Það er skömm að því,” skammaði Dr. Pedigrew hann. “Það eru mörg þúsund manns, sem að hlusta á þig og þú notar orð eins og ljósinum, börnið og faraðu.”

“Nú, það virðist skilja mig nokkuð vel.”

“Það er ekki málið. Þetta fólk lítur upp til þín sem leiðtoga. Þú þarft að sýna þeim hvað sé rétt. Til dæmis sagðir þú: ‘Allir sem koma upp að þúttinu í kvöld’.”

“Já, herra, er það ekki rétt?”

“Nei, nei, það er þútt ekki þútt. Fólk þi myndi meta þig meir ef þú bærir orðin rétt fram.”

Billy var þreyttur vegna álgsins við greininguna. Hann hafði ekki orku í að ræða þetta lengur. “Herra, þessu fólk þarna er alveg sama hvort ég segi þútt eða þútt. Það vill að ég lifi á réttan hátt og að það verði, sem ég er að tala um. Ég styð ekki vanþekkingu, sem hefur gert mikið illt af sér í þessum heimi. En á hinn bóginn held ég ekki að maður þurfi að hafa mikla menntun til að þekkja Jesú Krist og eignast eilíft líf.”

Einmitt þá kom Ern Baxter aðvífandi og bjargaði honum. Þegar Baxter var að aka Billy og fjölskyldu hans að Indíanahótelinu, þar sem þau dvöldu, spurði hann: “Bróðir Branham, hvers vegna baðst þú ekki fyrir litlu stúlkunni með klumbufótinn?”

“Það var ekki nauðsynlegt að biðja fyrir henni. Ég sá lækningu hennar í sýn. Ég hef aldrei séð sýnirnar bregðast.”

Margie Morgan sagði: “Bróðir Billy, ég var að hjálpa fatlaða fólkinu sem situr fremst og ég fann sérstaka byrði vegna manns nokkurs. Ég held að það sé af því að hann er líkur manningnum mínum. Hann heitir herra Leeman. Tókst þú eftir honum?”

“Nei, ég gerði það ekki, Margie. Ég mun leita hans annað kvöld.”

Á föstudagskvöldinu, síðasta kvöldinu í Fort Wayne, sagði Billy framkvæmdastjórum sínum, að hann langaði til að hafa hraðröð, ef þeir héldu að hann gæti ráðið við það. Þeir samþykktu, með því skilyrði að hann deildi byrðinni með guðspjónum frá staðnum, til að fyrirbænaþjónustan yrði ekki of löng. Það var í lagi Billy vegna.

Bænaröðin hófst með vitnisburði konunnar, sem kom með dóttur sína til fyrirbæna kvöldið áður. Hún hafði farið beina leið heim með dóttur sína eftir samkomuna og það hafði tekið klukkutíma að saga gipsið af. Það leit út fyrir að allt væri í lagi með fótinn. Í morgun hafði svo röntgenmynd, sem læknerinn tók, staðfest það. Fóturinn var fullkomlega heill.

Þessi vitnisburður lyfti andrúmsloftinu upp í alveg ótrúlega trú. Svo margir þrýstu sér að, til að komast í hraðröðina, að margir, sem voru alvarlega bæklaðir, komust ekki að. Billy tók eftir herra Leeman, bæklaða manningnum, sem var líkur manni Margie Morgan. Nokkrir karlar voru að hjálpa honum að komast í fyrirbænaröðina, en fólkið stóð svo þétt saman að þeir gátu það ekki. Þannig að mennirnir báru herra Leeman þangað sem Billy var að biðja fyrir fólki. Þeir lyftu honum yfir brúnina og lögðu hann upp á pallinn, í þeirri von að það yrði hægt að biðja fyrir honum þar. Til allrar óhamingju, tók fólkið sem var í röðinni ekki eftir hinum bjargarlausu manni, sem lá á gólfinu. Brátt var hvít skyrta herra Leeman alþakin fótsporur.

Billy sá aðstæður herra Leeman og sagði í hljóðnemann: “Ekki stíga á þennan vesalings mann hérna.” Meðan hann talaði náðu augu Billy sambandi við augu herra Leeman. Billy fann hvernig trú herra Leeman togaði í hann. Tveir menn báru herra Leeman aftur í sæti sitt. Skyndilega fann Billy fyrir innblæstri um að hann ætti að fara og tala við hann.

“Ó, bróðir Branham,” sagði herra Leeman, þegar Billy var kominn til hans, “ef ég aðeins hefði snert buxnaskálm þína þarna uppi á sviðinu, þá trúi ég að ég hefði læknað.”

“Guð blessi þig, bróðir,” sagði Billy. Síðan kom sýnin yfir hann. Meðal annars sá Billy herra Leeman ganga yfir akur. Hann sá annan mann hoppa niður af dráttarvél og hlaupa til móts við hann. Billy fylgdist með mönnum tveimur faðma hvor annan. Sýnin hvarf í fjarska. Billy sagði: “Bróðir, þú ert með M.S. sjúkdóminn (heila- og mænusigg), ekki satt? Þetta hefur valdið hægfara lömum, en þú hefur verið rúmliggjandi af hans völdum í tíu ár. Þú er kaupsýslumaður frá Fort Wayne og hefur aldrei hætt að vinna. Ég sé þig liggja í sérstöku rúmi, sem reisir þig upp, þannig að þú getur unnið með ritvél.”

Herra Leeman var skiljanlega mjög undrandi. “Það er rétt, bróðir Branham. Hvernig vissir þú þetta?”

“Drottinn sýndi mér sýn. Þú hefur beðið mikið og Hann hefur heyrt bænir þínar. Jesús Kristur hefur gert þig heilan. Rís þú á fætur.”

Það var svo mikill hávaði og hreyfing í salnum, að fáir tóku eftir hinum fullorðna manni, sem reis á fætur í fyrsta skipti í tíu ár. Billy tók að ganga til baka að þrepunum upp á pallinn. Annar eldri herramaður, sem sat í fremstu röð, teygði fram höndina og greip í jakka Billy er hann gekk framhjá. Beinaber hönd gamla mannsins var hræðilega vansköpuð. Hann sagði eitthvað, en Billy gat ekki greint orðin. Billy beygði sig til að heyra hvað hann sagði gegnum allan hávaðann.

Maðurinn sagði: “Ég veit að ef ég aðeins fæ snert föt þín, bróðir Branham, þá muni ég verða heill.”

Allt í einu áttaði Billy sig á því að hann hafði séð þennan mann áður, í sýninni sem hann var að enda við að sjá af herra Leeman. Þetta var maðurinn á dráttarvélinni!

“Þú ert bóndi, er ekki svo? Og þú ert líka vinur herra Leeman þarna.” Hann benti þangað sem herra Leeman gekk um með hendur á lofti og raust hans rann saman við hinar raddirnar sem lofuðu Guð.

“Já, já.”

“Þú hefur verið bæklaður af gigt í mörg ár, en hafðu engar áhyggjur, því að svo segir Drottinn: ‘Þú munt verða heill’.”

Næsta morgun bankaði lyftuþjónn á herbergisdyr Billy: “Séra Branham, mér þykir leitt að segja þér þetta, en þú munt ekki komast út um dyrnar að framanverðu. Einhvern veginn komust menn að því að þú byggir hér og nú er anddyrið fullt af fólki, sem bíður þess að hitta þig.”

“Það var leitt,” sagði Billy. “Við vorum á leiðinni út, til að fá okkur morgunmat.”

Lyftuþjónninn kom með tillögu. “Ég get farið með þig út um annan inngang í gegnum kyndiklefan. Ef þér er sama þótt þú þurfir að klifra yfir öskuhauga.”

“Það hljómar betur en að sleppa því að borða.”

“Ég ætla að fara og athuga hvort leiðin sé greið. Ég kem og næ í ykkur eftir augnablik.”

Lyftuvörðurinn kom brátt til baka. Billy, Meda, Rebekka og Margie Morgan eltu unga manninn niður í kjallarann og framhjá kolaeldavél og haugum af kolum. Gegnum dyr og út í sund. Enginn sá þau fara. Til að vera viss um að enginn þekkti sig, togaði Billy hattinn sinn niður fyrir augu og bretti upp frakkakragann. Hann hélt á dóttur sinni, Rebekku og höfuð hennar lá upp að kinn hans. Það huldi líka andlit hans. Þau gengu nokkra metra eftir Annarri breiðgötu. Síðan héldu þau niður aðra götu að veitingahúsi Hobbs, þar sem þau höfðu borðað undanfarna daga. Skyndilega fékk Billy gæsaþú, þegar hann fann fyrir nærveru engils Drottins. Hann staðnæmdist.

“Hvað er að, elskan?,” spurði Meda.

“Andi Drottins sagði mér að beygja til vinstri.” Billy rétti Medu dóttur sína og hélt áfram göngunni.

“En, bróðir Billy,” sagði Margie. “Hér er staðurinn, sem við höfum borðað á.”

Meda setti fingur á munn sér. “Uss, ég hef áður séð þennan svip á honum. Andi Drottins leiðir hann. Fylgdu honum bara eftir.”

Eftir stutta stund beygði Billy inn á yfirfullt veitingahús, sem kallaðist Kaffihús Miller. Þau náðu sér í mat af hlaðborðinu og settust við borð. Áður en Billy gæti bitið í ristaða brauðið sitt, hrópaði kona á næsta borði upp yfir sig: “Lof sé Guði.” Og hún stóð upp og gekk í áttina að Billy. Margie hvíslaði að Billy: “Það er best að þú farir. Ef þú ferð ekki, mun allur þessi hópur halda þér fönngnum hérna inni.”

“Ekki segja þetta, Margie. Heilagur Andi er að gera eitthvað.”

Konan á næsta borði kom yfir að borði Billy. Hún sagði dálítið taugatrekkt: “Bróðir Branham, ég vona að þér finnist þetta ekki frekt, en ég held að Drottinn hafi leitt þig hingað til þess að hitta mig.”

“Hvers vegna segirðu mér ekki sögu þína, systir?”

“Bróðir minn og ég erum frá Texas.” Hún benti á mann, sem sat enn við borð hennar. Maðurinn fylgdist með þeim, en gerði enga tilraun til að rísa á fætur. Hann leit út fyrir að vera sjúkur. Konan hélt áfram: “Bróðir minn er að deyja úr hjartveiki. Læknarnir geta ekkert fyrir hann gert. Það er svo mikil stækkun í hjarta hans, að það þrýstir á þindina. Hann fór aftur í rannsókn í síðustu viku og læknirinn sagði honum að hann ætti stutt eftir ólifað. Bróðir Branham, við höfum fylgt þér eftir á tíu samkomum hingað til, en bróðir minn hefur aldrei komist í bænaröðina. Peningarnir okkar eru búnir, en við vildum reyna einu sinni enn. Við seldum því kúna okkar, til að fá peninga til að komast til Fort Wayne. Síðan við komum hingað, hefur mannfjöldinn verið svo mikill, að við höfum ekki getað komist inn. Í gærkvöldi var ég orðin örvæntingarfull. Ég bað alla nóttina. Snemma í morgun sofnaði ég. Mig dreymdi að Guð sýndi mér stað, sem hétu kaffihús Millers. Ef ég færi þangað klukkan níu, þá myndi bróðir minn lækna.”

Billy varð litið á úrið sitt. Klukkan var á slaginu níu. “Komdu með bróður þinn hingað.” Billy snerti hægri hönd mannsins með sinni vinstri. Það var sem hann hefði tekið um rafmagnsvír. Hinar djöfullegu bylgjur hrísluðust upp handlegg Billy. Úrið hans stoppaði. Billy laut höfði og bað hljóðlátlega: “Faðir, í nafni sonar þíns, Jesú, lækna þú þennan mann.”

Bylgjurnar dóu út. Maðurinn lagði hönd sína á brjóst sér og andaði djúpt að sér. “Mér líður öðruvísi,” sagði hann. Aftur fyllti hann lungu sín lofti, og var hissa á að finna ekki til neins sársauka. “Mér hefur ekki liðið svona vel, síðan ég var ungur maður.”

Atburðirnir voru farnir að draga að sér athygli annarra matargesta. Þótt Billy hefði ekki snert á matnum sínum, ákvað hann að fara, áður en allt of margir bæru kennsl á hann og hann ætti erfitt með að sleppa burt.

Um leið og hann gekk út úr kaffihúsinu, leit kona á hann með undrunarsvip. Næsta augnablik féll hún á kné á gangstéttinni fyrir framan hann og greip um buxnakálm hans. Hún snökti: “Ó, Guð, ég þakka þér.” Þetta var lítil, svartkædd kona. Tárin runnu niður andlit hennar og allur líkami hennar skalf af tilfinningaróti.

Billy lagði blíðlega hönd sína á axlir hennar. “Stattu upp, systir og segðu mér hvað er að.”

“Ég er frú Damico frá Chicago,” sagði hún titrandi röddu, er hún stóð aftur á fætur. Ég er með illkynja æxli. Ekki einu sinni Mayo sjúkrahúsið gat hjálpað mér. Ég hef farið í geislameðferð og æxlið heldur bara áfram að stækka. Maðurinn minn á spaghettiverksmiðju, þannig að ég hef næga peninga til að fara í aðgerð, en læknarnir sögðu mér að það yrði til einkis gagns. Bróðir Branham, ég hef komið á samkomur þínar. Ég hef reynt mikið að komast til þín, en mér tókst það ekki. Ég hef beðið og beðið. Ég er svo örvæntingarfull. Í morgun dreymdi mig að Drottinn vildi að ég stæði fyrir utan kaffihús Millers klukkan tíu mínútur yfir níu. Og hér ertu kominn!”

Billy tók um úlnið konunnar og bað: “Himneski Faðir, ég veit að þú leiðir þetta. Lækna þú þessa konu, í nafni Sonar þíns, Jesú Krists.” Nokkrum augnablikum síðar fann hann krabbameinsbylgjurnar verða að engu.

Á leiðinni heim á Indíanahóтелиð, vildi Meda fara inn í búð, til að kaupa litabók og liti, til að Rebekka hefði eitthvað að gera á hótélherberginu. Billy gekk að sportvörudeildinni, til að skoða öngla. Aftur fann hann nærveru engilsins. Hann laut

höfði og bað: “Himneski faðir, hvað vilt þú að þjónn þinn geri?” Eins greinilega og hann heyrði í konu sinni að tala við afgreiðslumanninn, heyrði hann engilinn segja: “Farðu niður þessa götu, farðu síðan yfir götuna og stattu þar.” Billy sendi Medu og Margie aftur á hótelið án sín og fylgdi leiðbeiningum engilsins. Hann stóð lengi á götuhorninu og horfði á stórbeinóttan, írskættaðan lögregluþjón flauta í flautu sína við að stjórna umferðinni. Fólk gekk fram og aftur yfir gatnamótin. Billy rannsakaði andlit þess og velti fyrir sér hvers vegna Drottinn vildi að hann stæði þarna. Eftir um það bil tíu mínútur, tók Billy eftir ungri konu sem gekk eftir fjarlægari enda götunnar. Hún var í svart- og hvítköflóttum kjól og með húfu í skotastíl. Billy fann þá óútskýranlegu tilfinningu, að þetta væri einstaklingurinn sem hann átti að hitta. Hann færði sig, þannig að hún yrði að ganga nálægt honum þegar hún færi yfir götuna. Lögregluþjónninn rétti fram höndina og blés í flautu sína. Bílarnir staðnæmdust og konan gekk yfir götuna. Hún laut höfði og gekk framhjá Billy án þess að taka eftir honum. Billy fylgdist með henni fara og hugsaði: “Þetta er furðulegt. Hvers vegna vildi Drottinn að ég færði mig nær henni?”

Unga konan gekk nokkur skref, staðnæmdist og snerist á hæl. “Ó, bróðir Branham!” Hún hraðaði sér til hans. “Bróðir Branham, er mig að dreyma, eða ert þetta virkilega þú?”

“Jú, systir, það er ég. Er eitthvað vandamál sem ég get hjálpað þér með?”

“Orðin flugu úr munni hennar, eins og hún óttaðist að hann myndi hverfa áður en hún gæti lokið við að tala. “Ég er frá Kanada. Ég lifi á örorkubótum sem eru 150 dollarar á ári. Ég eyddi síðustu peningunum mínum til að koma á þessar samkomur, en ég gat ekki komist í fyrirbænaröðina. Síðustu tvær nætur svaf ég á stól í anddyri hótelsins. Í morgun eyddi ég mínum síðasta eyri í kaffibolla og gekk í áttina að hraðbrautinni til að húkka mér far heim á leið. Þá gerðist nokkuð skrýtið. Það var sem rödd í höfði mínu segði mér að snúa við og ganga í hina áttina. Það næsta sem ég vissi, var að ég leit upp og sá þig.”

“Hvert er vandamálið, systir?”

Handleggur minn er bæklaður. Ég settist á bak hundi þegar ég var lítil stúlka. Ég datt og lenti á handleggnum. Hann hefur ekki verið í lagi síðan.”

Í huga Billy var ekki lengur nein spurning um hvað þetta snerist. “Réttu fram höndina,” skipaði hann. “Jesús Kristur hefur læknað þig.”

Unga konan rétti fram bæklaðan handlegg sinn. Síðan æpti hún þegar hún sá að hann var jafn heilbrigður og hinn handleggur hennar. Fólk á götunni hópaðist kringum Billy og bað um fyrirbæn. Írskættaði lögregluþjónninn yfirgaf stöðu sína og slóst í hóp með þeim. Þarna á götunni í Fort Wayne í Indíana, bað Billy fyrir fólk í heila klukkustund. Að lokum fann forstöðumaður á staðnum hann og fór með hann heim á hótelið sitt.

**Þegar samkomunum** í Fort Wayne lauk, fór John Rhyn aftur heim til sín í Benton Harbor í Michigan. Í tvær vikur stóð hann á götuhorninu sínu við að selja dagblöð og hrópaði: “Extrablaðið, Extrablaðið, lofaður sé Drottinn fyrir að lækna mig.” Þar sem augljóst var að hann var ennþá blindur, þá héldu allir að hann væri að tapa sér. Dag einn leiddi blaðburðardrengur hann inn á rakarastofu til að hann gæti látið raka sig. Meðan verið var að maka raksápu í andlit hans, stríddi rakarinn honum með því að segja: “John, einhver sagði mér að þú hefðir farið til Fort Wayne til að láta einhvern Heilagsanda-hoppandi prédikara biðja fyrir þér. Ég heyrði meira að segja að þú hefðir fengið lækningu.”

John svaraði: “Það er rétt. Lofaður sé Drottinn fyrir að lækna mig.”

Um leið og hann sagði þetta fékk hann aftur sjónina. Hann hrópaði upp yfir sig af gleði, hoppaði niður af stólum, hljóp niður götuna, með handklæðið enn um hálsinn meðan hann kallaði gleðitíðindin til allra sem hann sá. Um kvöldið hringdi hann í William Branham.

Nokkrum mánuðum seinna kom Billy við í bænum Benton Harbor, til að heimsækja John Rhyn. Hinn sjötugi maður sýndi hve góð sjón sín var, með því að lesa úr dagblaðinu. Síðan spurði Rhyn hvort Billy vildi fara með sér í Gyðinglegan framhaldsskóla, þar sem Rabbí hafði óskað eftir að tala við hann. Billy samþykkti það.

Skólinn var staðsettur uppi á hæð og þar var útsýni yfir höfnina. Ungur Rabbí með rautt skegg kom út um dyr samkunduhússins. Eftir að hann hafði heilsað gestum sínum, sagði Rabbíinn við Billy. “Ég veit að John var blindur. Ég gaf honum oft ölmusu úti á götu. Mig langar að vita með hvaða valdi þú opnaðir augu hans.”

“Ég opnaði ekki augu hans. Jesús Kristur, sonur Guðs, opnaði augu hans.”

“Fáránlegt. Jesús var ekki sonur Guðs og hann var ekki Kristur. Þegar Messías kemur, verður hann voldugur ráðamaður.”

“Herra, þú horfir til seinni komu Hans. Sömu Ritningar tala um fyrri komu Hans, eins og lambs sem er leitt til slátrunar.”

Rabbíinn hristi höfuðið. “Þið kristnir menn talið um einn Guð sem þrjár persónur. Þið segið Guð Faðirinn, Guð Sonurinn og Guð Heilagur andi. Það er ekki einu sinni neitt vit í þessu. Ef Faðirinn er persóna og Sonurinn er persóna og Heilagur andi er persóna, þá gerir það fleiri en einn og þá eruð þið komnir með marga guði, alveg eins og heiðingjarnir. Þið heiðingjar getið ekki skipt Guði upp í þrjá hluta og gefið hann Gyðingi.”

Billy svaraði: “Sumir kristnir skera kannski Guð í þrjá hluta, en ég geri það ekki. Það er einn Guð. Í Gamla testamentinu var hann þekktur sem Jehóva og Hann birtist á marga vegu, svo sem eldstólpinn sem leiddi Ísraelsmenn út úr ánaudinni í Egyptalandi. Í Nýja testamentinu birtist Guð í holdi í syni sínum Jesú, til að deyja fyrir syndir heimsins. Herra, trúir þú ekki þínum eigin spámönnum?”

“Auðvitað geri ég það.”

“Jesaja sagði: *Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á Hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað: ‘Undraráðgjafi, Guðhetja. Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi’.*”<sup>37</sup> Sjáðu til, það eru ekki þrjár mismunandi persónur, það er einn Guð sem birtist í þremur hlutverkum. Í slíkum hlutverkum birtist Guð í mismunandi mynd. Fyrst sem Faðirinn, síðan sem Sonurinn, og í dag sem Heilagur andi. Þess vegna skíri ég fólk í nafni Jesú Krists, af því að það er nafn Föður, Sonar og Heilags anda.”

Tár runnu niður bylgjað skegg Rabbíans. Billy var vongóður. “Þú trúir því nú að Jesús hafi verið Messías, er það ekki?”

Rabbíinn benti á tákni prestskapar síns, hina sexarma stjörnu Davíðs á þaki samkunduhússins. Hann sagði: “Ég þéna vel á þessu. Ef ég væri ekki Rabbí, væri ég ef til vill á götunni að betla mér inn fyrir mat.”

“Ég myndi frekar drekka blávatn og borða hrökkbrauð og segja sannleikann,” sagði Billy, “heldur en borða steiktan kjúkling á hverjum degi og standa á bak við lygi.”

Rabbíinn sneri sér skjálfandi við og gekk aftur að samkunduhúsinu.

---

<sup>37</sup> Jesaja 9:6.

**Stuttu eftir** þetta viðtal, hélt William Branham lækningasamkomu í Pine Bluff í Arkansas. Þegar samkomunni var lokið, hélt hann aftur til herbergis síns á þriðju hæð hótels, sem var staðsett miðsvæðis. Hann var svo þreyttur að hann lagðist ofan á rúmið í öllum fötunum og var um það bil að festa svefn, þegar hann heyrði bankað á dyrnar. Það var forstjóri hótelsins.

“Ert þú séra Branham?”

“Já, er eitthvað að?”

Maðurinn neri saman höndum. “Mér þykir það leitt, en ég er hræddur um að ég verði að biðja þig um að yfirgefa hótelið.”

“Af hverju? Hvað hef ég gert af mér?”

“Það er ekki þannig, að þú hafir gert neitt rangt, en við getum ekki haft þetta í kringum hótelið.” Hótelstjórinn gekk út að glugganum og benti niður á götuna.

Billy gekk út að glugganum til að sjá. Honum brá við. Röð af fólki kom út úr anddyri hótelsins og náði alla leið niður á götu.

“Þau komust einhvern veginn að því að þú værir hér og ég get ekki fengið þau til að fara.”

Billy fann til svo mikillar þreytu, að þetta vandamál varð yfirþyrmandi.

“Í allri hreinskilni, herra, þá veit ég ekki hvað ég á að gera.”

Hótelstjórinn kom með eigin áætlun. “Þú getur farið niður brunastigann og niður í sundið, meðan ég hringi á leigubíl. Ég læt leigubílstjórann keyra inn í sundið og ná í þig. Ég hef þegar gert ráðstafanir fyrir þig, að gista á öðru hóteli í borginni.”

Billy leit aftur út um gluggann. Það snjóaði. Hann sá mæður halda dagblöðum yfir sjúkum börnum sínum, til að varna þess að snjórinn félli á þau. Hann sá aðra með hækjur. Hann tók eftir manni sem skalf óskaplega, annað hvort vegna kuldans, eða af völdum heilabilunar. Billy gat ekki fengið af sér að skilja þau þarna eftir. Hann sagði við hóteltjórann: “Ég er með aðra áætlun.”

Billy fór í frakkann sinn, fór niður götuna og staðnæmdist á horninu. Þarna í Pine Bluff, í gulleitu skini götuljósanna meðan snjórinn féll af himni, fór Billy að biðja fyrir sjúkum. Bænaröðin gaf sömu niðurstöðu og samkomur hans. Maður henti frá sér hækjunum og hrópaði: “Lofaður sé Jesús, ég er læknaður!” Síðan læknaðist annar og sá næsti og enn annar og það voru meiri hróp og meiri lofgjörð. Einhver fór að syngja. Aðrir tóku undir. Trúin óx. Það glitraði á snjókornin er þau dreif niður af dimmum himni og þau komu inn í ljósið. Þetta var ein sú fegursta bænasamkoma sem Billy hafði upplifað. Hann stóð úti á götu, þar til fingur hans voru dofnir af kulda og það voru engir fleiri sem vildu fá fyrirbæn. Þá staulaðist hann aftur upp stigann að hótelherbergi sínu og sofnaði.

**Um það bil** mánuði eftir samkomurnar í Fort Wayne, hélt Billy samkomu í Little Rock í Arkansas. Frú Damico kom á samkomuna og stóð upp til að gefa vitnisburð sinn. Það var ekki snefill af illkynja æxli eftir í líkama hennar!

Nokkrum vikum seinna, fékk Billy bréf frá Herra Leeman, þar sem stóð að lækarnir gætu ekki fundið örðu af heila- og mænusiggi í líkama hans. Hann skrifaði að fyrir viku síðan hefði hann verið að keyra úti á landsbyggðinni, þegar hann sá vin sinn, bóndann, sem var eitt sinn bæklaður af liðagigt, vera að plægja úti á akri. Herra Leeman stöðvaði bíl sinn og gekk yfir akurinn í áttina að dráttarvélinni. Þegar vinur hans sá hann koma, klifraði hann niður af dráttarvélinni og hljóp til móts við hann. Þeir hittust á miðju túni og föðmuðu hvor annan, lyftu hvor öðrum upp til skiptis og lofuðu Jesú Krist saman. (Billy minntist sýnarinnar og brosti.) Herra Leeman minntist á eitt enn í bréfi sínu. Hann sagðist hafa sagt öllum sem hann þekkti frá lækningunni,



þar á meðal einum vina sinna í Englandi, en þannig vildi til að hann var einkaritari Georgs konungs sjötta.

Það útskýrði símskeytið, sem Billy fékk frá Englandi nokkrum dögum seinna. Það leit út fyrir að Georg konungur hefði verið að tapa heilsu smátt og smátt síðastliðin ár. Konungurinn varð fyrir miklum áhrifum af lækningu Leeman og vildi nú, að William Branham flygi til Englands til að biðja fyrir sér. Þar sem vilji Guðs vildi hafa það svo, þá var Billy þegar farinn að undirbúa ferð til Skandinavíu næsta vor, árið 1950. Það yrði auðvelt fyrir hann að koma við í London og biðja fyrir hans hátign Georg konungi.

Billy varð hugsað til kvöldsins, þegar hann hafði tekið við tilskipun sinni. Hann mundi hvað engillinn hafði sagt honum. *“Þú munt fara út um allan heim og biðja fyrir konungum og ráðamönnum og háttsettu fólki...”* Á þeim tíma hafði það virst langsótt og ólíklegt. Nú var það að verða að raunveruleika.

## 46. Kafli

### Engillinn ljósmyndaður í Houston. 1950

**Loks fannst** William Branham hann vera nægilega styrkur til að takast á við lengri herferðir. Þannig að framkvæmdastjórar hans gerðu ferðaáætlun fyrir hann, um að hann myndi prédika í 17 kvöld í Houston í Texas. Þeir hófu samkomurnar í tónlistarsalnum, sem aðeins tók 4.000 manns í sæti. Strax fyrsta kvöldið var augljóst að þetta litla húsnaði gæti ekki tekið við öllum þeim fjölda sem vildi komast inn. Næsta kvöld færðu þeir samkomurnar til Sam Houston Coliseum. Nú gátu allir fengið sæti. Fjöldi þátttakenda var um 8.000 hvert kvöld, þar til síðustu tvö kvöldin, að óvænt auglýsing fyllti húsið skyndilega út að dyrum.

Enda þótt margir af prédikurum borgarinnar ynnu saman að því, að gefa þessum samkomum brautargengi, þá voru aðrir sem studdu þetta ekki. Einn guðspjónninn gekk svo langt að standa mjög kröftuglega gegn Branhamherferðinni. Séra Best var nýkominn úr Baptistabíblíuskóla og var nú forstöðumaður stórrar kirkju í Houston. Þótt hann varaði við því, þá fóru sumir meðlimir kirkju hans á Branhamsamkomurnar. Það olli því að séra Best reiddist. Hann setti stóra auglýsingu í morgunblaðið og gagnrýndi guðlega lækningu harkalega á almennum grundvelli og William Branham alveg sérstaklega.

Fred Bosworth kom með dagblaðið *Houston Chronicle* upp í herbergi Billy á Rice hótelinu. “Bróðir Branham, líttu á þetta. Það er forstöðumaður í borginni, séra Best, sem skorar á þig, að koma í kappræður við sig um guðlega lækningu. Hlustaðu á hvað hann segir: “William Branham er trúarofstækismaður og blekkingameistari. Það ætti að reka hann út úr borginni og ég ætti að vera sá sem gerir það.” Bróðir Branham, ef ég væri í þínum sporum, myndi ég taka áskoruninni og kenna þessum unga manni eina eða tvær lexíur úr Orði Guðs.”

“Bróðir Bosworth, ég vil ekki deila við neinn. Guð sendi mig til að biðja fyrir sjúkum. Það eru þúsundir manna, sem munu trúa því. Til hvers að rífast við þennan skapmikla mann, sem mun ekki trúa því? Látið hann eiga sig. Jesús sagði að það yrðu til menn eins og hann – blindir, leiðtogar blindra.<sup>38</sup>

Þegar áskoruninni var ekki svarað, greiddi Dr. Best fyrir aðra auglýsingu. Þessi var ennþá meira sláandi en hin. Fred Bosworth þrammaði upp á herbergi Billy, henti dagblaðinu á borðið og sagði: “Þú trúir því aldrei, hvað hann segir um þig núna, þessi guðspjónn.”

“Hvað segir hann núna?”

Bosworth þreif blaðið upp og las: “William Branham er hræddur við sannleikann. Hann óttast að bera guðlega lækningu saman við ljósið frá Orði Guðs. Þegar hið sanna fagnaðarerindi yrði lagt fram fyrir hann, skammast hann sín fyrir að ræða um málið, vegna þess að Orðið myndi afhjúpa villu hans. Hann er ánægður með að blekkja hina fátæku og ómenntuðu, með þessari sniðugu blöndu af sálfræði og hjátrú.” Bosworth henti blaðinu aftur á rúmið.

“Bróðir Branham, ekki láta hann vanvirða Orð Guðs á þennan hátt. Taktu áskoruninni.”

---

<sup>38</sup> Matteus 15:12-14.

“Bróðir Bosworth,” sagði Billy, sem enn lét þetta ekkert á sig fá. “Um það bil 9.000 manns koma á samkomurnar á hverju kvöldi og um 7.000 manns vilja fyrirbæn. Ég á aðeins eftir að vera í Boston í nokkra daga. Hví að eyða tíma í þennan furðufugl, þegar við gætum verið að biðja fyrir sjúkum og þurfandi?”

“En bróðir Branham, allt fólk þú sem kemur á samkomurnar ætti að vita hver sannleikurinn er. Sumir eru farnir að velta því fyrir sér, hvort við vitum nokkuð um hvað við erum að tala.”

“Smurning Heilags anda er yfir mér, bróðir Bosworth. Ég hef engan tíma í vitleysu.”

“Leyfðu mér þá að taka áskoruninni.”

Billy einblíndi á þennan 73. ára gamla hermann fagnaðarerindisins og hugsaði um ritningavers sem hann hafði lesið, þar sem Kaleb bað Jósúa um forréttindi þess að ráðast á Amalekíta og hann segir: “*Og sjá, nú hefi ég fimm um átrætt. Og enn í dag er ég eins hraustur og þegar Móse sendi mig (til að njósna um Kaanansland fyrir 45 árum.*”<sup>39</sup>) Billy sagði: “Bróðir Bosworth, ég dáist að brennandi áhuga þínum...” Hann lét orðin deyjast út og vissi ekki hvort hann átti að segja já eða nei.

Bosworth fann hve hann var óákveðinn og þrýsti á með ætlun sína. “Maðurinn hefur ekki eitt ritningavers sem hann getur staðið á. Leyfðu mér að sanna þetta, ekki aðeins fyrir honum, heldur fyrir öllu þessu fólk, sem er að reyna að öðlast næga trú til að lækna.”

“Allt í lagi, bróðir Bosworth, ef þú vilt gera þetta og ef þú lofar mér að deila ekki.”

Fred Bosworth varð yfir sig glaður. “Ég lofa þér að ég mun ekki rífast. Ég mun bara færa honum fagnaðarerindið.” Uppörvaður yfirgaf Bosworth herbergið, til að segja fréttamönnum frá, sem biðu niðri.

Næsta eintak dagblaðsins Chronicle birti frétt um hinar komandi umræður með fyrir sögninni: “Prestshempur munu fljúga.” *Associated Press* símsendi þessa frétt skilmerkilega til allra dagblaða landsins. Mikill áhugi vaknaði á svæðinu og fólk tók að streyma inn í Houston til að fylgjast með þessu. Klukkan sex að kvöldi umræðanna voru næstum öll 30.000 sætin í Sam Houston Coliseum fullsetin.

Í fyrstunni hafði Billy ekki ætlað sér að fylgjast sjálfur með umræðunum. Tilhugsunin um að hlusta á, þegar þessir tveir menn deildu um guðlega lækningu, fannst honum fráhrindandi. Hann sá þetta þannig, að það ætti einfaldlega að lifa Orði Guðs, ekki deila um það. En þegar tíminn nálgadist, fann hann hjá sér undarlega löngun til að fara líka. Meðal fór með honum, ásamt Howard, bróður hans og tveimur lögregluþjónum. Þegar þau komu að samkomuhöllinni, voru einu sætin sem eftir voru uppi á þriðju svölum.

Billy breytti upp á frakkakragann sinn og togaði hattinn niður. Síðan gekk hann upp stigana að svæði 30 og settist niður. Enginn bar kennsl á hann.

Fred Bosworth, sem hafði aldrei áður tekið þátt í almennum kappræðum, kom með langan lista af ritningastöðum. Hann hugsaði með sér að þeir tveir myndu einfaldlega fara fram og aftur um Biblíuna og ræða ritningastaði og hugtök Biblíunnar. En Dr. Best hafði lært sinn umræðumáta á Biblíuskóla. Hann heimtaði að séra Bosworth tæki fyrsta hálf tímann til að kynna mál sitt, síðan myndi hann taka næsta hálf tíma í að kynna sitt viðhorf. Ef einhverjar umræður ættu að verða, myndu þær verða við lokin.

Með öryggi, sem var byggt upp af bænum og námi í fjölda ára, gekk Fred Bosworth upp á pallinn. “Dr. Best, mér þykir leitt að við skulum verða að ræða Orð Guðs á þennan hátt, en þú komst með þá staðhæfingu í dagblaðinu að bróðir Branham sé

---

<sup>39</sup> Jósúabók 14:6-12.

svikari og það sé ekkert til sem heiti guðleg lækning. Það sem við ætlum að ræða í dag, er ekki sú gjöf greiningar, sem bróðir Branham hefur. Gjafir Guðs munu sanna sig sjálfar. Það sem við ætlum að ræða um, er hvort guðleg lækning sé kennd í Biblíunni.” Bosworth hélt punktum sínum á lofti. “Ég er með nokkur hundruð ritningavers niðurskrifuð, sem sanna það að viðhorf Krists til sjúkra er hið sama í dag og það hefur alltaf verið. Ef þú getur tekið eitthvað af þessum versum og afsannað kenningu mína með því sem eftir er af Biblíunni, þá þarf ekki að ræða það framar. Ég mun viðurkenna ósigur og stíga niður af pallinum.”

Hér bauð Bosworth andstæðingi sínum eintak af punktum sínum. Dr. Best neitaði að snerta það og sagði: “Ég mun sjá um þetta allt, þegar ég kem upp á pallinn. Haltu áfram með það sem þú ætlaðir að segja.”

“Þá ætla ég að spyrja þig spurningar séra Best. Ef þú getur svarað mér með já eða nei, þá er ég ánægður. Var Jesús gefið hið endurleysandi nafn Jehóva, já eða nei?”

Dr. Best hreyfði sig ekki.

Bosworth hélt áfram. “Þar sem þú ert menntamaður, séra Best, þá veit ég að þú ert kunnugur hinum sjö nöfnum Jehóva, sem eru dreifð um Gamla testamentið. Ég ætla samt sem áður að fara yfir þau hér sakir áheyrendanna. Á blaðsíðu 6 og 7 í Scofield Biblíunni minni segir svo neðanmáls: “Jehóva er, strangt til tekið, hið endurleysandi nafn Guðdómsins og þýðir sá sem er til í sjálfum sér, sem opinberar sig. Í hinu endurleysandi samfélagi sínu við manninn hefur Jehóva 7 nöfn, sem opinbera Hann, sem þann sem uppfyllir sérhverja þörf mannsins, allt frá hans glötuðu stöðu og allt til enda.” Síðan telur Scofield upp þessi sjö nöfn sem:

Jehóva-shamma-Drottinn, sem er til staðar.

Jehóva-Shalim-Drottinn, friður minn.

Jehóva-Rohi-Drottinn, hirðirinn minn.

Jehóva-nissi-Drottinn, sigurfáni minn.

Jehóva-tsidkenu-Drottinn, réttlæti mitt.

Jehóva-jireh-Drottinn mun vel fyrir sjá.

Jehóva-rapha-Drottinn, Græðari minn.

“Ég spyr þig aftur spurningarinnar, Dr. Best. Var hið endurleysandi nafn Jehóva gefið Jesús?”

Dr. Best skipti um stöðu í sætinu, en talaði ekki.

“Ég er hissa á að þú svarar ekki, hr. Best. Þetta er eitt af veikustu rökunum sem ég hef. Getur verið að þú sjáir hvað ég á við? Ef nafnið Jehóva-jireh á við Jesús, og sérhver kristinn maður mun viðurkenna að það sé svo, þá hlýtur nafnið Jehóva-rapha einnig að eiga við Hann. Ef Jesús er fórnin, sem Guð sá sér fyrir til að frelsa okkur frá syndum okkar, þá hlýtur Hann einnig að vera Græðarinn okkar. Hvað segir þú við því, séra Best?”

“Ég...ég mun sjá um þetta, þegar ég fer upp á pallinn. Notaðu tíma þinn.”

Þannig að næstu tuttugu mínúturnar kom séra Bosworth við á eins mörgum ritningastöðum og tíminn leyfði. Hann útskýrði þau og fléttaði þau í einn sannleika. Hann ræddi vers eins og:

*“Því ég er Drottinn, græðari þinn.”*

2. Mósebók 15:23.

*“Sem lækna öll þín mein.”*

Sálmur 103:3

*“Þegar kvöld var komið, færðu menn til hans marga, er haldnir voru illum öndum. Illu andana rak hann út með orði einu, og alla þá, er sjúkir voru læknaði hann. Það átti að rætast, sem sagt er fyrir munn Jesaja spámanns: “Hann tók á sig mein vor og bar sjúkdóma vora.”*

Matteus. 8:16-17.

*“Jesús fór nú um allar borgir og þorp og kenndi í samkundum þeirra. Hann futti fagnaðarerindið um ríkið og læknaði hvers kyns sjúkdóma og veikindi.”*

Matteus 9:35.

*“Og hvar sem hann kom í þorp, borgir eða á bæi, lögðu menn sjúka á torgin og báðu hann, að þeir fengju rétt að snerta klæðfald hans, og allir þeir sem snertu hann urðu alheilir.”*

Markús 6:56.

*“Allt fólkið reyndi að snerta hann, því frá honum kom kraftur er læknaði alla.”*

Lúkas 6:19.

*“...Hvernig Guð smurði hann Heilögum anda og krafti. Hann gekk um, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir, því Guð var með honum.”*

Postulasagan 10:38.

*“Jesús Kristur er í gær og í dag, hinn sami og um aldir.”*

Hebreabréfið 13:8.

Séra Bosworth endurtók ritningaversið, og lagði áherslu á að það var þemað í öllum herferðum Willam Branham. Það sem Jesús Kristur var áður, er Hann í dag og mun verða það að eilífu.

*“Fyrir hans benjar eruð þér læknaðir.”*

1.Pétursbréf 2:24.

*Sjá, ég er með yður alla daga, allt til enda veraldar.”*

Matteus 28:20.

*“En þessi tákn munu fylgja þeim er trúu. Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda... Yfir sjúka munu þeir leggja hendur og þeir verða heilir.”*

Markús 16:17-18.

*“Trúarbænin mun gera hinn sjúka heilan og Drottinn mun reisa hann á fætur.”*

Jakobsbréf 5:15.

*“Hvers sem þér biðjið í bæn yðar, þá trúið að þér hafið öðlast það og yður mun það veitast.”*

Markús 11:24.

*“Jesús sagði við hann: “Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.”*

Markús 9:23.

Þegar hálf tíminn hans var liðinn, hafði séra Bosworth aðeins farið yfir hluta af þeim ritningastöðum, sem hann hafði skrifað niður. En áheyrendur höfðu fengið hugmyndina. Jesús Kristur, Frelsarinn, er líka Jesús Kristur, Græðarinn. Nú var kominn tími fyrir séra Best að rengja þá trú.

Dr. Best byrjaði á Fyrri Korintubréfi 15. kafla: “*Þannig er og um upprisu dauðra. Sáð er forgengilegu, en upp rís óforgengilegt... Sáð er í veikleika, en upp rís í styrkleika... En þegar hið forgengilega íklæðist óforgengileikanum og hið dauðlega ódauðleikanum, þá mun rætast það sem ritað er: Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.*”

Dr. Best leiddi rök að því að Guð hafi ekki áhuga á að lækna líkama manna, heldur aðeins á frelsun sálna þeirra. Annars myndu kristnir aldrei deyja úr neinu nema elli, því Guð myndi lækna þá í hvert skipti sem þeir yrðu veikir. Þar sem kristnir verða veikir og deyja eins og hver annar, hvar er þá hinn lækandi kraftur Guðs? Það er satt að Jesús læknaði meðan Hann gekk um á jörðinni, en það var aðeins fyrir Hans dag, til að sanna að Hann væri Sonur Guðs. Í dag er ekki þörf á lækningu sem sönnun, því við höfum skráningu Nýja testamentisins.

Þegar hálf tími hans var liðinn var augljóst að rök hans höfðu ekki sveigt áheyrendur. Það olli því að Dr. Best reiddist. “Aðeins heilagsandahoppandi hálfvitar trú á guðlega lækningu,” baulaði hann. “Enginn sannur Baptisti myndi trú neinu slíku.”

Fred Bosworth gekk að hinum hljóðnemanum. “Bíddu andartak, Dr. Best. Mig langar að spyrja áheyrendur. Hve margir Baptistar geta sannað það með yfirlýsingu frá lækni að þið hafið læknað á þessum samkomum? Vilduð þið gera svo vel að rísa á fætur.”

Þrjú hundruð manns risu á fætur.

“Það sannar ekki neitt,” hreytti Dr. Best út úr sér. “Fólk getur vitnað um hvað sem er.”

Bosworth sagði rólega: “Orðið segir að það sé satt og hér er sönnun þess meðal fólksins. Hvernig getur þú haldið áfram að afneita þessu?”

Dr. Best var orðinn illur og öskraði: “Komið með þennan guðlega græðara hingað til mín og leyfið mér að sjá hann starfa.”

“En, Dr. Best, bróðir Branham er enginn guðlegur græðari. Hann hefur aldrei sagst vera það. Hann biður bara Jesú Krist að lækna fólkið.”

Dr. Best hlustaði ekki á þetta. “Leyfið mér að sjá hann lækna einhvern.”

“Dr. Best, þú prédikar hjálpræði í Jesú Kristi, ekki satt?”

“Jú, það geri ég.”

“Gerir það þig að guðlegum frelsara?”

“Auðvitað ekki.”

“Nú, að prédika guðlega lækningu, gerir ekki heldur bróður Branham að guðlegum græðara.”

“Útskýrðu þá hvers vegna hann setti upp skilti úti á götu, þar sem stendur: ‘Kraftaverk á hverju kvöldi’.”

“Í fyrsta lagi var það ég sem setti upp skiltið. Og það sem stendur á því er sannleikur. Kraftaverk er eitthvað sem okkar mannlegi hugur getur ekki skilið. Bróðir Branham hefur yfirnáttúrulega gjöf, sem getur séð inn í líf fólks og sagt fyrir um framtíðina. Það sem meira er, það bregst aldrei að hlutirnir séu eins og hann segir að þeir séu. Það er kraftaverk. Það gerist á hverju kvöldi á samkomunum. Þú getur komið hingað annað kvöld og fylgst með ásamt hinum.”

“Andartak,” sagði Dr. Best. Hann sneri sér við og benti ljósmyndurunum að koma. Kipperman og Ayres voru atvinnuljósmyndarar frá Douglas ljósmyndastofunni í Houston og voru meðlimir í samtökum ljósmyndara í Ameríku. Dr. Best hafði ráðið þá persónulega, til að taka myndir af kappræðunum fyrir dagblaðið næsta dag. Þar sem hann hafði ráðið þá, ætlaði Dr. Best sér að ráða því hvað á myndunum yrði. Hann lagði fingur á nef andstæðings síns og sagði: “Takið nú mynd.” Eftir blossann, setti Best fingur undir höku Bosworth og sagði: “Takið aðra mynd.” Hann hélt áfram að setja sig í sigurstöður, þar til búíð var að taka sex myndir.

Fred Bosworth sagði: “Hvað mig varðar er þessari umræðu lokið. Herra Best getur ekki svarað einum einasta af þeim ritningarstöðum sem ég lét hann hafa. Ég trúi að hann sé búinn að tapa kappræðunni. Hve margir hér inni trúa því líka. Segið Amen.”

Allur salurinn bergmálaði þegar raddir hrópuðu: “Amen.”

Best var orðinn svo reiður að hann var frá sér. Hann rumdi: “Komið með guðlega græðarann og við skulum sjá hvað hann getur gert þegar ég fylgist með honum.”

Fred Bosworth var enn sallarólegur og sagði: “Ég veit að bróðir Branham er hér í húsinu, því ég sá hann koma inn. Hann mun ekki rökræða við þig, Dr. Best. Það er ekki hans stíll. En þar sem við erum komin að lokum kappræðanna, ef hann vildi koma hingað og segja fólkinu að það megi fara, þá er það allt í lagi mín vegna. En hann er ekki skyldugur að gera það.”

Fólk fór að líta í kringum sig út um allan salinn. Howard Branham lagði höndina á öxl Billy og sagði: “Sittu kyrr.”

“Það er það sem ég ætla mér,” sagði Billy. En stuttu seinna heyrði hann hljóðið, eins og hvirfilvind...hviiiiss. Síðan fann hann á líkama sínum þennan þrýsting, sem ekki var hægt að komast undan og hann vissi að engill Drottins hafði aðra áætlun. Billy stóð upp. Meða tók um hönd hans: “Ekki, elskan.”

“Vina mín, engill Drottins segir mér að fara þangað.”

Þegar Billy steig upp á pallinn beindi herra Ayres myndavél sinni að honum. Gordon Lindsey steig viljandi á milli og bað herra Ayres og herra Kipperman að taka ekki fleiri myndir. Lindsey hafði séð með hve miklum ákafa þessir menn höfðu myndað séra Bosworth og vildi ekki að ímynd William Branham yrði smánuð á sama hátt.

Billy gekk að hljóðnemanum og sagði: “Mér þykir leitt að þessar kappræður skyldu þurfa að eiga sér stað. Enginn ætti að vera illur út í hr. Best. Hann á sannarlega rétt á að hafa sínar skoðanir, alveg eins og ég hef mínar skoðanir. Þess vegna eru drengirnir okkar að berjast í Kóreu, til að allir geti haft sínar skoðanir í Ameríku.”

“Ég er enginn guðlegur græðari. Ég hef aldrei sagst vera græðari. Jesús Kristur er eini Guðlegi Græðarinn. En ég vil segja ykkur þetta. Eitthvað yfirnáttúrulegt gerðist þegar ég fæddist. Það var í bjálkakofa í skógum Kentucky. Það var ekki einu sinni trégólf í litla kofanum. Það var ekki einu sinni gluggi, aðeins hleri á hurðinni í augnhæð. Nokkrum mínútum eftir að ég fæddist, um klukkan fimm um morguninn, opnuðu þau hlerann og inn kom ljós, sem hringsnerist yfir rúminu þar sem mamma og ég lágum. Síðan þá hef ég komist að því að það er engill Drottins, af því hann hefur fylgt mér eftir alla mína ævi. Hann kemur á samkomurnar sem ljós og þá get ég séð hluti um einstaklinginn, stundum eitthvað um fortíð hans og stundum um framtíðina. Ég skora á hvern sem er, hvar sem er, að segja mér hvenær ég hef komið með staðhæfingu í nafni Drottins, sem ekki var nákvæmlega rétt, einmitt eins og hún var sögð. Guð er sannleikur og hann vill ekki hafa neitt saman að sælda við villu. Ef ég vitna um sannleikann, mun Guð vitna um mig...”

Billy heyrði aftur hljóðið, hvísið, það var nú hærra en hann hafði áður heyrt. Hann leit upp og sá yfirnáttúrulega ljósið sem sveif yfir þriðju svölunum og svæði 30, staðnum þar sem hann hafði setið rétt áður. Um leið og hann sá það, kom ljósið í áttina til hans.

Þögn hafði fallið yfir húsið. Áheyrendur skynjuðu að eitthvað óvenjulegt var að gerast. Sumum fannst þeir heyra furðulegt hljóð. Aðrir sáu ljós, er þeir litu í kringum sig. Það leit út eins og pínulítil vetrarbraut sem hringisnerist niður af svölunum. Það gerðist allt svo hratt, að það var auðvelt fyrir fólk eftir á, að ímynda sér að augun hefðu blekkt það. Ljósið steig niður á sviðið og sveif rétt fyrir ofan höfuð William Branham. Einmitt á því andartaki stökk herra Ayres fram með myndavélina og tók mynd. Blossinn var blindandi í stutta stund. Þegar augun höfðu aðlagast á ný, var ljósið dularfulla horfið.

Á leiðinni aftur í vinnustofu sína, ræddu ljósmyndararnir tveir um fyrirbærið. Ayres spurði samstarfsmann sinn: “Hvað finnst þér um þetta?”

Kipperman yppti öxlum. “Ég er Gyðingur. Ég veit ekki mikið um kristindóminn.”

“Ég er kaþólskur,” sagði Ayres, “og okkur er kennt að kraftaverk geti átt sér stað, en þau verði að koma gegnum kaþólsku kirkjuna til að vera frá Guði. Ég trúði því áður fyrr, en núna veit ég ekki. Ég hef séð alveg stórfurðulega hluti gerast undanfarna daga. Ef til vill er eitthvað um að vera hérna, sem er ofar mínum skilningi. Ef til vill hef ég verið of gagnrýninn á Branham.”

“Þú hefur gagnrýnt hann frekar harkalega.”

“Nú, mér fannst hann dáleiða þennan bæklaða hermann þarna um daginn. Hvernig hefði annars maður með brotinn hrygg átt að geta staðið upp og gengið?”

Kipperman yppti aftur öxlum. “Ég get ekki sagt um það. Ég veit ekkert um það.”

Heima í vinnustofunni sagði Ayres: “Ég ætla að sjá um þessa filmu undireins. Herra Best vill að skýrar og flottar myndir séu tilbúnar fyrir dagblaðið á morgun.”

“Ég er þreyttur,” sagði Kipperman. “Ég held ég fari upp og leggi mig um stund.”

Herra Ayres fór inn í myrkraherbergið, lokaði hurðinni og byrjaði að framkalla filmuna með þjálfuðum handtökum. Þegar hann lauk ferlinu, kveikti hann ljósið og leit á fyrstu myndina. Sér til mikillar undrunar var hún auð. Annar og þriðji ramminn var það einnig. Þetta var skrýtið. Hann notaði þessa myndavél oft og þessa tegund af filmu og þetta hafði aldrei gerst áður. Hvað gat hafa farið úrskaiðis? Hann leit á fjórðu, fimmtu og sjöttu rammanna. Þeir voru einnig auðir. En þegar hann leit á sjöunda og síðasta rammann, þá var það þar!

Ayres hrópaði upp yfir sig og hopaði á hæl. Stingur fór í gegnum brjóst hans, eins og hann væri að fá hjartaáfall. Hann hljóp inn ganginn, titrandi og honum var þungt fyrir brjósti. Hann kallaði á félagan sinn.

Ted Kipperman kom hlaupandi. “Hvað er að?”

“Líttu á þetta.” Hann benti á filmuna. “Þetta er sannleikur, Ted. Myndavélin getur ekki logið.”

Eftir tíu mínútur höfðu ljósmyndararnir tveir framkallað á pappír nokkrar stækkanir af filmunni.

Myndin sýndi vinstri hlið bróður Branham, sem var klæddur í svört jakkaföt og hallaði sér upp að púltinu. Hann hélt á miða í hægri hönd sinni, sem hvíldi á efri hluta púlsins. Hinn handleggur hans var beinn. Vinstra megin á myndinni var tveimur hljóðnemum beint að trúboðanum, eins og þeir væru æstir í að leggja áherslu á hvert það orð sem hann talaði. Samt sem áður var hann ekki að tala, einmitt á þessu augnabliki. Munnur hans var lokaður. Andlitsmynd hans skar sig úr dökkum



bakgrunninn. Hún sýndi há kollvik, það var spékoppur í kinn hans og augun voru djúp og mænda á áheyrendur.

En sá hluti ljósmyndarinnar sem var

sláandi, það sem fékk báða ljósmyndarana til að titra, var hið ílanga ljós sem sveif í efra horni myndarinnar, hægra megin. Gat það verið, gat það virkilega átt sér stað, að þetta væri hinn dularfulli eldur, sem þeir höfðu séð stíga niður af svölunum? Kipperman rannsakaði ljósröndina vandlega. Útlínurnar voru ekki greinilegar. Það í sjálfu sér var í ósamræmi. Allar aðrar útlínur myndarinnar voru skýrar og í fókus, en útlínur þessa striks voru ógreinilegar, eins og ljósið hefði sveiflast svo hratt, að myndavélin hefði ekki getað náð því í einni stöðu. Það sveif fyrir ofan höfuð William Branham eins og geislabaugur.



Þeir gerðu sér grein fyrir, að þeir voru með eitthvað mjög verðmætt í höndunum. Mennirnir tveir flýttu sér að fara með ljósmyndina á Rice hótelið, þar sem Billy dvaldi. Þrátt fyrir grátbeiðni sína, komust þeir ekki framhjá öryggisvörðunum sem gættu trúboðans. Þeir óku á flugvöllinn og klukkan ellefu það kvöld var filman á leiðinni til Washington D.C., til að afla þeim einkaréttar á henni.

Hún kom aftur næsta dag og athygli Billy var undireins beint að henni. Fyrstu viðbrögð Billy voru þakklæti. Kvöld eftir kvöld, fylgdist hann með loga Andans á samkomunum og vissi að þar sem Hann var, myndi sýnin vera. Margt kvöldið sagði hann áheyrendum frá þessu ljósi. Hann var þakklátur fyrir það, að Almáttugur Guð skyldi sanna vitnisburð hans, gegnum ljósmynd.

Fred Bosworth minnti alla á, að þetta var ekki í fyrsta skipti sem eldstólpinn hafði verið ljósmyndaður á samkomum Billys. Áður höfðu gagnrýnendur komið óorði á myndirnar. Hví skyldi það vera eitthvað öðruvísi í þetta skipti?

Gordon Lindsey sör þess eidd að í þetta skiptið yrði það öðruvísi. Með samþykki Douglas ljósmyndastofunnar, sá Lindsey um að filman yrði rannsökuð af George J. Lacy, einkarannsóknarmanni, sem FBI réði oft til að rannsaka umdeild skjöl. Lacy tók filmuna og rannsakaði hana með öllum þeim vísindalegu tilraunum, sem til voru. Fyrir utan það að rannsaka filmuna nákvæmlega, skoðaði hann myndavélina, til að aðgæta hvort ljós hefði getað lekið inn á filmuna. Hann heimsótti meira að segja salinn, til að aðgæta hvort endurvarp af sviðsljósi, hefði getað orðsakað frávikið.

Þegar hr. Lacy var reiðubúinn að gefa lokaskýrslu sína, kallaði hann til blaðamannafundar. Fyrir utan blaðamenn frá *The Houston Chronicle*, komu fréttamenn frá tímaritunum *Look*, *Colliers* og *Time*. Herbergið var nærri fullsetið þegar Billy og framkvæmdastjórn hans mættu á staðinn. Billy fékk sér sæti aftast.

George Lacy sat bak við borð, við hinn enda herbergisins. Rautt hár hans var vel greitt fyrir ljósmyndarana. Herra Lacy kynnti sig og fór yfir ástæður fundarins. Hann hafði yfirbragð harðsvíraðs lögreglustjóra. Síðan spurði hann: “Hver er William Branham?”

Billy stóð upp. “Ég, herra minn.”

“Séra Branham, þú munt verða að yfirgefa þennan heim, eins og allir dauðlegir menn, en meðan til er kristin þjóð, mun mynd þín vara. Eftir því sem ég best veit, er

þetta í fyrsta skipti í sögunni, sem yfirnáttúruleg vera hefur verið ljósmynduð og sönnuð vísindalega. Ég hef sjálfur verið gagnrýninn á þig. Ég hef lesið um samkomur þínar í tímaritum og hlýtt með vantrúaereyru á staðhæfingar þínar um engil. Ég sagði við sjálfan mig að þetta væri sálfræði. En herra Branham, hið efnafræðilega auga myndavélarinnar tekur ekki við sálfræði. Ljósíð lenti á linsunni. Filman sannar það. Herra Branham, viltu vera svo vænn að koma hingað.”

Billy gekk upp að borðinu.

George Lacy hélt áfram. “Hinn vantrúaði hefur oft sagt að það sé engin sönnun til, fyrir yfirnáttúrulegum Guði. Þeir dagar eru nú liðnir. Séra Branham, hér er filman.”

Herra Lacy rétti fram höndina, til að Billy gæti tekið við filmunni. Billy hristi höfuðið. “Hún tilheyrir mér ekki. Ég skil þetta þannig að höfundarrétturinn tilheyrir félagi bandarískra ljósmyndara.”

George Lacy varð undrandi. “Séra Branham, þú munt aldrei lifa að sjá myndina verða metna að verðleikum, því að sá sem arfleiðir er alltaf dáinn áður en erfðaskráin tekur gildi. Einn daginn verður þessi mynd seld í öllum verslunarkeðjum Bandaríkjanna. En veist þú hve mikils virði hún er núna? Ef ég ætti að geta, þá myndi ég geta upp á 100.000 dollurum.”

“Herra, hún er mér jafnverðmæt og líf mitt. Ef Jesús Kristur, Drottinn minn, mat mig nógu mikils, til að stíga niður og láta mynda sig með mér, þá elska ég Hann nógu mikið til að gera hana ekki að söluvöru. Douglas ljósmyndastofan tók myndina. Látum þá dreifa henni. Ég vil ekki hafa neitt með það að gera. Það eina sem ég bið um er að þeir selji hana nógu ódýrt til að fátækt fólk geti einnig eignast eintak.”

“Við skulum gera það,” sagði Ted Kipperman, er hann steig fram til að ná í filmuna. “En ég hef áhyggjur af því hvernig við getum sannað að ljósmyndin sé ekta.”

Herra Lacy sagði: “Ég get gefið ykkur ljósrít af skýrslu minni, sem þið gætuð síðan fjölfaldað og afhent með sérhverri ljósmynd.”

Billy las skýrsluna:

*George J. Lacy*  
*Rannsóknarmaður umdeilda skjala.*  
*Houston Texas.*

29. janúar, 1950.

SKÝRSLA OG ÁLIT.

Efni: Umdeild ljósmynd.

28. janúar 1950 tók ég við ljósmynd frá Douglas ljósmyndastofunni, að beiðni Gordon Lindsey, sem var fulltrúi William Branham frá Jeffersonville í Indíanafylki. Þessi ljósmynd var sögð tekin af Douglas ljósmyndastofunni, og vera af William Branham í Sam Houston Coliseum í þessari borg, meðan á heimsókn hans til þessarar borgar stóð.

BEIÐNI

Séra Lindsey bað mig að rannsaka filmuna vísindalega. Hann bað mig að ákvarða, ef mögulegt væri, hvort eitthvað hefði verið átt við myndina á einhvern máta, eftir að filman var framkölluð, sem gæti hafa orsakað ljósstrimilinn, sem er staðsettur eins og geislabaugur fyrir ofan höfuð William Branham.

### Rannsókn

Ég skoðaði ljósmyndina í smásjá og með stækkunargleri, alla umgjörð filmunnar, sem var Eastman Kodak filma. Báðar hliðar ljósmyndarinnar voru rannsakaðar undir útfjólubláu ljósi og innrauðar ljósmyndir voru gerðar eftir filmunni.

Rannsóknin leiddi ekki í ljós að neitt hefði verið átt við myndina með neinni af þeim aðferðum sem notaðar eru við vinnslu söluljósmynda. Hún leiddi ekki heldur í ljós neina truflun á svæðinu í og við ljósstrimilinn sem um er að ræða.

Útfjólubláa rannsóknin leiddi ekki í ljós neitt efni á myndinni, sem hefði verið afleiðing efnahvarfa á hlið myndarinnar, sem hefði getað orsakað ljósstrimilinn eftir að ljósmyndin var framkölluð.

Innrauða ljósmyndin opinberaði heldur ekki neitt, sem gæti leitt líkur að því umrædd filma væri samsett eða tvöföldun.

Ekkert fannst sem gæti leitt líkur að því, að ljósstrimillinn hefði verið gerður eftir að myndin var framkölluð. Né fannst neitt sem leiddi líkur að því, að hún hefði ekki verið framkölluð á venjulegan og viðurkenndan máta. Ekkert fannst við samanburð á aðalatriðum sem ekki væri í samræmi.

### Álit.

Samkvæmt ofangreindum rannsóknum sem lýst er hér fyrir ofan, er ég sannfærður í þeirri skoðun minni, að filman hafi ekki verið snert, né sé hún samsett eða tvöföldun.

Þar að auki er ég sannfærður í þeirri skoðun minni, að ljósstrimillinn sem er í stöðu geislabaugs orsakist af því að ljós lenti á filmunni.”

Virðingarfyllt,

*George J. Lacy*

Billy var ánægður. Hvaða fleiri sannanir væri hægt að koma með? Fólk myndi annað hvort trúa því eða vera vantrúað, sjálfu sér til minnkunar.

**Í nokkrar vikur** eftir hverja samkomuherferð, streymdu vitnisburðirnir inn á skrifstofu Billy í Jeffersonville, frá fólki sem hafði læknað á samkomum hans. Í þetta skiptið, eftir atburðina í Houston í Texas, minntust margir á að hafa séð sérkennilegt ljós umhverfis höfuð Billy, á kvöldi kappræðnanna.

Dæmigert bréf, kom frá herra Becker, sölumanni í Cleveland í Texas, sem þjáðist af alvarlegum magakrampa. Enda þótt hann tryði ekki á guðlega lækningu, taldi konan hans hann á að fara á vakningasamkomu Billy. Þau fóru kvöldið sem kappræðurnar voru. Hann skrifaði: “Ég sá ljós umhverfis höfuð séra Branham, þegar hann stóð þarna á sviðinu eftir kappræðurnar. Það var ekki eins og ljósapera. Það líktist meir geislabaug umhverfis höfuð hans.” Þegar Billy kallaði fram til frelsunar, þá hraðaði hr. Becker sér fram til að gefa Jesú Kristi líf sitt.

Herra Becker var á síðustu samkomunni og fékk bænakort, en númerið hans var ekki kallað upp. Samt sem áður læknaðist hann af magavandamálinu þegar Billy lokaði Houston herferðinni, með fjöldabæn til lausnar. Það sannaði enn og aftur það sem Billy sagði svo oft: “Þú þarft ekki að koma í bænaröðina til að lækna. Þú þarft aðeins að hafa trú.”

## 47. Kafli.

### Örvæntingarfullt flug næturgala.

1950

**Morguninn** eftir kappræðurnar í Houston í Texas, kom Fred Bosworth við á hótélherbergi William Branham, til að afhenda honum bréf, sem var nýkomið í pósti. Meða kíkta yfir öxl eiginmanns síns. “Það er frá Durban í Suður-Afríku. Opnaðu það Billy.”

Billy opnaði bréfið og byrjaði að lesa. Þetta bréf var frá einkahjúkrunarkonu konu nokkurrar, Florence Nightingale<sup>40</sup> Shirlaw að nafni, sem sagðist vera náinn ættingi hinnar frægu, ensku, 19. aldar hjúkrunarkonu, Florence Nightingale. Ungfrú Shirlaw var að deyja úr krabbameini og grátbað Billy að fljúga til Suður-Afríku, eins fljótt og hann gæti til að biðja fyrir sér. Hún var of veikburða til að koma til Ameríku. Krabbameinið hafði vaxið yfir skeifugörnina og varnaði henni þess að melta neina fæðu. Í marga mánuði hafði henni verið haldið á lífi með næringu í æð, meðan hún var hægt og hægt að verða að engu. Læknar hennar bjuggust ekki við að hún myndi lifa mikið lengur. Kraftaverk frá Jesú Kristi var hennar síðasta von.

Til að leggja áherslu á hve örvæntingarfull aðstaða hennar var, þá sendi ungfrú Shirlaw ljósmynd af sér með bréfinu.<sup>41</sup> Meða dró andann á lofti. Billy starði á ljósmyndina í hryllingi. Hann hafði aldrei áður séð mannlega veru svo horaða. Handleggir hennar litu út sem sópsköft, fyrir utan það að þeir sveigðust dálítið við olnbogana. Billy gat talið rifbein hennar nákvæmlega. Veslings konan leit út eins og beinagrind, sem húðin var strengd yfir.

Florence Nightingale Shirlaw hafði sent flugmiða, ásamt bréfinu og ljósmyndinni. Billy leit á flugmiðann og leit síðan spyrjandi á framkvæmdastjórn sinn.

Fred Bosworth vissi um hvað hann var að hugsa. “Bróðir Branham, það er engin leið að þú getir flogið einmitt núna til Suður-Afríku. Þú átt að vera í Beaumont eftir örfáa daga. Síðan ferð þú til Pensacola í Flórída. Þar á eftir ert þú skuldbundinn í Arkansas, síðan í Carlsbad í Nýju Mexíkó. Þú ert fullbókaður fram í apríl, þegar þú flýgur til Evrópu. Þegar þú kemur aftur frá Skandinavíu í maí, átt þú lausan tíma. Þú gætir farið þá?”

“Eftir tóninum í þessu bréfi að dæma,” Billy hélt á ljósmyndinni og leit aftur á hana. “Og eftir þessari mynd að dæma, þá verður hún líklega dáin fyrir maí.”

“Ef til vill,” samþykkti Bosworth, “en bróðir Branham, þú færð bréf alls staðar að úr heiminum frá fólki, sem liggur á dánarbeði. Þú getur ekki flogið af stað og beðið fyrir sérhverjum deyjandi einstakling, sem sendir þér flugmiða. Ef þú gerðir það, þá gerðir þú ekki annað við tíma þinn. Þú verður að vera leiddur af Andanum.”

“Það er einmitt málið,” sagði Billy. “Andinn segir mér að það sé eitthvað sérstakt við þessa konu. Ef til vill er Drottinn að kalla mig til að fara til Suður-Afríku.”

<sup>40</sup> Nafnið þýðir næturgali.

<sup>41</sup> Þessi ljósmynd er sýnd á bls. 49 í bókinni: William Branham, spámaður heimsækir Suður-Afríku, eftir Julius Stadsklev.

Það var hljótt um stund í herberginu, nema það heyrðist í Medu, sem reyndi að halda aftur af tárnum. Síðan kom Billy með uppástungu: “Við skulum öll biðja fyrir ungfrú Shirlaw.”

Pau lögðu bréfið og myndina á gólfið og krupu niður í hring og Billy bað: “Himneski faðir. Þegar ég sá orðin Suður-Afríka á þessu bréfi, þá var sem eitthvað færi á flug innra með mér. Vilt þú að ég fari til Durban og haldi samkomur? Faðir, hér er vesalings, deyjandi kona, sem horfir til þín sem sína síðustu von um líf. Ég bið þig að lækna Florence Nightingale Shirlaw í nafni Sonar þíns, Jesú. Og Drottinn, ef þú lækna hana, þá tek ég það sem merki frá þér um að ég eigi að halda lækningasamkomur í Suður-Afríku.”

**Þegar hann var** að prédika í Flórída í febrúarmánuði árið 1950, fékk Billy langlínusamtal frá frú Reece. Maðurinn hennar, sem var gamall vinur Billy, hafði fengið heilablóðfall og lá á sjúkrahúsi nær dauða en lífi. Billy gat aðeins beðið fyrir vini sínum gegnum símann og beðið Guð að auðsýna miskunn. Næsta dag hringdi frú Reece aftur og færði þær góðu fréttir, að ástand manns hennar hefði batnað til muna það sama kvöld. Læknarnir voru nú vissir um að hann myndi lifa. Billy þakkaði Drottni fyrir að þyrma lífi vinar síns.

Í mars hélt Billy samkomuherferð í Carlsbad í Nýju-Mexíkó. Eftir eina samkomuna stóðu hann og Billy Paul utarlega á gangstétt, þegar þeir sáu frú Reece koma út úr kirkjunni. Billy gekk til hennar til að heilsa upp á hana. Honum brá við að sjá hve vinur hans hafði elst síðan hann sá hann síðast. Annar handleggurinn var máttlaus og lífvana. Hann hreyfði hinn með miklum erfiðismunum. Kona hans og bílstjóri urðu að hjálpa honum að komast áfram.

“Bróðir Branham,” sagði hann og orðin voru hæg og röddin drafandi. “Í gærkvöldi var bænánúmerið mitt mjög nálægt. Þú kallaðir upp númer 25-35 og mitt var númer 36. Ó, ef ég aðeins hefði komist í þá bænaröð.”

“Bróðir Reece, bara það að vera í bænaröðinni, hefði ekki læknað þig.”

“Ég veit, bróðir Branham, en mig langar að vita hvað ég hef gert til að eiga þetta skilið. Ef ég hef gert eitthvað rangt, þá má Guð vita að mér þykir það leitt. Ég er glaður að vera á lífi, en hvers vegna ætti ég að þurfa að fara gegnum það sem eftir er lífs míns á þennan hátt?”

“Nú, bróðir Reece. Ég veit ekki hvers vegna þessir hlutir gerast. Á samkomunum tek ég bara eitthvað númer tilviljanakennt, til að allir hafi sömu möguleika. Ef Guð hefði ætlað því að verða...”

“Það er allt í lagi, bróðir Branham. Það er ekki þér að kenna. Ég ætla að fylgja samkomum þínum eftir og halda áfram að reyna þangað til Guð sýnir mér hvort ég verði nokkurn tíma heill, eða ekki.”

Billy leit með samúð á fatlaðan vin sinn, sem var klæddur í blá jakkaföt og var með rautt bindi. Herra Reece var svo krepptur og óstöðugur, að kona hans og bílstjóri urðu að styðja hann. Skyndilega sá Billy pálmatré birtast á milli þeirra. Hann sá annan herra Reece birtast, sem var í brúnum jakkafötum og stóð undir pálmatré sterkur og stöðugur. Hann lyfti höndum og lofaði Guð. Er sýnin var að dofna, sagði Billy: “Bróðir Reece, svo segir Drottinn: ‘Þú munt verða heill.’ Ég veit ekki hvar, en ég veit að það er ekki hér, vegna þess að hér eru engin pálmatré. Einhvern daginn munt þú standa við hliðina á pálmatré í brúnum jakkafötum og hvíttri skyrtu og með brúnt bindi. Þú munt sjá mig og þá munt þú lækna. Hvort það er á þessu ári, því næsta, eða eftir tíu ár, veit ég ekki. En mundu, bróðir Reece, að það er svo segir Drottinn.”

**Í apríl 1950**, stigu William Branham, Ern Baxter, Jack Moore, Gordon Lindsey og Howard Branham um borð í flugvél á leið til London í Englandi. Það virtist viðeigandi fyrir Billy að eyða fertugasta og fyrsta afmælisdegi sínum, við að breiða úr vængjum sínum og hella sér út í alþjóðlega þjónustu. Þegar flugvél hans lenti á Northolt flugvælinum, var fyrsta undrunarefni Billy, manngrúi, sem beið þess að bjóða hann velkominn. Það voru engar samkomur fyrirhugaðar á Bretlandseyjum. Þetta var aðeins millilending á leiðinni til Finnlands, til að hann gæti beðið fyrir Georg sjötta, Englandskonungi. Samt sem áður höfðu mörg þúsund manns birst á staðnum, aðeins til að sjá honum bregða fyrir.

Þegar Branham hópurinn ruddi sér leið gegnum mannfjöldann, sem stóð þétt saman, heyrði Billy nafn sitt nefnt í hátalarakerfi flugvallarins. Séra Baxter bauðst til að fara og aðgæta um hvað málið snerist.

Tíu mínútum seinna sneri Ern Baxter aftur með annað undrunarefni. “Bróðir Branham, þú munt aldrei trúna þessu, en konan frá Suður-Afríku, Florence Nightingale Shirlaw, komst einhvern vegin að því að myndir lenda hér í dag, svo að hún ákvað að taka þá áhættu að koma sjálf, sem síðasta úrræði til að fá þig til að biðja fyrir sér persónulega. Flugvél hennar lenti aðeins nokkrum mínútum á undan okkar. Hún er þarna og hún er enn um borð í vélinni.” Ern Baxter benti á flugvél sem stóð hinu megin flugbrautarinnar. “Bróðir Branham, ungfrú Shirlaw vill að þú komir undireins og biðjir fyrir sér. Hún heldur að hún sé að deyja á þessu augnabliki.”

Billy velti öllum aðstæðum vandlega fyrir sér. Mörg þúsund manns stóðu þétt saman á milli hans og flugvélar Florence Shirlaw. Hann sneri sér að einum af þeim guðsþjónum sem var gestgjafi hans. Hann var biskup í Biskupakirkjunni. Billy sagði: “Af hverju farið þið ekki heim með ungfrú Shirlaw? Ég fer niður í Buckinghamhöll og bið fyrir konunginum. Síðan kem ég á eftir til bústaðar þíns og bið fyrir henni. Þú getur hringt í mig á Piccadilly hótelið til að ákveða tímann.”

“En, bróðir Branham,” mótmælti biskupinn. “Ef til vill lifir hún ekki svo lengi.”

“Nú, ég næ ekki til hennar hér. Þú sérð mannfjöldann.”

Biskupinn kinkaði kolla. “Allt í lagi, ef það er okkar besta úrræði. Þú hefur rétt fyrir þér. Þú kemst ekki í gegnum mannfjöldann að flugvél hennar.”

Dagurinn reyndist lengri en Billy hafði búist við. Eftir að hafa beðið fyrir konunginum í Buckinghamhöll,<sup>42</sup> fóru gestgjafar hans með hann á hið sögulega heimili John Wesley, hins þekkta átjándu aldar trúboða, sem stofnaði Meþódistakirkjuna. Billy kraup niður og bað í herberginu, þar sem hinn mikli guðsþjónn bað sjálfur á hverjum morgni klukkan fimm, ef hann var heima. Billy fór í skikkju Wesley, gekk inn í kirkju hans og stóð á bak við púlt hans. Billy hugsaði um það, hvernig John Wesley hafði prédikað boðskap um helgun. Hann lagði áherslu á að fólk ætti ekki aðeins taka við Jesú Kristi sem Frelsara sínum, heldur ætti það einnig að lifa helguðu lífi. Hann hugsaði um það hvernig Guð hafði notað John Wesley til að vera neistann að vakningu, sem hafði farið sem stormsveipur um allt England og angi af henni hafði breiðst út um hinn kristna heim. Billy velti því fyrir sér hvað sagan myndi segja um vakninguna sem nú var að breiðast út, gegnum hans eigin þjónustu.

Seinna þann dag fóru gestgjafarnir með Billy í Westminster Abbey, þar sem stór hópur af guðsþjónum óskaði eftir að hitta hann. Þeir komu honum ekki aftur heim á Piccadilly hótelið fyrr en klukkan tvö um nóttina.

<sup>42</sup> Georg 6. þjáðist af Buergers veiki, sem er þjáningarfullur sjúkdómur sem veldur æðakölkun í fótum og takmarkarkar blóðflæði til þeirra. Eftir að William Branham bað fyrir honum batnaði ástand konungsins svo mikið, að hann gat komið fram opinberlega í fyrsta skipti í marga mánuði.

Næsta morgun var hlýtt, þrátt fyrir þétta aprílþoku. Billy og félagar hans fóru með leigubíl heim til biskupsins. Hann átti heima á fallegu biskupssetri, sem var áfast stórri biskupakirkju. Biskupinn tók á móti þeim við dyrnar og leiddi þá upp hringlaga stiga upp á efri hæðina.

Þegar Billy leit fyrst á Florence Nightingale Shirlaw, varð hann orðlaus um stund. Þótt hann hefði séð mynd af ásigkomulagi hennar, hafði sú mynd ekki undirbúið hann fyrir hinn hryllilega raunveruleika. Billy starði á hana í skelfingu. Florence Shirlaw lá á bakinu og hvítu laki var vafið utan um hana. Það gerði það að verkum, að hún leit út eins og egypsk múmía. Hún var kinnfiskasogin. Augun voru djúpt sokkin í augnatóttirnar. Munnur hennar var svo þéttlokaður, að Billy gat séð móta fyrir tönnum hennar gegnum húðina. Veslings konan leit út fyrir að vega um 25 kíló. Billy minntist Georgie Carter, sem hafði einnig horast niður, þar til hún var aðeins 25 kíló, áður en Drottinn læknaði hana af berklum. Jafnvel Georgie hafði ekki litið út fyrir að vera svona skorpín. Georgie Carter var lítil kona. Florence Nightingale Shirlaw var 1,82 á hæð.

Læknir ungfrú Shirlaw stóð hjá dyragættinni. Billy gat nú talað á ný og sagði: “Er einhver von fyrir hana?”

Læknirinn hristi höfuðið. “Engin von. Hún hefur ekki neytt fastrar fæðu í tvo mánuði. Hún er nú svo horuð að æðarnar í handleggjum og fótleggjum eru fallnar saman og við getum ekki komið nál að, til að gefa henni næringu.”

“Það var nú verri sagan,” hvíslaði Billy. Hann gekk að rúminu og sagði: “Komdu sæl, ungfrú Shirlaw. Ég er bróðir Branham.”

Augu hennar opnuðust og varir hennar hreyfðust, en Billy gat ekki greint hverju hún hvíslaði. Hjúkrunarkonan beygði sig yfir hana og hlustaði. Síðan sagði hún: “Bróðir Branham, hana langar að heilsa þér með handabandi.”

Hjúkrunarkonan dró hönd sjúklings síns undan lakinu og lagði hana í hönd Billy. Hönd hennar var köld sem nár. Húðin var svo strekkt yfir beinin að Billy fannst hann halda í höndina á beinagrind.

“Bróðir Branham,” sagði hjúkrunarkonan. “Florence hefur fylgst náíð með þjónustu þinni. Hún hefur beðið svo heitt og lengi um að fá að hitta þig. Hún trúði því, að ef hún aðeins kæmist í námunda við þig, þá myndi Jesús Kristur lækna hana. En ég er hrædd um að hún sé nú loks búin að missa alla von. Ég trúi að hún muni nú deyja, því hana langaði til að sjá þig áður en hún færi heim til Drottins.”

Tár runnu niður kinnar hinnar deyjandi konu, er hún myndaði óljósa setningu. Billy velti því fyrir sér, hvar hún fyndi nægan vökva til að gráta.

“Hún vill að þú sjáir líkama sinn,” sagði hjúkrunarkonan.

Þegar þau drógu lakið til hliðar, fann Billy nýja öldu samúðar fara um sig, jafnframt því sem honum varð illt. Það voru bláar rendur á handleggjum hennar, þar sem æðarnar höfðu fallið saman og þeir voru ekki meiri um sig en beinin. Brjóst hennar og magi voru samanfallin og rifbeinin stóðu út. Húðin hafði lagst í fellingar á mjöðmunum og gróið saman. Hún leit út eins og lifandi beinagrind.

Florence Nightingale Shirlaw bærði aftur varirnar. Hjúkrunarkonan laut alveg að henni til að heyra hvað hún segði. Síðan endurtók hún orð sjúklingsins. “Segðu bróður Branham að biðja Guð að leyfa mér að deyja.”

Billy fékk sting í hjartað. “Við skulum öll biðja,” sagði hann.

Gordon Lindsey, Ern Baxter, Jack Moore, þrír enskir guðsþjónar og læknirinn, komu öll saman umhverfis rúm Florence Shirlaw. Billy fór með Faðirvorið. “Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn.” Meðan Billy bað settist dúfa á gluggasyllu í opnum glugga. Hún kurraði: “Kú, kú, kú.” Billy lauk Faðirvorinu og hélt



áfram að biðja: “Almáttugur Guð. Ég bið þess að blessun þín mætti hvíla yfir þessari vesælu deyjandi dauðlegu veru. Ég get ekki beðið um dauða hennar, þar eð hún hefur beðið svo mikið um að sér verði veitt líf. Vertu henni miskunnsamur, Faðir. Ég bið þess í Jesú nafni. Amen.”

Billy heyrði vængjatak, þegar dúfan flaug burt. Þegar hann opnaði augun, sá hann að guðsþjónarnir höfðu ekki verið að biðja, heldur höfðu þeir fylgst með fuglinum.

“Tókst þú eftir dúfunni?” spurði einn þeirra.

Billy ætlaði að opna munninn til að segja: “Ég tók eftir henni.” Hann varð furðu lostinn að heyra sjálfan sig gefa þessa yfirlýsingu: “Svo segir Drottinn, þessi kona mun ekki deyja, heldur lifa.”

Allir í herberginu virtust undrandi. Þetta virtist svo gjörsamlega óraunhæfur möguleiki.

“Bróðir Branham, ertu viss um þetta?” spurði Ern Baxter.

Þetta var ekki það sem ég hafði ætlað mér að segja,” svaraði Billy. “Það var ekki ég sem talaði. Það var Hann. Þess vegna mun það verða. Þegar það gerist, táknar það, að ég á að fara til Durban í Suður-Afríku.”

## 48. Kafli

### Drengur reistur upp frá dauðum fyrir sýn. 1950

**William Branham** lenti í Helsinki í Finnlandi, 14. apríl 1950. Nokkur fjöldi guðsþjóna var samankominn til að bjóða hann velkominn, þar á meðal Manninen forstöðumaður, sem hafði sent Billy fyrsta heimboðið og ungfrú May Isaakson, sem var finnsk-amerísk og ætlaði að vera túlkur Billy.

Samkomurnar hófust það sama kvöld í stærsta samkomusal í Helsinki, Messuhalli salnum, sem tók um 25.000 manns í sæti. Fyrsta kvöldið komu aðeins um sjö þúsund manns. Samt sem áður hafði gjöf greiningarinnar, mikil áhrif á þá sem tóku þátt í samkomunni þetta fyrsta kvöld. Vegna þess eins, að maður talaði við mann, þrefaldaðist áheyrendafjöldinn næsta kvöld.

Billy var hissa á því hve frábrugðið Finnland var Ameríku. Seinni heimsstyrjöldinni hafði lokið fyrir fimm árum, en efnahagur Finnlands var ekki enn búinn að ná sér á strik. Fólkið var fátækt. Það var lítið um mat. Það eftirtektarverðasta af öllu var að bílana vantaði. Þótt 25 þúsund manns fylltu Messuhalli salinn, þá taldi Billy aðeins tíu bíla á bílastæðinu fyrir utan. Fólkið kom fótgangandi eða á hjólum.

Til allrar óhamingju varð fimm daga hlé, þar sem ekki var hægt að nota Messuhalli salinn, þannig að ekki var hægt að hafa beint framhald á samkomunum, þar sem þegar var bóúð að leigja hann út til annars. Meðan á þessu hléi stóð, fór Branhamhópurinn með gamalli lest til Kuopio, 350 km norður af Helsinki. Hún er önnur finnsk stórborg, ekki langt frá norðurheimskautsbaug.

Föstudaginn 25. apríl, annan dag Billy í Koupio buðu prédikararnir, sem fjármögnuðu ferðina, honum í hádegisverð á veitingastað uppi á hinni háu Puijohæð. Vegna hinnar hörðu andlegu baráttu sem hann hafði háð kvöldið áður á fyrstu samkomunni í Kuopio, var Billy að fasta, til að líkami hans mætti vera í nánara samfélagi við Guð fyrir samkomuna um kvöldið. Gegnum túlk sinn, Mary Isaakson, átti Billy ekki í neinum vandræðum með að hlusta og ræða við hina 30 prédikara sem sátu umhverfis veisluborðið. Borgarstjóri Kuopio var þar einnig og aðrir háttsettir borgarfulltrúar.

Gordon Lindsey hvatti Billy til að borða.

“Nei, bróðir Lindsey, ég vil ekki borða fyrr en klukkan sex. En ég vil segja þetta. Eitthvað er um það bil að gerast. Ég veit ekki hvað það er, en ég finn það í anda mínum. Eitthvað andlegt er um það bil að eiga sér stað.”

Hádegisverðinum lauk klukkan þrjú. Áður en þeir héldu aftur til Koupio, klifu Billy og nokkrir aðrir stigann upp í útsýnisturn, til að skoða umhverfið. Fyrir utan borgina sáu þeir mörg vötn og greniskóga, sem breiddu úr sér svo langt sem augað eygði. Billy leit í kringum sig og sá að eitthvað var um að vera fyrir neðan Pouijohæðina. Það leit út fyrir að bíll hefði lent ofan í skurði. Fólk kom hlaupandi í áttina að bílnum, en Billy var of langt í burtu til að sjá hvað hefði gerst. Frá þessu sjónarhorni séð leit fólkið út eins og maurar, sem sveimuðu í kringum leikfang. Það voru aðeins tveir bílar uppi á Poujohæðinni. Flestir prédikararnir höfðu komið með leigubílum, sem dregnir voru af hestum. Billy klifraði inn í einn af þeim ásamt Gordon Lindsey, Jack Moore, May Isaakson og finnska forstöðumanninum, Vilho Soininen. Það tók þá að minnsta kosti

tuttugu mínútur að komast niður að rótum hæðarinnar. Þegar þeir komu að staðnum sem allt umstangið snerist um, þá var bíllinn, sem Billy hafði séð ofan í skurðinum, farinn. Hinu megin við veginn stóð hópur manna umhverfis litla veru, sem lá með útbreidda arma í grasinu.

“Það lítur út fyrir að hér hafi orðið slys,” sagði Soininen forstöðumaður. “Ef til vill getum við hjálpað til.” Þeir stöðvuðu bíllinn og Vilho Souininen fór út til að aðgæta hvað hefði gerst. Ungfrú Isaakson fór á eftir honum. Þegar þau komu til baka, sagði ungfrú Isaakson söguna. Það hafði verið keyrt á tvo litla drengi, sem voru á leið heim úr skólanum. Þar sem svo fáir bílar voru í Finnlandi, voru drengirnir ekki vanir hraðri umferð. Þeir höfðu gleymt að líta í kringum sig, þegar þeir fóru yfir veginn og Fordbíll árgærd 1938 hafði komið þeim að óvörum. Drengirnir hlupu í sitt hvora áttina, annar til suðurs en hinn til norðurs. Maðurinn í bílnum reyndi að sveigja hjá þeim og beygði í norður og steig á bremsurnar. Til allrar óhamingju missti fótur hans af bremsunni og steig á bensínjafann í staðinn.

Drengirnir tveir áttu enga möguleika. Drengurinn sem hljóp til suðurs lenti á framstuðaranum og kastaðist yfir veginn og lenti með höfuðið á tré. Þótt hann væri alvarlega slasaður, var hann enn á lífi svo þeir höfðu hraðað sér með hann í bílnum á næsta sjúkrahús. Hinn drengurinn, sá sem hljóp til norðurs, hafði ekki verið eins heppinn. Bíllinn sem skrensaði til, hafði lent beint á honum og drengurinn dróst undir bíllinn. Hann lenti undir afturdekkinu, sem þeytti honum hátt upp í loft. Hann hafði látist samstundis.

Lögin í Finnlandi leyfðu ekki að dáni drengurinn yrði fluttur burt án leyfis foreldranna, þannig að einhver hafði farið til að ná í þau til vinnu sinnar á akrinum. Núna beið fólkið eftir að foreldrarnir kæmu.

Lindsey og Moore fóru út til að líta á drenginn. Þegar þeir sneru aftur til bílsins, var þeim brugðið. Jack Moore sagði: “Ég hef aldrei séð dreng svona illa leikinn. Ég get ekki annað en hugsað: ‘Hvað ef þetta væri drengurinn minn?’ Bróðir Branham, þú ættir að fara og líta á þetta.”

Billy varð hugsað til síns eigin sonar, Billy Paul, sem nú var 14 ára gamall. Hvað ef það kæmi nú símskeyti um að hann hefði kramist til bana í bílslysi? Sú hugsun fékk Billy til að gera sér grein fyrir hvernig vesalings móðurinni myndi líða, þegar hún kæmi af akrinum og sæi elskulegan son sinn liggja þarna kaldan og stífan í grasinu, með frakka yfir andlitinu. Billy fór út úr bílnum og gekk til hópsins sem stóð umhverfis dána drenginn. Þegar fólkið sá hann fór það að hvíslast á sín á milli.

Frú Isaakson sagði: “Er þetta ekki hræðilegt? Þetta fólk segir: ‘Hér er þessi kraftaverkamaður frá Ameríku. Hvað skyldi hann geta gert í þessu tilviki?’”

Billy bandaði þessu frá sér sem einhverju sem skipti engu máli. “Þau skilja þetta bara ekki, það er allt og sumt.”

Nokkrar konur, klæddar í þykk, síð pils og þung vinnustígvél, grétu í sorg sinni. Einn mannanna kraup niður og fjarlægði frakkann, sem huldi dána drenginn eins og teppi. Barnið leit út fyrir að vera um átta til tíu ára gamalt. Andlit hans var marið og blóðugt. Munnur hans var opinn og tungan lafði út úr munninum. Það sást aðeins í hvítuna í augum hans. Hann var í hefðbundnum, finnskum búningi, hálfbuxum og hvítum sokkum. Slysið hafði valdið því að annar skórinn hafði dottið af fæti hans og tærnar stóðu fram úr sokknum.

Þetta var aumkunarverð sjón, sérlega sársaukafull fyrir Lindsey og Moore, sem báðir áttu unga drengi. Gordon Lindsey titraði og skalf og grét með ekkasogum. Billy fannst hann vera að kafna. Hann sneri sér frá og gekk í áttina að bílnum. Allt í einu fannst honum sem ósýnileg hönd héldi aftur af sér. Billy sneri sér við til að sjá hver

þetta væri. Þótt undarlegt mætti virðast, þá stóð enginn nógu nálægt honum, til að hann hefði getað gripið í hann. Hann sneri aftur í átt til bílsins og reyndi að stíga eitt skref áfram. Aftur hélt þessi ósýnilega hönd aftur af honum. Þegar Billy leit aftur fyrir sig á slysstaðinn, þá sleppti hin ósýnilega hönd honum. Nú heyrði Billy hvínandi hljóð, eins og hvirfilvind. Engill Drottins var nærri. Þá gerði Billy sér grein fyrir að það hlaut að vera eitthvað mikilvægt við þetta slys. Hann leit aftur á dána drenginn. Eitthvað virtist kunnuglegt við hann. Billy sneri sér að ungfrú Isaacson. “Spurðu prédikarana, hvort þessi drengur hafi verið í bænaröðinni í gærkvöldi.”

Nei, enginn af prédikurunum bar kennsl á drenginn.

“Ég hef séð þennan dreng einhvers staðar, en ég man ekki hvar.” Meðan Billy reyndi að muna, tóku augu hans eftir hrúgu af steinum, sem var raðað ofan á hvern annan. Þá laust það hann eins og elding. Nú vissi hann hvar hann hafði séð þetta barn áður. Hann titraði af spennungi og kallaði til féлага sinna: “Bróðir Moore, bróðir Lindsey, munið þið eftir sýninni, sem ég sagði ykkur frá í Ameríku, um litla drenginn sem var reistur upp frá dauðum? Opnið Biblíurnar ykkar og lesið það sem stendur á saurblaðinu.”

Jack Moore opnaði Biblíuna sína og las hratt, það sem hann hafði skrifað fyrir tveimur árum. “Brúnt hár, brún augu, átta til tíu ára gamall, fátæklega klæddur í útland föt...afmyndaður vegna slyss...land með grenitrjám og lagskiptum steinmyndunum.”

“Þetta er hann,” sagði Billy. Hjarta hans sló hratt af spennungi, er hann minntist þess hver niðurstaða sýnarinnar var. “Og svo segir Drottinn, ‘Þessi drengur mun lifna við á ný’.”

Gordon Lindsey gapti af undrun. “Ætlar þú að segja mér að þetta limlesta barn muni anda á ný? Hvernig getur það verið?”

Billy fann fyrir straumi af sjálfstrausti fara gegnum sig. Það skipti ekki máli þótt drengurinn hefði verið dáinn í hálf tíma. Sýnirnar höfðu aldrei brugðist. Hann gaf þessa djörfu yfirlýsingu: “Ef þessi drengur er ekki lifandi á ný eftir örfáar mínútur, þá getið þið sett skilti á bak mitt að ég sé falsspámaður. Athugið nú hvort þið getið ekki róað þessar konur niður.”

Meðan Ungfrú Isaacson bað konurnar á staðnum að hafa stjórn á sér, kraup Billy við hlið dána drengsins og gætti þess að gera allt eins og hann hafði séð það gerast í sýninni. Hann bað: “Himneski faðir. Ég minnst þess, þegar sonur þinn, Jesús, sagði við lærisveina sína: *‘Læknið sjúka, veknið upp dauða, hreinsið líkþráa, rekið út illa anda. Gefins hafnið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té.’*<sup>43</sup> Fyrir meira en tveimur árum sýndir þú mér þessa stund í sýn. Ég geng fram samkvæmt Orði þínu, bæði þínu ritaða Orði og þínu talaða Orði gegnum sýn. Ég segi við dauðann: ‘Þú færð ekki haldið þessu barni lengur. Slepptu takinu á honum í nafni Jesú Krists’.”

Einhvers staðar á hinni dularfullu leið handan þessa lífs, nam sál staðar og sneri við. Brjóstkassi drengsins hófst þegar lungu hans fylltust af lofti. Augnalokin bærðust. Síðan opnuðust augu hans til heimsins á nýjan leik. Hann sneri höfði.

Það breytti voli kvennanna í undrunaróp. Eftir augnablik í viðbót, settist drengurinn upp og gekkst undir skoðun. Ekki eitt bein í líkama hans var brotið. Drengurinn leit út fyrir að vera í fínu formi, fyrir utan einstaka skrámur og mar.

**Fréttirnar um** kraftaverkið breiddust út um Koupio, eins og skógareldur, sem kveikir í öllu á leið sinni. Það kvöld var áheyrendasalurinn í Koupio fullsetinn. Trúin brann glatt í hjörtum manna og kraftaverkin voru fjölmörg. Næsta kvöld vildu svo

---

<sup>43</sup> Matteus10:8.

margir komast inn í hina stóru byggingu, að sumir komust ekki inn. Það varð að læsa dyrnum snemma og mörg þúsund manns stóðu eftir úti á götu. Finniska ríkisstjórnin kallaði meira að segja út þjóðvarðliðið, til að halda uppi röð og reglu.

Eftir samkomuna, var Billy um það bil að ganga inn um dyr hótels síns þegar ungt finnskt par, sem beið fyrir utan, henti sér yfir hann og þau töluðu svo hratt á finnsku, að jafnvel ungfrú Isaakson gat ekki skilið þau. Þau virtust hamstola, sérstaklega unga konan, sem hékk á Billy eins og hún ætti lífið að leysa. Lindsey, Baxter og Moore urðu bókstaflega að draga Billy burt frá þessu hamstola fólki, til að hann kæmist örugglega inn á hótelið sitt. Billy glataði næstum því frakkanum sínum.

Ungfrú Isaakson varð eftir, til að reyna að komast að því hvað hjónin vildu. Tíu mínútum seinna kom hún upp til þess að gefa skýrslu. “Þetta eru foreldrar hins litla drengsins sem lenti í bíslýsinu um daginn. Sonur þeirra er ennþá í dái og lækarnir halda að hann muni ekki lifa af. Foreldrarnir vilja að þú komir niður á sjúkrahúsið til að biðja fyrir honum.”

“Auðvitað getum við ekki látið þig gera það, bróðir Branham,” sagði Ern Baxter. Það hefur alltaf verið regla okkar síðan bróðir Bosworth og ég byrjuðum sem framkvæmdastjórnar á samkomum þínum. Ef þú ferð og biður fyrir einhverjum á sjúkrahúsi, þá munu dagblöðin flytja fréttina og þá munu flæða inn beiðnir frá örvæntingarfullu fólki, sem vill að þú biðjir fyrir því, á sjúkrahúsi, eða heima hjá sér. Þar sem þú gætir ekki mögulega farið til þeirra allra, myndi það skapa þykkju og enda með að skaða samkomurnar. Nei, eins og ég hef mikla samúð með þessari veslings, ungu móður, þá trúi ég að þessi stefna sé rétt. Fólkið verður að koma með sína sjúku og þjáðu á samkomurnar, þar sem allir hafa sama tækifæri.”

Billy játaði þessu leiður, en hann bætti við: “Ég vil að minnsta kosti tala við þau og útskýra málið. Komið með þau hingað.”

Móðirin og faðirinn litu út fyrir að vera á þrítugsaldri. Það var auðvelt að sjá það á fötum þeirra að þau voru fátæk. Móðirin, sem ennþá grét og var hamstola, fleipraði út úr sér mótmælum. Ungfrú Isaakson þýddi. “Komdu og læknaðu barnið okkar. Hann er ennþá meðvitundarlaus og lækurinn segir að hann sé að deyja.”

Billy svaraði: “Mér þykir það leitt, en ég get ekki læknað barnið ykkar.”

“Þú læknaðir hinn drenginn.”

“Nei, Jesús Kristur læknaði hinn drenginn, ekki ég. Ég hafði ekkert með það að gera. Fyrir meira en tveimur árum sýndi Drottinn mér sýn um að hinn drengurinn yrði reistur upp frá dauðum. Hann sýndi mér aldrei neitt um þennan dreng.”

“Sjáðu þá sýn um son okkar.”

Billy hristi höfuðið. “Ég get ekki séð sýnir að eigin ósk. En ég mun biðja fyrir syni ykkar, að Guð lækni hann. Samt er það algerlega í Guðs vald sett og fer eftir trú ykkar. Erud þið kristin?”

Hvorugt þeirra var kristið. Billy útskýrði fagnaðarerindið í einföldu máli. “Vitið þið, að þið eruð að biðja Guð mikils með því að biðja Hann að lækna son ykkar, þegar hvorugt ykkar hefur gefið Honum líf sitt. Hugsid þetta svona, ef sonur ykkar deyr, þá mun Guð taka við honum inn í himnaríki, af því hann er svo ungur, að hann ber ekki enn ábyrgð á lífi sínu. Ef þið deyið síðan sem syndarar, þá getið þið aldrei séð hann aftur. En ef þið takið við Jesú Kristi sem Frelsara ykkar, þá munið þið einhvern tíma sjá hann á himnum, þótt hann deyi núna, því kristnir fara þangað þegar þeir deyja. Af hverju gefið þið ekki Jesú Kristi líf ykkar á þessari stundu? Þegar þið eruð orðin kristin, getið þið farið til Guðs í trúartrausti og beðið Hann að lækna son ykkar. Ef til vill þyrmir Guð honum.”

Þetta fannst ungu foreldrunum hljóma eins og tilboð sem þau gætu ekki tafað á. Þau krupu öll á gólfinu og Billy leiddi hjónin í einfaldri bæn, þar sem þau báðu Jesú Krist að verða Drottin í lífi sínu. Um leið og því var lokið stökk unga móðirin á fætur. Hún var óðamála og taugatrekkt: “Sjáðu nú sýn fyrir mig.”

“Ég sagði þér, að ég get ekki látið Guð sýna mér sýn. Ef Hann gerir það ekki, þá gerir Hann það ekki. Ef Hann gerir það, þá skal ég samstundis láta ykkur vita af því. Skiljið eftir símanúmer, þar sem ég get náð í ykkur.”

Það var ekki nógu gott fyrir hina örvæntingarfullu móður. Næsta dag, sunnudaginn 25. apríl, hringdi hún á hótelið á fimmtán mínútna fresti, til að spyrja ungfrú Isaakson: “Er hann búinn að sjá sýnina?”

**Þegar hér** er komið sögu, voru liðnir þrír dagar síðan dáni drengurinn var reistur upp. Fréttirnar höfðu borist alla leið til Lapplands. Fólk hafði streymt inn í Koupio alls staðar að úr héraðinu og um miðjan dag, var samkomusalurinn orðinn fullur. Þegar tími var kominn fyrir Billy að láta sjá sig, þá komst hann að því að hann komst ekki að húsinu án hjálpar. Sýslumaðurinn hafði fengið þjóðvarðliða sér til aðstoðar. Þessir menn slógu hring um trúboðann og þrömmuðu áfram með reiddum sverðum. Mannfjöldinn opnaði þeim leiðina með virðingu.

Verðirnir leiddu Billy inn á fyrstu hæð áheyrendasalarins og læstu dyrunum á eftur honum. Aðalhópurinn varð eftir fyrir utan, meðan fjórir verðir, tveir fyrir framan og tveir fyrir aftan urðu eftir hjá Billy, til að fullvissa sig um að hann kæmist alla leið upp á sviðið. Stór kjallarinn var næstum tómur, fyrir utan örfáa einstaklinga, sem biðu í röð eftir að komast á salernin. Tónlistin barst niður til þeirra frá salnum fyrir ofan. Finnsk sálmalög sungin í lágri tónhæð. Billy gekk yfir að stigaganginum.

Hann var ekki langt kominn, þegar dyrnar að kvennasalerninu opnuðust og bæklud stúlka haltraði út á hækjum. Hún var um það bil tíu ára gömul. Slitið og ójafnt hár hennar hékk niður fyrir herðar, það leit út fyrir að hún hefði sjálf klippt það með skærum. Kjóllinn var gatslitinn fyrir neðan hné. En það sem fékk Billy til að nema staðar og stara á hana, voru spelkur hennar. Hann hafði aldrei áður séð barn sem var jafn illa bæklað, en gat samt staðið á tveimur fótum og hreyft sig. Annar fótleggurinn var sterkur og heill, hinn var máttlaus og gagnslaus, nokkrum sentímetrum of stuttur. Á þessum fæti var þykkbotnaður skór. Fótleggur hennar var íklæddur þungum spelkum sem var haldið uppi með málmhring, sem var utan um mittið. Þarna var einnig annað, sem Billy skildi ekki. Strengur var festur í tána á skónum og lá yfir öxlina og niður bakið og var að lokum festur í málmhringinn, sem var utan um mittið.

Um leið og stúlkan sá að Billy var að horfa á hana, laut hún höfði og tárin runnu niður kinnar hennar. Það glitraði á þau undir sterku rafmagnsljósinu í loftinu. Billy var viss um að þessi stúlka vissi hver hann var og hann hafði það á tilfinningunni að hana langaði að koma til hans, en væri hrædd um að það væri óviðeigandi.

Hermennirnir fyrir framan Billy staðnæmdust og litu aftur fyrir sig, til að aðgæta hvers vegna hann héldi ekki áfram. Hermennirnir tveir fyrir aftan hann ýttu á hann að halda áfram. Þar sem enginn af þessum fjórum herraönnum talaði ensku, þá gaf Billy merki með höfðinu að hann vildi bíða um stund. Þegar stúlkan leit aftur upp, bentu Billy henni að hann vildi að hún kæmi til sín. Hún haltraði í áttina til hans. Nú sá Billy hvaða tilgangi strengurinn þjónaði sem var festur í skótána og lá yfir öxlina. Fyrst setti hún báðar hækjurnar fyrir framan sig, síðan hallaði hún sér fram á hækjurnar og lyfti annarri öxlinni. Það ýtti fæti hennar áfram. Þetta virtist klunnalegt, en það virkaði. Billy fann hjarta sitt bráðna af samúð.

Þegar þessi bæklaða stúlka komst alla leið til hans, tók hún upp frakkalaf Billy, lyfti því upp að andliti sínu, kyssti það og lét það síðan falla á sinn stað. Tárin streymdu úr bláum augum hennar. Hún laut höfði og tókst einhvern vegin að hneygja sig, meðan hún tók í pils sitt. Hún þakkaði vandræðalega fyrir sig á finnsku.

Billy sá skugga fyrir ofan höfuð hennar, sem dofnaði og breyttist í mynd stúlkunnar, þar sem hún gekk í loftinu á tveimur jafngóðum fótleggjum. “Vina,” sagði hann spenntur. “Þú getur tekið þessar spelkur af þér núna. Guð er búinn að lækna þig.”

Auðvitað skildi hún ekki ensku og þar sem enginn var þarna sem gæti túlkað, þá höfðu orð hans enga þýðingu í hennar eyrum. Verðirnir fyrir aftan hann ákváðu að hann væri búinn að taka nógu langan tíma og tóku að þrýsta honum í áttina að stigaganginum. Billy fékk ekki að gert og hugsaði: “Ó, Guð, einhvern daginn mun hún skilja þetta.”

Það kvöld, þegar þessir tötralegu Lappar sáu gjöf greiningarinnar, sem sannaði að Jesús Kristur lifir, þurftu mörg hundruð manns ekki að fara nærri fyrirbænaröðinni til að fá lækningu sína. Frá pallinum, gat Billy séð fólkið kasta frá sér hækjum og standa upp úr hjólastólum.

Eftir að Billy hafði lokið við seinni bunkann af bænakortunum, lagði Howard hönd á öxl bróður síns og aðvaraði hann: “Þetta er líklega nóg í kvöld, Billy. Þú átt margar samkomur eftir í þessari ferð og við viljum ekki að þú ofgerir þér.”

“Ég á enn einhvern mátt eftir, Howard. Við skulum kalla upp fleiri bænanúmer. Byrjum á númer 45.”

Meðan Howard safnaði saman síðustu 10 sjúklingunum í bænaröðina, sneri Billy baki í áheyrendur og drakk vatnsglas. Hann heyrði hringla og skrölta í einhverju á bak við sig. Þegar hann sneri sér við, sá hann sömu bækludu stúlkuna og hann hafði talað við í kjallaranum. Nú var hún að burðast við að komast upp á pallinn. Kortið hennar var númer 45.

Hjarta Billy fylltist gleði. Hann sneri sér að ungfrú Isaakson og sagði: “Ég vil að þú endurtakir nákvæmlega það sem ég er að segja, jafnvel þótt þú skiljir ekki hvers vegna ég segi það.” Stúlkan brosti meðan hún haltraði til hans. Hún hafði misst eina framtönnina. Billy sagði: “Þú ert stúlkan, sem ég hitti niðri áður en samkoman hófst, ekki satt?”

“Jú,” svaraði hún. “Ég heiti Vera Ihalainen. Ég er munaðarlaus eftir stríðið. Rússarnir drápu foreldra mína. Núna bý ég í tjaldi, hérna í Koupio. Heldur þú að Jesús muni lækna mig?”

“Jesús er þegar búinn að lækna þig, vina. Hann læknaði þig niðri, áður en samkoman hófst. Farðu og sestu hérna niður og biðu einhvern að hjálpa þér að taka af þér spelkurnar. Leyfðu mér síðan að sjá þig.”

Meðan finnskur guðsþjónn var að leysa spelkurnar af Veru, gekk Billy í áttina að næsta sjúkling. Skyndilega heyrðist skerandi óp og hér kom Vera. Hún hrópaði og hélt á spelkunni í annarri hendinni og hækjunum í hinni. Hún hljóp, berir fætur hennar þrömmuðu um trévallinn og hún hoppaði eins og ungt hreindýr. Rödd Billy bættist í hóp áheyrenda sem lofuðu Drottin hástöfum.

Eftir samkomuna hjálpaði Howard, Billy að komast aftur heim á hótelið. Meðan þeir gengu í gegnum anddyri hótelsins, spjallaði Howard um daginn og veginn og reyndi að ná bróður sínum niður úr smurningunni og aftur inn í hinn jarðneska heim. “Billy, manstu þegar við vorum á Prins Albert hótelinu og þú borðaðir þennan hræðilega kanadíska brjóstsykur?”

“Aha.”

“Ef þér fannst hann vera vondur, þá ættirðu að bragða á sumu af þessu finnska sælgæti. Ég býst við að það sé skortur á sykri, eins og öllu öðru, svo þeir bæta það upp með mjólva. Prófaðu þetta.” Howard setti tvo mola í hönd bróður síns, en Billy borðaði þá ekki.

Þeir fóru út úr lyftunni og fóru framhjá eina símanum fyrir þá hæð hótelsins. Hann var gamaldags og hátalari var festur á hlið trékassa. Það var handfang til að hringja í símstöðina og heyrnartól, sem leit út eins og bjalla á enda strengs.

“Hinn drengurinn, sem lenti í bíslýsinu, er ennþá í dái sagði ungrú Isakson. Móðir hans hefur hringt í hótelið á fimmtán mínútna fresti í allan dag, til að spyrja hvort þú sért búinn að sjá sýn. Ef hún heldur því áfram á morgun, þá mun það gera mig vitlausa.” Ungfrú Isakson skellti aftur hurðinni að herbergi sínu.

“Drottinn hefur enn ekki sýnt mér neitt um hann,” sagði Billy, þegar hann opnaði hurðina að herbergi sínu og fór inn.

Billy lagði Biblíuna sína og sælgætismolana tvo á antíkbörð með marmaraplötu. Hann gekk yfir að glugganum. Hann leit til austurs, í áttina að Rússlandi. Þótt það væri um miðnæturbil, leit næturhimininn frekar út eins og það væri rökku í Indiana. Það var nógu bjart til að lesa dagblaðið. Þetta var land miðnætursólarinnar, svo nærri norðurheimskautsbaug að í apríl seig sólin rétt eitt augnablik til viðar bak við sjóndeildarhringinn, áður en hún hélt aftur upp á við til að hefja næsta dag. Götur voru fullar af fólki, sem var að koma út úr samkomusalnum og spjallaði við hvert annað. Án efa brunnu á því þeir miklu atburðir, sem það hafði orðið vitni að á samkomunni það kvöld. Síðan fylgdist Billy agndofa með, þegar hópur af finnskum hermönnum faðmaði hóp af rússneskum hermönnum. Billy hugsaði: “Hvað sem getur fengið Finna til að klappa á öxl Rússa getur gert út um öll stríð á jörðinni. Já, Jesús Kristur er svarið.”

Billy lyfti höndum í tilbeiðslu. “Himneski Faðir, þú ert dásamlegur. Hve ég elska þig fyrir að lækna þessa veslings munaðarlausu stúlku í kvöld. Ó, mikli Jehóva Guð, hve þú ert undursamlegur. Einhvern tíma munt þú sundurrífa þennan austurhimin og snúa aftur, í þetta skiptið í dýrð. Mörg þúsund Finnar munu ganga fram til eilífs lífs vegna þeirrar ákvörðunar, sem þeir tóku í kvöld. Ó, Jesús Kristur, Meistari minn og Drottinn, hve ég dái þig, hve mér þykir vænt um að vinna fyrir þig.”

Billy heyrði glamra í einhverju á bak við sig. Billy sneri sér við og brá við að sjá engil Drottins sem stóð við hliðina á antíkbörðinu. Engillinn leit eins út og ávallt, hávaxinn, breiðvaxinn, skegglaus, húðin með ólívublæ, sítt svart hár sem féll niður á herðar. Hann var klæddur í hvítan kyrtil sem huldi ekki alveg bera fætur hans. Svipur hans var strangur, eins og venjulega. Fyrir ofan engillinn sveif ljósið sem ávallt var til staðar. Handleggir engilsins voru krosslagðir eins og ávallt, en hann hlaut að vera nýbúinn að krossleggja þá, vegna þess að á borðinu var vasi, sem hafði ekki verið þar áður. Hljóðið sem Billy heyrði hlaut að hafa komið þegar engillinn setti vasann niður á marmaraplötuna. Billy vissi að þetta var ekki sýn. Engillinn og vasinn voru báðir jafn raunverulegir og hann sjálfur. Ef Billy hefði þorað það, vissi hann að hann hefði getað teygst sig og snert þá, en hann vogaði sér það ekki.

Upp úr vasanum stóðu tvær gular páskaliljur. Önnur hallaðist til norðurs og hin til suðurs. Engillinn leit á blómin og spurði: “Hvað er þetta?”

“Mér sýnist þetta vera páskaliljur,” svaraði Billy.

*“Þessi blóm tákna drengina tvo, sem lentu í bíslýsinu fyrir þremur dögum. Drengurinn sem féll í norðurátt dó samstundis, en honum var gefið lífið á ný. Drengurinn sem hentist til suðurs, er að deyja, jafnvel á þessari stundu.”*



Billy fylgdist með blóminu, sem hallaðist til suðurs, detta skyndilega á borðið, meðan það sem hallaðist til norðurs laut hægt niður, eins og annar vísir á klukku, sem sígur neðar við hvert tif.

Engillinn spurði: *“Hvað lét bróðir þinn þig fá?”*

*“Tvo sælgætismola.”*

*“Borðaðu þá.”*

Molarnir tveir lágu sitt hvoru megin við vasann samhliða blómunum. Billy tók upp molann sem lá norðanmegin og setti hann upp í munn sinn. Hann bragðaðist vel. Meðan Billy tuggði sælgætið, reisti páskaliljan, sem lá niðurlút á borðinu, sig við og varð upprétt. En blómið sem var til suðurs hélt áfram að síga niður hægt og hægt. Tikk, tikk, tikk.

*“Borðaðu nú hinn molann,”* skipaði engillinn.

Billy bar hinn sælgætismolann upp að munn sinn og tók að tyggja. Hann bragðaðist hræðilega. Bragðið var svo einhæft og sterkjukennt, að Billy spýtti honum aftur í hönd sína.

Engillinn varaði hann við: *“Ef þú borðar ekki þennan mola, þá mun hinn drengurinn deyja.”*

Þegar hér var komið lá hin Páskaliljan næstum á borðinu. Billy setti hinn molann upp í sig. Hann bragðaðist hræðilega, en hann tuggði hann samt sem áður upp til agna. Þegar hann hafði kyngt honum, spratt hið hnígandi blóm aftur upp og varð jafn beint og félagi þess. Engillinn hneygði höfuð sitt lítið eitt og tók upp blómavasann, síðan varð hann að móðu, sem gúfaði upp í ljósið sem hringsnerist fyrir ofan hann og var horfinn.

Í nokkrar mínútur stóð Billy hreyfingarlaus og fannst hann vera dofinn um allan skrokkinn. Að lokum staulaðist hann fram á gang og hrópaði:

*“Ungfrú Isaakson, komdu fljótt.”*

Ungfrú Isaakson hratt dyrum herbergis síns upp á gátt. *“Bróðir Branham, hvað er það? Hvað hefur komið fyrir?”*

*“Ég var að enda við að hitta engil Drottins í herberginu mínu og hann gaf mér orð um hinn drenginn sem lenti í slysinu. Ég vil að þú hringir í ungu móðurina og segir henni: ‘Svo segir Drottinn: Sonur þinn mun lifa.’”*

Ungfrú Isaakson hljóp að enda gangsins og tók símtólið af tækinu. Hún sneri handfanginu til að hringja í símvörðinn, sem hringdi síðan heim til foreldranna. Ungfrú Isaakson talaði stuttlega á finnsku, hlustaði og lagði síðan á. *“Þetta var barnapían. Hjónin fóru á spítalann fyrir hálf tíma síðan. Það lítur út fyrir að þau hafi fengið upphringingu og þeim verið sagt að drengurinn væri að deyja.”*

*“Allt í lagi,”* sagði Billy. *“Þá hringjum við í spítalann. Ég sagði henni að ég myndi hringja í hana um leið og Guð sýndi mér eitthvað.”*

Aftur hringdi ungfrú Isaakson í símvörðinn, sem tengdi hana við sjúkrahúsið. Brátt var hún að segja ungu móðurinni frá á finnsku. *“Bróðir Branham segir: Svo segir Drottinn: ‘Sonur ykkar mun lifa og ekki deyja.’”*

Ungfrú Isaakson hlustaði eitt andartak, og leit síðan á Billy með undrunarbrosi. *“Móðirin segir að hún viti það. Þegar þau komu á sjúkrahúsið var hjartsláttur barnsins að verða æ veikari. Þau stóðu yfir honum og biðu eftir að hann tæki síðustu andvörpin, þegar púlsinn varð allt í einu eins sterkur og nokkru sinni fyrr. Síðan opnaði hann augun og talaði við þau. Hugsun hans er skýr og það lítur út fyrir að allt sé í lagi með hann. Læknarnir eru furðu lostnir. Þeir segja að ef hann sé raunverulega jafn hress og hann líti út fyrir að vera, þá geti hann farið heim í fyrramálið.”*

Billy kinkaði ánægður kolli. “Segðu henni hve hamingjusöm við erum vegna drengsins. Og minntu hana á að það var ekki ég, né var það sýnin sem læknaði son hennar. Það var trú hennar á Jesú Krist, sem gerði út um málið.”

**Eftir samkomurnar í Finnlandi**, flutti Branhamhópurinn sig um set til Svíþjóðar og síðan til Noregs. Á öðrum degi sínum í Noregi hrökk Billy upp klukkan fimm um morguninn. Þarna stóð engill Drottins og var að horfa á hann. Engillinn var með krosslagðar hendur, eins og venjulega. Fyrir ofan hann hringsnerist hið yfirnáttúrulega ljós og það varpaði daufri skímu á vegg hotelherbergisins.

“*Farðu í fötin,*” skipaði engillinn. Síðan sameinaðist engillinn ljósinu og hvort tveggja hvarf honum sjónum.

Billy klæddi sig í fötin og beið. Það gerðist ekkert meir. “Um hvað snýst þetta, eiginlega,” velti hann fyrir sér. “Hvað ætli Drottinn vilji að ég geri?”

Þar sem hann hafði ekki fengið fleiri fyrirmæli, þá ákvað Billy að fara á morgungöngu og biðja yfir þessu. Hann gekk nokkra kílómetra eftir götum þessarar norsku borgar og endaði niður við ána. Billy kom sér vel fyrir undir tré og bað meðan sólin steig hærra upp á himininn. Klukkan nú byrjaði hann að verða taugaspenntur og hugsaði með sér, að hinir yrðu áhyggjufullir, þegar þeir sæju að hann var ekki í herbergi sínu. Á því augnabliki heyrði Billy raust engilsins segja ákveðið: “*Stattu upp og farðu til baka.*”

Billy gekk um það bil einn kílómetra. Þá heyrði hann engilinn segja greinilega “*Beygðu til hægri.*” Billy beygði til hægri. Eftir nokkra metra sagði engillinn: “*Beygðu til vinstri.*” Billy hlýddi og velti því fyrir sér hvert Drottinn væri að leiða sig. Síðan sá Billy norska manninn, sem hafði verið túlkur hans á samkomunni kvöldið áður.

Maðurinn kom einnig auga á Billy og gekk til hans til að heilsa honum með handabandi. Norski maðurinn hafði verið mjög undrandi á að sjá hann. “Bróðir Branham, þetta er eitthvað furðulegt, ég...”

Billy greip fram í fyrir honum: “Bíddu aðeins.” Sýn hafði birst á milli þeirra. Hann sá vandamál mannsins. Síðan sá Billy sjálfan sig við lok samkomunnar kvöldið áður. Í sýninni fylgdist hann með sjálfum sér lúta höfði, loka augunum og leiða fólkíð í bæn. Nú sá Billy nokkuð gerast, sem hann hafði ekki verið meðvitaður um kvöldið áður. Eftir að sýninni lauk, sagði Billy við manninn á götunni: “Þú varst að koma af sjúkrahúsinu, ekki satt?”

“Jú, það er satt. Hvernig vissir þú það?”

“Þú ert aðeins með eitt nýra og þú ert hræddur um að missa það.”

“Það er rétt. Ég var ekki við góða heilsu í gær. Það eina sem ég gerði þann daginn var að fara upp á pallinn og túlka fyrir þig.”

Billy kinkaði kolli. “Fyrir þremur eða fjórum árum áttir þú að gera eitthvað fyrir Drottin, en þú gerðir það ekki. Er það ekki rétt?”

Undrun mannsins skein út úr öllu andliti hans. “Bróðir Branham, það er sannleikur.”

“Eftir það fórst þú í uppskurð og annað nýrað var fjarlæggt. Síðan þá er það komið í hitt nýrað og það er það sem þú hefur áhyggjur af. Þegar ég var að biðja í gærkvöldi, snertir þú þá ekki jakkalafið mitt og baðst: ‘Drottinn Jesús, læknaðu mig?’”

Maðurinn fórnaði höndum til himins. “Það er rétt, bróðir Branham. Ég bað Guð að staðfesta hvort ég væri raunverulega læknaður. Fyrir hálf tíma fékk ég þessa undarlegu tilfinningu, að ég ætti að koma hingað og standa á götunni og síðan rekst ég á þig! Nú er ég sannfærður um að Jesús Kristur hefur læknað mig.”

Þegar Billy kom aftur á hótelið, voru Lindsey, Moore, Baxter og norskir forstöðumaðurinn allir tilbúnir að fara í morgunmat. Þeir gengu saman niður í bæinn og námu staðar til að skoða í búðarglugga, áður en þeir fóru inn á veitingahúsið.

Billy sneri sér að hinum og sagði: “Svo segir Drottinn: ‘Maður mun koma út úr húsi og stoppa okkur. Hann verður í dökkum jakkafötum og með ljósan hatt á höfði. Hann mun biðja mig að koma upp á loft og biðja fyrir veikri konu sinni.’ Ég get bara ekki gert það, því það er kominn tími fyrir hana að fara.”

Jack Moore spurði: “Hvenær verður þetta?”

“Að öllum líkindum áður en við verðum komnir aftur heim á hótelið,” svaraði Billy. “Af því að sýnin sagði það skýrt og greinilega að það yrði þennan morgun.”

Eftir morgunverð voru þeir fimm að röltu áleiðis til hótelsins og voru að skoða í glugga, þegar maður kom blaðskellandi út úr einni búðinni, spenntur yfir að sjá þá. Norskir forstöðumaðurinn túlkaði og þeir komust að því að maðurinn átti heima í íbúð fyrir ofan búðina og konan hans lá fársjúk í rúminu. Búðareigandinn grátbað ‘hinn mikla ameríska trúboða’ að koma upp á loft og biðja fyrir konunni sinni.

Billy fannst ákaflega leitt að neita þessari ósk, en hann varð að segja nei. Hann vissi að hann varð að hlýða sýninni, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Þetta var hið háa verð sem fylgdi gjöf hans og köllun.

## 49. Kafli

### Vinir og óvinir. 1950

Í júní árið 1950, var William Branham að halda lækningasamkomur í Lubbock í Texas, þegar aftur var ráðist á hann opinberlega. Í þetta skipti prentaði ritstjóri staðarblaðs óvægna grein, þar sem Billy var ásakaður um að blekkja falslaust kristið fólk, með fullum poka af sálfræðilegum brellum.

Gordon Lindsey rauk upp. “Hefur þú lesið þessa grein bróðir Branham? Þeir segja að þú takir á móti svo miklum peningum á samkomum þínum, að það þurfi tvo menn til að bera þá út. Þessi grein er full af þannig lygum. Það gerir mig alveg fjúkandi illan. Bróðir Branham, af hverju kallar þú ekki bara á eld af himni og brennir þennan stað upp til agna.”

“Ó, bróðir Lindsey, maður lifandi. Mér virðist sem Jóhannes og Jakob hafi langað að gera það sama, þegar heilt þorp hafnaði Drottni. Og Jesús sagði við þá: *‘Ekki vitið þér, hvers anda þér eruð. Mannssonurinn er ekki kominn til að tortíma mannslífum, heldur til að frelsa.’*”<sup>44</sup>

“Ég var ekki að tala um fólk, ég var að tala um prentvélina, sem prentar út þetta rusl.”

“Nú, bróðir Lindsey, ég reyni bara að hunsa slíkt og þvílíkt. Ég myndi þar að auki aldrei gera neitt svo afdrifaríkt, nema Drottinn segði mér beinum orðum að gera það.”

Lindsey var ekki ánægður. “Það sem við þörfnumst í dag, eru spámenn eins og Elía. Hann þurfti ekki að sjá sýn til að gera eitthvað. Hann þrammaði upp á Karmelfjall, byggði altari og skoraði á spámenn Baals: ‘Komið hingað upp eftir og við skulum sanna hver er Guð.’ Elía gekk fram og aftur og gerði grín að Baal og hæddist að þessum mönnum og sagði: ‘Komið, við skulum aðgæta hvað Baal getur gert.’ Þessir falsspámenn Baals voru frekar kjánalegir, þegar eldur kom af himni og brenndi fórn Elía, vatnið og allt saman. Elía vissi hvar hann stóð, án þess að sjá sýn. Við þurfum á þannig spámönnum að halda í dag.”

“Bíddu nú aðeins, bróðir Lindsey,” sagði Billy á móti. “Þú ert góður kennari, en þú gleymir einu mjög mikilvægu atriði. Þegar Elía var búinn að gera allt reiðubúið, hafði skorið nautin og lagt þau upp á altarið, og hellt vatninu á þau, þá sagði hann: ‘Drottinn, lát kunnugt verða að ég hef gert þetta að boði þínu.’”<sup>45</sup> Sjáðu til, Drottinn hafði sýnt honum sýnina fyrst. Þannig er það með spámennina. Jafnvel Jesús, sem var Guð-spámaður, sagði: “Ég geri aðeins það sem Faðirinn sýnir mér.”<sup>46</sup>

Lindsey samþykkti þetta, en með tregðu. “Ég myndi samt sem áður vilja sjá spámenn í líkingu Elía að starfi í dag.”

Nokkrum vikum seinna var Billy að halda þriggja daga samkomuherferð í Harlington í Texas, lítilli borg, um 15 kílómetra norður af landamærum Mexíkó. Á fyrsta kvöldinu virtist mannfjöldinn þvingaður. Það var margt fólk á þessari samkomu, um það bil 4.000 manns fylltu salinn, en það var ekki sama spenna og sömu væntingar og Billy hafði mætt á öðrum stöðum. Til allrar hamingju virtist þessi sljóleiki ekki

<sup>44</sup> Lúkas 9:51-56.

<sup>45</sup> 1.Konungabók 18:17-40.

<sup>46</sup> Sbr. Jóhannes 5:19.

hindra virkni gjafarinnar uppi á pallinum. Samt færði engill Drottins sig ekki yfir til áheyrenda eins og hann gerði svo oft.

Næsta síðdegi, er Billy var að biðja í herbergi sínu, fékk hann símtal frá framkvæmdastjóra sínum. “Bróðir Branham, ég er að fara niður til kvöldverðar. Ertu viss um að þú viljir ekki koma með mér?”

“Nei, þakka þér fyrir, bróðir Baxter. Ég er enn að fasta frammi fyrir Drottni.”

“Allt í lagi, gætir þú hitt mig í anddyrinu eftir nokkrar mínútur. Það er dálítið sem ég þarf að ræða við þig um fyrir samkomuna í kvöld.”

“Allt í lagi, ég skal koma niður.”

Í anddyrinu lýsti Ern Baxter áhyggjum sínum. “Fórinn í gær var mjög lítil og nú vantar okkur mikið upp á að við eigum nægilegt fé, til að fjámagna þessa herferð.”

“Hve mikið vanhagar okkur um,” spurði Billy.

“Það vantar vel yfir 900 dollara til að endar nái saman.”

“Hver ætli ástæðan sé,” velti Billy fyrir sér. “Maður skyldi ætla að þetta stór hópur myndi auðveldlega gefa það mikið fé.”

“Ég var að furða mig á því sama, þannig að ég spurði forstöðumann á staðnum. Augsýnilega hafa aðrir trúboðar komið í gegnum Harlington og haldið lækningaherferðir undanfarna mánuði. Þeir náungar rúðu fólkið inn að skinni.”

Nú skildi Billy andann sem var yfir fólkinu kvöldið áður. “Ætli ég geti nokkuð ásakað þau, þótt þau efist um mig.”

“Bróðir Branham, það er best að þú leyfir mér að gera eitthvað sjálfur, annars lendum við í vandræðum.”

Billy minntist loforðs síns við Drottin, að hann myndi halda áfram sem trúboði, svo framarlega sem Drottinn mætti þörfum hans, þannig að hann þyrfti aldrei að betla peninga. “Nei, þú gerir ekki neitt. Nei, bróðir Baxter, þú mátt ekki gera það. Ef þú þrýstir einhvern tíma á fólkið að gefa peninga á einhverri af samkomum mínum, þá munum við takast í hendur, sem bræður og ég halda einn áfram. Nei, það verður enginn þrýstingur með peninga á samkomum mínum. Guð á hjörðina á hinum þúsund hæðum. Hann á það allt saman. Ég tilheyri Honum. Hann mun sjá um mig.”

“Allt í lagi, bróðir Branham, ef þetta er skoðun þín, þá mun ég ekki minnst á peninga.”

Á leiðinni til hótélherbergis síns, heyrði Billy grát, sem skar hann í hjartastað. Hann leit í kringum sig og sá tvær unglingsstúlkur. Þær héldu utan um hvor aðra og grétu eins og þær væru dauðadæmdar. Billy gekk til þeirra og spurði: “Hvað er að?”

Önnur stúlnanna stundi upp: “Bróðir Branham, ert það þú?”

“Nú, ég sé að þið þekkið mig. Get ég hjálpað ykkur eitthvað?”

Sama stúlkan hafði orð fyrir þeim. “Bróðir Branham, það er vinkona mín, hérna. Hún hefur átt við sálræn vandamál að stríða og hún verður að fara á geðsjúkrahús, nema Guð geri kraftaverk. Ég var á síðustu samkomu þinni í Lubbock. Þegar ég sá Heilagan Anda starfa þar, þá vissi ég að Guð gæti læknað vinkonu mína, ef ég aðeins gæti komið henni í fyrirbænaröðina, til að þú gætir beðið fyrir henni. Svo ég kom með vinkonu mína niður til Harlington. En í gærkvöldi gat ég ekki einu sinni fengið bænakort handa henni og ég er hrædd um að við höfum farið alla þessa leið til einskis.”

Lubbock var í útjaðri Texas um 625 kílómetra í burtu. Billy sá að þessi stúlka hafði sýnt mikla trú, með því að koma með vinkonu sína alla leið til Harlington. “Nú, nú, systir, ef þú getur komið snemma með vinkonu þína, áður en samkoman hefst, ef til vill...” Hann hætti snögglega að tala. Sýn hafði myndast á milli þeirra og hann var að

fylgjast með framvindunni. Það var ekki eins og á flötum sjónvarpsskjá, heldur var myndin í prívídd, eins og hann væri þarna og sæi þetta gerast.

“Ungfrú, móðir þín er öryrki. Þið eruð meðlimir í Meþódistakirkjunni, ekki satt?”

Stúlkan bar hönd upp að munni sér og stundi: “Já.”

“Þið komuð hingað á gulum sportbíl. Á leiðinni hingað voruð þú og hin stúlkan að hlæja, þegar kom að krappri beygju á veginum. Þið komuð að stað þar sem vegurinn var steinsteyptur að hálfu og malbikaður að hálfu. Þið voruð nærri búnar að velta bílnum.”

“Bróðir Branham, þetta er satt.”

“Og þetta er líka satt. Svo segir Drottinn: ‘Vinkona þín er orðin heil’.”

Báðar stúlkurnar hlógu glaðlega. Þegar Billy fór frá þeim, var hann þess fullviss, að það væri ekki minnsti efi í huga þeirra.

Það kvöld kom séra Baxter til Billy eftir samkomuna og sagði: “Bróðir Branham, sjáðu, hér er umslag á fórnarskálinni. Það er nafnlaust og það eru níu hundrað dollara seðlar í því. Það er einmitt það sem við þurfum á að halda til að endar nái saman. Bróðir Branham, þú hafðir rétt fyrir þér. Guð mun sjá fyrir okkur. Viltu fyrirgefa mér að hafa langað til að þrýsta á, að fólkið gæfi peninga?”

“Vissulega, bróðir Baxter. Þetta er bara lexía í að treysta Guði.” Billy sagði það ekki einmitt þá, en hann vissi hver hafði gefið þessa peninga. Guð hafði sýnt honum sýn af þessari stúlku frá Lubbock að leggja ómerkta umslagið á fórnarskálina.

Það sama kvöld kom Ern Baxter við á herbergi Billy, til að aðgæta hvort allt væri í lagi. “Ætlar þú að borða í dag, bróðir Branham?”

“Ekki núna, bróðir Baxter, ég er ennþá að fasta.”

“Þetta er þriðji dagurinn sem þú hefur ekkert borðað. Vertu varkár með að fara ekki með þetta út í öfgar. Þú þarfnast líkamlegs styrks þíns.”

“Ég þarfnast líka andlegs styrks. Ég skal vera varkár, en ég finn þrýst á mig með að gera þetta, eins og eitthvað sé að fara að gerast og ég þurfi að vera andlega reiðubúinn.”

“Allt í lagi, ég spyr þig aftur í kvöld.” Þegar Baxter var á leið út að dyrunum, sneri hann sér við og sagði: “Meðal annarra orða, veistu að stúlkurnar tvær sem þú baðst með, þær eru svo spenntar að þær segja öllum sem þær hitta, að Jesús hafi leyst aðra stúlkuna frá geðveiki. Snemma í morgun sögðu þær öllum í anddyrinu frá þessu og síðan sá ég þær ganga niður götuna og stöðva fólk á leið sinni. Ég veit ekki hvað þetta gerir mikið gagn. Enginn hér þekkir þær, þannig að enginn veit hvort þessi stúlka var nokkurn tíma í því hræðilega ástandi eða ekki.”

Billy brosti: “Þetta er samt sem áður það sem ég vil fá að sjá. Fólk sem er reiðubúið að vitna um að Jesús hafi læknað það.”

Seinna um eftirmiðdaginn, bankaði Baxter aftur létt á dyr Billy. Í þetta skiptið virtist eitthvað hafa fengið á hann.

“Hvað er að, bróðir Baxter.”

Hávaxni maðurinn sökk niður í stólinn, hvíldi handleggina á hnjám sér og hélt á hattinum milli hnjáanna. “Bróðir Branham, ég er hræddur um að það sé komið upp stórt vandamál. Í dag hef ég fengið nokkur símtöl frá forstöðumönnum sem fjármagna samkomur þínar hér. Það lítur út fyrir að einhver hafi prentað dreifirit sem rakkar þig niður í svaðið. Sá sem gerði það hefur verið að dreifa þessu um allan bæinn. Hann stingur þeim bak við rúðupurrkur á bílum. Eftir því sem næst verður komist, hefur mörg þúsund þannig ritum verið dreift.”

“Nú, þetta er ekki í fyrsta skiptið sem ég hef verið gagnrýndur opinberlega. Hvað stendur í dreifiritinu?”

“Ég hef ekki lesið það sjálfur, en augsýnilega segir það að þú sért að setja á svið sýningu. Að þú notir sálfræðibrellur til að blekkja áheyrendur og að fólkið, sem þú greinir vandamálin hjá, sé þegar búið að staðsetja þarna. Þú ert ásakaður um að vera eins og Símon töframaður í Postulasögunni, sem hafði aðallega áhuga á peningum.<sup>47</sup> Og verst af öllu er, að það stendur að þetta dreifirit sé gefið út af... hann stoppaði, til að leggja áherslu á málið, “*F.B.I. (Alríkislögreglunni)*.”

Billy flautaði: “Nú það er eitthvað nýtt af nálinni.”

“Já, og það stendur einnig að á pallinum í kvöld muni Alríkislögreglan afhjúpa þig sem svikahrapp. Bróðir Branham, hvað ætlar þú að gera?”

“Ég held að við ættum bara að gera allt eins og venjulega og fela hitt í Drottins hendur. Hann sá um okkur í gærkvöldi, er ekki svo? Hann mun líka sjá um okkur í kvöld.”

Baxter greip fastar um hattinn sinn. “Þegar ég hugsa til þess að einhver náungi sé að ásaka þig um að hafa eingöngu áhuga á peningum fólksins. Ég sá þig, þegar þessi texasbúi rétti þér ávísun upp á 25.000 dollara og þú reifst hana fyrir framan augun á honum.”

“Manstu þegar milljónamæringurinn rétti mér ávísun upp á 1,5 milljón dollara. Ég neitaði að taka við henni. Fólk út um allt land hefur boðist til að gefa mér heimili. Nýlega bauðst maður til að kaupa fyrir mig Kádilják. Ég hef ávallt hafnað þessum tilboðum. Ég vil traust fólksins, ekki peningana þess.”

Þetta vakti forvitni Baxters. “Ég skil að þú skyldir hafna húsinu og peningunum, en hvers vegna að hafna Kádilják? Ég veit á hvernig bíl þú ekur. Þú þarft nýjan bíl.”

“Ég hef ekkert á móti nýjum bíl, en Kádiljákur er allt of mikið. Hvernig gæti ég ekið gegnum Arkansasfylki í Kádilják, og sumar af þessum fátæku, litlu mæðrum í Arkansas borða beikon og kornbrauð í morgunmat. Hendur þeirra eru sárar eftir bómullartínslu og þær koma og leggja dollarana sína, sem þær hafa unnið fyrir með efiðismunum, í fórnarkörfuna mína og ég ek um á Kádilják. Nei, aldeilis ekki. Ég mun aldrei gera það. Ég vil líkjast fólkinu sem ég er að biðja fyrir.”

“Það er vit í því. Heyrðu, ég ætla að fara niður í bæ til að borða kvöldmat. Ert þú nú reiðubúinn að hætta föstunni?”

“Já, ég ætla að fara með þér.”

Þegar þeir gengu inn á veitingastaðinn, hallaði bróðir Baxter sér fram og hvíslaði: “Ég sé suma af vinum okkar hér. Þarna er Willbanksfólkið. Þau munu sjálfsagt vilja koma og tala við þig.”

“Ég vona að þau geri það ekki. Veistu hvað gerist þegar smurningin er yfir mér? Guð tekur að opinbera hluti og ég vil ekki vera orðinn örþreyttur áður en samkoman hefst.”

Mennirnir tveir settust niður og snæddu kvöldverð. Þegar þeir voru að búa sig undir að fara, þá stóðu svo sannarlega herra og frú Wilbanks upp á sama tíma til að borga reikninginn sinn. Þau hittust við kassann. Herra Wilbanks sagði: “Bróðir Branham, mig langar að heilsa þér með handabandi.”

Billy tók í útrétta hönd mannsins og byrjaði að segja eitthvað, þegar Ern Baxter blandaði sér í málið og sagði: “Sjáðu til, herra Wilbanks, þú ættir ekki að tala við hann einmitt núna. Hann er að undirbúa sig fyrir samkomuna í kvöld.”

“Við skiljum.”

---

<sup>47</sup> Postulasagan 8:9-24.

Þegar Billy og Baxter byrjuðu að ganga niður götuna, heyrði Billy innri rödd segja: “*Snúðu við og farðu inn í bílinn með Wilbanks.*” Billy hristi höfuðið og hugsaði með sér að hann væri að heyra ofheyrnir. “Fallegt veður í kvöld, ekki satt, bróðir Baxter?”

“Jú, fallegt veður.”

Skyndilega fannst Billy sem fætur sínir væru gerðir úr stáli. Hann reyndi að hreyfa þá, en þeir bifudust ekki.

Baxter sneri sér við og horfði undrandi á hann. “Hvað er að?”

“Bróðir Baxter, við verðum að fara til baka og fara í bílinn með Wilbankshjónunum.”

“Bróðir Branham, við getum það ekki.”

“Það er Andi Drottins.”

“Allt í lagi þá.”

Wilbankshjónin vildu fegin bjóða þeim far með sér. Vegna þess að þeir fóru á bíl, voru þeir komnir á hótelið miklu fyrir, en ef þeir hefðu haldið áfram fótgangandi. Ern Baxter gekk inn í húsið, en Billy nam staðar í miðjum tröppunum. Hann heyrði aftur í röddinni, sem sagði: “*Farðu aftur inn í bílinn og talaðu við Wilbankshjónin.*” Billy fór aftur inn í bílinn. “Bróðir Wilbanks, ég vona að það sé ekkert að hjá fjölskyldu þinni.”

“Nei, það er alls ekkert að hjá okkur.”

“Það er skrýtið. Eitthvað segir mér að vera hér kyrr og ég veit ekki hvers vegna.”

Eftir að hafa rætt saman í nokkrar mínútur, sneri Billy við til að fara aftur inn á hótelið, en hann nam staðar þegar hann sá dýran bíl koma í áttina til sín. Hann þekkti bílinn. Herra Reece átti hann. Bíllinn beygði hjá stóru pálmatré og nokkrum bílum, sem var lagt neðar í götunni þar sem Billy stóð. Bílstjórinn fór út, gekk kringum bílinn, opnaði hurðina farþegamegin og hjálpaði herra Reece út úr bílnum. Herra Reece leit út fyrir að vera alveg jafn bæklaður og þegar Billy hafði séð hann síðast í Carlsbad í Nýju Mexíkó í mars. Nú vissi Billy um hvað þetta snerist allt saman. Þarna stóð pálmatréð sem hann hafði séð í sýninni. Þarna stóð vinur hans í brúnum jakkafötum og með brúnt bindi. Allt var til reiðu.

Þegar herra Reece sá Billy, varð honum samstundis litið á pálmatréð. Síðan lyfti hann höndum, án þess að þeir segðu eitt einasta orð, og hann hrópaði: “Lofaður sé Guð! Ég er læknaður!” Hann stappaði niður fótum og veifaði höndum og hrópaði og dansaði.” Nú leit hann ekki lengur út fyrir að vera sami gamli veikburða maðurinn og hafði þurft hjálp, til að komast út úr bílnum sínum nokkrum mínútum áður.

Þegar Billy var á leiðinni upp á herbergi sitt, náði bróðir Baxter honum á ganginum. “Bróðir Branham, stúlkurnar tvær eru að pakka niður og fara. Þær eru ákaflega æstar yfir einhverju. Það er best að þú farir og talir við þær.”

“Vissulega, í hvaða herbergi eru þær?”

Billy fann herbergisnúmer þeirra og bankaði á dyrnar. Stúlkan sem keyrði frá Lubbock kom til dyra. “Ó, bróðir Branham,” sagði hún og hélt aftur af tárunum. “Mér þykir leitt að við skulum valda þér öllu þessum vandræðum.”

“Vandræðum? Hvaða vandræðum hefur þú valdið mér, systir?”

“Við höfum orðið til þess að F.B.I. er að elta þig. Ég reikna með, að við höfum vitnað of mikið niðri í bænum í dag. Núna mun F.B.I. afhjúpa þig á pallinum.”

“Nú, ef ég er ekki að gera neitt rangt, þá þarf ekki að afhjúpa mig.”

“Ert þú ekki hræddur við að fara þangað í kvöld? F.B.I. mun vera þar.”

“Hræddur? Svo sannarlega ekki. Af hverju ætti ég að vera hræddur, þegar ég er að gera einmitt það sem Guð sendi mig hingað til að gera? Þar að auki hafa Alríkislögreglumenn áður komið á samkomur mínar og þeir hafa ávallt frelsast. Eins



og Al Ferrar lögregluforingi í Tacoma í Washington. Ef til vill mun það sama gerast með þennan náunga. Hvað sem öðru líður, skuluð þið koma á samkomuna í kvöld og fylgjast með Guði að störfum. Hann er sá sem mun heyja bardagann, ekki ég.”

Þegar Billy var aftur kominn inn á herbergi sitt, kraup hann við hliðina á rúminu og bað: “Himneski Faðir, um hvað snýst þetta allt saman?”

Eftir nokkrar mínútur kom sýnin. Þá vissi Billy...

**Billy hljóp til framkvæmdastjóra síns á bak við sviðið áður en samkoman hófst.** Ern Baxter hélt á einu af dreifiritunum í hendi sinni.

“Séra Branham,” sagði forráðamaðurinn, “það er skömm að því sem þeir segja um þig í þessu dreifiriti.”

Baxter var sammála. “Þegar ég hugsa til þess að þeir kalla þig svikahrapp og mín eigin dóttir læknaðist á samkomunni í gærkvöldi.”

Forráðamaðurinn sagði: “Einhver stakk þessum dreifiritum bak við rúðupurrkurnar á hverjum einasta bíl á bílastæðinu. Ég réði tíu mexíkanska krakka til að fjarlægja þau.”

“Til allrar óhamingju var mörg hundruð til viðbótar stungið bak við rúðupurrkur út um allan bæinn í dag.” Baxter bætti við: “Að öllum líkindum eru hvort sem er flestir þegar búnir að lesa það.” Baxter vöðlaði blaðinu saman í lófa sínum. “Slíkt og þvílíkt lið. Lögreglan ætti að ná í þann sem gerði þetta.”

“Þetta er allt í lagi,” sagði Billy. “Til er hærra lögmál en jarðneskt lögmál. Drottinn mun vel fyrir sjá. Minnst þess sem Jesús sagði: *‘Þeim sem mælir gegn Heilögum anda, verður ekki fyrirgefið, hvorki í þessum heimi, né hinum komandi’.*”<sup>48</sup>

Forráðamaðurinn sagði: “Samt sem áður, ef ég gæti náð taki á þessum náunga, þá myndi ég...”

“Hafðu engar áhyggjur af því,” sagði Billy. “Guð mun ná í hann á settum tíma.”

Áheyrendur byrjuðu að syngja: “Trú aðeins trú.” Billy gekk út á pallinn. Hann vissi hvað bjó í huga fólksins, þannig að hann kom beint að efninu. “Ég er með lítinn pása hérna, sem segir að ég sé eins og Símon töframaður í Postulasögunni, sem þýðir að ég hafi bara áhuga á peningum fólksins. Ég býst við að flest ykkar hafið lesið þetta. Ég trúi að mörg hundruð svona pésur, hafi verið dreift um bæinn í dag. Það stendur líka að Alríkislögreglan muni afhjúpa mig á pallinum í dag. Allt í lagi, ég er hér og er reiðubúinn til að vera afhjúpaður. Ég hef meira að segja sent framkvæmdastjóran minn á bak við svið, til þess að hann blandi sér ekki í þetta á nokkurn hátt. Þannig að þið Alríkislögreglumenn getið nú stigið fram og afhjúpað mig.”

Taugatrekkt þögn kom yfir áheyrendur. Billy beið. Enginn bærði á sér. Billy sagði: “Eða það getur verið að þeir séu ekki komnir. Ég ætla að gefa þeim örlítið meiri tíma. Er einhver sem getur komið fram og sungið sálm?” Eftir að maður hafði sungið um stund sagði Billy: “Ég er að bíða eftir F.B.I. Hvar eruð þið? Samkvæmt því sem stendur í þessum pása ætlið þið að stíga fram í kvöld og afhjúpa mig. Hafi ég gert eitthvað sem er gegn Guðs Orði eða eitthvað gegn lögum þessarar þjóðar, þá vil ég láta afhjúpa mig. Við skulum því koma okkur að verki.”

Billy beið og renndi arnaraugum yfir áheyrendur. Drottinn hafði sýnt honum í hótelherberginu hverjir sökudólgarnir voru, en hann hafði ekki enn komið auga á þá meðal áheyrenda. Hann sá út undan sér að einhver hreyfði sig. Billy sneri sér við og sá dimman skugga, eins og ský með óskýrum útlínunum hreyfast yfir höfðum fólksins. Hann sá glitta í andlit undir þessu skýi. Nei, ekkert af þessu fólki var í sýninni. Skugginn reis nú upp og lyfti sér upp og fór upp á aðra hæð, þar til hann staðnæmdist

---

<sup>48</sup> Matteus 7:32.

við tvo menn, sem sátu á fremsta bekk á svölunum. Hann gaut augum á andlit þeirra undir skýinu. Billy sá andlit þeirra greinilega. Þetta voru mennirnir.

“Vinir, það eru engir Alríkislögreglumenn hér. Hvað hefur Alríkislögreglan með boðun fagnaðarerindisins að gera? Nei, Alríkislögreglan er ekki hér til að afhjúpa mig, en það mun verða afhjúpun. Náungarnir tveir sem dreifðu pésanum sitja á fremsta bekk þarna uppi á svölunum. Annar er í bláum jakkafötum og sá sem situr við hlið hans er í gráum jakkafötum. Þeir eru ekki alríkislögreglumenn. Þeir eru prédikarar sem eru fallnir frá. Drottinn sýndi mér þá báða í sýn síðdegis í dag.”

Sérhvert höfuð í salnum sneri sér við til að líta á. Samsærismennirnir tveir urðu rauðir í framan og sigu niður í sætum sínum.

“Ekki síga niður,” sagði Billy. “Nú er tækifæri til að standa upp og afhjúpa mig.” Mennirnir tveir engdust sundur og saman, en gátu ekki sokkið neðar. Billy kom með gagnárás sína. “Þið tveir segið að ég sé Símon töframaður og hafi aðeins áhuga á peningum fólksins. Nú, hvers vegna komið þið ekki hingað niður til að prófa það. Ef ég er Símon töframaður, en þið eruð heilagir guðsmenn, þá getur Guð lostið mig til bana. En ef ég er guðsmaður og þið hafið rangt fyrir ykkur, þá getur Guð lostið ykkur til bana. Komið niður og við skulum sjá hvað er rétt.” Mennirnir tveir stóðu upp og hröðuðu sér að útgöngudyrunum. “Ég sé að þeir eru að fara. Ef til vill eru þeir á leiðinni hingað. Við skulum syngja einn sálm meðan við bíðum.”

Þegar áheyrendur höfðu lokið við að syngja nokkur erindi af sálminum, var augljóst að mennirnir tveir ætluðu sér ekki að taka áskorun Billy. “Það lítur út fyrir að þeir séu farnir út báðir tveir. Það ætti að gera út um málið. Vinir, þið vitið að ég er ekki á eftir peningunum ykkar. Ef það væri ekki vegna kostnaðarins við samkomurnar, þá myndi ég alls ekki láta framkvæmdastjórann minn taka fórn. En eftir að hafa mætt kostnaðinum, læt ég afganginn fara í trúboðsstarf. Hvað mig varðar, þá fæ ég bara lágt vikukaup. Spytjið framkvæmdastjóra minn eða hvern sem er, sem þekkir mig vel. Þannig að þið sjáið að ég vil ekki peningana ykkar. Ég vil traust ykkar.”

## 50. Kafli

### Pvottakona tefur flugið hans.

1950

Eftir að hafa eytt mánuði í Texas, var William Branham óþreyjufullur að komast heim til konu sinnar og barna. Til allrar óhamingju barst hættulegt þrumuveður inn yfir Suðausturríkin og það neyddi flugvél hans til að lenda óviðbúið í Memphis í Tennessee. Flugfélagið kom farþegunum fyrir á Peabodyhótelinu til að bíða af sér storminn. Billy hringdi heim, til að láta Medu vita hvað hefði gerst. Síðan eyddi hann því sem eftir var kvöldsins við að skrifa bréf.

Fyrir utan hamaðist regnið. Af og til laust eldingum niður og ærandi þrumur riðu yfir. Laust fyrir miðnætti hætti að rigna. Billy leit út um gluggann og sá stjörnuþyrpingu á milli þrumanna. Það leit út fyrir að storminn væri að lægja.

Klukkan sex næsta morgun hringdi starfsmaður flugfélagsins, til að láta Billy vita að flugvélin myndi fara í loftið á mínútunni átta. Billy fór á fætur og klæddi sig í ljósbrúnu jakkafötin sín. Hann leit á úrið sitt og sá að hann hafði nægan tíma til að finna póstkassa og póstleggja bréfin sín.

Morguninn var bjartur og heiðskír. Loftið ilmaði af blómailmi úr blómagörðum. Ilmurinn var sterkur vegna hins endurnærandi regns um nóttina. Fuglar sungu alls staðar og Billy fékk löngun til að taka undir með þeim. Hann sönglaði kristilegt lag meðan hann drakk í sig fegurðina í heimi Föður síns.

Eftir að hafa rölt um stund, fann Billy póstkassa fyrir framan banka. Hann lét umslagið detta í gegnum lúguna og var um það bil að snúa við, þegar hann heyrði hljóðið í hvirfilvindinum, hviss. Billy fékk gæsahúð, er hann fann engilinn koma nær. Billy steig aftur á bak inn í skugga af stólpa og sagði: “Himneski faðir, hvað vilt þú að þjónn þinn geri.”

Eins greinilega og hann heyrði fuglasönginn, heyrði hann Drottin segja: “*Gakktu af stað og haltu svo áfram göngunni.*” Billy hélt áleiðis til hótelsins með þessar einu leiðbeiningar. Þegar hann kom að inngangi hótelsins, hugsaði hann sér eðlilega að fara inn. En hin djúpa rödd engilsins sagði aftur: “*Haltu áfram göngunni.*” Billy leit á úrið sitt. Flugvél hans átti að fara í loftið eftir klukkutíma. Samt sem áður hélt hann áfram göngunni framhjá hótelinu og vissi ekki hvert Drottinn var að leiða hann eða hver tilgangurinn var.

Hann rölti áfram nokkra kílómetra og sönglaði með sjálfum sér. Hann naut ferska loftsins og ilmsins af rósum og geitatoppum. Honum fannst lífið dásamlegt. Samt var hann örlítið stressaður yfir tímanum. Hann leit aftur og aftur á úrið sitt og vísarnir færðust nær átta. Í hvert skipti sem hann leit á úrið hvatti engillinn hann áfram: “*Haltu áfram göngunni.*” Þegar klukkan var orðin átta gafst Billy upp fyrir þeirri staðreynd að hann myndi verða að sjá fyrir öðrum leiðum til að komast heim. “Drottinn minn, ég veit ekki hvers vegna ég er staddur hér, en þú sagðir mér að ganga og ég er að ganga. Um hvað snýst þetta allt saman?”

Þegar hér var komið sögu var hann kominn inn í eitt af fátækari hverfum Memphis. Götur hér voru ekki malbikaðar og það voru heldur engar gangstéttir. Hann gekk niður hæð þar sem lækur rann við hlið vegarins. Fyrir framan sig sá hann stóra, þéttvaxna þeldökka konu, sem stóð úti á lóð sinni og hallaði sér fram á hliðið með hendur undir kinn. Karlmannsskyrta var bundin um hár hennar eins og klútur. Þegar Billy kom nær sagði konan: “Góðan daginn, prestur minn.”

Billy lyfti hattinum og sagði: “Góðan daginn frá.” Síðan staðnæmdu hann snögglega, þar sem eitthvað undarlegt sló hann. Hún hafði sagt prestur. Hann sneri sér að konunni og spurði: “Veist þú hver ég er?”

“Nei, herra minn.”

“Hvernig vissir þú þá að ég er prestur?”

Hún brosti. “Ég vissi að þú værir að koma.”

Billy gekk yfir að hliðinu. “Hvernig vissir þú það? Ég vissi það ekki sjálfur?”

Hún útskýrði málið. “Prestur minn, hefur þú nokkurn tíma lesið í Biblíunni um konuna frá Súnem sem gat ekki eignast barn? Hún lofaði Guði, að ef hann gæfi henni barn, myndi hún ala hann upp fyrir Drottin.<sup>49</sup> Nú, ég er þannig kona og ég lofaði Guði þessu sama. Hann gaf mér þetta barn og ég reyndi mitt besta að ala hann upp fyrir Drottin. En fyrir nokkrum árum fór hann að sækja slæman félagsskap. Hann fór að ganga á glapstígum og fékk kynsjúkdóm, það er sýfilis. Þegar hann áttaði sig á því hvað um var að vera, var hann of langt leiddur. Nú liggur hann í rúminu mínu og er að deyja. Í gær kom lækurinn við og leit á hann. Hann sagði: “Það er engin von með hann. Hann er með gat á hjartanu og það er sýking í blóðinu. Það versta getur gerst hvenær sem er.”

“Prestur, ég gæti ekki afbúið að sjá drenginn minn deyja í þessu ásígkomulagi. Ég vil að hann frelsist. Þannig að í gær bað ég allt kvöldið og sagði: ‘Drottinn, ef ég líkist þessari konu frá Súnem, hvar er þá Elísa þinn?’”

Einhvern tíma það kvöld sofnaði ég í stólnum og mig dreymdi að ég stæði hérna úti við hliðið. Mig dreymdi að prestur gengi hjá, klæddur í brún jakkaföt og með hatt. Þegar ég vaknaði við sólarupprás fór ég út og síðan þá hef ég staðið hérna við hliðið og beðið eftir þér. Prestur, trúir þú á leiðsögn Heilags Anda?”

Hjarta Billy titraði og taugar hans skulfu. Þetta hlaut að vera staðurinn sem Drottinn vildi að hann færi á. “Frú mín góð, ég heiti Branham. Hefur þú nokkurn tíma heyrt mín getið?”

“Nei, herra minn, ég hef aldrei heyrt neitt um þig séra Branham.”

“Þjónusta mín er að biðja fyrir sjúku fólki. Myndir þú vilja að ég kæmi inn fyrir og bæði fyrir syni þínum?”

“Já, gerðu það, herra Branham.”

Billy opnaði hliðið. Ryðgaður oddur af plógi, sem hékk í keðju, lokaði hliðinu á eftir honum. Konan leiddi Billy inn í lítið, hvítalkað hreysi. Gólfín voru úr gulri ösp og voru eins hvítþvegin og mögulegt var. Í einu horninu var stálvaskur og þvottabretti hallaðist upp að honum. Það var örugglega þannig sem hún vann fyrir sér. Yfir hurðinni hékk skilti sem á stóð: “Drottinn blessi heimilið.” Billy hafði verið boðið inn í konungshallir og sum af fínustu heimilum landsins, en hann hafði hvergi fundið að hann væri meira velkominn en í þetta fátæklega hreysi.

Í öðru horninu stóð gamalt járnúr. Í því lá sonur hennar. Hann var stór piltur, að minnsta kosti 1 og 90 á hæð og 90 kíló. Teppi voru vafin um hann og hann velti sér um á stráðynni og muldraði: “Nnn...það er svo dimmt hérna...ó, mamma, það er svo dimmt...ég veit ekki hvert ég er að fara...”

Hann er búinn að vera með óráði í tvo daga,” sagði móðir hans. “Hann heldur að hann sé í árabát, týndur í myrkri úti á hafsþjó. Það er það sem ég afber ekki, prestur góður, að vita að drengurinn minn sé glataður.” Hún klappaði honum vingjarnlega á öxlina. “Elsku drengurinn, þekkir þú ekki hana mömmu þína?”

Hann skalf og stundi: “Nnn...það er svo kalt hérna úti, það er svo kalt.”

<sup>49</sup> 2. Konungabók 4:8-37.

Hún kyssti hann á ennið: “Drengurinn hennar mömmu sinnar.”

“Já,” hugsaði Billy, “þetta er móðurást. Það er alveg sama hvað hann hefur gert, hún lítur enn á hann sem drenginn hennar mömmu.” Hann sagði: “Frænka, við skulum biðja. Byrja þú.”

Þegar þau krupu við rúmið, þá úthellti þessi fátæka þvottakona hjarta sínu þannig frammi fyrir Guði, að tárin runnu úr augum Billy. Hún lauk bæninni með því að segja: “Drottinn, ef þú aðeins vildir láta drenginn minn segja að hann sé að fara til Jesú, þá verð ég ánægð.”

Billy lagði hendur yfir fætur piltins, sem voru eins kaldir og Norður-Atlantshafið. “Góði Guð, ég veit ekki hvað um er að vera, en á götunni í morgun snerir þú mér við og sendir mig til þessa litla hreysis. Ég veit að það er komið fram yfir tímann sem flugvélin mín átti að fara í loftið, en það er alveg sama. Í hlýðni við leiðsögn Andans, legg ég hendur yfir þennan pilt í nafni Sonar þíns, Jesú Krists.”

Drengurinn bærði á sér. “Ó, mamma, það er að birta til hérna.” Hann ranghvolfdi augunum, síðan virtust þau einblína á andlit móður hans. “Mamma, hvað ert þú að gera hérna?” Hann lyfti höfði sínu frá strádýnunni. “Og hver er þessi maður?”

Billy beið í fimm mínútur í viðbót, nógu lengi til að sjá piltinn sitja á rúmstokknum og tala um að klæða sig. Síðan afsakaði Billy sig og hraðaði sér út úr dyrunum. Eftir að hafa gengið stutta stund, veifaði hann leigubíl og var brátt kominn á flugvöllinn. Honum til undrunar og mikils léttis var flugvélin ennþá á flugbrautinni. Henni hafði seinkað um tvo tíma og hún var nú að búa sig undir flugtak. Billy furðaði sig á því hvað bænir getur gert þegar hennar er beðið í hreinni trú. Hann var viss um að það voru bænir þessarar þvottakonu, sem höfðu seinkað fluginu hans í 18 klukku tíma.

“Jú, frænka,” hugsaði hann. “Ég trúi svo sannarlega á leiðsögn Heilags Anda.”

## 51. Kafli

### Sýnirnar útskýrðar.

1950

Í ágúst árið 1950, hélt William Branham vakningasamkomur í Cleveland í Ohiofylki. Það voru liðnir tíu dagar af tveggja vikna herferð, þegar herra Boeing, milljónamæringur á staðnum, sem hafði grætt peninga sína á að framleiða stuðara fyrir bíla, sagði við hann: “Bróðir Branham, ég trúi að samkomur þínar í Cleveland gætu verið miklu betri en þær eru. Tjaldið sem þú ert með tekur aðeins 4.000 manns. Eftir að heimafólkið er búið að vinna og borða kvöldmatinn sinn, þá kemur það hingað og tjaldið er þegar fullt af utanbæjarfólki. Mörg hundruð heimamenn komast ekki inn. Það væri miklu betra ef þú vildir færa þig yfir í samkomuhöllina. Þá gætu allir þeir, sem vilja komast inn, fengið sæti. Ég athugaði með verðið, það kostar 1.900 dollara fyrir kvöldið. Ég skal borga fyrir allt saman, ef þú færir þig þangað.”

Billy svaraði kurteislega en ákveðið: “Bróðir Boeing, þótt þú vildir borga fyrir salinn í heilt ár, þá gæti ég ekki farið þangað nema Guð segði mér það. Hvað snertir daginn í dag, þá er ég skuldbundinn skriflegum samningi við hina bræðurna um að hafa samkomur í tjaldinu í þrjá daga til viðbótar. Og ég verð að halda skuldbindingar mínar.”

Herra Boeing kom með aðra uppástungu. “Þegar þú hefur lokið þessum samkomum, þá hefur þú nokkra daga, áður en næsta herferð þín hefst. Af hverju ekki hafa að minnsta kosti eina samkomu í samkomuhöllinni áður en þú yfirgefur Cleveland?”

“Ég mun biðja yfir því og segja þér hvað Drottinn segir mér.”

Næsta morgun átti Billy að vera heiðursgestur í morgunverðarboði fyrir guðsþjóna. Blár Kádiljunktur kom til hótelsins til að aka Billy og Gordon Lindsey á veitingahúsið. Þegar máltíðinni var lokið og búið að ýta diskum frá sér, báðu guðsþjónarnir Billy að útskýra fyrir sér hvernig sýnirnar ættu sér stað.

“Það er erfitt að útskýra sýnir,” byrjaði Billy. “En ég skal gera mitt besta til að útskýra það. Þið hafið allir fylgst með, þegar Drottinn gefur mér sýn uppi á pallinum. Þið hafið séð hvernig Guð opinberar alls kyns hulda hluti og hvernig greiningin er alveg fullkomlega rétt í hvert einasta skipti. Þið hafið örugglega tekið eftir því, að ég verð mjög máttvana og það takmarkar það hvað ég get þjónað persónulega til margra á hverju kvöldi. Það er ritningarlegt. Munið þið eftir því hvernig konan með blóðlátin snerti klæðafald Jesú og Hann sagði að kraftur hefði gengið út frá sér? Kraftur er styrkur. Það var trú konunnar sem togaði styrk frá Jesú.

Sá sami Jesús er á meðal okkar í dag. Hann er sá sem græðir fólk á samkomunum hvern dag. Það er satt að Guð hefur gefið mér gjöf þess að sjá sýnir, en þarna uppi á pallinum er það í raun trú ykkar, sem togar kraft frá Guði og gefur þessa sýn. Ég er bara undirgefinn Guði og ég veit oft ekki hvað ég er að segja. Heilagur Andi talar í gegnum mig. En það er ekki ég sem fólkið hefur snert. Fyrir trú hefur það snert Æðsta prestinn, Jesú Krist, alveg eins og konan með blóðlátin snerti Hann og fékk lækningu.

Guð gefur mér líka sýnir þegar ég er heima hjá mér eða einhvers staðar einn. Ef til vill leiðir Hann mig til að fara á einhvern ákveðinn stað eða gera eitthvað, eða þá Hann sýnir mér eitthvað sem á eftir að verða í framtíðinni. Og í hvert einasta skipti verður það nákvæmlega eins og sýnin hafði sýnt mér. Þótt merkilegt megi virðast, þá

veikja þessar sýnir mig alls ekki. Stundum geta þær varað í klukkutíma og þegar ég kem út úr þeim er ég venjulega endurnærður.

Þannig að ein tegund að sýnum endurnærir mig og hin tegundin veldur þreytu. Af hverju skyldi það vera? Nú, ég komst að því að það var alveg eins í lífi Drottins okkar. Hann sá sýn af Lasarusi sem var reistur upp frá dauðum og sú sýn veikti Hann alls ekki á nokkurn hátt.<sup>50</sup> Þegar aftur á móti konan með blóðlátin snerti klæðfald Hans, þá sagðist hann hafa misst kraft. Í öðru tilvikinu var Guð að nota sína eigin gjöf og hitt var konan sjálf, sem togaði í gjöf Guðs.

Ég vona að þið getið séð þennan samanburð, sem ég er að mála mynd af fyrir ykkur. Ég er ekki að segja að gjöfin sem ég hef sé jafnstór og gjöfin sem var í Jesú Kristi, því í Honum bjó öll fylling Guðdómsins líkamlega.<sup>51</sup> En það er samt sem áður sami Jesús að gera sömu verk. Sjáið til, Hann er allt vatnið í sjónum, eins og bróðir Bosworth orðar það. Þessi gjöf mín er aðeins lófafylli af því hafi, samt eru sömu efni í þessari lófafylli og í hafinu.

Ég skal sýna ykkur þetta á annan hátt. Segjum að við værum tveir litlir drengir sem langaði að fara í fjölleikahús, en við ættum ekki nægilegt fé til að komast inn. Þannig að við förum bak við, til að gægjast yfir girðinguna. Til allrar óhamingju er trégrindverkið of hátt til að við getum báðir séð yfir hana. Hvað getum við gert? Segjum að ég sé hærri en þú. Ég get hoppað upp, gripið um efsta hluta girðingarinnar og togað mig nógu hátt upp á við til að kíkja í gegnum gat efst á grindverkinu. Þú spyrð mig hvað ég sjái og ég segist sjá gíraffa að éta laufblöð á tré. Brátt verð ég þreyttur og verð að láta mig síga niður til að hvíla mig. Þú spyrð mig hvort ég hafi séð eitthvað fleira, en ég hafði ekki tíma til að sjá neitt fleira. Þannig að ég hoppa aftur upp og kíki aftur gegnum gatið. Ég get aðeins haldið mér stutta stund áður en ég er aftur orðinn dauðþreyttur. Þannig er þetta á pallinum hvert einasta kvöld, þegar fólkið notar gjöfina mína til að fá fram sýnir.

Nú ætla ég að útskýra hvernig það er þegar Guð notar þessa gjöf sjálfur. Til að halda áfram með útskýringuna með fjölleikahúsið. Segjum að forstjórinn komi og spyrji okkur hvað við séum að gera. Gerum ráð fyrir að hann sé skilningsríkur og vingjarnlegur maður, þannig að hann segir við mig: “Hérna, ég skal hjálpa þér til að sjá hlutina betur.” Með sterkum örmum lyftir hann mér upp, þar til höfuð mitt er fyrir ofan girðinguna. Nú get ég litast vel um. Ég sé gíraffa, fíla og trúða. Ég sé ekki allt fjölleikahúsið, en ég sé miklu meira en þegar ég gægdist í gegnum gatið á girðingunni og ég er alls ekki þreyttur, vegna þess að hann lyfti mér upp. Þannig er það þegar Guð stjórnar gjöfinni.

Þið veltið fyrir ykkur hvar þetta sé í Ritningunni. Munið þið eftir konunni sem læknaðist eftir að hafa leynilega snert klæðfald Jesú?<sup>52</sup> Munið þið að Jesús missti kraft. Hann sagði að kraftur hafi gengið út frá sér. Sjáið til, konan var viljandi að toga í gjöf Guðs í honum. En það var algjörlega frábrugðið við gröf Lasarusar.<sup>53</sup> Fyrst sá Jesús sýn af því þegar Lasarus var reistur upp frá dauðum. Þegar Hann síðar uppfyllti sýnina, þá var ekkert máttleysi yfir Honum. Það var vegna þess að Guð var að nota gjöf Hans.

Nú, Guð hefur gefið okkur öllum gjafir. Ef til vill ert þú prédikari, eða kennari. Ég lít ekki á mig sem mikinn prédikara eða kennara. Mín gjöf er að sjá sýnir. Sérhvert okkar hefur verið kallað til mismunandi þjónustu, en við erum öll hluti af einum

<sup>50</sup> Jóhannes 11.

<sup>51</sup> Kólossusbréfið 2:9.

<sup>52</sup> Matteus 9:20-22, Markús 5:25, Lúkas 8:43-48.

<sup>53</sup> Jóhannes 11:1-44.

stórum líkama. Og hvað gera þessar sýnir? Eiga þær að upphefja einhvern mann eða hreyfingu? Nei, svo sannarlega ekki. Þær eiga að gera Jesús Krist dýrlegan og Hann einan.

Eftir að Billy hafði lokið ávarpi sínu, sat hann lengi og sötraði kaffi og spjallaði við nokkra nýja vini, á meðal þeirra var herra Boeing. Guðsþjónn frá Úkraínu sagði við Billy: “Ég skil sýnirnar betur núna, eftir að þú hefur útskýrt þær, en viss atriði vekja enn forvitni mína. Hvað er það sem þú sérð, þegar sýn er í gangi? Er það óskýrt eins og draumur?”

“Nei, það sem ég sé er alveg skýrt og greinilegt, eins og ég væri staddur þar og fylgdist með því sem á sér stað.”

“En hvernig má það vera?”

“Allt er mögulegt fyrir Guði. Fortíð og framtíð er hvort tveggja jafn raunverulegt fyrir Honum og nútíðin. Munið að tími er nokkuð sem Guð hefur skapað. Hann er hafinn yfir tíma. Þannig getur Hann vitað endinn alveg frá upphafi. Hvernig ætti Biblían annars að vera svo full af spádómum sem hafa orðið að veruleika? Hvernig ættu spámennirnir annars að sjá inn í fortíð og framtíð?”

“Það er vit í þessu. Ég hef séð hvað sýnirnar opinbera á pallinum, en þú segist einnig sjá sýnir þegar þú ert einn. Hvernig hlutir eru það sem Drottinn opinberar þér þá?”

Ég skal gefa þér dæmi til að þú getir skilið þetta. Í gærkvöldi bað herra Boeing mig að vera eitt kvöld í viðbót í Cleveland til að ég gæti haft samkomu í samkomuhöllinni. Ég sagði honum að ég yrði að biðja yfir því fyrst og gefa honum svarið seinna. Í dag gaf Drottinn mér sýn til að hjálpa mér að vita hvað ég ætti að gera. Einhvern tíma um morguninn mun ég sjá konu fara yfir götu sem heldur í hendurnar á tveimur telpum. Báðar stúlkurnar verða í köflóttum pilsum og þær eru báðar með hárið tekið saman í tagl. Það verður fyrsta táknið mitt. Næsta tákn er það, að þótt ég hafi ekið til þessa miðdegisverðar á bláum bíl, þá mun ég aka til baka í rauðum bíl. Þegar ég verð í rauða bílnum, þá munu tvær ungar stúlkur í kvöldkjólum ganga framhjá. Þegar þessi tákn verða, þá mun ég vita að ég hef leyfi Guðs til að halda eina samkomu til viðbótar í samkomuhöllinni í Cleveland.”

Þeir héldu áfram að tala saman í um það bil klukkustund. Að lokum kom Gordon Lindsey til þeirra og sagði: “Bróðir Branham, heldur þú ekki að við ættum að halda til baka til hótelsins?”

“Ég býst við að við ættum að gera það,” samþykkti Billy. Þegar hann teygði sig til að ná í frakkann sinn, leit hann út um gluggann. “Sjáið hérna, herrar mínir. Sjáið þið þær?”

Guðsþjónarnir litu í kringum sig. Við næstu gatnamót gekk kona yfir götuna og leiddi tvíbura. Báðir tvíburarnir voru klæddir nákvæmlega eins og Billy hafði lýst þeim áður. Köflótt pils og með tagl sem sveiflaðist í andvaranum. Herra Boeing dró andann djúpt og sagði: “Ein komin fram og tvær eftir.”

Gordon Lindsey sagði: “Bróðir Boeing, maðurinn sem keyrði okkur hingað varð að fara. Gætir þú ekið okkur heim að hótelinu okkar?”

“Auðvitað, bróðir Lindsey, það væri mér gleðiefni að gera það. Bróðir Branham, ég á rauðan bíl!”

“Þarna eru tvær komnar fram,” sagði Billy. “Bíðið nú bara, þriðja táknið getur ekki verið langt í burtu.”

Mennirnir sex hópuðust inn í bílinn og herra Boeing setti vélina í gang. Útkeyrslan frá bílastæði veitingastaðarins lá að einstefnugötu. Herra Boeing hefði átt að beygja til



vinstri til að stefna í rétta átt, en hann beygði í staðinn til hægri. Lögregluþjónn á hestbaki beið við hornið og benti honum að aka til hliðar og nema staðar.

Þegar herra Boeing rúllaði niður bílrúðunni hellti löggan sér yfir hann, eins og hann væri síbrotamaður. “Ætlarðu að segja mér að þú sért frá Cleveland og hafir samt gert þvílík mistök? Það er engin afsökun fyrir þessu.”

“Mér þykir það leitt, lögregluþjónn,” afsakaði herra Boeing sig. “Ég held ég hafi verið eitthvað annars hugar.”

Umferðarlögregluþjónninn hélt áfram að halda harðorðan fyrirlestur yfir herra Boeing. Það olli því að bíllinn var kyrr í nokkrar mínútur. Fyrir hornið komu tvær ungfrúr, sem voru uppábúnar í fínum kvöldkjólum. Þegar konurnar tvær fóru framhjá, sló Billy á öxlina á herra Boeing og sagði: “Sjáðu bróðir, þarna eru þær.”

Herra Boeing gleymdi að lögregluþjónninn var að skamma hann og hrópaði: “Dýrð sé Guði! Hallelúja! Hallelúja!...” Guðsþjónninn frá Úkraínu tók líka undir með þeim: “Lofið Drottin! Lofið Drottin Jesú!” Og síðan fór hann að tala á óþekktri tungu.

“Þetta fólk er brjáláð,” rumdi í lögreglumanninum. “Farið burt frá mér.”

Þar sem Guð hafði nú gefið leyfi fyrir því, hélt Billy eina samkomu í viðbót í Cleveland í ágúst 1950 og meira en tólf þúsund manns fylltu samkomuhöllina til að heyra frelsisboðskapinn um kraft Jesú Krists.

**Nokkrum vikum seinna**, þegar William Branham hafði lokið samkomum sínum í Cleveland, ferðaðist hann með lest til Phoenix í Arisóna. Lestin hans kom við í Memphis í Tennessee. Billy steig út úr lestinni til að kaupa samloku. Lestarstöðin í Memphis var full af fólki, sem var að koma eða fara. Þegar Billy var að smeygja sér í gegnum mannfjöldann, tók hann eftir járnbrautarstarfsmanni í rauðum jakka að ýta farangurskerru í áttina til sín. Þegar þessi ungi, þeldökki maður leit upp og sá Billy, varð hann undrandi á svipinn. Hann skildi kerruna sína eftir og hljóp til Billy. Hann kallaði í spenningi: “Séra Branham! Séra Branham!” Hann tók þéttingsfast í hönd Billy. “Komdu nú sæll, séra Branham.”

Billy leit á þennan unga mann og hugsaði: “Ef til vill hefur hann komið á einhverja af samkomunum.”

“Séra Branham, þú þekkir mig ekki, er það nokkuð?”

“Nei, ég held að ég geri það ekki.”

“Manstu fyrir sex mánuðum, þegar fluginu þínu var frestað í Memphis? Manstu eftir piltinum sem þú baðst fyrir og var að deyja?”

“Ert þú...?”

“Já, herra minn, ég er pilturinn. Ég er ekki bara læknaður, heldur er ég líka orðinn kristinn.”

Billy fannst það alltaf ánægjulegt að sjá persónulega hvaða árangur bænir hans höfðu borið, með því að hitta fólkið sem þjónusta hans hafði aðstoðað. Núna voru tugir þúsunda af þannig einstaklingum um allt land.

Seinna um haustið árið 1950, fékk Billy tvö bréf sem höfðu sterk áhrif á hann. Fyrra bréfið kom frá fyrrverandi forstöðumanni hans Dr. Roy Davis, baptistapredikaranum sem hafði sett hann inn í embætti í desember árið 1932. Þetta bréf var ekki stílað á Billy persónulega, heldur var það sent til Gordon Lindsey, ásamt beiðni um að það yrði prentað í tímaritinu Lækningaraustin. Dr. Davis langaði til að biðjast opinberlega afsökunar á að hafa gagnrýnt Billy og þjónustu hans.

Billy las bréfið í þungum þönkum. Hugur hans hvarf aftur til morgunsins í maí árið 1946... hann hafði hraðað sér yfir að prestssetrinu til að segja Dr. Davis frá englinum, sem hefði gefið sér köllun, um að fara með gjöf Guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Billy minntist þess, hvernig Dr. Davis hafði hæðst að þeirri hugmynd og

sagt: “Billy, hvað borðaðir þú í kvöldmat í gærkvöldi?” Billy hafði svarað honum í allri einlægni: “Dr. Davis, mér líkar þetta ekki. Ef þú vilt ekki fá mig, þá verða einhverjir aðrir til þess. Guð hefur sent mig og ég mun fara.” Eldri maðurinn hafði gert gys að honum og sagt: “Allt í lagi, Billy, farðu með þetta um heiminn. Ég er spenntur að sjá hve langt þú munir komast.” Nú var hér komið bréf, þar sem beðist var afsökunar á hæðninni. Dr. Davis ritaði: “Ef ég hefði verið einlægari og rannsakað Biblíuna mína af meiri staðfestu, þá hefði ég skilið meira um sýnir og kraft Guðs.”

Seinna bréfið kom frá Suður-Afríku. Florence Nightingale Shirlaw, sem hafði fengið lækningu í London, sendi nú vitnisburð sinn og lýsti í smáatriðum lækningu sinni af magakrabbameini. Síðustu sex mánuði hafði hún þyngst frá því að vera 25 kíló upp í að vera orðin 77 kíló. Hún hafði sett með í umslagið nýlega ljósmynd af sjálfri sér til að sýna á dramatískan hátt hve ótrúleg umbreytingin var. Billy starði hugfanginn á myndina. Hún leit ekki einu sinni út fyrir að vera sama konan. Ljósmyndin sýndi hana í kjól, þar sem hún stóð úti á götu með stóra tösku um öxl.<sup>54</sup> Það hafði bæst svo mikið hold á handleggi hennar og fótleggi að Billy hefði ekki getað ímyndað sér, hefði hann ekki vitað það fyrir víst, að í apríl hafði hún verið aðeins hársbreidd frá dauðanum.

Billy minntist bænarinna, sem hann hafði beðið þennan þokukennda aprílmorgun: “Drottinn, ef þú læknar þessa konu, þá tek ég það til merkis um að þú viljir að ég fari og haldi lækningasamkomur í Durban í Suður-Afríku.”

Nú hélt hann á sönnunargagni í hendinni. Svart-hvítri ljósmynd af hraustri og ánægðri Florence Nightingale Shirlaw. Billy hringdi í framkvæmdastjóra sinn og bað hann að hefja undirbúninginn. Það tók Ern Baxter ekki langan tíma að fá fyrirheit um stuðning frá Samkirkjuráði Suður-Afríku. Þeir voru spenntir að fá svo frægan Amerískan trúboða í heimsókn. Dagsetning var sett til bráðabirgða um mitt árið 1951.

Billy var spenntur. Ef Guð var sérstaklega að kalla hann til Durban í Suður-Afríku, þá myndu vissulega undur og tákn fylgja í kjölfarið. Dag einn, þegar hann var staddur í Shreveport í Louisiana varaði Heilagur Andi hann við og sagði: “*Svo segir Drottinn, vertu varkár. Satan hefur engt fyrir þig gildru í Afríku.*” Andinn sagði ekki meira en þetta og Billy var skilinn eftir með það umhugsunarefni, hver þessi gildra myndi verða.

---

<sup>54</sup> Þessi ljósmynd er birt í bókinni: William Branham, spámaður heimsækir Suður-Afríku, eftir Julius Stadsklev.

## 52. Kafli

### Örn á slóðanum við Vandræðakvísl. 1950

Þegar haustið nálgast árið 1950 gat William Branham ekki dulið aukinn spenning sinn. Uppáhaldsárstíminn hans var að nálgast. Billy þótti ákaflega vænt um október, af því það var veiðitímabilið og veiðitímabilið veitti honum tilbreytingu, hvatningu og dálítið frjálrsræði.

En veiðarnar þýddu meira fyrir Billy, en frí frá hinni annasömu dagskrá. Þegar hann fór til veiða, hvarf hann aftur til uppruna síns. Þegar hann var drengur höfðu örfæin nært hann tilfinningalega. Þau höfðu verið huggun hans, hamingja hans og geðheilsa. Það var eini staðurinn í órólegri æsku hans, þar sem hann hafði fundið hugarró. Nú gáfu örfæin tækifæri til að endurnýjast og losna frá stöðugum kröfum hinnar opinberu þjónustu. Tala í ró og næði við Skapara sinn í fegurð ósnortinnar sköpunar Guðs. Veiðar gáfu honum tíma til að slaka á, til að fara yfir málin, til að leita að tilgangi lífsins djúpt í sjálfum sér. Það gaf honum tíma til að rannsaka markmið sín og tilgang og athuga hvort hann væri ennþá á réttri leið. Hið svala fjallaloft lífgaði anda hans, sál og líkama.

Hingað til hafði Billy farið í veiðiferð á hverju hausti, síðan hann varð fullorðinn. Jafnvel þegar hann giftist Medu, í október 1941, hafði hann ekki brotið þessa hefð. Hann sameinaði einfaldlega brúðkaupsferðina veiðiferðinni. Eftir þá einu útilegu, ákvað Meda að henni líkaði ekki að vera án þæginda, svo hún fór aldrei aftur í veiðiferð með manningum sínum. Þar af leiðandi eyddu Billy og Meda aldrei aftur saman brúðkaupsdegi, vegna þess að 23. október, var Billy alltaf í útilegu í óbyggðunum. Þegar Billy var yngri, veiddi hann nærri heimili sínu. En undanfarin ár, alveg síðan starf hans hafði breiðst út um öll Bandaríkin, hafði Billy farið í veiðiferð til Kólóradoklettafjallanna. Það var þangað sem leið hans lá á ný, þennan októbermánuð árið 1950.

Billy ætlaði að veiða elg. Veiðitímabilið hafði hafist viku áður, þannig að hjarðirnar voru ekki lengur í neðstu dölunum, en það var allt samkvæmt áætlun. Billy vissi að um leið og fyrstu skotunum yrði skotið, mundu elgirnir færa sig upp að fjallatindunum, þar sem erfiðara var að ná til þeirra. Flestir veiðimannanna höfðu hvorki tíma né orku til að rekja ferð hjarðarinnar það langt inn í óbyggðirnar, en Billy hafði hvort tveggja. Billy og vinur hans fóru ríðandi upp dalinn þar sem Vandræðakvísl (*Troublesome River*) rann og reistu tjöld sín, þar sem áin greindist í tvennt. Þeir voru 320 kílómetra frá næstu borg og 56 kílómetra frá næsta byggða bóli.

Næsta morgun fóru mennirnir tveir í sitt hvora áttina. Billy fór upp með annarri kvíslinni inn á hálendið, meðan vinur hans fór meðfram hinni. Þeir ráðgerðu að fara hringinn í kringum fjall nokkurt og hittast síðan eftir fáeina daga.

Billy þræddi leiðina gegnum þykka runnana og asparlundina meðfram Vandræðakvísl. Þegar leiðin með ánni varð ófær, hélt Billy áfram á hestbaki upp með gljúfri. Hann reið upp eftir bröttum brekkum, sem voru þaktar mýralerki, sedrusviði og furutrjám. Þegar hann kom loks að efri skógarmörkunum, ákvað hann að fara af baki og hefja leitina fótgangandi. Ennþá hafði ekki snjóað þetta haust, svo að elgshjarðirnar myndu vera dreifðar inn á meðal hárra tindanna. Hestar, hér á víðlendinu, myndu draga að sér allt of mikla athygli. Hann hefði betri möguleika á að

skjóta vænan tarf, ef hann gengi hljóðlega eins og Indíáni. Billy tjóðraði hestana sína tvo og gaf þeim nægilega langan taum, til að þeir gætu drukkið og hreyft sig í fjarveru hans. Síðan eyddi hann því sem eftir var dagsins í að feta sig milli klettanna meðfram skógarjaðrinum. Hann hélt sig meðal grenitrjáanna sér til skjóls. Síðdegis lýsti af eldingu við sjóndeildarhring. Það dundi svo hátt í þrumu að það var líkt því að fjallið væri að klofna í tvennt. Það fór að rigna. Billy fór í skjól undir greinamiklu barrtré sem hélt honum jafn þurrum og hann hefði verið undir regnhlíf. Hann lagði ríffilinn sinn upp við trjábólinn og stóð þarna meðan hann horfði yfir dalinn. Hann íhugaði hve mikill og góður Guð hans og Skapari væri.

Eftir tutugu mínútur hætti að rigna. Kaldur vindur blés ofan af hátindinum. Það olli því að regndroparnir frusu er þeir drupu af greinunum og það þakti trén í dalnum með mörg þúsund litlum grýlukertum. Það var alveg ægifögur sjón. Sólin mjakaði sér niður fyrir skýin, þar til hún snerti vesturtindana. Umhverfið var nú baðað í appelsínugulu ljósi, sem gerði skuggana dýpri og allar útlínur fjallanna skýrari. Heill regnbogi birtist yfir dalnum. Billy fann tilfinningar sínar stíga upp í hæstu hæðir. Hann sagði upphátt: “Ó, mikli Jehóva Guð, þarna er regnboginn þinn á himninum, þessi fagri sáttmáli Gamla testamentisins við lýð þinn, þegar þú lofaðir að þú myndir aldrei aftur eyða jörðinni með vatnsflóði.” Síðan minntist Billy þess að í tíunda kafla Opínberunarbókarinnar er því lýst að það sé regnbogi fyrir ofan höfuð Krists, sem táknar sáttmála Nýja testamentisins. Það var undursamlegasti sáttmálinn af þeim öllum, blóðsáttmáli og í honum lofaði Guð að frelsa alla þá sem treystu á fórn Sonarins, Jesú Krists. Tárin runnu niður kinnar Billy þegar hann hugsaði um það.

Elgirnir hlutu að hafa dreift sér í storminum. Billy heyrði karldýrin öskra með sínum sérkennilega lúðurhljómi. Einhvers staðar milli greinanna, en ekki mjög langt í burtu, heyrði Billy gráúlf ýlfra. Maki hans svaraði honum fyrir neðan. Billy fann arfleifð ömmu sinnar rísa upp innra með sér, þetta indíánablóð sem Billy trúði að væri ástæða djúps kærleika síns til náttúrunnar. Fjöllin voru svo lifandi af andardrætti Guðs, að það var sem Skapari hans væri að kalla til hans frá sérhverjum trjatópp og sólargeisla. Billy gat ekki haldið aftur af sér lengur. Hann hljóp í kringum tré eins hratt og fæturnir gátu borið hann, meðan hann hrópaði Guði lof eins hátt og hann mögulega gat. Loks nam hann staðar og hallaði sér upp að trjából til að ná andanum.

Nokkrum metrum fyrir neðan hann sat íkorni á grein og hann masaði stanslaust.

“Yfir hverju ertu svona spenntur litli náungi?,” spurði Billy. “Ég mun ekki gera þér mein.”

Hann tók eftir að íkorninn horfði ekki einu sinni í áttina til hans. Billy leit niður þangað sem íkorninn starði. Hann horfði yfir svæði, þar sem nokkur dauð tré höfðu fallið og þar sá hann hvað hafði vakið athygli íkornans. Stormurinn hafði neytt stóran hvíthöfða örn, til að koma niður til jarðar. Örninn kjagaði út úr runnunum og stóð í rjóðri. Hann leit fram og til baka á mannveruna og íkornann.

Billy sagði: “Guð, ég sé þig í grenitrjábanum og hrjúfum fjallatindum, ég sé þig í storminum, í vindinum, í þrumunni, eldingunni og rigningunni. Ég sé þig í sólarlaginu og regnboganum, en ég sé þig ekki ennþá í þessum erni. Hann er bara rándýr. Hver vegna beindir þú athygli minni að þessum fugli?”

Því lengur sem Billy fylgdist með, því betur sá hann hve örninn var yfirvegaður og rólegur. Billy hugsaði: “Ég veit að Guð vill kristna einstaklinga, sem eru hugrakkir þegar kemur að því að trúá Orði Guðs. Ætli Guð vilji að ég sjái þennan örn, vegna þess að hann óttast ekki? Ég held ég ætli að komast að því hve hugrakkur hann raunverulega er.” Upphátt sagði hann: “Hvers vegna ert þú ekki hræddur við mig? Veistu ekki að ég gæti skotið þig?”

Nú, þegar Billy var búinn að tala, hunsaði örninn íkornann og horfði beint á manninn. Billy þóttist grípa til byssu sinnar. Örninn bærði ekki á sér. “Þú ert enn ekki hræddur, er það nokkuð? Af hverju ætli það sé?” Síðan sá Billy örninn blaka vængjum sínum með hægum, þokkafullum vængjatökum. “Nú skil ég hvers vegna þú ert svona hugrakkur. Guð gaf þér þessa vængi, til að þú gætir flúið frá hættum og þú treystir þeirri gjöf sem Guð gaf þér. Það er sama hve fljótur ég væri að grípa til byssunnar, þú myndir fljúga inn í runnana, áður en ég gæti skotið. Meðan þú finnur fyrir þessum tveimur vængjum, veist þú að það er allt í lagi með þig. Og meðan ég finn fyrir Heilögum Anda að verki í lífi mínu, veit ég að það er líka allt í lagi hjá mér.”

Örninn og maðurinn horfðu hvor á annan í langan tíma og með gagnkvæmri virðingu. Að lokum leit örninn aftur á íkornann, sem enn masaði án afláts. Örninn leit út fyrir að hafa viðbjóð á þessu stanslausa þvaðri. Hann stökk í loft upp og blakaði vængjunum tvisvar og lét síðan vindinn taka sig á loft. Hann blakaði aldrei aftur vængjunum, uppstreymið bar hann stöðugt hærra inn í sólarlagið.

Billy fylgdist með erninum stíga hærra og hærra, þar til hann var eins og blýantsoddur hátt upp í himninum. Sólin, sem hafði nú sigið milli tveggja fjallatinda, minnti Billy á hið mikla alsjáandi auga Guðs, sem lítur með gleði niður á sköpun sína. Billy lyfti höndum og tilbað Guð: “Himneski Faðir, hve undursamlegur er heimur þinn. Hjálpaðu mér að vera eins og þessi örn. Hjálpa þú mér að yfirgefa þetta jarðbundna þvaður. Kenndu mér hvernig ég á að fylla vængi mína af krafti Guðs og rísa í andanum upp á hverjar þær hæðir sem þú hefur kallað mig til að ná.”

Um kvöldið, þegar hann sat með krosslagðar fætur fyrir framan varðeldinn sinn, tók Billy Biblíuna sína, sem var mikið notuð, úr hnakktöskunni. Hann fletti upp á 2. Mósebók og las: “...*Og Ísrael setti þar búdir sínar gegn fjallinu. Gekk Móse þá upp til Guðs og kallaði Drottinn til hans af fjallinu og sagði: “Svo skalt þú segja Jakobs niðjum og kunnngjöra Ísraelsmönnum. “Þér hafið sjálfir séð hvað ég hefi gjört Egyptum og hversu ég hefi borið yður á arnarvængjum og flutt yður til mín. Nú, ef þér hlýðið minni röddu gaumgæfilega og haldið minn sáttmála, þá skuluð þér vera mín eign umfram aðrar þjóðir, því að öll jörðin er mín.”*

Hversu sláandi var það ekki að Guð líkti spámanni sínum, Móse, við arnarvængi. En eftir það sem Billy hafði séð þann daginn, var hann ekki undrandi. Hann vissi að örninn hefur frárustu augu af öllum verum í dýraríkinu. Það þýddi að hann gat flogið hærra og séð lengra en nokkur annar fugl. Og er það ekki einmitt það sem spámaður er kallaður til að gera, að sjá lengra en nokkur annar, annað hvort inn í fortíð eða framtíð, eða jafnvel inn í huga Guðs?

Billy varð hugsað til sýnanna, sem gerðu honum kleift að sjá inn í fortíð og framtíð. Hann hafði alltaf vitað að slík gjöf væri ekki til persónulegra nota, heldur frekar til gagns fyrir kirkju Jesú Krists út um allan heim. En hver var hinn endanlegi tilgangur þess? Hann minntist raddarinnar sem sagði: “*Eins og Jóhannes skírari var sendur, til að vera fyrirrennari fyrri komu Jesú Krists, eins ert þú sendur til að vera fyrirrennari seinni komu hans.*” Hvað þýddi þetta nákvæmlega? Var þjónusta hans að leggja grundvöllinn að einhverju einstöku? Var koma Jesú Krists að nálgast?

Billy flaug upp á vængjum þessara hugsana og flaug hærra en örninn, upp í himininn, þar sem atómin þynntust, handan mána og pláneta, handan vetrarbrautarinnar, þar til hann virtist að lokum svífa meðal endalausra sólkerfa, í alheimi sem var svo stór, að mannleg skynfæri voru gagnslaus. Það virtist synd að hann skyldi þurfa að snúa aftur til jarðarinnar, en varðeldurinn var dáinn út og hann fann fyrir svala næturinnar. Hann skaraði í glæðurnar, þar til eldurinn lifnaði á ný. Síðan henti hann meiri við á eldinn. Brátt logaði varðeldurinn glaðlega á ný.

Þegar Billy horfði á logana varð honum hugsað til þess yfirnáttúrulega elds sem ávallt fylgdi samkomum hans. Hve frábrugðinn var hann ekki hinum jarðneska varðeldi. Hann hafði oft reynt að lýsa þessu fyrirbæri fyrir fólki, en lýsing hans náði aldrei að útskýra það til fulls. Þetta ljós var ef til vill 30 sentimetrar eða breiðara í þvermál. Stundum var það í laginu eins og stjarna, stundum var það meira eins og sívalningur og upprétt eins og eldstólpi. Stundum var það flatara og lárétt og hringsnerist eins og smækkað eintak af vetrarbraut. Oft var það rafgult á litinn. Á öðrum tíma leit það frekar út sem gulgrænt. Stundum skein það í öllum regnbogans litum. Á lækningasamkomunum á kvöldin, þegar það færði sig frá hlið Billy og yfir til áheyranda, þá leit það út eins og blossi frá ljósmyndavél sem ekki dó út. Síðan hringsnerist það og tifaði til og frá eins og það væri lifandi af mætti, meðan það hljómaði eins og mikill hvirfilvindur. En það var meira við þetta ljós en stærð, litur eða vídd. Jafnvel þótt Billy gæti ekki séð það, vissi hann hvenær það var nærri. Hann fann stafa frá því nærveru sem var ólýsanleg með mannlegum orðum. Síðan var það engill Drottins, sem virtist svo nátengdur þessu ljósi. Billy fannst engill Drottins jafn ólýsanlegur. Vissulega gat hann lýst útliti hans á vissan hátt, eins og það hve hár hann var, háralitnum og dökku yfirbragði hans. En þegar Billy reyndi að lýsa persónuleikanum í þessu yfirnáttúrulega andliti, þá skorti hann orð. Hvernig gæti hann lýst slíkum friði og gæsku samfara þvílíkum yfirþyrmandi mætti? Það var leyndardómur og ráðgáta og samt var það aðeins eitt af þeim mörgu hlutum sem Billy skildi ekki um þessa yfirnáttúrulegu veru. Hann vissi ekki hvert nafn engilsins var. Hann vissi að engillinn var ekki Drottinn Jesús Kristur, en Billy skildi ekki alveg hvernig samband var á milli engilsins og ljóssins. Og mikilvægasta spurningin af öllum: Hvers vegna kom þessi engill til hans? Hvert stefndi þetta allt saman?

Billy hreiðraði um sig í svefnpokanum sínum og togaði hann upp fyrir axlir. Hann lá á bakinu og starði upp í stjörnuþjartan himininn. Í kringum hann teygðu grenitrén toppa sína upp í himininn. Á austurhimninum var stjörnuþyrpingin Óríon að koma upp. Fyrir ofan Óríon blikaði litla stjörnuþyrpingin sem kölluð er Sjöstirnið. Billy hugsaði um það hvernig spámaðurinn Job hafði horft á þessar sömu þyrpingar fyrir mörg þúsund árum. Þegar Billy leit yfir að næstu stjörnuþyrpingu tók hann eftir blikkandi ljósum á væng flugvélar sem var á austurleið. Þegar hann sá þessa flugvél fékk hann heimþrá. Hve hann saknaði konu sinnar og barna. Þennan októbermánuð árið 1950 höfðu hann og Meda verið gift í níu ár. Eftir fimm mánuði áttu þau von á öðru barni. Það yrði gott að sjá fjölskyldu sína aftur, jafnvel þótt hann vissi að... Hve skrýtnar voru ekki tilfinningar hans á þessu sviði. Þegar hann var á ferðalagi, þráði hann að vera heima hjá fjölskyldu sinni. En eftir að hafa verið heima í nokkrar vikur, þá fór hann alltaf að langa aftur til að ferðast. Án efa gaf Drottinn honum þessi persónuleikaeinkenni til að hjálpa honum að vinna verk trúboða. Hann minnstist sýnarinnar sem Guð sýndi honum morguninn þegar hann hafði lagt hornsteininn að Branham tjaldbúðinni. Í sýninni sá hann hina fullgerðu byggingu troðfulla af fólki og það gerði hann eðlilega spenntan. Síðan brá honum við þegar engill Drottins sagði: *“Þetta er ekki tjaldbúðin þín.”* Engillinn tók hann upp og setti hann niður undir heiðskírum bláum himni og sagði: *“Þetta á að verða tjaldbúðin þín.”* Hægt og sígandi hafði það reynst vera rétt. Frá því að hafa hafið störf sín sem fábrotinn forstöðumaður safnaðar í smábæ, hafði þjónusta hans vaxið, þar til hún náði yfir alla heimsálfu Norður-Ameríku og var nú að breiðast út til Evrópu, Afríku og þaðan af lengra.

Önnur flugvél kom í ljós á næturhimninum. Þessi var á leið til vesturs. Meðan Billy velti því fyrir sér hvaðan hún kæmi, íhugaði hann hina fábrotnu æsku sína. Hann

mundi eftir litla, berfætta, drengnum, sem var neyddur til að bera vatn upp hæðina fyrir eimingartæki föður síns. Sá dagur hafði að eilífu greypt um sig í minningum hans. Sársauki hans og tár, kyrrðin, aspartréð, hvirfilvindurinn, röddin sem sagði: “Þú skalt aldrei drekka, reykja, eða saurga líkama þinn á nokkurn hátt. Það verður verk fyrir þig að vinna þegar þú verður eldri.” Billy hafði oft hugsað um þessi orð gegnum hina órólegu bernsku sína og fullorðinsár. Eitt sinn, þegar hann hafði reynt að drekka viskí og annað skipti þegar hann hafði reynt að reykja sígarettu, hafði hann heyrt hljóð í hvirfilvindi og hann hafði undireins minnst þessara orða og þau héldu honum frá því að endurtaka mistök föður síns.

Þetta hafði verið erfið bernska, full af fátækt, höfnun og ringulreið. Hann hafði ekki fundið frið, fyrr en hann, sem ungur maður, gaf að lokum Jesú Kristi líf sitt. Ringulreiðin hvarf ekki fyrr en hann hafði hitt engil Drottins augliti til auglitis. Hann myndi líka að eilífu minnst þess kvölds, 7. maí árið 1946, hellirinn, myrkrið, sársauki hans og örvænting, maðurinn sem steig út úr ljósinu. Skelfing Billy, sem hafði horfið og friður komið í staðinn um leið og engillinn sagði: “Óttast þú ekki.” Og skilaboðin. Billy átti aldrei eftir að gleyma orðum engilsins: “Ég er sendur frá nærveru Almáttugs Guðs, til þess að segja þér að hin einstaka fæðing þín og misskilda líf, hefur allt átt sér stað til að benda á, að þú átt að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins.”

Það hafði orðið, nákvæmlega eins og engillinn hafði sagt. Árið 1946 hafði Billy verið óþekktur smábæjarprédikari. Núna, árið 1950, aðeins fjórum árum seinna, var hann svo velþekktur og naut svo mikillar virðingar að konungar og aðrir háttsettir ráðamenn báðu um bænir hans. Guðsþjónar úr mismunandi kirkjudeildum skrifuðu honum og höfðu allir sömu ósk fram að færa: “Komdu og haltu lækningasamkomu fyrir okkur í borginni okkar.” Hann var með fleiri beiðnir frá borgum og löndum, en dagar voru í árinu til að halda samkomur. Það var ekki erfitt að skilja hvers vegna hann var svona eftirsóttur. Alveg eins og engillinn hafði lofað, hafði táknið í höndinni þokað fyrir greiningu með sýn. Það vakti milljónir manna til meðvitundar um Jesú Krist sem hinn Alvittra Guð.

Dunur flugvélarinnar færðust nær. Það hljómaði ákaflega óviðeigandi í óbyggðum upp til fjalla. Fyrir ofan hann hafði flugvélina sem var á leið vestur, náð því að vera mitt á milli tveggja sjóndeildarhringja. Billy hugsaði um það hvernig hans eigið líf væri nú stadd á miðsvæði. Og þjónusta hans, hún hafði örugglega náð hátindi sínum. Hingað til hafði hann séð kraft Jesú Krists, fá lamaða til að ganga, blinda til að sjá, daufa til að heyra, krabbamein lækna og alls kyns kraftaverk, upp í það að reisa fólk upp frá dauðum. Hvað gæti gerst sem væri meira en það? Auðvitað bjóst hann við að svipuð kraftaverk myndu fylgja honum til Suður-Afríku, vegna þess að Drottinn var sérstaklega að leiða hann að fara þangað gegnum hina einstöku lækningu Florence Nightingale Shirlaw. Hvað með það þótt Satan hefði egnt gildru fyrir hann. Hvað gæti Satan mögulega gert til að sigra hann, sérstaklega núna, þegar búið var að vara hann við fyrirfram?

Billy fylgdist letilega með hinu blikkandi vængljósi fyrir ofan sig meðan það sveif í átt til sjóndeildarhringsins í vestri. Hvert skyldi þessi flugvél vera að fara? Los Angeles í Kaliforníu? Tucson í Arisóna? Billy hugsaði um hve vænt honum þótti um þessi vesturríki. Síðan mundi hann hvernig stjörnuspákona; ókunnug kona, hafði sagt honum fæðingardag hans, lýst árunni hans og sagt honum síðan að hutskipti hans lægi í vestrinu. Það var skrýtið, vegna þess að margar af sýnum hans höfðu eitthvað tengt vestrinu. Þegar hann var 14 ára drengur og þeir höfðu skorið hann upp til að fjarlægja leyfarnar af púðrinu eftir skotsár á fæti, þá hafði hann séð sýn af sjálfum sér standa á

sléttu í vestrinu, með hendur á lofti fyrir framan kross úr ljósi, sem sendi geisla inn í hjarta hans og sál. Eftir að Hope og Sharon dóu, hafði hann dreymt lifandi draum um sjálfan sig á gangi í vestrinu við hliðina á gömlum yfirbreiddum vagni með brotnu hjóli. Sharon Rose, sem var ung kona, hitti hann hjá brotna vagninum og benti honum á stórhýsi, þar sem Hope beið eftir honum. Í þeim draumi var sólin að setjast og hún sendi appelsínugula geisla yfir himininn. Seinna, eftir að hann hafði gifst Medu, sá hann sýn, þar sem hann var að ganga í norðaustur og engill Drottins sneri honum þannig að hann hélt í vesturátt. Hann fór í gegnum fjall og inn í stóra eyðimörk, þar sem hann fann risastórt tjald eða kirkjuhvelfingu, sem huldi stórt fjall af brauði lífsins. Engillinn sagði honum að gefa brauðið mannfjöldanum sem dreif að úr öllum áttum. Billy minntist jafnvel draums móður sinnar um sex dúfur sem komu af himni og mynduðu stafinn S. Þær settust á brjóst hans. Í þeim draumi var Billy að byggja hús í vestrinu.

Það virtist augljóst fyrir Billy að hlutskipti hans, beið í raun og veru eftir honum fyrir vestan. En hvernig hlutskipti myndi það verða? Hvað gæti mögulega skarað framúr sýnunum, lækningunum og kraftaverkunum, sem höfðu þegar átt sér stað í þjónustu hans?

Flugvélin hvarf úr sjónmáli í vesturátt. Billy sá ekki heldur út yfir sinn eigin sjóndeildarhring. Hann sá ekki hve kænlega Satan hafði engt fyrir hann gildru í Suður-Afríku, né hve nærri myndi liggja að það eyðilegði hann. Hann sá heldur ekki fram til þess tíma, að það yrði ekki stöðug ósk eftir þjónustu hans. Hann gat ekki vitað að Guð ætlaði að breyta þjónustu hans, með því að lyfta honum upp í hærri köllun en köllun trúboða. Þetta svara októberkvöld árið 1950, hefði William Branham aldrei getað ímyndað sér þá slóð yfirnáttúrulegra atburða, sem myndu leiða hann til Sólseturfjalls í Arisóna. Þar mætti hann loks hlutskipti sínu. Hann átti eftir að titra í óttablandinni lotningu yfir því hve stórt það var, því hlutverk hans átti eftir að þruga með raustu sem myndi skekja heiminn.



## Útskýringar höfundar.

**Þegar hann dó árið 1965** skildi William Branham eftir sig mikla auðlegð af upplýsingum um líf sitt. Flestar af þessum upplýsingum er að finna víðsvegar í hinum 1100 ræðum, sem voru teknar upp á árunum 1947-1965. Í þessum ræðum lýsir hann oft reynslu sinni með litríkri nákvæmni og notar oft orðin: “Ég sagði,” eða “hún sagði.” Oft greinir hann jafnvel frá því hvað hann var að hugsa, þegar eitthvað var að gerast. Ég hef reynt að nýta mér þessi ríkulegu smáatriði til að gera söguna auðlesna. Ég nota orðin: “Hann sagði,” eða: “Ég hugsaði,” þegar það er mögulegt. Flestar samræðurnar eru byggðar á frásögn William Branham sjálfs.

Samt sem áður er undantekning í þriðja heftinu frá þeirri reglu, sem rétt er að vekja athygli á. Þessa undantekningu er að finna í síðasta hluta 52. kafla, Örn á slóðanum við Vandræðakvísl. Fyrsti hluti þessa kafla lýsir því þegar hann mætti erni hátt uppi í Klettafjöllunum og hún er vitnisburður William Branham sjálfs. En hugsanir hans við varðeldinn eru viðbót frá mér sjálfum. Ég bjó til þessa lýsingu sem listræna leið til að fara yfir líf hans allt fram að þeirri stundu. Þegar ég hef lokið við fimmta og sjötta hefti þessa bókaflökks, þá áætla ég að gefa út í bundnu riti “Hið yfirnáttúrulega: Líf William Branham” og safna öllum sex bókunum saman í tvö bindi. Þar sem kafli 52 verður í lok 1. bindisins, þá þarfnast það endahnúts, bæði til að lýsa lífi William Branham fram að árinu 1950 og til að gefa vísbendingar um atburði í 2. bindi.

Eftir að ég hef lokið 6. bindi, hef ég enn eitt verk að vinna, til að ljúka þessu starfi, ef Guð lofar. Ég ætla að lesa alla bókina sem heitir: Hið yfirnáttúrulega: Líf William Branham, inn á segulbandsspólu, fyrir þá sem frekar vilja hlusta en lesa. Hvort sem þú lest þetta eða heyrir það, þá bið ég þess að þessi bók mætti verða blessun fyrir þig og leiða þig nær Höfundi eilífs lífs, Jesú Kristi.

**Owen Jorgensen, 1996.**